 Víkingur Heiðar Arnórsson, cand. med. & chir., lækningaleyfi, héraðslæknir, 459.  
 Wilhelm, H. K. T., Sviaprins, hm., 466.  
 Vinaminning á Eyrarbakka, sjr., 305.  
 Winniken, Kai, lögreglustjóri, hm., 465.  
 Vísitala framfærslukostnaðar, 369, húsa-leigu, 369.  
 Witt, William H., ræðismaður, 462.  
 Wolf, J., höfuðsmaður, hallarstjóri, hm., 465.  
 Vöruinnflutningur, frilisti, augl., 44.  
 Vörumerkjaauglýsingar, 380—440.

## Y.

Yde, Edvard, forstjóri, hm., 464.

## Þ.

Þingeyri, vatnsveita, rg., 11—13.  
 Þjóðjarðalandsetar, sjr., 442.  
 Þór, Vilhjálmur, fv. utanríkisráðherra, hm., 469.  
 Þórarinn Olgeirsson, ræðismaður, 454, 457.  
 Þórarinn Sveinsson, læknir, sérfræðingur, 457.  
 Þórarinnson, Alma Anna, cand. med. & chir., lækningaleyfi, 458, sérfræðingur, 459.  
 Þórður Eyjólfsson, forseti hæstaréttar, 458.  
 Þórður Jónsson, þjóðhagi, hm., 464.

- |   |   |
|---|---|
| <p>Þórhallur Ásgeirsson, skrifstofustjóri, hm., 469.</p> <p>Þórhallur B. Ólafsson, cand. med. &amp; chir., staðgöngumaður héraðslæknis, 457, 459.</p> <p>Þorkell Jóhannesson, dr., rektor háskólans, 458.</p> <p>Þórlauf Kr. Sigurðardóttir, sjr., 318.</p> <p>Þorleifur Gunnarsson, sjóður, sk., 255—256.</p> <p>Þorsteinn Sigurðsson, formaður Búnaðarfélags Íslands, hm., 463.</p> | <p>Þorsteinn Sigurðsson, héraðslæknir, 459.</p> <p>Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, lausn, 460.</p> <p>Þorvaldarminning, sjr., 444.</p> <p style="text-align: center;">Ö.</p> <p>Öhrvall, Leif H., sendiherra Svía, 460, 461, 462; hm., 466.</p> <p>Örn Friðriksson, cand. theol., sóknarprestur, 456.</p> |
|---|---|

### Skammstafanir.

- |  |  |
|--|--|
| <p>augl. = auglýsing.</p> <p>br. = breyting.</p> <p>gjask. = gjaldskrá.</p> <p>hm. = heiðursmerki.</p> <p>r. = reglur.</p> | <p>rg. = reglugerð.</p> <p>reikn. = reikningur.</p> <p>sjr. = sjóðreikningur.</p> <p>sk. = skipulagsskrá.</p> <p>sp. = samþykkt.</p> |
|--|--|

**REGLUGERÐ****um söluskatt.****1**

2. jan.

**1. gr.**

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1954, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1954, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

**Söluskattur af innfluttum vörum.****2. gr.**

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

**3. gr.**

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

**Tollskrá:****Kafl. Nr.**

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Sildarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfamjöl (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krít, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Köks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.

## 1 Tollskrá:

## 2. jan. Kafli. Nr.

	17	Aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.
	18	Smurningsolíur.
28	39	Kalsíumkarbonat, fellt.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði.
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m <sup>2</sup> .
	33	Vaxhornar pappaumbúðir, einnig tilsníðnar.
45	3	Dagblöð, vikublöð og tímarit.
	6	Frímerki íslenzk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvílík verðbréf.
	20a	Áprentaður fiskumbúðapappír, enda heri áletrunin það með sér, að pappírinn sé utan um fisk til útflutnings.
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Öngultaumar.
	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum greviþráðum.
	19a	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.
50	21	Netjateinungar úr blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl og sams konar pokar utan um netjagarn.
6	12	Netjakúlur.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.

Tollskrá:		1
Kafli.	Nr.	2. jan.
63	11	Gjarðajárn.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur.
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur.
67	5	Blýlóð (sökku).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar landbúnaðar- og sjávarafurðir eða aðrar íslenskar afurðir til útflutnings.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóþífreiðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífur og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðiskutlar.
82	8	Umbúðablöð úr tilbúnum mótanlegum efnum, ólituð, einnig áletruð, ef áletrunin ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir til útflutnings.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frímerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

#### 4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaптúnunum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

#### Söluskattur af sölu og annarri veltu.

##### 5. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 6/1935, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Innkaupastofnun ríkisins.

Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.

Landssmiðjan.



1

2. jan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.  
Ríkisútvarpið.  
Útgerð skipa.  
Viðgerðarstofa útvarpsins.  
Viðtækjasmíðjan.  
Viðtækjaverzlunin.

6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

A.

1. Heildsala, ef varan er seld eða afhent aðila, sem er söluskattsskyldur af sölu eða afhendingu sams konar vara. Til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðssala er að öðru leyti skattskyld og miðast skatturinn þar við heildarandvirði það, sem umboðssalinn tekur við. Af sölu bóksala af bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans.

B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum og sala trékassa og pappaubúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflytjenda.

C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Bifreiðaakstur.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarféлага.
7. Netagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkráhusa.
10. Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.  
Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskatti skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
14. Smíði á nótabátum.
15. Tannlækning og tannsmíði.
16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til

veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitinga-  
stöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs  
brauðs með kjötáleggi eða þess háttar. **1** 2. jan.

18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
19. Slátrun búfjár.
20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

#### 7. gr.

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látni í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, mat-sölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu eða afhendingu bókabúða og annarra smásölufyrirtækja á bókum í umboðssölu, skal smásölufyrirtækið aðeins greiða 2% af umboðspóknuninni, en bókaútgefendur greiði 3% samkvæmt b-lið 7. gr. af verði sínu til smásölufyrirtækjanna.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanevnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanevndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanevndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

#### 8. gr.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanevnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júní, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins

1 telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn 2. jan. fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns rikissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

#### 9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til rikisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

#### 10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

#### 11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

#### 12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

#### 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og lögum nr. 75/1953, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1954.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Kjartan Ragnars.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1954.

*Bráðabirgðalög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli*, undirskrifuð af forsetanum 19. janúar 1954, nr. 1.

*Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda*, undirskrifuð af forsetanum 30. janúar 1954, nr. 2.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1954*, undirskrifuð af forsetanum 12. febrúar 1954, nr. 3.

*Auglýsing um breytingar á stofnskrá alþjóðavinnuálastofnunarinnar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 8. febrúar 1954, nr. 4.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Austurríkis*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 5.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 6.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Póllands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 7.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Vestur-Þýskalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 8.

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og San Marino, um afnám vegabréfsáritana*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. febrúar 1954, nr. 9.

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Monaco, um afnám vegabréfsáritana*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 10.

*Auglýsing um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 11.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóða fjarskiptasamnings*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 12.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóða póstsamninga*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 13.

*Auglýsing um millirikjasamning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamлага og um sjúkrahjálpar vegna dvalar um stundarsakir*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. febrúar 1954, nr. 14.

*Auglýsing um millirikjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 15.

*Auglýsing um millirikjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gagnkvæma veitingu meðrahljálpar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 16.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 2. marz 1954, nr. 17.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953*, undirskrifuð af forsetanum 3. marz 1954, nr. 18.

*Auglýsing um gildistöku ákvæða alþjóðasamnings frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 19.

*Lög um váttryggingarsamninga*, undirskrifuð af forsetanum 8. marz 1954, nr. 20.

2  
6. jan.

## REGLUGERÐ

### fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Breiðdalsvíkurhöfn.

#### 2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

#### 3. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæð skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

#### 4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda í Breiðdalsvíkurþorpi að greiða stofngjald kr. 1000.00 fyrir hverja venjulega íbúð um leið og vatn er leitt í hús hans. Árlegur vatnsskattur sé kr. 100.00 fyrir hverja íbúð. Hreppsnefnd ákveður vatnsskatt verzlana og iðnfyrirtækja. Ef fjós eru tengd við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 15.00 fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur vetrarlangt.

#### 5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan.

#### 6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

#### 7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggja við.

#### 8. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, 2 staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 6. jan. 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

3

fyrir vatnsveitu Egilsstaðakauptúns í Suður-Múlasýslu.

6. jan.

### 1. gr.

Vatnsveitan er eign Egilsstaðahrepps.

### 2. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

### 3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og 3 til vara. Vatnsveitunefnd skipar sjálf með sér verkum.

### 4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um kauptúnið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt eða sem næst lóðarmörkum. Frá aðalæðum skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

### 5. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Egilsstaðakauptúns, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa að nota.

### 6. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

### 7. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeyminum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

3

6. jan.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

9. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum Egilsstaðakauptúns, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því og nota vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar.

14. gr.

Af öllum húsum í Egilsstaðakauptúni sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 15% — fimmtán af þúsundi —, þó skal lágmark skattsins vera kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fyrir hvert íbúðarhús.

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, er útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 30% — þrjátíu af þúsundi — af fasteignamati, nema öðruvísi sé sérstaklega um samið við hreppsnefnd.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

- |   |           |
|---|-----------|
| 1. Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni .....             | kr. 10.00 |
| 2. Fyrir hvern kjötskrokk .....                             | — 0.08    |
| 3. Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu (85 kg) ..... | — 1.00    |

## 17. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts. Eigandi framleiðslustöðvar eða atvinnustofnunar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur í gjalddaga.

3

6. jan.

## 18. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldalagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 15. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar rekstur hættir ár hvert. Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

## 19. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

## 20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Þingeyrar.

4

6. jan.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur einkaleyfi til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar á Þingeyri.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitustjóri í samráði við hreppsnefnd, og skal hann kosinn af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, jafnt og kosið er í aðrar fastar nefndir.

## 3. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitustjóra. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra. Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með leyfi vatnsveitustjóra.



4

6. jan.

Vatnsveitustjóra er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella má gera það á hans kostnað.

Heimilt er vatnsveitustjóra að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Engum er heimilt, án leyfis vatnsveitustjóra, að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Af öllum húsum á Þingeyri, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatn er veitt í, skal greiða vatnsskatt. Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, er þær eru vátryggðar ásamt því, enda noti þær vatn frá veitunni.

7. gr.

Af öllum húsum á Þingeyri, sem svo er ástatt um, sem getur í 6. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða árlega vatnsskatt að upphæð 3% af fasteignamati. Þó skal lágmarksupphæð skatts af hverju íbúðarhúsi vera kr. 200.00 og hámark kr. 500.00.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir vatn til skipa kr. 10.00 á smálest.
- b. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- c. Af hverju tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- d. Af kælivatni vegna véla samkvæmt vatnsmæli, kr. 0.90 á tonn af fyrstu 1000 tonnum, en kr. 0.50 á tonn eftir það.
- e. Árgjald af hverri skrásettri bifreið kr. 50.00.
- f. Árgjald af hverjum nautgrip kr. 30.00.
- g. Árgjald af hverri sauðkind kr. 1.00.
- h. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi kr. 0.12—1.00.
- i. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest af fiski.

Fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, greiðist hverju sinni eftir samkomulagi við vatnsveitustjóra.

9. gr.

Nú hrökkva eigi tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum, og getur þá hreppsnefnd ákveðið, fyrir eitt ár í senn, að hækka vatnsskatt þennan um allt að 50%, án staðfestingar ráðuneytisins.

10. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag. Heimilt skal þó að tengja í þá brunna og þær æðar, sem til voru, áður en vatnsveitan varð til, án endurgjalds.

## 11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast vatnsveitustjóri reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar. Hreppsnefnd ákveður þóknun fyrir þau störf.

Gjalddagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júní ár hvert, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húss síns. Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

## 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 60 5. maí 1944.

## 1. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

### Vörukjaldskrá.

1. flokkur. Kol, salt og sement, kr. 15.00 fyrir hverja smálest.
2. — Útlendur áburður, kr. 20.00 fyrir hverja smálest.
3. — Verkaður og óverkaður saltfiskur, 20.00 fyrir hverja smálest.
4. — Nýr fiskur úr bátum, 1½% af aflaverðmæti.
5. — Slægður flatfiskur, fluttur úr höfn, kr. 15.00 fyrir hverja smálest.
6. — Frystur fiskur og fiskimjöl, kr. 25.00 fyrir hverja smálest.
7. — Saltkjöts- og olíutunnur, kr. 4.00 fyrir hverja tunnu.
8. — Tómar tunnur, kr. 1.00 fyrir hverja tunnu.
9. — Kinda- og stórgripakjöt, kr. 25.00 fyrir hverja smálest.
10. — Timbur, kr. 0.50 fyrir hvert teningsfet.
11. — Stórgripir, kr. 10.00 fyrir hvern grip.
12. — Kindur, kr. 5.00 fyrir hverja kind
13. — Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, kr. 2.00 fyrir hver 100 kg.
14. — Ýmsar vörur í stykkjatali, kr. 1.50 fyrir hvert stk.
15. — Olía dæld á tanka, kr. 15.00 fyrir hverja smál.
16. — Lýsistunnur, kr. 3.00 fyrir hverja tunnu.

- 5  
7. jan. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

- 6  
15. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sumarheimilið Litlu-Tjarnir“ í Suður-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1954.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sumarheimilið Litlu-Tjarnir í Suður-Þingeyjarsýslu.

### 1. gr.

Tilgangur hins stofnaða sumarheimilis er og skal vera sá, að halda uppi merki Jesú Krists Drottins vors og frelsara, sem er hin eina leið til himinsins, með lestri Guðs orðs daglega.

### 2. gr.

Vér undirritaðir stofnendur og núverandi stjórnendur sumarheimilisins Litlu-Tjarnir, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, gerum hér með kunnugt, að sumarheimili þetta, sem stofnað var með samskotum trúaðra vina þann 11. marz 1948, er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru: Jörðin Litlu-Tjarnir í Ljósavatnsskarði með steinsteyptu íbúðarhúsi, gripahúsum, enn fremur innanstokksmunir og búsáhöld. Heimilisfang stofnunarinnar er að Litlu-Tjörnum.

Heimilið er rekið með það fyrir augum, að taka á móti dvalargestum um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur börnum eða fullorðnum, en hingað til hefur það verið rekið sem barnaheimili að sumrinu.

### 3. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi heimilið eða eignir þess, fastar eða lausar, nema andvirðinu sé beinlínis varið til þess að halda slíku heimili áfram á öðrum stað.

### 4. gr.

Stjórn heimilisins skipa nú 5 undirritaðar konur, og skal hún jafnan skipuð 5 trúuðum konum eða mönnum. Heimilt er stjórninni að kveðja sér til aðstoðar 2 eða 3 varamenn og fela þeim hlútteild í stjórnarstörfum eftir því sem þörf krefur. Verði sæti nefndarmanns autt vegna þess að hann óski að ganga úr stjórninni, eða vegna brottflutnings eða dauða, fyllir nefndin sjálf skarðið með því að setja til bráðabirgðar eða skipa til fulls mann í sæti það, sem laust hefur orðið.

## 5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og ræður starfsfólk. Hún veitir heimilistvistir og fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni yfirleitt að gera sér far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka, er þörf krefur og kringumstæður leyfa. Stjórnin skal árlega gera reikning um rekstur og efnahag heimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum.

6

15. jan.

## 6. gr.

Komi einhverntíma að því að stjórnin sjái sér ekki fært að reka heimilið áfram, gefi hún einhverjum kristnum félagsskap eða söfnuði, sem viðurkennir grundvallaratriðin í fyrstu grein, kost á að reka það, en ef enginn fæst til þess, og þurfi að selja eignina, þá renni andvirðið til heiðingja- eða heimatrúboðs, eftir því sem þáverandi stjórn ákveður.

Guðrún Sigurgeirsdóttir. Stefania Georgsdóttir. Guðbjörg Benediktsdóttir.

Jóhanna Þór. Rannveig Sigurðardóttir.

## AUGLÝSING

7

19. jan.

um breyting á reglugerð nr. 167 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkv. 113. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

1. gr. orðist svo:

Frá og með 1. janúar 1954 skulu áhættuflokkar og iðgjöld vegna slysa hættu vera sem hér segir:

1. áhættuflokkur	140	aurar á viku
2. —	210	— — —
3. —	280	— — —
4. —	420	— — —
5. —	600	— — —
6. —	750	— — —
7. —	1000	— — —
8. —	1100	— — —
9. —	1400	— — —
nema áhafnir skipa	1600	— — —
10. áhættuflokkur	1600	— — —

6. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 150 aurar“ komi: vikugjald 140 aurar.  
 7. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 200 aurar“ komi: vikugjald 210 aurar.  
 8. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 300 aurar“ komi: vikugjald 280 aurar.  
 9. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 400 aurar“ komi: vikugjald 420 aurar.  
 10. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 500 aurar“ komi: vikugjald 600 aurar.  
 11. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 600 aurar“ komi: vikugjald 750 aurar.  
 12. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 800 aurar“ komi: vikugjald 1000 aurar.  
 13. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 900 aurar“ komi: vikugjald 1100 aurar.  
 14. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 1200 aurar“ komi: vikugjald 1400 aurar,  
 nema áhafnir skipa 1600 aurar á viku.  
 15. gr. breytist þannig: Í stað „vikugjald 1500 aurar“ komi: vikugjald 1600 aurar.

7 19. jan. 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1954, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167/1946, sem birtar voru með auglýsingu nr. 236 30. des. 1952.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

8

## REGLUGERÐ

19. jan.

um breyting á reglugerð nr. 22 26. febr. 1953 um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

2. töluliður síðari málsgr. orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1954 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8.61 á viku.

Á 2. — ..... — 6.48 — —

Árið 1954 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar ..... kr. 350.00

Ógiftar konur ..... — 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar ..... kr. 250.00

Ógiftar konur ..... — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38/1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

9

## SAMÞYKKT

22. jan.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

*Í Hörgslandshreppi:*

1. *Brunasandsvegur:* Af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.

2. *Mörtunguvegur*: Af þjóðveginum í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu. 9  
22. jan.
3. *Hörgsdalsvegur*: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

*Í Kirkjubæjarhreppi:*

4. *Holtsvegur*: Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.

*Í Leiðvallahreppi:*

5. *Koteyjarvegur*: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Rofabæ.  
6. *Botnavegur*: Af þjóðveginum austan Ásakvísla að Botnum.  
7. *Bakkakotsvegur*: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Bakkakoti.

*Í Skaftártunguhreppi:*

8. *Svinadalsvegur*: Frá Stórahvammsbrú að Svinadal.  
9. *Ljótarstaðavegur*: Af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótarstöðum.

*Í Álftavershreppi:*

10. *Mýrnavegur*: Af þjóðveginum hjá Norðurhjáleigu um Jórvík að Mýrum.

*Í Hvammshreppi:*

11. *Vikurvegur*: Gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.  
12. *Rofamýrarvegur*: Af þjóðveginum norðan Reynisfjalls um Rofamýri í Heiðardal.  
13. *Dalabæjarvegur*: Frá Stóradal um Fjós, suður með Brandslæk vestanverðum að Dyrhólum.

*Í Dyrhólahreppi:*

14. *Hvolsvegur*: Af þjóðveginum sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.  
15. *Péturseyjarvegur*: Með byggðinni sunnan Péturseyjar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1954.

**Kristinn Guðmundsson.**

***Páll Pálmason.***

10

22. jan.

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Hörðudalsvegur*: Af þjóðveginum utan Hörðudalsár að Seljalandi.
2. *Hálsbæjavegur*: Frá Snóksdalslæk að Bæjarbökkum.
3. *Hundadalsvegur*: Af þjóðveginum við Reykjadalásá að heimreiðum Hundadalsbæja.
4. *Kvennabrekkuvegur*: Af þjóðveginum heim að Kvennabrekku.
5. *Haukadalsvegur*: Frá þjóðveginum innan Haukadalsvatns um Litla-Vatnshorn að Hömrum.
6. *Lækjarskógsvegur*: Af þjóðveginum hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. *Flugvallavegur*: Af þjóðveginum hjá Sauraleiti að flugvellinum á Kambsnesi.
8. *Laxárdalsvegur nyrðri*: Af þjóðveginum norðan Laxár, ofan Búðardals, að Sámsstöðum.
9. *Ljárskógavegur*: Frá Hjarðarholti að Ljárskógum.
10. *Sjúkraskýlsvegur*: Af þjóðveginum heim að læknishústaðnum í Búðardal.
11. *Búðardalsvegur*: Frá Kaupfélaginu til sýslumannshússins.
12. *Laugavegur*: Frá þjóðveginum hjá Laugum að Sælingsdal.
13. *Hvammsvegur*: Af þjóðveginum hjá Hvammsá að Hvammi.
14. *Hjallanesvegur*: Frá bryggjunni í Hjallanesi á þjóðveginn.
15. *Arnarbælisvegur*: Af þjóðveginum hjá Silungalæk að Arnarbæli.
16. *Dagverðarnesvegur*: Af þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
17. *Hnúksvegur*: Af þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.
18. *Langeyjarnesvegur*: Af þjóðveginum sunnan við Klofning í Langeyjarnes.
19. *Búðardalsvegur á Skarðsströnd*: Af þjóðveginum innan Búðardalsár að Búðardal.
20. *Staðarhólsvegur*: Af þjóðveginum hjá Þverfelli að Hvammsdal.
21. *Múlabbæjavegur*: Af þjóðveginum hjá Þurranesi að Belgsdal.
22. *Holtahryggjarvegur*: Af þjóðveginum við Djúpadalsmel að flugvellinum á Holtahrygg.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 2/1936, 94/1936 og 120/1944, um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.

## S A M Þ Y K K T

11

27. jan.

um breytingar á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu,  
nr. 4 14. janúar 1949.

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Sikárvegur*: Af þjóðveginum hjá Bálkastöðum, fram með Siká að Fossseli.
2. *Óspaksstaðavegur*: Af þjóðveginum austan Hrutafjarðarar, að Óspaksstöðum.
3. *Hrutafjarðarvegur*: Af þjóðveginum ofan Reykjastapa að Mýrum.
4. *Heggsstaðanesvegur*: Af þjóðveginum við Miðfjarðararbrú, um Sanda og Bessa-  
staði, að Bálkastöðum.
5. *Heggsstaðavegur*: Af Heggstaðanesvegi hjá Söndum að Heggstöðum.
6. *Svertingsstaðavegur*: Af þjóðveginum hjá Melstað um Skeiðmel og Neðri-  
Svertingsstaði að Efri-Svertingsstöðum.
7. *Búrfellsvegur*: Af þjóðveginum fyrir ofan Staðarbakka, um Skarfhól, að Búr-  
felli.
8. *Laugarbakkavegur*: Af þjóðveginum austan Miðfjarðarar að Árnesi.
9. *Hrutafjarðarhálsvegur*: Af þjóðveginum hjá Brandagili yfir Hrutafjarðarháls  
norðan Húks á þjóðveginn hjá Kollufossi.
10. *Skeggjastaðavegur*: Af þjóðveginum í Núpsdal, um Skeggjastaði og væntanlega  
brú á Vesturá, á þjóðveginn hjá Kollufossi.
11. *Aðalbólsvegur*: Af þjóðveginum hjá Hnausakoti, um væntanlega brú á Austurá  
að Aðalbóli.
12. *Dalabæjavegur*: Af þjóðveginum hjá Tjörn, um væntanlega brú á Katadalsá,  
um brúarstæði hjá Tungu, að Þorgrímsstöðum.
13. *Hlíðardalsvegur*: Af þjóðveginum fyrir sunnan Hamarsá að Hlíð.
14. *Katadalsvegur*: Af sýsluveginum norðan Tungu, að Katadal.
15. *Breiðabólsstaðarvegur*: Af þjóðveginum fyrir neðan Breiðabólsstað, að Breiða-  
bólsstað.
16. *Borgarvegur*: Af þjóðveginum sunnan Grundarar, yfir Reyðarlæk um brúar-  
stæði, um Bjarghús, að Litlu-Borg.
17. *Stóru-Borgarvegur*: Af Refsteinsstaðavegi um brúarstæði á Víðidalsá, að  
Stóru-Borg.
18. *Þverárvegur*: Af þjóðveginum hjá Syðri-Þverá, um brúarstæði á Þverá hjá  
Efri-Þverá.
19. *Vesturhóphólavegur*: Frá þjóðveginum við Hólabrú, vestan árinna að Vest-  
urhóphólum.
20. *Núpsdalsvegur*: Frá Efra-Núpi um Þverá, að Fosskoti.
21. *Dalgeirsstaðavegur*: Frá væntanlegri brú á Vesturá, að Dalgeirsstöðum.
22. *Austurárdalsvegur*: Af þjóðveginum norðan Austurár, um Barkarstaði, að  
Barkarstaðaseli.
23. *Víðidalsvegur*: Um væntanlega brú á Víðidalsá, að Hrappsstöðum.
24. *Fitjárdalsvegur*: Af þjóðveginum sunnan Stórhóls, um Hrísa, að Finnmörk.
25. *Fremri-Fitjavegur*: Frá Fremri-Fitjum að Bjargi (eða Uppsölum).
26. *Króksvegur*: Af sýsluveginum vestan Fitjaár, um Kambhól, að Króki.
27. *Valdarásvegur*: Af sýsluveginum neðan Hrísa, að Valdarási.
28. *Refsteinsstaðavegur*: Af þjóðveginum á Þvermel, um Laufás, að Refsteins-  
stöðum.



- 11 29. *Hlíðarvegur*: Af Viðidalsvegi, um Bakka, að Litluhlíð.  
 27. jan. 30. *Ásgeirsárvegur*: Af Þjóðveginum á Lækjarmelum, um Stóru-Ásgeirsá, á Viðidalsveg hjá væntanlegri brú á Viðidalsá.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. janúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

12  
2. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 74 17. apríl 1950, um búfjárrækt.

43. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Landssambandi hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu fjórða hvert ár fyrir reiðhross, sem notuð eru til undaneldis, í fyrsta skipti árið 1950, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal varðandi sýningarstað og hvernig sýningunni skuli hagað. Verðlaun á þessum sýningum greiðast að hálfu úr ríkissjóði, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Um upphæð verðlauna fer eftir reglum, sem landssambandið setur í hvert skipti og stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir.

Umsókn um sýningarleyfi ásamt fullnægjandi upplýsingum skal vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí næstan áður en sýningin á að fara fram.

Landssamband hestamannafélaga skal kjósa 2 meðdómendur í hvern dómflokk sýningarinnar.

Búnaðarfélag Íslands lætur skrasetja sérstaka ættbók fyrir þau hross, sem hljóta verðlaun á landssýningum þessum.

Á landssýningu Landssambands hestamannafélaga skal dæma kynbótahross á eftirfarandi hátt í einkunnum og stigum:

1. Fyrir byggingu:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Höfuð, háls og yfirsvipur .....	1—10	35
b. Samræmi í líkamsbyggingu .....	1—10	35
c. Fætur, hófar og fótstaða .....	1—10	30
	Samtals	100 stig.
2. Fyrir reiðhestahæfileika:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>
a. Fetgangur .....	1—10	20
b. Tölt .....	1—10	50
c. Brokk .....	1—10	30
d. Skeið .....	1—10	50
e. Stökk .....	1—10	40
f. Vilji .....	1—10	70
g. Geðslag .....	1—10	40
	Samtals	300 stig.

3. Fyrir afkvæmi:	<i>Einkunn:</i>	<i>Stig:</i>	<b>12</b>
a. Fyrir byggingu .....	1—10	30	2. febr.
b. Fyrir reiðhestshæfileika .....	1—10	30	
c. Fyrir kynfestu .....	1—10	40	
	<hr/>		
	Samtals	100 stig.	

Heildarstigafjöldi er 500 stig. Það hross, sem hlýtur hæsta stigatölu, vinnur í samkeppninni, og röð hrossanna verða samkvæmt reiknuðum stigafjölda. Stóðhestar skulu keppa um afkvæmi eftir 3. tölulið, en hryssur skulu dæmdar eftir 1. og 2. tölulið.

Til afkvæmadóma skulu 4 afkvæmi, þrevetur eða eldri, mæta með hverjum stóðhesti á sýningunni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 19 22. marz 1948, um bú-fjárrækt, og lögum nr. 11 14. febr. 1950 um breyting á lögum nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. febrúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

**13**

6. febr.

Fjármálaráðuneytið hefur, með hliðsjón af heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 10 í 82. kafla tollskrár, ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindri vöru þannig, að gjöldin af henni verði eins og að neðan greinir og að hún flokkist þannig:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
82 10 — (3) Nótaflotholt úr tilbúnum mótanlegum efnum	1 kg	2	2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 76 frá 1953, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl.

*Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1954.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzone.**

*Sigurður Áskelsson.*

14

9. febr.

## S A M Þ Y K K T

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Ræktunarsamband Suðurdala  
í Dalasýslu, nr. 71 frá 21. febr. 1947.

19. grein samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa. Stofnfjárhæð hans er kr. 360 000.00 — þrjú hundruð og sextíu þúsund — auk tillags frá Búnaðarsambandi Dala og Snæfellsness.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Fast gjald kr. 500.00 af hverju býli, sem er í ábúð á samþykktarsvæðinu (tví-býli telst tvö lögbýli), alls um kr. 50 000.00.
2. Kr. 50 000.00 greiðist þannig, að það skiptist á jarðir í ábúð eftir landverði í fasteignamati, svo og eftir landverði ræktunarlóða.
3. Hluta stofnfjárins, allt að kr. 80 000.00, tekur ræktunarsambandið að láni, eftir því sem þörf krefur, vegna vélakaupa sambandsins.
4. Framlög ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum, samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast til vélakaupa ræktunarsambandsins, og nema þannig allt að helmingi stofnfjárins.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

15

11. febr.

## R E G L U G E R Ð

um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna.

1. gr.

Við afhendingu gjaldeyris fyrir útfluttar bátaafurðir, framleiddar á árunum 1951, 1952, 1953 og 1954, að undanteknum þorskalýsi, síld og síldarafurðum, gefur Landsbanki Íslands út innflutningsskirteini (nefnt A-skirteini hér á eftir), sem heimilar innflutning á þeim vörum, sem taldar eru í 7. gr. hér á eftir. A-skirteinið skal gefið út í íslenskum krónum og vera að upphæð jafnt helmingi þess gjaldeyris, sem skilað er, þó ekki hærra en helmingur fob-verðs hinna útfluttu afurða. Þegar um ísfisk er að ræða, skal miðað við helming brúttó-söluverðs erlendis, að frádregnum löndunar- og sölukostnaði, innflutningstolli og sjómannagjaldeyri.

2. gr.

A-skirteini skulu afhent Landssambandi isl. útvegsmanna og einnig Sambandi isl. samvinnufélaga vegna útfluttra bátaafurða á þess vegum.

## 3. gr.

15

Áður en A-skirteini er gefið út, skal útflytjandi afhenda banka vottorð frá Fiskifélagi Íslands til staðfestingar því, að gjaldeyrisstillin séu fyrir útfluttar báta-afurðir á viðkomandi ári. 11. febr.

## 4. gr.

A-skirteini gildir í 3 mánuði frá útgáfudegi og skal innflytjandi fyrir lok gildistímans hafa framvísað B-skirteini, sbr. 5. gr., í banka og færa sönnur á, að pöntun hafi verið gerð og hún samþykkt af seljanda.

## 5. gr.

Landssamband isl. útvegsmanna og Samband isl. samvinnufélaga geta fram-selt réttindi þau, sem þeim eru veitt með A-skirteinum, með því að gefa út í sam-ræmi við þau B-skirteini, sem heimila handhafa innflutning á þeim vörum, sem taldar eru í 7. gr. hér á eftir. B-skirteini skulu gefin út í íslenskum krónum og mið-ast við fob-verðmæti vara.

Afgreiðsla samkvæmt B-skirteinum má ekki fara fram fyrr en skirteini hafa verið árituð af Landsbanka Íslands og tölusetur bankinn B-skirteinin um leið og hann áritar þau.

Bönkunum er skylt að selja óhindrað gjaldeyri samkv. B-skirteinum.

## 6. gr.

Skirteini, sem gefin eru út vegna útflutnings, sem greiddur er í dollurum eða EPU-gjaldeyri (þ. e. gjaldeyri aðildarríkja Greiðslubandalags Evrópu<sup>1)</sup>), má nota til innflutnings á vörum, sem heimilt er að flytja inn á þennan hátt frá öllum lönd-um, sbr. 7. gr.

Skirteini, sem gefin eru út vegna útflutnings til lands, sem skipt er við á jafnvirðiskaupagrundvelli, þ. e. Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland, heimila aðeins innflutning frá því landi, sem selt var til. Innflutningur frá þessum löndum er heimilaður á öllum vörum, sem taldar eru í 7. gr., bæði þeim sem taldar eru í A- og B-lið, þó gegn því skilyrði, að greiðsla fari fram í mynt hlutaðeigandi lands eða öðrum sérstaklega samningsbundnum gjaldeyri.

## 7. gr.

Eftirtaldar vörur skal heimilt að flytja inn samkvæmt B-skirteinum:

## A. Frá öllum löndum.

## Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
6	8	Blómlaukar.
7	5	Nýjar baunir, ertur, linsur og aðrir nýir belgávextir, ót. a.
—	7	Nýtt kál og annað nýtt grænmeti, ót. a.
—	8	Þurrkað grænmeti, ót. a.
8	24	Blandaðir ávextir, þurrkaðir.
—	27	Epli, þurrkuð.
—	34	Sveskjur.
—	36	Kókosmjól.
9	4—17	Krydd alls konar, annað en blandað sildarkrydd.
16	2	Kjötextrakt, fastur eða fljótandi.

1) Þ. e. Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Luxemburg, Noregur, Portúgal, Sviss, Svíþjóð, Trieste, Tyrkland, Vestur-Þýzkaland.

## 15 Tollskrá:

11. febr. Kafli. Nr.

- |      |         |  |
|------|---------|--|
| 17   | 7       | Síróp, ót. a.  |
| 19   | 1, 3, 4 | Búðingsduft, barnamjöl og annað mjöl og sterkja, sem tilreitt er sem fæða fyrir börn og sjúka eða til notkunar við matargerð.        |
| —    | 5       | Ris og aðrar korntegundir og rótaráxextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt.                                     |
| —    | 5a—6    | Makkaróni, makkarónudeig, núðlur og svipaðar deigvörur.  |
| 20   | 2—3     | Súkkat og aðrir sykraðir áxextir.  |
| 21   | 3       | Soya.  |
| —    | 4       | Tómatsósa.   |
| —    | 5       | Kryddsósur, súpuefni í pökkum og súputeningar.   |
| 25   | 3       | Steinmulningur (terrassó).   |
| —    | 5       | Eldfastur leir og mörtel.  |
| —    | 15      | Marmari, óunninn, í söguðum eða tilhöggnum stykkjum.   |
| 28   | 51a     | Frostlögur og bremsuvökvi.   |
| 29   | 5       | Kvikmyndafilmur, óframkallaðar.  |
| —    | 7       | Ljósmyndaplötur, óframkallaðar.  |
| —    | 9       | Ljósprentunarpappír.   |
| —    | 10      | Efnivörur til ljósmyndunar, sem með söluumbúðum vega ekki meira en 2 kg.   |
| 31   | 17      | Andlitsfarði (smink) og andlitsduft.   |
| —    | 18      | Ilmsmyrsl.   |
| —    | 19      | Tannduft, tannpasta og munnskolvatn.   |
| —    | 20      | Naglalakk.   |
| —    | 21      | Varalitur, augnabrúnalitur og þvílíkir litir.  |
| 32   | 1—3     | Sápa og sápulíki, ót. a., þó ekki handsápa og raksápa.   |
| —    | 5       | Þvottaduft og ræstiduft, einnig án sápu.   |
| —    | 7—12    | Skóáburður og annar leðuráburður, bón og húsgagnagljái, fægismyrsl og fægisápa, fægiduft, fægilögur og ofnsverta.                    |
| —    | 14      | Skiðaáburður.  |
| 40   | 20      | Jólatré og gervijólatré.   |
| —    | 55      | Skiði og skiðastafir úr trjáviði, enn fremur skiðastafir úr öðrum efnum og skiðabindingar.   |
| —    | 65      | Kastkringlur og spjót til útiþróttar.  |
| 42   | 3       | Gólfmottur og ábreiður alls konar úr strái og öðrum jurtafléttiefnum, ót. a.   |
| 46 A | 5       | Flauel og flos (plyds) úr silki.   |
| —    | 7       | Laufaborðar (blúndur), laufaborðaeefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni úr silki.                                 |
| —    | 8       | Leggingar, snúrur og þess konar dregilvörur (possement) úr silki.  |
| —    | 9       | Hárnet úr silki.   |
| —    | 10      | Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar.   |
| 46 B | 6       | Flauel og flos úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.   |
| —    | 8       | Laufaborðar, laufaborðaeefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar efni úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum. |
| —    | 9       | Leggingar, snúrur og aðrar þess háttar dregilvörur úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.                                       |
| —    | 10      | Hárnet úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.   |
| —    | 11      | Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar, úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.                        |

## Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
46 B	12	Vefnaður, ót. a., úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum, þó ekki korsettbrókaði eða korsettsatín.
46 C	1	Þráður úr alls konar spunaefnum, vafinn eða tvinnaður með málmþræði.
—	2	Snúrur og leggingar á einkennishúninga o. þ. h.
—	3	Bönd, dregilvörur, laufaborðar, knipplingar og tyll úr málmþræði.
—	4	Annar vefnaður og vörur úr málmþræði.
47	6	Flauel og flos úr ull eða öðru dýrahári.
—	13	Vefnaður, ót. a., úr ull eða öðru dýrahári.
49	14	Gólf-dreglar úr kókostægjum.
50	20	Tennisnet og önnur þess konar net, svo og burðarnet.
—	34	Vefnaðarvara úr silki, gervisilki og öðrum gerviþráðum, lökkuð, ferniseruð o. s. frv.
51	1	Prjónavoð úr silki.
—	2	Sokkar og leistar úr silki.
—	4	Nærfatnaður prjónaður úr silki.
—	5	Vettlingar og hanzkar prjónaðir úr silki.
—	6	Aðrar prjónavörur úr silki.
—	7	Prjónavoð úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum.
—	10	Nærfatnaður prjónaður úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum.
—	11	Vettlingar og hanzkar prjónaðir úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum.
—	12	Aðrar prjónavörur úr gervisilki, nylon eða öðrum gerviþráðum.
52	1	Regnkápur úr silki, gervisilki, nylon eða öðrum gervispunaefnum, yfirdregnum með fernis, kátsjúk o. þ. h.
—	5	Ytri fatnaður úr silki fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur.
—	6	Nærfatnaður úr gervisilki, nylon eða öðrum gervispunaefnum.
—	7	Ytri fatnaður úr gervisilki, nylon eða gervispunaefnum fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur.
—	9	Ytri fatnaður úr ull fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur.
—	11	Ytri fatnaður úr baðmull fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur.
—	13	Ytri fatnaður úr hör eða öðrum jurta-spunaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu fyrir telpur og konur, þó ekki jakkar og úlpur.
55	1—9	Hattar og húfur.
61	6—7	Silfur í stöngum, plötum eða vir.
—	9—10	Platínúmálmur í stöngum, plötum eða vir.
63	33	Snjókeðjur á bifreiðar.
—	38	Kengir og kassakrækjur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	39	Járnsaumur til skósmíða (plukkur).
—	39a	Reimlásar úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	41	Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	45	Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og þvílikar vörur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	46	Lásar og lykjar úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	51	Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ. h. úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	52	Oliukyndingartæki, þó ekki varahlutir.

15

11. febr.

## 15 Tollskrá:

11. febr. Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
63	60	Eldtraustir skápar, kistur og hólf, svo og hurðir eða lok á slíka hluti.
—	63	Skjalaskápar ósamsettir og aðrar slíkar ósamsettar skjalahirzlor úr jární, stáli eða öðrum járnlegeringum, ót. a.
—	66	Skjalaskápar og aðrar slíkar skjalahirzlor úr jární, stáli eða öðrum járnlegeringum, ót. a.
—	88	Salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra, úr jární, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	99	Blöndunarhanar til baðkera, vaska o. þ. h. úr jární, stáli eða öðrum járnlegeringum.
—	104	Kastkúlur til útiþróttaiðkana, skíðabindingar, skíðastafir úr jární, stáli og öðrum járnlegeringum.
64	9—11	Saumur úr kopar eða koparlegeringum, þar með talinn söðlasmiða- og skósmíðasaumur.
—	12	Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rör úr kopar eða koparlegeringum.
—	14	Lásar og lyklar úr kopar eða koparlegeringum, ót. a.
—	16	Alls konar lamir, skrár, hespur, gluggakrókar, gluggahorn og því líkar vörur úr kopar eða koparlegeringum.
—	17	Handföng á hurðir, kistur, skúffur o. þ. h. úr kopar eða koparlegeringum.
—	18	Blöndunarhanar til vaska, baðkera o. þ. h. úr kopar eða koparlegeringum.
65	4	Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar, rör o. þ. h. úr nikkell eða nikkellblöndum.
66	7	Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar, rör o. þ. h. úr alúminíum eða alúminíumblöndum.
68	5	Naglar og stifti, svo og skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rör o. þ. h. úr zínki eða zínkblöndum.
71	8	Rakhnífar, rakvélar, nema rafmagns, rakvélablöð og slípivélar úr ódýrum málum.
—	15	Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.
72	22	Reiknivélar og hlutar til þeirra.
—	23	Varahlutir til ritvéla.
—	24	Talningarvélar (fétalar, búðakassar) og hlutar til þeirra.
—	25	Fjölritarar og hlutar til þeirra.
—	26	Adressuvélar, bókhaldsvélar, bréfaínnsíglunarvélar, frímerkjavélar og aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, þó ekki ritvélar.
—	49	Vélar til blikk- og járnsmíða, þó ekki varahlutir.
—	53	Vélar til trésmíða, þó ekki varahlutir.
73	13—16	Rafmagnskerti, flautur, ljóssker, háspennukefli (coil), ræsar (startarar), straumgreinar (auto-lite), hleðsluheimlar (cut-out), stefnu- ljós og annar rafmagnsbúnaður í bifreiðar.
<b>Eftirtaldar rafmagnsknúnar vélar notaðar á heimilum, í verzlunum, í iðnaði o. þ. h.:</b>		
—	37	— eldavélar og bökunarofnar.
—	38	— brauðristar, kaffikönnur, ofnar, straujárn, suðuplötur, vatnshita- dunkar, vatnskatlar, vöflujárn og önnur hitunar- og suðutæki, ót. a.

## Tollskrá:

15

Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
73	39	— strauvélar.
—	40	— þvottavélar.
—	41	— hrærivélar.
—	42	— kjötkvarnir, kaffikvarnir, kryddkvarnir, þeytarar og aðrar eldhúsvélar, ót. a.
—	43	— kæliskápar og isskápar.
—	44	— bónvélar, ryksugur og loftræsar (viftur).
—	45	— aðrar rafmagnsknúnar vélar, sem notaðar eru á heimilum, í verzlunum, í iðnaði o. þ. h., ef sams konar vélar í einhverri mynd eru notaðar á heimilum.

11. febr.

Ath. Varahlutir í vélar þær, sem teljast til 73. kafla 37—45, teljast ekki til hins skilorðsbundna frílista.

—	55	Rafmagnslampar í sýningarglugga og rafmagnsmyndatökulampar.
—	56	Venjulegir rafmagnsinnanhúslampar og dyralampar.
—	57	Rafmagnsljósakrónur.
—	58	Rafmagnsvinnulampar (handlampar).
—	59	Rafmagnsgötuluktur.
—	62	Rafmagnsstundaklukkur.
—	84	Útvarpstæki, þó ekki varahlutar.
75	6	Vélar í bifreiðar og hlutar til þeirra, svo og aðrir bifreiðahlutar, ót. a.
—	10—11	Bifhjólakörfur og aðrir bifhjólahlutar, ót. a.
—	13—14	Reiðhjól og reiðhjólahlutar, ót. a.
—	18	Barnavagnar og hlutar til þeirra.
77	10—11	Kvikmyndatökuvélar, sýningarvélar, skuggamyndavélar og hlutar til þeirra.
78	1, 2, 4	Úr, klukkur, þó ekki úra- og klukkuhlutar.
79	1	Flygel og píanó.
—	2	Hlutar til flygela og píanóa.
—	3	Orgel og harmoníum.
—	4	Hlutar til orgela og harmónía.
—	5	Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.
—	7	Blásturshljóðfæri og hlutar til þeirra, þó ekki munnhörpur.
—	8—8a	Harmoníkur og hlutar til þeirra.
—	9	Grammófónar og hlutar til þeirra.
—	10	Spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra.
—	11	Grammófónplötur, ót. a.
—	12	Grammófónplötur til tungumálakennslu.
—	13	Grammófónnalar.
—	15	Trumbur.
—	16	Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a.
82	9—9a	Plötur, stengur, þynnur og þess háttar úr tilbúnum mótanlegum efnum. Sléttar eða báraðar og gegnsær plötur úr tilbúnum, mótanlegum efnum, til notkunar í stað glers, eru þó háðar gjaldeyris- og innflutningsleyfum.
—	9c	Fatnaður úr tilbúnum mótanlegum efnum, nema skófatnaður.
—	10	Aðrar vörur úr tilbúnum mótanlegum efnum, ót. a., þó ekki skraut- og glysvarningur eða kvenhandtöskur.
84	1	Tennis-, hockey- og golfknettir og önnur tæki til þeirra leikja, ót. a.,



**15 Tollskrá:**

11. febr. Kafli. Nr.

**Vöruheiti:**

fótknettir og „krokket“ og önnur þess konar útiþróttatæki með tilheyrandi kúlum, spöðum og sleggjum.

Ath. Tennisknettir verða að vera yzt klæddir vefnaði, en fótknettir leðri og með eða fyrir sérstaka blöðru innan í.

84	8	Önglar með flugu eða öðru tilbúnu agni til lax- og silungsveiða.
—	10	Öngultaumar, línur, girni og línuhjól til lax- og silungsveiða.
—	11	Fiskistengur og lausir liðir í þær.
85	2	Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálum.

**B. Frá löndum, sem skipt er við á jafnvirðis kaupagrundvelli (Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Sovétríkin, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland).**

Skilyrði er, að greiðsla fari fram í mynt hlutaðeigandi lands eða öðrum samningsbundnum gjaldeyri.

**Tollskrá:**

Kafli. Nr.

**Vöruheiti:**

8	1	Ananas, nýr.
—	2	Appelsínur, nýjar.
—	3	Bananar, nýir.
—	6	Epli, ný.
—	7	Ferskjur, nýjar.
—	8	Grapefruit, nýtt.
—	12	Mandarínur, nýjar.
—	13	Melónur, nýjar.
—	15—15a	Perur, nýjar.
—	18	Sitrónur, nýjar.
—	21—21a	Vinber, ný.
—	23	Apríkósur, þurrkaðar.
—	25	Bláber, þurrkuð.
—	26	Döðlur, þurrkaðar.
—	28	Ferskjur, þurrkaðar.
—	29	Fíkjur, þurrkaðar.
—	30	Kirsiber, þurrkuð.
—	31	Kúrennur. <sup>1)</sup>
—	32	Perur, þurrkaðar.
—	33	Rúsínur. <sup>1)</sup>
—	35	Aðrir þurrkaðir ávextir.
—	36	Hnetur, einnig muldar, ót. a., þó ekki kókosmjöl.
17	8	Drúgusykur (glycose), fastur eða fljótandi.
19	8—10	Kex og aðrar brauðvörur.
20	1	Ávextir lagðir í edik eða annan súr, saltaðir eða kryddaðir á annan hátt, ót. a.
—	4	Ávextir, niðursoðnir.

1) Rúsínur og kúrennur skal þó heimilt að flytja inn frá Grikklandi, ef framvísað er við tollafgreiðslu skirteini um það, að vörur þessar séu af grískum uppruna.

## Tollskrá:

Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
20	5	Aldinsulta og aldinhlaup (gelé).
—	6	Aldinmawk (marmelade).
—	9	Soft úr ávöxtum og jurtahlutum.
—	11—12	Grænmeti lagt í edik eða annan súr, saltað eða kryddað á annan hátt, eða niðursoðið.
21	3a	Tómatpuré.
29	3	Ljósmyndafilmur, óframkallaðar.
—	8	Ljósmyndapappír.
31	22	Baðsalt.
—	23	Ilmpappír.
32	3	Handsápa og raksápa.
—	15	Kerti.
34	7	Eldspýtur.
37	3	Hanzkar og vettlingar úr leðri.
—	4	Belti úr leðri.
—	7	Hattaöskjur, hnakktöskur, ferðakoffort og aðrar ferðatöskur úr leðri.
—	8	Alls konar veski, buddur, hylki og töskur úr leðri, ót. a.
—	9	Skrifmöppur og bókabindi úr leðri, ót. a.
—	10	Bakpokar og fatapokar úr leðri.
39	13	Gólfmottur og setur úr kátsjúki.
40	34	Parketplötur úr korki (gólfkork).
—	41	Rammalistar úr trjáviði og aðrir listar og stengur úr trjáviði til umgerðar o. þ. h., ót. a.
44	18	Salernispappír.
—	30	Pentudúkar (serviuttur), borðdreglar, borðdúkar, vasaklútar, hilluborðar og aðrir laufaborðar úr pappír og pappa.
—	42	Ferðakistur, ferðatöskur, fiðlukassar og aðrir hljóðfærakassar, hattaöskjur, kventöskur, seðlaveski, skjalamöppur og skólatöskur, skotfæratöskur og önnur þvilík veski, töskur og hylki, ót. a., úr pappa og pappír, einnig í sambandi við önnur efni.
45	18	Spil.
46 A	6	Gólfábreiður, gólfmottur og gólf dreglar úr silki.
—	11	Silkivefnaður, ót. a., þó ekki korsettbrókaði og korsettsatín.
46 B	7	Gólfábreiður, gólfmottur og gólf dreglar úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.
47	7—9	Gólfábreiður, gólfmottur og gólf dreglar úr ull eða öðru dýrahári.
48	9—11	Gólfábreiður, gólfmottur og gólf dreglar úr baðmull.
49	12, 13, 15	Gólfábreiður, gólfmottur og gólf dreglar úr hör, hampi eða öðrum jurta-spunaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu.
51	3	Ytri fatnaður prjónaður úr silki.
—	8	Sokkar og leistar úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.
—	9	Ytri fatnaður prjónaður úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum.
—	15	Ytri fatnaður prjónaður úr ull eða öðrum dýrahárum.
—	21	Ytri fatnaður prjónaður úr baðmull.
—	27	Ytri fatnaður prjónaður úr hör eða öðrum jurtaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu.
52	2	Regnkápur úr baðmull, hör, hampi eða öðrum jurtaefnum en gerviefnum, yfirdregnar með fernis, kátsjúki o. þ. h.

15

11. febr.

## 15 Tollskrá:

11. febr. Kafli.	Nr.	Vöruheiti:
	52	5 Ytri fatnaður úr silki fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur.
	—	7 Ytri fatnaður úr gervisilki, nylon eða öðrum gervipráðum fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur.
	—	9 Ytri fatnaður úr ull eða öðru dýrahári fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur.
	—	11 Ytri fatnaður úr baðmull fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur.
	—	13 Ytri fatnaður úr hör eða öðrum jurtaskpunaefnum en baðmull eða gerviefnum úr jurtaríkinu fyrir drengi og karlmenn og jakkar og úlpur fyrir telpur og konur.
	—	38 Bréfaveski, skrífmöppur, bréfamöppur, bréfabindi, skjalatöskur, kventöskur og þvílík veski, möppur og skrín úr vefnaði eða yfirdregnum vefnaði.
	—	39 Bakpokar, fatapokar, vaðsekkir, ferðatöskur, kistur, hattaöskjur, hylki utan um hljóðfæri, skotfæri, skotvopn, fiskistengur o. þ. h. vörur úr vefnaði eða yfirdregnum vefnaði.
	59	5 Vegg- og gólfplögur úr leir.
	—	7 Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir og hlutar til þeirra úr leir.
	60	9—10 Speglar úr gleri, einnig í góðmálmsumgerðum.
	—	13 Vegg- og gólfplögur úr gleri.
	63	37, 40 Galvanhúðaður saumur og annar saumur úr járn, stáli eða öðrum járnblöndum, þó ekki hóffjaðrir, kengir og kassakrækjur, skósmíðasaurur (plukkur) og reimlásar.
	—	81, 82 Hjólaskautar og aðrir skautar úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	—	88 Baðker úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	68	7 Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra úr zinki eða zinklegeringum.
	71	26 Myndarammar og aðrar þvílíkar umgerðir úr ódýrum málmum.
	72	23 Ritvélar.
	73	65—66 Reiðhjólaluktir og dynamóar.
	77	9 Ljósmyndavélar og hlutar til þeirra, ót. a.
	79	6 Munnhörpur.
	82	10 Kvenhandtöskur úr tilbúnum mótanlegum efnum.
	84	2 Gúmmiboltar.
	84	6 Jólatrésskraut alls konar.
	85	5 Hárgreiður og höfuðkambar alls konar.

Framangreindir listar eru samdir í samræmi við tollskrána í lögum um tollskrá o. fl., og þar sem fram er tekið í texta listanna, að um sé að ræða vörur ótaldar annars staðar (ót. a.), er miðað við tollskrána í heild, en ekki framangreindan lista eingöngu.

## 8. gr.

Eigi skal heimilt að tollafgreiða vörur, sem taldar eru í 7. gr. nema gegn B-skírteini. Þó skal heimilt að tollafgreiða eftirtaldar sendingar, án þess að B-skírteini sé skilað:

- Vörur, sem sjómenn flytja sjálfir með sér í fari sínu og keyptar eru fyrir hinn svonefnda sjómannagjaldeyri, þó ekki yfir 1000 kr. verðmæti í hverri ferð.
- Gjafir eða aðrar sendingar, sem ekki er ætlað til greiðslu fyrir, allt að 500 kr. virði.

c. Sýnishorn, sem ekki eru meira en 100 kr. virði.

d. Póstsendingar allt að 100 kr. virði.

e. Vörur, sem farþegar hafa í fari sínu frá útlöndum, allt að 1000 kr. virði.

Heimild sú, sem felst í liðum a., b. og e. hér að framan nær aðeins til varnings, sem er til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skylduliðs hans.

Ef í sendingum þeim, sem taldar eru í liðum a.—e. hér að framan, eru vörur, sem eru á skilorðsbundnum frilista frá jafnvirðis kaupalöndum, má einnig tollafgreiða þær frá öðrum löndum án sérstakrar heimildar.

#### 9. gr.

Að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar getur innflutningsskrifstofan veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sérstökum vörutegundum, sem ekki eru taldar í 7. gr., gegn afhendingu B-skírteina.

#### 10. gr.

Vörur þær, sem fluttar eru til landsins samkvæmt B-skírteinum, sbr. 7. gr., eru ekki háðar verðlagsákvörðunum innflutningsskrifstofunnar. Um innflutning þessara vara gilda sömu reglur og um aðrar vörur, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

#### 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 11. febrúar 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

Yngvi Ólafsson.

## AUGLÝSING

16

12. febr.

**um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.**

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (III) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951 og auglýsingu nr. 234 30. desember 1952, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1954.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

Gunnlaugur Þórðarson.

17

4. jan.

**AUGLÝSING****um framlengingu innflutningsréttinda bátaútvegsmanna.**

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, sbr. auglýsingu fjárhagsráðs, dags. 7. marz 1951, með áorðnum breytingum, skuli gilda áfram, þar til öðruvísi verður auglýst.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. janúar 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

18

12. febr.

**AUGLÝSING**

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 64 24, apríl 1946, sbr. auglýsingu nr. 17/1951.**

1. gr.

Við 4. flokk vörugjaldskrár 1. gr. auglýsingarinnar (43. gr. hafnarreglugerðarinnar) bætist: olía (fuel).

Orðin „olía (fuel)“ í 6. flokki sömu greinar falli niður.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

19

17. febr.

**AUGLÝSING****um nýja lyfsöluskrá I.**

Frá og með 1. marz 1954 gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 13. febrúar 1954. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá I frá 1. júní 1952.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## SAMPYKKT

20

17. febr.

## um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupþúni.

## 1. gr.

Sölubúðum í Dalvíkurkaupþúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 12 síðdegis.

## 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar.

## 4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

## 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti vörum í geymsluhúsum verzlana.

## 6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki hreppsnefndar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 50—500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglu-mál.

20 Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum  
17. febr. nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

21

4. marz

## AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950.

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

*Flugvallarvegur* á Keflavíkurflugvelli frá vegamótum Hafnavegar að gisti-húsinu og þaðan áfram gegnum aðalíbúðarhverfið að mótuneyti starfsmanna vallarins.

Breyting þessi, sem gerð er með heimild í 7. gr. umferðalaga, nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

22

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniéls-sonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 3. marz 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“ og er stofnaður árið 1954 af Svanhildi Ólafsdóttur Daniélssonar, konu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hálf húseignin Hagamelur 21 í Reykjavík (með þeim kvöðum, sem á eigninni hvíla), en ágóða af eigninni skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins, sbr. 3. gr. a—c.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðlauna íslenzkan stærðfræðing, stjórnufræðing eða eðlisfræðing. Skal verðlaununum úthlutað án umsókna og í fyrsta sinn 31. okt. 1955, á 78 ára

afmæli dr. phil. Ólafs Danielssonar, tuttugu þúsund kr. Heita verðlaunin 22  
 „Verðlaun Ólafs Danielssonar“. Þeim má ekki skipta. Úthlutun fer fram 3. marz  
 þriðja hvert ár, í annað hvort skipti samkvæmt 3. gr. a, en í annað hvort skipti  
 samkvæmt 3. gr. b. Úthlutunarupphæðirnar a og b eru ætíð jafnar innbyrðis.  
 Úthlutun 1955 kallast 1. úthlutun a, en 1958 1. úthlutun b, 1961 2. úthlutun a  
 o. s. frv.

- b. Að verðlauna teikningar islenskra arkitekta að nýtsömum byggingum í landinu  
 eða skipulagningu innanbæjar í Reykjavík, að undangenginni samkeppni.  
 Heita verðlaunin „Verðlaun Sigurðar Guðmundssonar“. Stofnandi sjóðsins  
 áskilur sér og manni sínum, meðan annars hvors þeirra nýtur við, rétt til að  
 ákveða verkefni það, sem um ræðir í hvert sinn, en eftir þeirra dag Húsameist-  
 arafélagi Íslands. Augljóst skal um samkeppnina hálfu ári fyrir úthlutun. Leita  
 skal tillagna dómnefndar, er Húsameistarafélag Íslands skipar samkvæmt regl-  
 um félagsins um samkeppni.
- c. Eftir fyrstu úthlutun og síðan (þ. e. í fyrsta sinn árið 1961) má veita aukaverð-  
 laun úr sjóðnum, er samtals nemi helmingi aðalverðlauna. Við úthlutun a. skal  
 styrkja stúdent úr stærðfræðideild Menntaskólans í Reykjavík, en við úthlutun  
 b. skal styrk úr sjóðnum varið til verndunar þjóðminja og leita tillagna þjóð-  
 minjavarðar.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, rektor  
 Menntaskólans í Reykjavík og skrifstofustjórinn í menntamálaráðuneytinu

#### 5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um vörzlu sjóðsins, birtir reikninga hans í Lögbert-  
 ingablaðinu fyrir 1. apríl ár hvert og heldur gerðabók fyrir sjóðinn.

#### 6. gr.

Stofnandi sjóðsins áskilur sér rétt til þess, innan næstu 10 ára, að gera tillögur  
 um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær haggi í engu tilgangi sjóðsins  
 í höfuðatriðum.

#### 7. gr.

Sjóðurinn afhendist 1. apríl 1954.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.



- 23 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð hjónanna Péturs Jónssonar og Ragnheiðar Árnadóttur frá Krýsuvík og sonar þeirra, Árna Péturssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. marz 1954.  
4. marz Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð hjónanna Péturs Jónssonar og Ragnheiðar Árnadóttur frá Krýsuvík og sonar þeirra, Árna Péturssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Námssjóður hjónanna Péturs Jónssonar og Ragnheiðar Árnadóttur frá Krýsuvík og sonar þeirra, Árna Péturssonar.

### 2. gr.

Sjóðurinn er eign Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og er sjóðurinn afhentur félaginu samkvæmt afleiðsluskrá Péturs F. Jónssonar, eins af stofnendum og heiðursfélögum V. R., dags. 21. sept. 1916, með breytingum og viðauka, dags. 18. marz 1947, og er að upphæð kr. 9000.00.

Sjóðurinn tekur nú þegar til starfa.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt verzlunarfólk, menn eða konur, til náms í verzlunarfræðum erlendis.

Félagar í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur hafa forgangsrétt til styrks.

### 4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd, er stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur skipar, og skiptir hún sjálf með sér verkum. Jafnframt skipar stjórn V. R. fimm menn til vara, og skal tiltekið hver sé varamaður hvers. Aðal- og varamenn stjórnarnefndar sjóðsins skulu vera fullgildir félagar í V. R.

Þegar aðalmaður fer úr stjórn sjóðsins, tekur varamaður hans sæti í stjórninni og verður þá aðalmaður, en stjórn V. R. skal þá þegar skipa varamann hans. Engan má skipa í stjórn sjóðsins, hvorki sem aðal- eða varamann, nema samþykki hans liggja fyrir um, að hann vilji taka starfið að sér. Á þennan hátt skal jafnan farið, þegar autt verður sæti aðalmanns eða varamanns í stjórninni, svo að hún sé jafnan skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum. Í forföllum aðalmanns um stundarsakir tekur varamaður þess eða þeirra, sem forföll hafa, sæti í stjórninni, enda sé ekki ágreiningur um, að forföll hamli.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í skipulagsskrá þessari.

### 5. gr.

Gerðabók fyrir sjóðinn skal stjórn hans löggilda. Í gerðabókina skal færa allt um sjóðinn, sem máli þykir skipta, þar á meðal fundargerðir sjóðstjórnarinnar og sérstaklega allar ákvarðanir hennar um málefni sjóðsins.

### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggilegan hátt, t. d. í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Peningar, sem kunna að liggja fyrir, skulu ávaxtaðir á tryggum stað, enda samþykki allir stjórnendur, hvernig fénu skuli komið á vöxtu.

## 7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og árlega skal leggja  $\frac{1}{5}$  — einn fimmta — af vöxtum við höfuðstólinn. Að öðru leyti skal vöxtunum varið samkvæmt tilgangi sjóðsins. Sjóðstjórnin ræður þó, að hve miklu leyti vöxtunum er varið í þessum tilgangi ár hvert, eða hvort þeir verði lagðir við höfuðstól, frekar en gert er ráð fyrir hér að framan, eða geymdir til síðari ára til úthlutunar þá.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum, þegar hún ákveður úthlutun, og úthluta síðan þeirri styrkupp-hæð, sem hún vill úthluta hverju sinni, samkvæmt tilgangi sjóðsins og í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skal þó gæta þess, að hver einstök styrkupp-hæð sé ekki lægri en svo, að hún geti talizt til verulegrar styrktar fyrir þann, sem hana hlýtur. Sama námsmanni má veita styrk oftár en einu sinni, en þó ekki lengur en í þrjú ár.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár sjóðsins telst frá stofnun hans til ársloka 1954. Sjóðstjórn ber að færa bók um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld.

Stjórn sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn, og skal hann síðan staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikningurinn skal færður í efnahagsbók sjóðsins og birtur í Lögbirtingablaðinu í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Skipulags-skránni má ekki breyta, nema stjórnarnefnd sjóðsins og stjórn Verzlunarmanna-félags Reykjavíkur samþykki. Þó má aldrei breyta fyrirmælunum um tilgang sjóðsins.

Reykjavík, 17. febrúar 1954.

Í stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

Guðjón Einarsson. Njáll Símonarson. Pétur Sæmundsen. Gunnl. J. Briem.  
Einar Elíasson. Ingvar N. Pálsson. Daniel Gíslason.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl.,  
samkvæmt lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

24

5. marz

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1954 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 38/1953, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50/1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 718.00
Á 2. —	— 576.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 647.00
Á 2. —	— 521.00

24

## c. Ógiftar konur:

5. marz

- |                          |            |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði ..... | kr. 481.00 |
| Á 2. — .....             | — 387.00   |
2. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 112. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 26. gr. laga nr. 38/1953:
- |                          |                  |
|--------------------------|------------------|
| Á 1. verðlagssvæði ..... | kr. 8.61 á viku. |
| Á 2. — .....             | — 6.47 — —       |
- Til loka febrúarmánaðar 1954 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:
- |                          |                  |
|--------------------------|------------------|
| Á 1. verðlagssvæði ..... | kr. 8.61 á viku. |
| Á 2. — .....             | — 6.47 — —       |
3. Árið 1954 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru ákveðin í 1. lið hér á undan, sem hér segir:
- Á 1. verðlagssvæði:
- |                     |            |
|---------------------|------------|
| Karlar .....        | kr. 350.00 |
| Ógiftar konur ..... | — 250.00   |
- Á 2. verðlagssvæði:
- |                     |          |
|---------------------|----------|
| Karlar .....        | — 250.00 |
| Ógiftar konur ..... | — 180.00 |
4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50/1946, skulu árið 1954 greiða iðgjald sem hér segir:
- Á 1. verðlagssvæði:
- |                       |            |
|-----------------------|------------|
| Kvæntir karlar .....  | kr. 238.00 |
| Ókvæntir karlar ..... | — 203.00   |
| Ógiftar konur .....   | — 147.00   |
- Á 2. verðlagssvæði:
- |                       |          |
|-----------------------|----------|
| Kvæntir karlar .....  | — 186.00 |
| Ókvæntir karlar ..... | — 147.00 |
| Ógiftar konur .....   | — 110.00 |
5. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 26. gr. laga nr. 38/1953, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946 skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
6. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50/1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38/1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 22 frá 26. febr. 1953 og nr. 8 frá 19. jan. 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1954.

*Fjáraukalög fyrir árið 1951*, undirskrifuð af forsetanum 15. marz 1954, nr. 21.  
*Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 22.

*Lög um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á ollu og benzini*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 23.

*Lög um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld*, undirskrifuð af forsetanum 17. marz 1954, nr. 24.

*Lög um brunatryggingar í Reykjavík*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 13. apríl 1954, nr. 25.

*Lög um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála*, undirskrifuð af forsetanum 24. marz 1954, nr. 26.

*Lög um verðlagsskrár*, undirskrifuð af forsetanum 30. marz 1954, nr. 27.

*Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands*, undirskrifuð af forsætisráðherra 31. marz 1954, nr. 28.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 5. apríl 1954, nr. 29.

*Lög um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 8. apríl 1954, nr. 30.

*Lög um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 31.

*Lög um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 32.

*Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurlflugvelli*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 33.

*Sóttvarnarlög*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 12. apríl 1954, nr. 34.

*Lög um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 13. apríl 1954, nr. 35.

*Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 14. apríl 1954, nr. 36.

*Lög um brúargerðir*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 37.

*Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 38.

*Lög um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 39.

*Lög um aukatekjur ríkissjóðs*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 40.

*Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 41.

*Lög um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 42.

*Lög um Kirkjubýggingasjóð*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 43.

*Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 44.

*Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 45.

*Lög um tekjuskatt og eignarskatt*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 46.

*Auglýsing um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.*, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 47.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 20. apríl 1954, nr. 48.

*Lög um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 49.

*Lög um breyting á lögum nr. 38 27. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 50.

*Lög um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsýnum*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 51.

*Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Húsvíkurkaupstaðar*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 52.

*Lög um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 21. apríl 1954, nr. 53.

*Lög um orkuver Vestfjarða*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 20. apríl 1954, nr. 54.

*Lög um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 55.

*Lög um sildarleit úr lofti*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 21. apríl 1954, nr. 56.

*Lög um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 57.

*Áfengislög*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 24. apríl 1954, nr. 58.

*Lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 59.

*Lög um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smábúðabygginga*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 60.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 21. apríl 1954, nr. 61.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lög-ráð*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 62.

*Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 63.

*Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 64.

*Lög um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna*, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 65.

*Lög um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 24. apríl 1954, nr. 66.*

*Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 67.*

*Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 68.*

*Lög um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl., undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 69.*

*Lög um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 70.*

*Lög um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 71.*

*Lög um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 72.*

*Lög um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 20. apríl 1954, nr. 73.*

*Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Rúmeníu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. apríl 1954, nr. 74.*

*Auglýsing um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga, undirskrifuð af utanríkisráðherra 4. maí 1954, nr. 75.*

*Auglýsing um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, undirskrifuð af utanríkisráðherra 4. maí 1954, nr. 76.*

*Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 7. maí 1954, nr. 77.*

## REGLUR

### um merkingu skipa.

25

25. febr.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 frá 8. marz 1948, um skráningu skipa, eru hér með settar eftirfarandi reglur um merkingu skipa:

#### 1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, skulu bera á sér glögg heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

#### 2. gr.

Nafn hvers skips og nafn staðar þess, er það er frá, skal málað á afturstafn þess með latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku lettri á ljósleitum undirlit. Á sama hátt skal mála nafn skipsins á framstafn þess, beggja megin.

Fiskiskip, skulu, auk þess að vera merkt á þann hátt, er að ofan greinir, vera merkt umdæmisbókstöfum og umdæmistölum þeim, sem það hlaut við skráningu þess sem fiskiskip. Þessir umdæmisbókstafir og tölur skulu málaðar á framstafn skipsins með ljósu lettri á dökkan grunn eða dökku lettri á ljósan grunn.

Vélknúin fiskiskip skulu einnig hafa umdæmisbókstafina og umdæmistölurnar málaðar á reykháfinn svo að sjáist skýrt. Mótorbátar, sem ekki hafa reyk háf, eru undanþegnir þessu ákvæði.

25 Einkennisbókstafi þá, sem skipið hlaut við skráningu þess, skal greinilega merkja í lestaropskarminn að innan.

Ef skip siglir til annarra landa, þá skal setja nafn þess þar að auki með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrum megin í desimetrum, en hinum megin í enskum fetum.

### 3. gr.

Hvert skipaskráningarumdæmi hefur sína umdæmisbókstafi og skulu öll fiskiskip og bátar bera umdæmisbókstafi og tölur þess umdæmis, sem það er skráð í.

Umdæmisbókstafirnir eru þessir:

AK Akranes.  
 AR Árnessýsla.  
 BA Barðastrandarsýsla.  
 EA Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.  
 GK Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.  
 HU Húnavatnssýslur.  
 IS Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður.  
 KE Keflavík.  
 MB Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.  
 NK Neskaupstaður.  
 NS Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.  
 ÓF Ólafsfjörður.  
 RE Reykjavík.  
 SF Skaftafellssýslur.  
 SH Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.  
 SI Siglufjörður.  
 SK Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur.  
 ST Strandasýsla.  
 SU Suður-Múlasýsla.  
 TH Þingeyjarsýslur.  
 VE Vestmannaeyjar.

### 4. gr.

Stærð bókstafa í nafni og heimilsfangi skal vera þessi:

Á skipum stærri en 30 rúml. 15 cm á hæð og 11 cm á breidd.

Á skipum minni en 30 rúml. 12 cm á hæð og 9 cm á breidd.

Stærð umdæmisbókstafa og umdæmistalna skal vera:

Á fiskiskipum stærri en 30 rúml. 45 cm á hæð og 38 cm á breidd.

Á fiskiskipum minni en 30 rúml. 25 cm á hæð og 18 cm á breidd.

Á opnum vélbátum 20 cm á hæð og 14 sm á breidd.

Stærð umdæmisbókstafa og umdæmistalna á reyk háf skal vera hin sama og á framstafni skipsins.

Einkennisbókstafir og nettó rúmlestatala, sem höggva skal í lestaropskarminn að innan, skal vera 15 cm á hæð og 11 cm á breidd.

Dæmi: TFER 106  $\frac{24}{100}$

### 5. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 2. og 3. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekktanleg, hylja þau eða dylja. Sama gildir um erlend skip meðan þau eru í íslenskri landhelgi.

## 6. gr.

25

25. febr.

Umdæmisbókstafi og umdæmistölur hvers skips skal setja á skipsbáta, dufl og helztu veiðigögn þau, er skipinu fylgja. Bókstafir þessir og tölur þurfa ekki að vera stærri en svo, að auðvelt sé að greina hvert frá öðru. Eigendur veiðitækja mega auk þess merkja þau með öðrum sérstökum merkjum, er þeim þykja henta.

## 7. gr.

Sú skylda hvílir á eiganda skips að halda vel við öllum áðurgreindum bókstöfum, tölum og öðrum merkjum, er skipi ber að hafa og sett hafa verið á það.

## 8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkv. 25. gr. laga nr. 17/1948. Þá varðar það og sektum samkv. 3. gr. laga nr. 31/1925, ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi án þess að vera merkt á þann hátt, er í reglum þessum greinir.

## 9. gr.

Reglur þessar eru settar samkv. 27. gr. laga nr. 17 frá 8. marz 1948, um skráningu skipa, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

26

8. marz

### um breyting á reglugerð nr. 127 26. júní 1953, um verkun og mat á saltfiski til útflutnings.

## 1. gr.

Aftan við 16. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi viðauki:

Yfirfiskmatsmenn skulu framkvæma yfirmat á öllum óverkuðum og hálfþurrum saltfiski, sem ætlaður er til útflutnings, svo og þeim saltfiski, sem verkaður er fyrir Spánarmarkað. Yfirmat þetta skal framkvæmt þannig, að tekin eru sýnishorn af fiskinum metnum og pökkuðum eins og undirmatsmenn hafa gengið frá honum hjá hverjum fiskeiganda. Yfirfiskmatsmaður skal meta sýnishornin og prófa vigt þeirra nákvæmlega og gera um það skýrslu í því formi, er fiskmatsstjóri ákveður. Skýrslur um mat sýnishornanna skulu yfirfiskmatsmenn senda fiskmatsstjóra, en hann afhendir útflytjanda eitt eintak af skýrslum þessum. Skýrslurnar skulu hafa borizt fiskmatsstjóra áður en skip það, er farminn tekur, leggur frá landi. Lágmark sýnishorna skal vera með hliðsjón af fiskmagni, sem hér segir:

Af 100 pk. og minna .....	skulu metnir 3 pk.
— 100—500 pk. ....	— — 5 —
— 500—1000 pk. ....	— — 7 —
— 1000—2000 pk. ....	— — 10 —
— 2000 pk. og þar yfir .....	— — 15 —

Ef yfirfiskmatsmaður getur ekki komið því við að framkvæma sjálfur yfirmatið, getur hann falið það starf sérstökum trúnaðarmanni sínum, sem jafnframt er löggiltur fiskmatsmaður.



26 Að loknu þessu yfirmati tekur yfirfiskmatsmaður ákvörðun um, hvort þörf  
8. marz sé á frekari athugun og mati á fiskinum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 8. marz 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

27  
10. marz

## AUGLÝSING

um innflutning nokkurra vörutegunda á skilorðsbundnum frílista.

Ráðuneytið vekur hér með athygli á því, að með reglugerð nr. 15 11. febr. 1954, var gerð sú breyting, að eftirgreindar vörur, sem áður mátti flytja inn frá öllum löndum, má nú **aðeins** flytja inn frá jafnvirðiskaupalöndum (Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Sovétríkin, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland):

Tollskrá:		Vörutegund.
Kafli.	Nr.	
48	9, 11	Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr baðmull.
49	12, 13, 15	Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr hör, hampi eða öðrum jurtaþunaefnum, ót. a.
51	3, 9, 15, 21, 27	Ytri fatnaður þrjónaður úr silki, gerviefnum, ull, baðmull og öðrum þunaefnum.
Úr 52	5, 7, 9, 11, 13	Jakkar og úlpur (skjólfatnaður úr vindþéttu efni og/eða skinnfóðraðar) úr alls konar þunaefnum.

Ofangreindar vörur skal heimilt að flytja inn frá öllum löndum, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Vörurnar eru fluttar inn samkvæmt B-skírteinum, sem gefin voru út fyrir birtingu ofangreindrar reglugerðar, 17. febr. 1954.
2. Vörurnar hafi verið pantaðar fyrir þann tíma.
3. Vörurnar verði tollafgreiddar eigi síðar en 1. júlí n. k.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 10. marz 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## S A M Þ Y K K T

28

11. marz

### um stjórn bæjarmálefna í Vestmannaeyjakaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni bæjarins, er til bæjarstjórnar koma. Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

#### 2. gr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður því á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlanir um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár og úrskurðar reikninga hans.

Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.

2. Setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins, samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
4. Fer með önnur þau mál, er til hennar koma að tilhlutun stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirsvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borið. Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

#### 3. gr.

- I. Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa með hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn á fyrsta fundi eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar:

Brunamálanefnd.

Fræðsluráð.

Barnaverndarnefnd.

- II. Enn fremur kýs bæjarstjórn með hlutfallskosningu, að því leyti sem þess er kostur, til eins árs í senn, á fyrsta fundi sínum í febrúar:

Byggingarnefnd.

Hafnarnefnd.

Framfærslunefnd.

Einn mann í sóttvarnarnefnd.

Einn mann í heilbrigðisnefnd.

Einn mann í verðlagsskrárnefnd.

Einn mann í fasteignamatsnefnd.

Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

Alla þá menn, sem kjósa skal eftir þessari grein, má endurkjósa.

#### 4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

28 Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar, þótt nefnd, bæjarstjóri eða  
11. marz bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum bæjar-  
stjórnar segir.

## 5. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar eða hans missir alveg við, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

## 6. gr.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda þeirra, er hann á sæti í. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, enda láti lög ekki öðruvísi um mælt.

Rétt er að kjósa bæjarstjóra formann nefnda þeirra, sem í þessari grein segir.

## 7. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 menn ásamt slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. Tvo nefndarmenn má kjósa utan bæjarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gæta þess að þar um settum reglum sé fylgt.

## 8. gr.

Byggingarnefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar gildandi lögum samkvæmt, og 4 menn aðrir. Skulu tveir vera bæjarfulltrúar, en tveir utan bæjarstjórnar og tveir til vara. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.

Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum laga og samþykktu um þau mál.

## 9. gr.

Hafnarnefnd skipa 3 bæjarfulltrúar og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmd hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni samkvæmt fyrirmælum þeim, sem um þau mál gilda.

## 10. gr.

Framfærslunefnd skipa 5 menn, er bæjarstjórn kýs. Jafn margir skulu kosnir til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála samkvæmt gildandi lögum þar um.

Formanni barnaverndarnefndar er heimilt að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

## 11. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum. Kjörtími barnaverndarnefndar er sá sami sem bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs einnig 2 varamenn. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs, og vanþroska og veikra unglinga, sbr. lög um barnaverndarnefnd.

## 12. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum, sem kosnir eru til 4 ára.

Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með allri barna- og unglingafræðslu í bæn- um og öllu, sem þau mál varðar samkvæmt lögum.

## 13. gr.

Sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa. Hún annast um sóttvarnir samkvæmt laga- og reglugerðar- ákvæðum þar að lútandi.

## 14. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa.

Hún skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt.

## 15. gr.

Bæjarráð skipa 3 bæjarfulltrúar, kosnir til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Bæjarstjórn kýs 3 varamenn úr hópi bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa.

Ef bæjarráðsmaður forfallast eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið varafulltrúa sína mæta í stað þeirra. Bæjarstjórn getur með einfaldri samþykkt ákveðið, að bæjarráð skuli skipað allt að 5 fulltrúum og 5 til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði. Má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð. Bæjarráð kýs sér formann og skrifara. Sá er rétt kjörinn, sem fær meiri hluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði ræður hlutkesti.

Bæjarráð skal halda fund að minnsta kosti einu sinni í viku, og jafnan þar að auki, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, ef hann er annar en bæjarstjóri, eða að minnsta kosti 2 bæjarráðsmenn óska þess. Fundur er lögmætur, ef meir en helmingur bæjarráðs sækir hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum bæjarráðs.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir starf sitt, eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

## 16. gr.

Bæjarráð hefur á hendi eftirlit með fjármálum bæjarsjóðs, undirbýr fjárhagsáætlun og ákveður bókhaldsfyrirkomulag. Það hefur á hendi, ásamt bæjarstjóra, umsjón með skipulagsmálum, vegagerðarframkvæmdum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum og götulýsingu. Það hefur, ásamt bæjarstjóra, umsjón með vatnsmálum, svo og fasteignum bæjarins, og umsjón með öðrum eignum hans, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda, samkvæmt samþykkt þessari, eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

## 17. gr.

Bæjarráði er jafnan heimilt að bera úrlausn mála undir bæjarstjórn og er skylt að gera það, ef ágreiningur er um einhver mál í bæjarráði og einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur falið einstökum bæjarráðsmanni eða mönnum rannsókn og undirbúning eða gæzlu einstakra mála.

## 18. gr.

Starfsmenn bæjarins eru þessir:

Bæjarstjóri, bæjarritari, bæjargjaldkeri, byggingarfulltrúi, heilbrigðisfulltrúi, framfærslufulltrúi, slökkviliðsstjóri, rafveitustjóri, hafnarvörður og aðrir fastráðnir menn, sem taka föst mánaðarlaun frá stofnunum bæjarins. Um launakjör starfsmanna fer eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

## 19. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávísar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins, hann sér um að gerðir séu reikningar hans og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjón með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfgærðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmön-

11. marz **28** um bæjarins og störfum þeirra. Bæjarstjóri skal sjá um að árlega sé samin tæm-  
andi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað  
þess konar, er beri með sér hvað keypt hafi verið á árinu, hvað notað og hvað farið  
forgörðum.

20. gr.

Bæjargjaldkeri er jafnframt skrifstofustjóri á bæjarskrifstofunum og annast daglega afgreiðslu fyrir hönd bæjarstjóra, eftir því sem það er honum falið. Bæjargjaldkeri hefur einnig umsjón með innheimtu bæjartekna, nema það sé öðrum sérstaklega falið.

Ef bærinn hefur lögfræðing í þjónustu sinni, skal hann flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema öðruvísi sé ákveðið.

21. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir maílok. Skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum.

Bæjarráð og hafnarnefnd gerir svo með ráði endurskoðenda tillögur um reikningana fyrir lok ágúst mánaðar og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjarsjórn. Reikningana skal síðar prenta.

22. gr.

Um skipun niðurbjórnumarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslu þeirra fer að lögum.

Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

23. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Vestmannaeyjum, nr. 112/1930.

Samþykkt þessi, sem bæjarsjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. marz 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

17. marz **29** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Afmælissjóð Jóns Jónassonar, bónda,  
Ytra-Lóni“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz  
1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælissjóð Jóns Jónassonar, bónda, Ytra-Lóni.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælissjóður Jóns Jónassonar, bónda, Ytra-Lóni.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af sjótuksafmæli Jóns Jónassonar, 18. des. 1948, með framlagi afmælisgesta, að upphæð kr. 2980.00.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla menn, sem hefja búskap í Sauðanes- og Þórshafnarhreppi.

29

17. marz

## 4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast hjá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis eða annarri tryggri peningastofnun, þar til höfuðstóllinn er orðinn kr. 10 000.00, og þá upphæð má ekki skerða.

## 5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir.

b. Minningargjafir og aðrar gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð þrem mönnum: Einum tilnefndum af hreppsnefnd Sauðaneshrepps, og sé hann formaður, kjörtímabil hans sé sama og hreppsnefndar, sóknarprestinum í Sauðanesi og Jóni Jónassyni meðan hans nýtur við, en eftir hans dag maður kosinn af stjórn búnaðarfélagssins í Sauðaneshreppi til 4 ára í senn.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, og yfirleitt allt sem varðar hag hans og rekstur. Enn fremur skal þar birta ársreikning sjóðsins. Reikninginn skal endurskoða með reikningum Sauðaneshrepps.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ytra-Lóni, í apríl 1950.

Guðjón Kristjánsson.

Jón Jónasson.

Þórður Oddgeirsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð munaðarlausra 30 barna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz 1954. 17. marz

Skípulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður munaðarlausra barna.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00, sem gefnar eru af börnum Ólafíu Ólafsdóttur frá Hlíðartúni, f. 29. sept. 1879, d. 24. ágúst 1953, til minningar um móður sína.

## 3. gr.

Til eflingar sjóðnum skulu gefin út minningarspjöld, er seld verði víðs vegar um landið. Enn fremur sé tekið á móti alls konar minningargjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kann að berast.

30

17. marz

Tilgangur sjóðsins er að bæta kjör munaðarlausra barna og unglinga, þeirra er misst hafa báða foreldra sína eða af einhverjum ástæðum njóta ekki umhyggju þeirra né annarra, sem ganga þeim fullkomlega í foreldra stað.

4. gr.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar sem sjóðstjórnin á hverjum tíma telur hyggilegt. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en úthluta ber samkv. 4. gr. tveimur þriðju hlutum árlegra tekna hans, þegar sjóðurinn er orðinn fullar kr. 100 000.00.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Biskup Íslands, fulltrúi barnaverndar, sem fer með eftirlit munaðarlausra barna á hverjum tíma, og einhver ættingi Ólafi Ólafsdóttur, sem tveir hinna fyrrnefndu stjórnarmeðlima koma sér saman um.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða og birta opinberlega árlega.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

31

17. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Föðurtúnasjóð“, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Föðurtúnasjóð.

1. gr.

Föðurtúnasjóður er stofnaður af P. V. G. Kolka héraðslækni og konu hans, Guðbjörgu G. Kolka, samkvæmt yfirlýsingu hans á sýslufundi Austur-Húnavatns-sýslu 1950 þess efnis, að hann gæfi til væntanlegs héraðsspítala á Blönduósi ágóðann af útgáfu bókarinnar „Föðurtún“. Heimilisfang sjóðsins er á Blönduósi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a. Kr. 25 000.00, sem stofnendur hafa afhent gjaldkera héraðsspítalanefndar sem framlag til húsbýggingarinnar.
- b. Það, sem enn er óselt af upplagi bókarinnar „Föðurtún“, 4—500 eintök.
- c. Ritlaun þau, er stofnanda ber fyrir greinaflokk hans „Líf og heilsa“, sem birtist í Morgunblaðinu.
- d. Útgáfu- og sýningarréttur að leikritinu „Gissur jarl“, sem er geymt í vörzlum stofnenda í handriti.

## 3. gr.

Tilgangur Föðurtúnasjóðs er að styrkja byggingu héraðsspítala og lækni-  
hústaðar á Blönduósi, svo og að fegra þá byggingu og lóð hennar, afla stofnuminni  
áhalda og tækja og efla hag hennar á annan hátt. Ætlazt er til, að sjóðnum sé aflað  
tekna með hagnýtingu þeirra eigna, sem um getur í 2. grein, og öðrum handritum  
eða útgáfuréttindum, sem stofnandi eða aðrir kunna að gefa honum, svo og með  
minningargjöfum eða öðrum gjöfum, sem honum kunna að berast.

## 4. gr.

Stjórn Föðurtúnasjóðs skal skipuð fimm mönnum. Sjálfkjörnir í hana eru hér-  
aðslæknirinn í Blönduóshéraði, yfirlæknir og prestur héraðsspítalans. Nú gegnir  
sami maður störfum héraðslæknis og yfirlæknis og tekur þá oddviti sýslunefndar  
Austur-Húnavatnssýslu sæti í stjórn sjóðsins. Stofnandi sjóðsins, P. V. G. Kolka, og  
kona hans, Guðbjörg G. Kolka, eru auk þess sjálfkjörin í stjórn sjóðsins meðan þau  
lifa eða kjósa að starfa þar, en er þau láta af þeim störfum, skulu tveir afkomendur  
þeirra taka þar sæti, útnefndir til fimm ára í senn af þeim niðjum þeirra hjóna,  
sem eru í tveimur næstu ættliðum við þau að niðjatali. Vanræki niðjar þeirra að  
tilnefna menn í stjórn sjóðsins, skulu tveir stjórnarmeðlimir kosnir af sýslunefnd  
Austur-Húnavatnssýslu og gildir þá kosning þeirra út það kjörtímabil sýslunefnd-  
arinnar, en að því loknu skal niðjum þeirra hjóna enn á ný gefinn kostur á að til-  
nefna fulltrúa í sjóðstjórnina. Vanræki þeir það yfir þrjú kjörtímabil sýslunefndar  
samfleytt, fellur útnefningarréttur þeirra niður að fullu og öllu og hverfur undir  
sýslunefnd.

## 5. gr.

Stjórn Föðurtúnasjóðs skal hafa á hendi reikningshald sjóðsins eða fela það  
manni, sem hún ber ábyrgð á, að ræki það samvirkusamlega. Hún skal ráðstafa  
eignum og tekjum sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa og sjá um, að eign-  
um héraðsspítalans, sem honum eru gefnar af sjóðnum, sé vel við haldið, eftir því  
sem kostur er á og efni standa til. Hún skal vinna að því að afla sjóðnum tekna, svo  
að hann megi koma héraðsspítalanum og vistmönnum þar að sem beztum notum.  
Hún skal árlega leggja fram skýrslu um störf sín á aðalfundi sýslunefndar Austur-  
Húnavatnssýslu og enn fremur reikninga sjóðsins, sem sýslunefndin sér um endur-  
skoðun á.

## 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, eftir að hún  
hefur verið samþykkt af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Henni má aldrei breyta  
nema með einróma ákvörðun stjórnar Föðurtúnasjóðs, samþykkttri af sýslunefnd  
Austur-Húnavatnssýslu.

**Bráðabirgðaákvæði:**

Gefandi, P. V. G. Kolka, áskilur sér rétt til ráðstöfunar á því, hvernig hagnýttur  
verður útgáfuréttur eða sýningarréttur á þeim ritverkum hans, sem hann hefur  
gfið eða kann að gefa Föðurtúnasjóði, og heldur hann þeim ráðstöfunarrétti meðan  
hann lifir. Enn fremur áskilur hann sér rétt til að ráða því meðan hann lifir, hvernig  
tekjum sjóðsins af þeim eignum hans verður varið til eflingar eða skreytingar hér-  
aðsspítalans á Blönduósi. Meðan hann gegnir störfum héraðslæknis og yfirlæknis,  
öðrum hvorum eða hvorum tveggja, áskilur hann sér og rétt til að útnefna mann  
eða menn í sjóðstjórnina, svo að hún verði fullskipuð.



32 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar R. Sigurðar-  
17. marz dóttur“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 17. marz 1954.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar R. Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar R. Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Akraness og Kvennadeild Slysavarnafélags Akraness til minningar um Sigríði R. Sigurðardóttur, Suðurgötu 51 á Akranesi, sem var ritari í stjórnnum beggja félaganna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6 290.00. — Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ýmiss konar menningar- og líknarstarfsemi í Akraneskaupstað.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum. Enn fremur tekur hann við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans.

6. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10 000.00. — Þann höfuðstól má ekki skerða á meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveimur konum úr Kvenfélagi Akraness og tveimur konum úr Kvennadeild Slysavarnafélags Akraness og einum úr fjölskyldu Sigríðar heitinnar.

8. gr.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar séu allar ákvarðanir sjóðstjórnar um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans. Fremst í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu endurskoðendur reikninga sjóðsins vera hinir sömu og Kvenfélags Akraness og Kvennadeildar Slysavarnafélags Akraness á hverjum tíma.

10. gr.

Að liðnum 10 árum frá stofnun sjóðsins má með samþykki sjóðstjórnarinnar og beggja félaganna, er að stofnun hans standa, breyta skipulagsskrá þessari að því er varðar það atriði, hve miklu skuli heimilt að úthluta úr sjóðnum, enda yrði þá álitid,

að markmiði sjóðsins yrði betur náð með því að aðrar reglur giltu um það en hér eru settar. 32

17. marz

En markmiði sjóðsins má ekki breyta.

#### 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akranesi, 10. febrúar 1954.

Í stjórn Kvenfélags Akraness:

Þóra Hjartar, form.

Svava Finsen, gjaldkeri.

Helena Halldórsdóttir, ritari.

Í stjórn Kvennad. Slysavarnafél. Akran.:

Ragna Jónsdóttir, form.

Gíslína Magnúsdóttir, gjaldkeri.

Helga Guðjónsdóttir, ritari.

## REGLUGERÐ

33

um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

18. marz

#### 1. gr.

Á hafsvæðinu norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwich-lengdarhaugsins og á Íslandsmiðum milli 62° og 68° norðurbreiddar og 10° og 28° vesturlengdar, skal lágmarksstærð möskva í öllum þeim netum, sem dregin eru með botni, þar á meðal botnvörpum, vera slík að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komizt flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

#### 2. gr.

Á öllu hafsvæðinu fyrir norðan 48° norðurbreiddar og milli 42° vesturlengdar og 32° austurlengdar, en að undanteknum þeim svæðum, sem um getur í 1. gr. og sérstakar reglur gilda um eins og þar segir, og að undanteknu Eystrasalti og Beltunum, sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenöre-höfða til Gnibenhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerg-höfða til Kullen, skal lágmarksstærð möskva í öllum þeim netum, sem dregin eru með botni, þar á meðal í botnvörpum, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

#### 3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. grein reglugerðar þessarar.

2. Þó skal eigi teljast ólögmaett að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti.

#### 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. greinar, mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. grein reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt úthyrðis.

## 33

18. marz

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónu-oddi að sporðsenda:

Porskur ( <i>Gadus callarias</i> ) .....	30 cm
Ýsa ( <i>Gadus aeglefinus</i> ) .....	27 —
Lýsingur ( <i>Merluccius merluccius</i> ) .....	30 —
Skarkoli ( <i>Pleuronectes platessa</i> ) .....	25 —
Langlúra ( <i>Glyptocephalus cynoglossus</i> ) .....	28 —
Þykkvalúra ( <i>Microstomus kitt</i> ) .....	25 —
Tunga ( <i>Solea solea</i> ) .....	24 —
Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) .....	30 —
Slétthverfa ( <i>Scophthalmus rhombus</i> ) .....	30 —
Stórkjafra ( <i>Lepidorhombus whiff</i> ) .....	25 —
Lýsa ( <i>Gadus merlangus</i> ) .....	20 —
Sandkoli ( <i>Pleuronectes limanda</i> ) .....	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

## 6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu visindalegra rannsóknna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur.

## 7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20000.00.

## 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. apríl 1954.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18 3. marz 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. marz 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

34

18. marz

### um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt:

#### Heilbrigðissamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

##### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar.

##### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðji nefndarmaðurinn er kosinn af bæjarstjórn úr hópi þeirra, er bæjarstjórn skipa.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur á hendi eftirlit, að því er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, með allri þeirri starfsemi og stofnunum, sem samþykkt þessi fjallar um. Hefur nefndin gát á, að ákvæði samþykktarinnar og ákvæði almennra laga og reglugerða þar að lútandi séu haldin.

Hún ræður heilbrigðisfulltrúa og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi, enda komi samþykkt bæjarstjórnar til. Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðisnefnd og héraðslækni.

##### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem honum þykir við þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmaður óskar þess. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.

##### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir. Nefndin getur falið einhverjum nefndarmanna eða heilbrigðisfulltrúa að vera fundarritari. Fundargerðir skulu að jafnaði sendar bæjarstjórn (bæjarráði).

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar, og ber formanni þá skylda til að láta framkvæma þær.

##### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt það, sem henni finnst athuga- og aðfinnsluvert og undir starfssvið hennar heyrir.

34

18. marz

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heldur er á almannafæri eða hjá einstaklingum utanhúss eða innan.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlegar einhverjar þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstafanir, sem kosta fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn. Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem brýna nauðsyn ber til að gera tafarlaust, en leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og héraðslæknis annars vegar og bæjarstjórnar hins vegar um heilbrigðisráðstafanir má skjóta til yfirstjórnar heilbrigðismála.

## II. KAFLI

### Um hreinlæti og þrifnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttað, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim. Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum, þ. á m. rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girðingum í þrifnaðarskyni eftir þörfum.

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsun utan dyra í kaupstaðnum. Skal lóðareigendum þá skylt að annast á sinn kostnað, eftir fyrir-mælum nefndarinnar, þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfilegs frests, er nefndin setur.

10. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, hræjum, fiskúrgangi, matarleifum, slori, rusli eða öðru því, er valdið getur óheilmæmi, óþef, óþrifnaði eða óþrýði á lóð annars manns, í höfnina, í fjöruna eða annars staðar á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engu fleygja, er valdið getur stíflu.

11. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúið, að það geti eigi runnið niður, hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutning, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

12. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Í tún eða garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan þef liggur af. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

34

18. marz

## 13. gr.

Öll hús innan samþykktarsvæðisins skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu, um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólansins.

## 14. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur rannsaka neyzluvatn á samþykktarsvæðinu svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til bera.

## 15. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem er á eignum bæjarins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

## 16. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseigandi leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skolp og regnvatn frá húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

## 17. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsum, samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 18. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Þó skal forðast að leggja þau til sjávar, þar þau geta valdið saugun baðstaða eða öðrum óþrifnaði.

## IV. KAFLI

## Um salerni, sorp, salernahreinsun o. fl.

## 19. gr.

Öll salerni í kaupstaðnum skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfið til hússins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útivinnu.

## 20. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málm. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorpílát þessi skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ilátin tæmd áður en þau fyllast og sorpið flutt burt. Bæjarstjórn getur látið annast burtflutninginn.

## 21. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert slíkt sorp skuli flytja. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti lagt þaðan óþef eða annar óþrifnaður borizt til mannabyggða.

## V. KAFLI

## Um íbúðarhúsnæði.

## 22. gr.

Íbúð er herbergi, eitt eða fleiri, sem nýtt er til heimilishalds við sameiginlega eldstó til matseldar.

Íbúðarherbergi eru:

1. Herbergi íbúðar, hvert um sig.
  2. Herbergi, sem nýtt eru til svefnvistar.
  3. Herbergi, sem nýtt er til dagvistar í sambandi við svefnherbergi skv. 2. tölul.
- Um stærð og loftrými íbúðarherbergja fer eftir ákvæðum byggingarsamþykktar.

## 23. gr.

Hverri íbúða skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni eða aðgangur að þvi í húsinu.
3. Þvottahús eða aðgangur að þvi í húsinu.

## 24. gr.

Um íbúðir og íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, svo og eftir ákvæðum byggingarsamþykktar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallararherbergja til íbúðar.

## 25. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafizt viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er og bannað þau híbýli, sem hún telur óhæð til íbúðar, að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hvarrar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miða við 14. maí eða 1. október næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast.

## 26. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum, og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

## VI. KAFLI

## Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

## 27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður veggjalúsar, kakalaka eða annarra þess háttar óþrifa í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi, þar sem slíkra óþrifa verður vart, fyrr en óþrifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar híbýlum og í önnur híbýli, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óþriffin berist ekki með honum.

Skyllt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óþrifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað aðila. 18. marz

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir hún þá í samráði við bæjarstjórn ráðstafanir til útrýmingar þeirra, eftir því sem fong eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

## VII. KAFLI

### Um gripahús, áburðargeymslur og geymslu húsdýra.

#### 28. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram höfuðviðgerð á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

#### 29. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúð. Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá peningshúsinu, að dómi heilbrigðisnefndar.

Húsin skulu vera rúmgóð, björt og loftgóð, og þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau.

Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

#### 30. gr.

Opnar forir og áburðarhaugar eru bönnuð á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum.

Skal þannig um þau búið, að ekki geti horizt frá þeim ódaunn eða óhreinindi, og að þau séu hættulaus mönnum og skepnum.

Bæjarstjórn lætur gera uppdrætti eða setur nánari fyrirmæli um gerð slíkrar áburðargeymslu.

#### 31. gr.

Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal hver tegund gripa vandlega afkróuð.

Alifugla og svín má ekki hafa í fjósum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

Alifuglar skulu hafðir á afgirtu svæði.

Sömu leiðis skulu svínabú vera vel afgirt.

Ekki má hafa loðdýrabú á samþykktarsvæðinu, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til.

#### 32. gr.

Búfé má ekki ganga laust á götum bæjarins, nema gæzlumaður fylgi því eða það sé í öruggri vörzlu.

#### 33. gr.

Allt hundahald er bannað í Ólafsfjarðarkaupstað, að undanteknum þarfahundum í sambandi við kvikfjarrækt.



## VIII. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðju, iðnaðar- og verkafólks.

## 34. gr.

Um vinnustöðvar iðju-, iðnaðar- og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamanskýli o. þ. u. l. og tilhögun á þeim, að því er lýtur að þrifnaði, heilbrigði og hollustuháttum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 4.—9. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og 3.—15. gr. tilheyrandi reglugerðar, nr. 10 16. febr. 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum með áorðnum breytingum, samkvæmt reglugerð nr. 95 30. júní 1941).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum skal þess gætt, sem greinir í 35. og 36. gr.

## 35. gr.

Þeir, sem hafa með höndum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, iðju eða iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, sem um ræðir í 34. gr., skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd, og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að hvaðeina fullnægi fyrirskipuðum reglum og veitir til þess hæfilegan frest.

## 36. gr.

Á vegum heilbrigðisnefndar skal haldin skrá yfir allar vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks í umdæminu og skoðun gerð á þeim, þegar nefndinni þykir þurfa, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári á hverri stöð. Fulltrúi heilbrigðisnefndar skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann gerir aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og öðrum vinnustöðvum í umdæminu og árita skoðunargerðina ásamt honum.

## IX. KAFLI

## Um skrifstofur, lesstofur, afgreiðslustofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta sérstökum fyrirætlum í samþykkt þessari.

## 37. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota sem skrifstofu, lesstofu, afgreiðslustofu eða verzlunarbúð, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m<sup>3</sup> loftrúm.

Þar, sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd ákveðið meira loftrými.

Loftræsting skal vera í góðu lagi.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en 1/8 gólfplatar. Þegar unnið er við annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomulag og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega mikla holla birtu.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Þurrka skal iðulega af öllum húsgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhillum og þess konar og ryksjúga áklæði, vefnaðarvörustranga og því um líkt.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

## X. KAFLI

## Um geymslu söluvarnings.

## 38. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neyzluvörum, og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsi og kveðið á um meðferð vörunnar, eftir því sem þurfa þykir.

## 39. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrifalega umgengnar.

## 40. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða vörum vart einhverra lifandi óþrifa og skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisnefnd, sem gerir ráðstafanir til útrýmingar þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæðið þangað til óþrifum hefur verið eytt.

## XI. KAFLI

## Um skóla og aðra kennslustaði.

## 41. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 1936, um fræðslu barna, og væntanlegar reglur samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar, svo og 9. gr. berklavarnarlaga, nr. 66 1939).

Umfram það, sem enn er fyrir mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt, sem greinir í 42.—43. gr.

## 42. gr.

Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

## 43. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu.

## XII. KAFLI

## Um kirkjur og almenn samkomuhús.

## 44. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloftið haldist sem hreinast.

Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo sem henni þykir hæfa.

## 45. gr.

Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum. Séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

## XIII. KAFLI

## Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru.

## A. Almenn ákvæði.

46. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerðir nr. 49 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og nr. 17 22. febr. 1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum).

## B. Um mjólk og mjólkurvörur.

47. gr.

Um meðferð mjólkur og mjólkurvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og reglugerð nr. 157 4. sept. 1953, um mjólk og mjólkurvörur, og reglugerð nr. 57 12. marz 1941, um framleiðslu og sölu á rjómaís með eða án bragðbætandi efna).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, gilda ákvæði 48. gr.

48. gr.

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir til þess hæfar. Í mjólkurbúðum má aðeins hafa á boðstólum og fara með gerilsneydda mjólk. Hins vegar má heilbrigðisnefnd leyfa sölu á ógerilssneyddri mjólk, milliliðalaust frá framleiðendum til neytenda á samþykktarsvæðinu, enda uppfylli framleiðendur öll þau skilyrði, sem sett eru í lögum og reglum, sem vísað er til í 47. gr. Aldrei má mjólk sú, sem á þennan hátt er seld, vera sambland mjólkur frá tveimur eða fleirum framleiðendum (heimilum).

Einnig er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur í matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Á slíkum stöðum má þó aðeins selja gerilsneydda mjólk.

Eigi má selja mjólk og mjólkurvörur á götum úti, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

Ákvæði 48. gr. um gerilsneydda mjólk skal þó ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1958.

## C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

49. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, gilda ákvæði 50.—53. gr.

50. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðalausar vörur, nema í tilluktum skáp. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappír, eða öðrum þvílíkum umbúðum. Afgreiðslufólk í brauðbúðum skal forðast að handfjalla vörurnar, enda nota við afgreiðslu á kökum og öðru þess háttar þar til gerða spaða eða tengur. Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum. Hillur, skápar og borð skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu hillur vera eigi minna en 1 cm frá vegg.

## 51. gr.

Ekki má neyta vöru, sem seld er í brauðbúð, þar inni, nema húsnæði og annar búnaður sé til þess gerður, enda komi þá sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til. 18. marz

34

## 52. gr.

Sala á heimabökuðum brauðvörum má því aðeins eiga sér stað, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess, og hennar fyrirmælum sé hlýtt um húsakynni, þrifnað og annað, er hún telur máli skipta.

## 53. gr.

Brauðvöru má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga með það í milli húsa í framboðsskyni.

*D. Um meðferð og sölu kjötvöru.*

## 54. gr.

Um slátrun og meðferð og sölu kjötvöru og sláturs fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., augl. nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti, og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat o. fl.).

*E. Um meðferð og sölu fisks.*

## 55. gr.

Um meðferð og sölu fisks fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr., svo og auglýsingu nr. 186 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr fiski).

## XIV. KAFLI

## Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

## 56. gr.

Sá, sem vill fá leyfi lögreglustjóra til að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Um hvers konar veitingasölu og gistihúshald skal gætt fyrirmæla laga nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. með áorðnum breytingum samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Að öðru leyti er sú starfsemi háð fyrirmælum 57.—61. gr.

## 57. gr.

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru jafnhentugu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur og laus við fúkkalykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjuvoðir og koddaver a. m. k. vikulega og ávallt, er nýjum gesti er vísað til sængur.

## 58. gr.

Veitingastofur skulu bjartar og loftgóðar, og skal inngangur í þær gerður um anddyri.

34

18. marz

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaugum, svo og fatageymslum.

59. gr.

60. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er á matsölu- og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum, er á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 46. gr.).

61. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

## XV. KAFLI

Um baðhús og baðstöðvar, sundhús og sundstöðvar, íþróttahús og íþróttasvæði.

62. gr.

Baðhús skulu vera björt og rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Gólf og veggir í 1.80 m hæð skulu vera lagðir flisum eða öðru jafnhentugu efni.

Biðstofur og búningsklefar skulu bjartir, nægilega rúmgóðir, loftræstir og heitir. Biðstofur og herbergi starfsfólks eru undanþegin ákvæðum um flisalagningu.

Baðker skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

63. gr.

Sundlaugar allar skulu vera steinsteyptar og vel sléttar innan.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m. Skal svo um búa, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnast fyrir kringum hana.

64. gr.

Sundlaugarvatn skal vera hreint.

Skal hreinsa og tæma laugarnar nægilega oft og gera aðrar þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til þess að verjast of miklum gerlafjölda í vatninu.

65. gr.

Hver sundlaugarnotandi skal sápuþvo sig, áður en hann fer í laugina, enda fylgi hæfilega mörg steypiböð hverri sundlaug.

Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að a. m. k. 3.5 m<sup>2</sup> af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1.9 m<sup>2</sup> á hvert barn.

66. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni og heilbrigðisnefnd, sem gerir viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, meðan rannsókn eða sóttthreinsun fer fram.

67. gr.

Starfsfólk við baðhús og sundlaugar sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það gæta fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

68. gr.

Búnings- og baðklefa, svo og biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta, svo oft sem þurfa þykir og a. m. k. einu sinni á dag.

## 69. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætta á, að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolp-veitum, sorpi eða því um líku.

## 70. gr.

Húsakynni íþrótt- og leikfímishúsa skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k.  $\frac{1}{6}$  gólfplatar), rúmgóð og hæfilega upphituð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu. Má aldrei nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

## 71. gr.

Íþróttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrifleg séu og af þeim stafi sem minnst ryk eða önnur óþrif. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum.

## 72. gr.

Í öllum þeim stofnunum, sem í kafla þessum getur, eða í sambandi við þær, skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og þvottaskálar. Séu salerni sérstök fyrir konur og önnur fyrir karla.

## XVI. KAFLI

## Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.

## 73. gr.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur skulu vera bjartar og rúmgóðar með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

## 74. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Skal það í hvívetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinni hvítri yfirhöfn.

## 75. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

## XVII. KAFLI

## Um sjúkrahús, barnaheimili, elliheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

## 76. gr.

Um sjúkrahús og lækningastofur og tilhögun á þeim fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 93 31. des. 1953).

## 77. gr.

Vistherbergi slíkra stofnana skulu vera björt og hlý, vel loftræst og rúmgóð. Séð skal fyrir nægilegum fatageymslum, salernum og hreinlætistækjum. Veggir allir og gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

- 34 Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum.  
18. marz Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram a. m. k. einu sinni á dag.  
Um heilbrigði starfsfólks fer eftir 67. gr.

78. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúss og lækni elliheimilis og annarra slíkra stofnana, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari, sett reglur um tölu sjúklinga og vistmanna í hverju herbergi, um loftrými þeirra og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

79. gr.

Biðstofur í heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega áætlaða aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir.

### XVIII. KAFLI

#### Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

80. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma þar um gilda (sbr. lög nr. 68 5. júní 1947, svo og tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Skal heilbrigðisnefnd ávallt eiga greiðan aðgang til eftirlits þessa.

Umfram það sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglum, skal þess gætt sem greinir í 81.—86. gr.

81. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með ráði héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

82. gr.

Nú verður vart við í bát eða skipi veikindi eða lasleika, sem vera kann næmur sjúkdómur, eða óþrifasjúkdómur, sem horizt geta manna á milli, svo sem kláða eða lús, og skal þá skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir eða útrýmingarráðstafanir.

83. gr.

Nú verður meindýra, svo sem veggjalúsar, rottu eða kakalaka, vart í bát eða skipi, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, er gerir nauðsynlegar útrýmingarráðstafanir.

84. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja athuga-vert um atriði þau, er í 80.—83. gr. segir.

85. gr.

Skipstjórar formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í skipum þeirra og bátum sé hlýtt.

Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis hefur verið fullnægt.

## 86. gr.

34

Eftirlit heilbrigðisnefndar með bifreiðum, varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, tekur til allra leigubifreiða og áætlunarbifreiða, sem skrásettar eru í Ólafsfirði. 18. marz

## 87. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í bifreiðum þeirra sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðastjóri eða bifreiðaeigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar og má þá taka bifreið úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

## 88. gr.

Í öllum leigubifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutninga, skal ávallt gætt fyllsta þrifnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 81. gr. taka til leigubifreiða.

## 89. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því sem við getur átt.

## XIX. KAFLI

## Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

## 90. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuhætti húsakynna samkvæmt þessum kafla.

## 91. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega, á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli mannaskipta. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

## 92. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmur sjúkdómi eða óþrifakvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust gert viðvart.

Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrirmælum héraðslæknis.

## XX. KAFLI

## Um líkgeymslu, líkhús og kirkjugarða.

## 93. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóvember 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941, um flutning líka.



34

18. marz

94. gr.

Ókistulögð lík má ekki geyma í heimahúsum lengur en 3 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

95. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja, þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga og reglugerðar um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

96. gr.

Líkhús skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Loftræsting sé góð. Ef gluggar eru á líkhúsi, skulu þeir vita á mótí norðri. Í líkhúsi skal vera vatnsveita og handlaugar. Niðurfallsop skal vera úr gólfinu, sem hallar að opinu.

Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og jafnan þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

97. gr.

Vatnsból mega aldrei vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

## XXI. KAFLI

## Um aðstoð við sóttvarnir.

98. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við almennar sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum. Ef hættuleg farsótt kemur upp, er nefndinni heimilt að setja um stundarsakir með ráði héraðslæknis sérstök fyrirmæli um aukið hreinlæti utan húss og innan um meðferð og dreifingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur (sbr. 100. gr.), svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

## XXII. KAFLI

## Lokaákvæði.

99. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, þar sem um er að ræða ástand, sem eldra er en hún, eða ríkar ástæður þykja annars til.

100. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera frekari kröfur til tryggingar þrífnaði, heilbrigði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, varðandi hvert einstakt atriði, enda séu þær kröfur í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrífnaðar- og heilbrigðisreglur.

Fyrirmæli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar birtir heilbrigðisnefnd, eftir því sem á stendur, með almennri auglýsingu eða skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra, sem í hlut eiga.

## 101. gr.

34

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál. 18. marz

## 102. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 3000 krónum, ásamt álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk, er ekki verður unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, ef þörf gerist, með lögtaki.

## 103. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

## 104. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. marz 1954.*

Ingólfur Jónsson.

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

35

um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði. 24. marz

## 1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Alla laugardaga skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 e. h. og alla föstudaga eigi síðar en kl. 7 e. h.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1954.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Gunnlaugur Þórðarson.*

36 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Guðrúnar J. Briem“,  
25. marz útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1954.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Guðrúnar J. Briem.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Guðrúnar J. Briem. Hann er eign Kvennaskólans í Reykjavík.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigríði Briem Thorsteinsson, fyrrverandi kennara við kvennaskólann, til minningar um móður sína, sem átti sæti í skólanefnd kvennaskólans árin 1907 til 1943.

### 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna þann nemanda eða nemendur kvennaskólans, sem skara fram úr í fatasaum. Verðlaunin skulu veitt nemanda eða nemendum í tveim efstu bekkjardeildum, sem fatasaumur er kenndur í.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstól, en auk þess þriðjung ársvaxta. Höfuðstól skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

### 5. gr.

Tveim þriðju hlutum ársvaxta skal varið til kaupa á verðlaunagrip eða verðlaunagripum. Verðlaunin skulu veitt í lok hvers skólaárs samkvæmt tillögum kennara í fatasaum, prófdómara og skólastjóra. Afhendir skólastjóri þau við skólauppsögn. Ef henta þykir, má afhenda peningafjárhæð ásamt verðlaunagripnum eða verðlaunagripunum.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skólastjóri kvennaskólans hefur með höndum reikningshald og birtir reikninga í skólaskýrslum. Endurskoðun skal vera með sama hætti sem annarra sjóða undir stjórn skólastjóra kvennaskólans.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. marz 1954.

Sigríður Briem Thorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð bréfbæra í Reykja- 37  
vík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. apríl 1954. 1. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð bréfbæra í Reykjavík.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður bréfbæra, og er til orðinn af sektum, sem bréfbærar greiddu, ef þeir mættu of seint til vinnu á morgnana, ásamt frjálsum fram-  
lögum bréfbæra á árunum 1937—1953. Tilgangur sjóðsins er að styrkja bréfbæra í  
Reykjavík eftir þeim reglum, sem felast í þessari skipulagsskrá.

### 2. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir, áheit og tillög félagsmanna. Sjóðurinn skal  
ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða í ríkistryggðum skuldabréfum.

### 3. gr.

Stjórn Málfundafélags bréfbæra í Reykjavík annast stjórn sjóðsins og ávaxtar  
hann í samræmi við tillögur aðalfunda félagsins. Hún veitir styrki úr sjóðnum  
og ráðstafar eignum hans að öllu leyti, ef annað er ekki tekið fram í þessari skipu-  
lagsskrá. Stjórn sjóðsins skal færa eða láta færa allar eignabreytingar sjóðsins í  
þar til gerða bók, sem samþykkt er þar til af endurskoðendum félagsins. Stjórnin  
skal gefa nákvæma skýrslu um fjárhag sjóðsins á hverjum aðalfundi. Reikningar  
sjóðsins skulu miðaðir við áramót. Endurskoðendur skulu kosnir á aðalfundi til  
1 árs ásamt varaendurskoðanda.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir eignum sjóðsins. Gjaldkeri er skyldur að greiða  
það sem vantar í sjóðinn, ef sjóðþurrð verður, en ef eignir gjaldkera hrökkva ekki  
til skulu aðrir stjórnarmenn skyldir að greiða það sem á vantar að jöfnu, enda  
skulu þeir og hafa rétt til þess að kynna sér fjárreiður sjóðsins hvenær sem er, án  
þess að nefna til þess sérstakar ástæður.

### 5. gr.

Ef breytt er nafni félagsins (þ. e. MBR), lögum þess eða markmiðum, skal  
sjóðurinn þó tilheyra félaginu, ef félagsmenn eru starfandi bréfbærar og félagið er  
opið öllum starfandi bréfbærum í Reykjavík.

Ef Málfundafélag bréfbæra í Reykjavík er lagt niður, en annað félag, sem er  
opið öllum starfandi bréfbærum í Reykjavík og þeim einum, starfar, skal það félag  
eignast sjóðinn og annast stjórn hans.

### 6. gr.

Þegar sjóðstjórnin úthlutar styrk verða allir stjórnarmenn að vera viðstaddir  
eða varamenn í þeirra stað. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 7. gr.

Þeir, sem óska að fá styrk úr sjóðnum, skulu sækja um hann til sjóðstjórnar  
fyrir 1. júní ár hvert. Í umsókninni skal upplýst, hvernig nota skal styrkinn.

37

1. apríl

8. gr.

Þeir einir geta fengið styrk úr sjóðnum, sem eru fullgildir og löglegir félagar í Málfundafélagi bréfbæra í Reykjavík, með þeim undantekningum einum, sem felast í 5., 10., 13. og 14. gr. þessarar skipulagsskrár.

9. gr.

Úthlutun styrkja skal svo haga, að þeir sem elztir eru í félaginu gangi fyrir að öðru jöfnu. Einnig skal taka tillit til þess, hve mikinn styrk umsækjandi hefur fengið áður. Enginn getur fengið styrk oftar en einu sinni á hverjum 10 árum, nema alveg sérstakar ástæður séu til.

10. gr.

Það skal vera aðalregla, að veita ekki öðrum styrk úr sjóðnum en þeim, sem sótt hafa um hann, en auk þess er heimilt að styrkja eftirfarandi:

1. Iðna og áhugasama sjóðgreiðendur, sem með námi eða ferðum erlendis afla sér þekkingar í starfgrein sinni.
2. Kynni og samstarf sjóðfélaga við starfsbræður í öðrum löndum.
3. Ekkjur látinna sjóðsfélaga.
4. Mál eða málefni, er teljast verða bréfbærestéttinni í heild til heilla, enda sé ekki unnt að afla fjár til þess á annan hátt. Þó má aldrei ráðstafa fé sjóðsins á þennan hátt, nema áður sé fengið til þess samþykki fundar, sem boðaður hefur verið á löglegan hátt samkv. félagslögum og þess getið í því fundarboði, að ræða skuli fjárveitingu þessa.

11. gr.

Upphæð, sem ekki er úthlutað af einhverjum ástæðum, leggst við höfuðstól.

12. gr.

Úthluta má allt að helmingi af tekjum sjóðsins, þar til sjóðurinn nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónum —, en þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð skal næsti aðalfundur félagsins ákveða hve miklum hluta af tekjum sjóðsins verði úthlutað í framtíðinni. Höfuðstól má aldrei skerða, nema hann sé notaður samkv. 13. og 14. gr. þessarar skipulagsskrár.

13. gr.

Ef Málfundafélag bréfbæra er lagt niður og ekki er næstu 3 ár starfandi félag, sem samræmist ákvæðum 4. gr. þessarar skipulagsskrár, skal sjóðurinn settur undir opinbert eftirlit og notaður til þess að semja og gefa út sögu bréfbærestéttarinnar og þeirra manna, sem verið hafa í MBR eða öðrum þeim félögum, sem haft hafa umsjá með sjóðnum. Skal ráðherra sá, sem fer með póstmál, ráða mann til þess að sjá um þetta verk. Þyki sjóðurinn of lítill til þess að unnt sé að ráðast í þessa útgáfu, skal hann ávaxtaður þar til hann þykir nægja.

14. gr.

Ef afgangur verður af sjóðnum, þegar búið er að gefa út rit um sögu bréfbærestéttarinnar, svo sem segir í 13. gr., eða slíkt rit hefur áður, nýlega, verið gefið út, svo að útgáfan af þeim ástæðum er óþörf, skal sjóðnum varið til þess að styrkja fátæka en efnilega bréfbæra til þess að afla sér þekkingar á pósthöfnum. Úthlutun þeirra styrkja annast þá þriggja manna nefnd og skulu 2 nefndarmenn kosnir af bréfbærum í Reykjavík til eins árs, ásamt varamanni og endurskoðendum, og einn til-

nefndur af ráðherra þeim, sem með póstmál fer, og er hann formaður nefndar- 37  
innar. Þessi nefnd skal þá einnig setja nánari reglur, sem tryggja það að styrkurinn 1. apríl  
komi að tilætluðum notum.

Reykjavík, 22. marz 1954.

F. h. Málfundafélags bréffera í Reykjavík  
Gunnar Einarsson. Kristinn Árnason. Sigurður Heiðberg.

## AUGLÝSING

38

5. apríl

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 60 4. maí 1951.

Stafliðir B og D í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

### B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, eða stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

### D. Til hitunar.

Um kwst.mæli á:

1.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
2.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
3.	9.5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
4.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—
5.	26	—	—	—	—	—	—	án	rofs.			

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við kolaverðið kr. 420.00 hvert tonn heimkeyrt.

### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnokkunar) að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagningarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 5. apríl 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

39  
21. apríl

## AUGLÝSING

um staðfestingu á reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breytingu á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar.

Reglugerð nr. 102 11. júní 1951, um breytingu á hafnarreglugerð Höfðakaupstaðar, nr. 209 18. nóv. 1947, staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingabætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að gilda áfram til 1. júní 1955, og birtist þetta til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

40  
23. apríl

## REGLUGERÐ

um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

### 1. gr.

Þegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þyki um fjárhagsafkomu félagsins, og þá kemur í ljós við lok reikningsárs, að brunatjón hafa ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til þeirra, sem tryggja hjá félaginu lausafjármuni.

### 2. gr.

Ákvörðun um greiðslu ágóðahluta hvert sinn er þó því skilyrði háð, að Brunabótafélagi Íslands geti safnað aukið fé í varasjóð eftir því, sem váttryggingarverðmætin vaxa.

Ágóðahluti skal vera ákveðinn hundraðshluti af iðgjaldatekjum á greiðsluárinu. Ekki skal þó greiða hærri ágóðahluta hverju sinni en sem nemur 60% af hreinum tekjuafgangi næsta reikningsárs á undan. Og eigi skal heldur að jafnaði úthluta arði ef 60% af hreinum tekjuafgangi nemur lægri upphæð en sem svarar 5% af heildariðgjöldum á greiðsluárinu.

### 3. gr.

Hafi Brunabótafélag Íslands gert sérsamning við tiltekinn kaupstað, um lækkun fasteignaiðgjalda þar á staðnum, í sambandi við auknar og endurbættar brunavarnir í kaupstaðnum, þá er félaginu rétt að greiða bæjarfélaginu sjálfu — félagsdeildinni — ákveðinn, tiltekinn ágóðahluta af árlegum tekjuafgangi fasteignatrygginganna þar á staðnum, og fer um ákvörðun á greiðslu og upphæð ágóðahlutans eftir þeim almennu ákvæðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

### 4. gr.

Ágóðahluti til annarra en þeirra, sem um ræðir í 3. gr., skal að jafnaði greiðast til váttryggðra sjálfra, á þann veg, að ákvarðaður ágóðahluti greiðist sem lækkun (frádráttur) á iðgjöldum næsta árs á eftir.

## 5. gr.

40

Ákveða skal árlega, hvort greiða skuli ágóðahlut, og þá hvað háan og hvernig hann skuli greiddur. 23. apríl

## 6. gr.

Ákvörðun um greiðslu ágóðahluta skal að jafnaði miða við og greiða eftir þeim flokkum, sem tilgreindir eru í 6. gr. laga nr. 73 frá 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, þannig að reiknað sé eftir samanlögðum tekjuafgangi hvers flokks út af fyrir sig. Flokkar þessir eru: 1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kaup-túnnum, 2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum og 3. Tryggingarflokkur lausafjár. Um kaupstaði þá, er um getur í 3. gr., gilda þó sérákvæði þeirrar greinar, og ákveða má einnig að ágóðahluti geti verið misjafn til þeirra einstöku deilda innan hvors flokks fasteignatrygginganna, eftir því, hvað tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

## 7. gr.

Til þess að fá greiddan ágóðahluta, verður váttryggður þó að hafa átt hús eða lausafé váttryggt hjá félaginu það ár, sem tekjuafgangurinn miðast við.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við ákvæði laga nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1954.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

41

26. apríl

um bifreiða, báta og búnaðarvéla happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

## 1. gr.

Ágóða af bifreiða, báta og búnaðarvéla happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, skammstafað D. A. S., skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir dvalarheimilisins í Laugarási, Reykjavík. Eignum happdrættisins skal ef það verður lagt niður, verja á sama hátt

## 2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Það skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

## 3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Atvinnumálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

## 4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er



41 greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum um happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. 26. apríl Það skal tafarlaust tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga frá 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim, brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

## 5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 50 000 — fimmtíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—50 000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

## 6. gr.

Vinningar eru samanlagt minnst 18 að tölu í öllum 12 flokkum og er samanlagt að verðmæti kr. 1 200 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D. A. S. ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki (en vinningar skulu aldrei vera færri samanlagt en 18). Verðmæti vinninganna að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

## 7. gr.

Verð ársmiða er kr. 120.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 10.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

## 8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu D. A. S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðsvegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

## 9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 3. júlí og síðan 3. hvers mánaðar eða næstan virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgídag.

## 10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 50 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 50 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum. Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn D. A. S. semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið, þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinningum sé látin í stokkana. Ef dráttur hefst ekki strax þegar lokið er að láta miðana í stokkana, skal innsigla þá, unz dráttur hefst. Að minnsta kosti tveir happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum, og skal númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttarbók, síðan er dreginn miði úr

vinningastokknum, sem segir til hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer og 41 skal það einnig samstundis fært inn í dráttarbókina. Þannig skal haldið áfram 26. apríl unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hluta-stokknum, skal hann dreginn á þráð, svo hver miðinn af öðrum, þannig að fyrst kemur sá miðinn, sem fyrst var dreginn út, en síðast sá sem síðast var dreginn út. Á sama hátt skulu vinningamiðarnir dregnir upp á þráðinn, þannig að næst hverjum útdregnum hlutamiða liggja tilsvareandi vinningsmiði. Að drætti loknum skal þræðinum ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættisráðs. Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á þræð-inum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttarbókina og gæta þess að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happ-drættisráðs, að þeir hafi gætt að innsiglium á stokkunum og að rétt tala miða með réltum númerum og vinningum hafi verið sett í stökkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

#### 11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

#### 12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happ-drættisins á þeim tíma, sem stjórn D. A. S. auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis D. A. S.

#### 13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í bifreiðum, bátum og búnaðarvélum og er D. A. S. óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

#### 14. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir umboðsmenn happdrættisins. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimulðum og árituðum miða samkv. 12. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans, nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar D. A. S. með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi um-sækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur D. A. S. innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra máli.

#### 15. gr.

Vinningar sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happ-drættisins.

41

26. apríl

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Árið 1954 fer dráttur fram í fyrsta skipti 3. júlí. Verð ársmiða 1954 til 1. maí 1955 verður kr. 100.00 og endurnýjunarmiða kr. 10.00. Vinningafjöldi og vinningaverðmæti skal vera svo sem eðlilegt væri — samkvæmt 6. gr. Á þessu ári frá 3. júlí 1954 til 1. maí 1955 verður miðað við einungis  $\frac{1}{2}$  hlutatölunnar og  $\frac{1}{2}$  vinningatölunnar samkvæmt 5. og 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum frá 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 26. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

42

30. apríl

**REGLUGERÐ**

**um framlenging og breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936,  
um tekjuskatt og eignarskatt.**

**1. gr.**

Reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt, heldur gildi, með áorðnum breytingum, unz öðruvísi verður ákveðið.

**2. gr.**

Heimilt er að draga frá skattskyldum tekjum ferðakostnað þeirra, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar.

Það telst því aðeins langferð, að ferðakostnaður milli heimilis og atvinnustaðar nemi a. m. k. kr. 250.00 fram og til baka, enda sé miðað við venjuleg og óhjákvæmleg útgjöld. Auk fargjalds má taka tillit til fæðis á ferðalaginu og gistingarkostnað. Framteljanda ber að gera fulla grein fyrir kostnaðinum og skal þess gætt, að engum sé veittur hærri frádráttur en skattanefnd telur, að nauðsynlegur hafi verið vegna ferðarinnar. Frádráttur frá hverjum skattgreiðanda kemur að jafnaði til greina aðeins vegna einnar slíkrar langferðar á ári hverju.

**3. gr.**

Nöfnum skattþegna skal raðað á skattskrá eftir sömu reglum og fylgt er í íbúðaskrár Hagstofu Íslands.

**4. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1954.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu,  
nr. 192 24. nóv. 1949.

43

27. apríl

### 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins sem fyrir er eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjalds ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. gr.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. gr. og fellur í gjalddaga, þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þess konar fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

### 2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 kr. af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju húsi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 50 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 65000 kr. matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 65000 krónur allt að 500 000 króna matsverði og 5 af hundraði af því, sem er þar fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 27. apríl 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

11

44  
28. apríl

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akureyrarkaupstað.

### I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

#### 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa, eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir, sem fyrst koma, fái fyrstir afgreiðslu, og hagi sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

#### 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja, né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá, sem búa í nágrenninu.

#### 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

#### 5. gr.

Á götum bæjarins eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið. Lögreglustjóri getur þó heimilað sleðaferðir og leiki barna á tilteknum götum og svæðum, og séu þá gerðar sérstakar varúðarráðstafanir, sé þess þörf.

#### 6. gr.

Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru, sem getur valdið þeim, sem staddir eru á almannafæri, tjóni eða óþægindum.

Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, né bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri og hvergi að óþörfu. Sömuleiðis er öll veiði með

skotum og öll skot að óþörfu bönnuð í landareign kaupstaðarins, nema Glerárdal, enn fremur innan takmarka hafnarinnar. 44

28. apríl

Eggjataka í Hólmunum og annars staðar í landareign kaupstaðarins er bönnuð.

#### 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður almennu velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn með ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður, eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð, svo sem fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

#### 8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

#### 9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess.

#### 10. gr.

Bifreiðarstjórar og aðrir, sem farartækjum stjórna, skulu gæta þess að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi, og skipum er bannað að gefa hljóðmerki við bryggjur eða annars staðar á höfninni frá kl. 10 að kvöldi til kl. 8 að morgni, nema siglingareglur krefji, eða nauðsynlega þurfi að kalla á hafnsögumann eða lækni.

#### 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum, bendingum eða merkjum lögreglumanna, er þeir gefa til að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón er þeir kunna að biða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

#### 12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins. Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra eða vatnsveitustjóra. Enginn óviðkomandi má snerta við brunaboðum bæjarins, né reyna að kveðja slökkviliðið út með öðrum hætti, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma stöðvar eða leiðslur, sem settar hafa verið upp til almenningsnota, svo sem rafleiðslur, símaleiðslur, vatnsleiðslur, hitaleiðslur o. þ. u. l.

Enginn má raska pósthérafakössum, pósthólfum, símataækjum eða öðrum slíkum tækjum, sem póst- og símamálastjórnin eða aðrir hafa sett upp til afnota fyrir almenning, né húsakynnum eða skýlum, sem hlutir þessir eru í.

Brót gegn þessari grein varðar sektum, er ekki séu lægri en 200 krónur.

44

28. apríl

13. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferð. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undantekningum, sem gerðar eru í grein þessari.

Íslenzkar afurðir getur bæjarráð, að fengnu álosti heilbrigðisnefndar, heimilað að selja á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verzlunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða, og er því heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, er það telur nauðsynlegt vegna hreinlætis og annars. Um sölu á fiski gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar og sérstakra fyrirmæla, sem bæjarstjórn setur.

Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt, að dómi lögreglustjóra.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða annarri háreysti, einkum frá náttmálum til dagmála (sbr. 4. gr.).

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir né fara inn í hibiýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur að það gæti valdið óþægindum eða hættu.

15. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má ekki fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur ökutæki, nema barnavagna og sleða með ungum börnum, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddahrifur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotið af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins, eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að opið viti upp.

16. gr.

Á götur og torg, sem ætluð eru til umferðar og almenningsnota, má eigi leggja neitt, er hindrar eðlilega umferð. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum, torgum eða auðum svæðum standa megi vagnar eða bifreiðar, og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum meðal annars ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. d. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar eða því um líkt.

Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi berja gólfteppi, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þess konar.

18. gr.

Söluskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði af á almannafæri, að dómi lögreglustjóra. Eigi má heldur hengja neitt slíkt á rafveitustaura eða símastaura, og bannað er að hengja þar upp hvers konar auglýsingar.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar 44  
varanlegar auglýsingar, svo sem ljósaauglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að 28. apríl  
almannafæri eða sjást þaðan.

Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða  
neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

Hæð undir gluggaskýlur eða auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram  
yfir gangstétt eða götu, sé minnst 2.20 m.

#### 19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, hálm, ávaxtahýði, pappírslusli eða öðru  
þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för  
með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Gluggaþvott má ekki framkvæma síðar en kl. 10 árdegis, og ekki nema í frost-  
lausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu eða getur valdið  
truflun á umferð á annan hátt. Í götubrunna og göturæsi má ekki hella gólfskolpi  
né öðrum óhreinindum, sem saurga götuna.

#### 20. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt  
erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8 á tímabilinu 1. október  
til 1. maí, en frá kl. 22—8 á tímabilinu 1. maí til 1. október. Enn fremur getur lög-  
reglan jafnan bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferð út  
í skip og báta í höfninni, telji hún ástæðu til.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum,  
dansstöðum og ölstofum. Þeim er og óheimill aðgangur að almennum kaffistofum  
eftir kl. 20, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og  
umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái ekki þar aðgang  
né hafist þar við.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 20 á tíma-  
bilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 22 frá 1. maí til 1. október, nema  
í fylgd með fullorðnum vandamönnum.

Börn frá 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tíma-  
bilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 1. október,  
nema í fylgd með fullorðnum vandamönnum.

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórn sett til bráðabirgða strangari  
reglur um útivist barna allt að 16 ára. Foreldrar og húsbændur barnanna skulu að  
viðlögðum sektum sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

#### 21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á  
nokkurn hátt, nema að fengnu leyfi bæjarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra,  
enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var, og haldi því við eitt ár eftir að  
umbót var lokið og tekin gild af bæjarverkfræðingi. Slíkt verk skulu unnin þannig, að  
sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir  
um farartálmann með nægilega greinilegum merkjum eða hindrunum þegar hjart er,  
en ellegar með ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess er  
hjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum  
þurfa þykir, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð  
um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um,  
hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað  
er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á



44 kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir, ef ekki er fullnægt við-  
28. apríl haldsskyldu.

#### 22. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almannaferi, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Lögreglustjóri getur undir slíkum kringumstæðum, sé þess þörf, þrengt götuna eða lokað henni. Jafnframt getur hann krafizt þess af þeim, sem verkið lætur vinna, að hann geri girðingu við götuna, eins og lögreglustjóri ákveður, og hæfilega gangstétt utan girðingarinnar sé gangstéttinni, sem fyrir er, lokað að mestu eða öllu. Sá, er verkið lætur vinna, skal einnig að öðru leyti haga sér eftir þeim fyrirmælum, er lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálmum og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannaferi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af efni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verður við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu, skal færa í burt þegar í stað, þegar lögreglustjóri krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá húsastæðinu að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði að. Geri viðkomandi ekki skyldu sína samkvæmt þessari grein innan hæfilegs tíma frá því þess var krafizt af honum, getur bæjarstjórn eða lögreglustjóri látið vinna verkið á kostnað hans.

#### 23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað, að vörður standi við stiga meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi, nema meðan verið er að nota þá.

Brot gegn þessari grein er á ábyrgð þess, sem verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

#### 24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, eða er til mikilla óþarfa, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta, svo sem þörf gerist, innan tiltekens tíma.

Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu eða öðru mannvirki liggur við hruni eða falli eða er til óþrifa.

#### 25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannaferi, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 26. gr.

44

28. apríl

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr jární eða öðru tryggilegu efni beggja megin við þau, eigi lægri en 60 cm, og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi unz hjart er orðið að morgni.

Yfir birtugrófum, sem nú eru við stétt eða götur, skulu vera nægilega sterkar járngrindur eða annar jafntryggur útbúnaður jafnhátt stéttinni eða götunni. En yfir birtugrófir, sem gerðar kunna að verða framvegis, skal gera svo tryggilega, að enginn óþrifnaður komizt ofan í grófina.

## 27. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsunum í göturæsin eða rennurnar skal svo um húið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykkt kaupstaðarins, og er húseigendum skylt að halda hvort tveggja vel við. Húseigendum og húsráðendum er skylt að nema burtu klakadröngla, er hanga kunna niður úr þakbrúnum húsa þeirra og hættulegt getur verið fyrir umferð, og að hreinsa snjó af þökum húsa sinna, ef hætta getur stafað af fyrir vegfarendur.

## 28. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað því líkt, mega menn ekki láta liggja víðs vegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

## 29. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri, að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Ekki má höggva göt eða vakir í ísinn innan við 200 metra frá landi, nema til þess að gera rásir fyrir báta, skip eða flugvélar, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Þó má aldrei höggva göt eða vakir á afmörkuð skautaskell og hvergi að óþörfu. Setji lögreglan upp viðvörunarmerki á ísinn á Pollinum, ber öllum að fara eftir þeim og gæta þess að raska þeim ekki eða eyðileggja.

Ekki má taka ís á Pollinum nema með leyfi lögreglustjóra.

## III. KAFLI

## Almennar umferðareglur

## 30. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með umferðarmerkjum, uppfestum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Lögreglustjóri ákveður gerð umferðamerkja, hvernig þeim skuli fyrir komið og þýðingu þeirra. Skal lögreglustjóri gefa út nauðsynlegar skýringar á umferðarmerkjum og skulu þær birtar í Lögbirtingablaðinu, en auglýsingu þeirra að öðru leyti hagar hann eftir því, sem hann telur þörf.

Allir vegfarendur skulu samtímis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki og hafi auðkenni, er auðvelt sé að greina bæði að nóttu og degi, eftir fyrirmælum lögreglustjóra.

44

28. apríl

31. gr.

Gangandi menn skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sig á gangstéttum, þar sem þær eru fyrir hendi, og mega menn ekki halda þar kyrru fyrir eða staðnæmast þar til langframa, svo truflun valdi. Þar sem engar gangstéttir eru eða vegna þess að gangandi menn, sakir þrengsla á gangstéttinni, verða að víkja út á götuna, skulu þeir gæta sérstakrar varúðar og halda sig utarlega á akbrautinni, en víkja greiðlega fyrir annarri umferð út á sömu vegarbrún og gengið er við.

Ef gangandi menn fara yfir götuna, skulu þeir gæta vel að umferðinni og fara beina stefnu yfir þvera götuna, og yfir gatnamót er algerlega bannað að ganga á ská milli horna. Þar sem gangbrautir eru markaðar yfir götuna við gatnamót eða annars staðar, er gangandi mönnum skylt að fara eftir þeim innan markalína þeirra. Vegfarendum er óheimilt að láta fyrirberast á götum eða stígum lengur en nauðsyn krefur til þess að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt þótt engin umferð sé samtímis á sama stað eða nærliggjandi svæði.

Við gangbrautir skulu bifreiðastjórar, hjólreiðamenn og aðrir ökumenn gæta sérstakrar varkárni og nærgætni. Skulu þeir nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi er þar á ferð framundan ökutækinu eða á leið í veg fyrir það. Enn fremur skulu ökumenn nema staðar við gangbrautir, ef vegfarandi bíður sýnilega færiss að komast yfir götu eða er í þann veginn að fara út á gangbraut. Þegar ökumenn af þessum ástæðum hafa numið staðar, skulu þeir bíða, unz hinir gangandi menn eru komnir leiðar sinnar. Gangandi menn eru og skyldir til að gæta almennrar varkárni, er þeir leggja leið sína út á gangbrautir. Sérstaklega skulu þeir gæta þess, að ökutæki, sem nálgast, hafi nægan tíma og svigrúm til þess að nema staðar utan markalínu gangbrautarinnar, ef þess er þörf.

Bannað er að stöðva ökutæki á gangbrautum eða þannig, að nokkur hluti þess taki inn yfir gangbrautir, nema nauðsyn beri til, svo sem til að forðast árekstur eða annað slys.

Heimilt er blindum og sjóndöprum mönnum að auðkenna sig með gulum borða með þremur svörtum deplum; bera skulu þeir hann um hægri handlegg fyrir ofan olnboga.

Blindur maður réttir fram hægri handlegg, er hann æskir hjálpar vegfarenda, og er þeim þá skylt að veita honum hjálp.

Heyrnarsljóm mönnum skal heimilt að hafa grænan borða um báða handleggi fyrir ofan olnboga.

Öðrum en blindum mönnum og heyrnarlausum er óheimilt að bera merki þau, er hér eru tilgreind.

32. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar sérstakrar notkunar.

Ef ástæða þykir til vegna sérstakrar umferðarhættu, getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað akstur, reið, hjólreiðar og sleðaferðir um sérstakar götur, enda sé auglýst á gatnamótum hvaða umferð sé bönnuð.

33. gr.

Ökumenn hvers konar farartækja, hvort heldur er bifreiða, hestvagna, reiðhjóla, sleða eða annarra, og þeir sem fara með hesta og aðra gripi, skulu halda sér, ökutækjum sínum og gripum á vinstra helmingi akbrautarinnar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram úr vilja fara.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. 44  
Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu varkárni. 28. apríl  
og nærgætni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir að víkja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

Lögreglustjóri getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, sett ákvæði um, að tiltekna götur skuli teljast aðalbrautir eða að á tilteknum götum skuli vera einstefnuakstur. Við öll gatnamót slíkra gatna skulu vera umferðamerki, sbr. 30. gr., 2. mgr.

Öll umferð á aðliggjandi götum og svæðum skal víkja fyrir umferð á aðalbraut, og skulu þeir, sem ætla að aka hvaða farartæki sem er inn á aðalbraut, hægja vel ferðina eða stöðva farartækið alveg, ef þörf gerist, og gæta vel til beggja handa áður en þeir aka inn á aðalbraut, og er óheimilt að aka áfram, nema öruggt sé að eigi valdi truflun á umferð aðalbrautar. Á götum, þar sem einstefnuakstur er ákveðinn, er aðeins heimilt að aka hvers konar farartækjum í eina átt, eins og fyrir mælin hljóða um. Ákveða má um sömu götu, að hún sé aðalbraut og að á henni sé einstefnuakstur. Að öðru leyti en að framan greinir gilda venjulegar umferðareglur á þessum götum.

#### 34. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í stórum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum eða gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hesta eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er af stað, ekið er út á akbraut eða um vegamót, skal gæta sérstakrar varúðar.

#### 35. gr.

Bannað er að aka eða riða móti hóp göngum eða líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

Ekki má aka eða riða um götur þar sem fólk hefur safnast saman á útisamkomur, til að hlusta á hornablastur og þess háttar, nema leyfi lögreglunnar komi til.

#### 36. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hliðar þess séu samhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar, þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

#### 37. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming og afferming fer fram (sbr. 16. gr.), og skal það gert gangstéttar megin. Farþegar skulu og stíga þeim megin upp í farartæki og úr því, verði því við komið, og jafnan skulu þeir gæta sérstakrar varúðar, er þeir ganga að og frá ökutæki.

#### 38. gr.

Verði fyrirskipað að setja slík tæki í bifreiðar, sem í 44. gr. getur, skulu bifreiðarstjórar ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn eða fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð með tækinu, til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis skulu þeir gefa merki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar eða stöðva hana.

Bifreiðarstjórar, sem aka bifreið, er ekki hefur umgetin tæki, svo og vagnstjórar, riðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa merki, er þeir breyta stefnu, nema

44 staðar eða draga verulega úr ferð. Skulu bifreiðarstjórar rétta þá hönd sína, sem nær er miðju bifreiðarinnar, til hægri eða vinstri, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta sömu hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð eða stöðva. Aðrir ökumenn, ríðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd eftir því, til hvorrar handar þeir ætla að beygja, og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það.

#### 39. gr.

Ef umferðaslys vill til, sem ökumaður eða annar vegfarandi á hlut að, skal hann nema staðar og hjálpa þeim, sem slasast hefur eða orðið fyrir tjóni, ef þörf gerist, án tillits til þess, hvort hann á sök á slysinu eða ekki. Sama skyldan hvílir einnig á öðrum viðstöddum.

Hver sá, sem viðriðinn er slysið á einhvern hátt eða hefur verið sjónarvottur að því, skal, ef einhver óskar þess, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi fyrr en þær ráðstafanir eru gerðar, sem slysið gefur tilefni til. Ef orðið hefur meiðsl á mönnum eða dýrum, eða skemmdir á ökutækjum eða öðru, skal hann svo fljótt, sem við verður komið, sjá um að næstu löggæzlumönnum verði skýrt frá slysinu og skal ökutækið ekki hreyft eða önnur verksummerki, fyrr en þeir koma á vettvang, verði því við komið.

#### 40. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega, því skal vel fyrir komið og fest svo, að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörð eða standa langt út af ökutækinu, nema með sérstöku leyfi lögreglunnar. Aldrei má yfirgefa ökutæki með slíku hlassi á götum bæjarins.

Ökutæki, sem flutt er á mól, sandur, mold, áburður, úrgangur og þess háttar, skulu gerð í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar þar um.

#### 41. gr.

Að öðru leyti en í kafla þessum greinir, skal farið eftir umferðalögum og bifreiðalögum, eftir því sem við á.

### IV. KAFLI

#### Um bifreiðar.

#### 42. gr.

Þegar talað er um bifreið í þessari samþykkt, er átt við ökutæki, sem samkvæmt gildandi bifreiðalögum á hverjum tíma telst bifreið. Auk ákvæða þessarar samþykktar gilda ákvæði bifreiðalaga og umferðalaga, sem í gildi eru á hverjum tíma, um bifreiðar og meðferð þeirra í bænum.

#### 43. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má aðeins hafa í því húsnæði og á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Getur bæjarstjórn veitt slíkt leyfi, hvort heldur er óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða, og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Séu skilyrði bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi rofin eða ef aðstæður breytast verulega, að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust. Þessi ákvæði taka einnig til núverandi bifreiðastöðva og bifreiðaafgreiðslna.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka einnig til benzínsölustaða, þvottastöðva 44 og annarra stöðva til hvers konar þjónustu vegna bifreiða.

28. apríl

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömu leiðis getur bæjarstjórn eða lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

## 44. gr.

Lögreglustjóri getur með samþykki bæjarstjórnar fyrirskipað, að á sérhverri bifreið séu tæki með ljósum, er gefa má með greinilega til kynna, til hvorrar handar ökumaður ætlar að beygja og ef hann skyndilega hægir ferð eða stöðvar bifreiðina.

## 45. gr.

Ljós á bifreiðum, sem ekið er um umdæmið, mega ekki vera svo sterk né þannig stillt, að það villi vegfarendum sýn.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

7. jan. til 13. jan. ....	frá kl. 15.20 til kl. 9.50
14. jan. til 20. jan. ....	— — 15.40 — — 9.35
21. jan. til 27. jan. ....	— — 16.00 — — 9.15
28. jan. til 6. febr. ....	— — 16.25 — — 8.55
7. febr. til 13. febr. ....	— — 17.00 — — 8.25
14. febr. til 20. febr. ....	— — 17.20 — — 8.05
21. febr. til 27. febr. ....	— — 17.45 — — 7.40
28. febr. til 6. marz ....	— — 18.05 — — 7.15
7. marz til 13. marz ....	— — 18.30 — — 6.50
14. marz til 20. marz ....	— — 18.50 — — 6.25
21. marz til 27. marz ....	— — 19.10 — — 6.00
28. marz til 6. apríl ....	— — 19.30 — — 5.35
7. apríl til 15. apríl ....	— — 20.00 — — 5.00
16. apríl til 20. apríl ....	— — 20.40 — — 4.20
21. apríl til 27. apríl ....	— — 20.55 — — 4.00
28. apríl til 6. maí ....	— — 21.15 — — 3.40
7. maí til 15. maí ....	— — 21.45 — — 3.05
1. ágúst til 6. ágúst ....	— — 22.10 — — 2.55
7. ágúst til 13. ágúst ....	— — 21.50 — — 3.15
14. ágúst til 20. ágúst ....	— — 21.25 — — 3.40
21. ágúst til 27. ágúst ....	— — 21.00 — — 4.00
28. ágúst til 31. ágúst ....	— — 20.35 — — 4.20
1. sept. til 6. sept. ....	— — 20.10 — — 4.40
7. sept. til 13. sept. ....	— — 19.50 — — 5.00
14. sept. til 20. sept. ....	— — 19.25 — — 5.20
21. sept. til 27. sept. ....	— — 19.00 — — 5.40
28. sept. til 6. okt. ....	— — 18.35 — — 6.00
7. okt. til 13. okt. ....	— — 18.05 — — 6.25
14. okt. til 20. okt. ....	— — 17.40 — — 6.50
21. okt. til 27. okt. ....	— — 17.15 — — 7.10
28. okt. til 6. nóv. ....	— — 16.50 — — 7.30
7. nóv. til 13. nóv. ....	— — 16.20 — — 8.05
14. nóv. til 20. nóv. ....	— — 15.55 — — 8.25
21. nóv. til 27. nóv. ....	— — 15.35 — — 8.50

44	28. nóv. til 6. des. ....	frá kl. 15.20 til kl. 9.10
28. apríl	7. des. til 13. des. ....	— — 15.00 — — 9.35
	14. des. til 20. des. ....	— — 14.55 — — 9.50
	21. des. til 27. des. ....	— — 14.50 — — 10.00
	28. des. til 6. jan. ....	— — 15.00 — — 10.00

## 46. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er í hænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreiðina áður en hún er tekin í notkun. Reynist bifreiðin í lagi samkvæmt gildandi bifreiðalögum og reglugerðum þar um eftir skoðun bifreiða-  
eftirlitsmanna, skráir lögreglustjóri bifreiðina og afhendir eiganda á hans kostnað 2 merki með áletruðu A og tölumerki, og skal festa annað merkið framan á bifreiðina en hitt aftan á hana, eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra.

## 47. gr.

Ökuhraða bifreiðar skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 25 km á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum beygjum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, mikil umferð er, ung börn eru í námunda eða því líkar aðstæður, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttar né byggingar.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að nátturlagi, að valda eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeim ber og að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki hávaða eða raski friði og reglu með öðrum hætti.

## V. KAFLI

## Um reiðhjól.

## 48. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess, sem hér segir:

- a. Á hjóli mega ekki í senn vera fleiri menn en hjólið er gert fyrir. Þó má yngra barn en 6 ára sitja framan við hjólreiðamann, ef sérstaklega er um búíð. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annarri hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum.

Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða tálmað umferð.

- b. Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólreiðamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.
- c. Ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sér, skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja. Ljós skal tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 45. gr.
- d. Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar. Skylt er hjólreiðarmanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór.
- e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær, og ekki inn eða út úr hliðum.

- f. Enginn má aka reiðhjóli, ef hann sakir áhrifa áfengis eða af öðrum orsökum 44  
er ekki fær um að stjórna því svo öruggt sé. 28. apríl
- g. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun reiðhjóls, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, og hjálpa þeim er slasast hefur, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki þar um.
- h. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að reiðhjól, sem notuð eru í umdæminu, skuli skrásetja hjá lögreglustjóra, og merkja samkvæmt reglum, er bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum lögreglustjóra. Skal í þessum reglum ákveðið allt fyrirkomulag skrásetningarinnar og merkjanna og hvaða gjald eigandi (umráðamaður) reiðhjóls skuli greiða fyrir skrásetningu þess og einkenni. Ákvörðun bæjarstjórnar og reglur þessar skal lögreglustjóri birta í Lögbertingablaðinu.
- Eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ber ábyrgð á því, að það fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar, er það er í notkun með hans vitund og vilja. Enn fremur ber eigandi (umráðamaður) reiðhjóls ábyrgð á öðrum brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem eru yngri en 14 ára.

## VI. KAFLI

### Um reið, hestflutning og akstur á götum bæjarins.

#### 49. gr.

Á almannaferi má ekki ríða eða aka hraðara en á hægu brokki, þar sem gatan er mjó og mikil umferð eða farartálmi á veginum, skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknum svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einum stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

#### 50. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta og slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

#### 51. gr.

Ríðandi mönnum, lestimönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að vikja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhest gildir hið sama eftir því sem við á.

#### 52. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nægilega þroskaðir til þess starfa (sbr. reglugerð nr. 129 17. nóv. 1916), enda hafi þeim verið kennt að stýra hesti og ökutæki af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólar-svipum. Virsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hest í fætur, höfuð eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það.



44

28. apríl

53. gr.  
Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygi skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlasið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og hafa taumhald á eykinum.

54. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en einn vagn. Það er bannað að festa sleða eða handvagn við æki, sem hestum er beitt fyrir. Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má ríða við hliðina á vagni.

Á götum bæjarins mega ríðandi menn eigi teyma nema einn hest við hlið sér. Eigi má heldur teyma hest samhliða vagni eða hjólum, né fleiri en tvo hesta samhliða. Ekki má reka ferðamannahesta lausa um götur bæjarins.

55. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri eða annars staðar á ógirtum svæðum, nema sérstökum stöðum, sem lögreglan vísar til. Utan slíkra staða má eigi taka beizli af hesti, sem er með reiðtygjum eða beitt fyrir vagn eða sleða. Ef veruleg viðstaða er, skulu ferðamenn koma hestum sínum í hús eða í afgirta haga.

56. gr.

Hrossarekstra eða sauðfjárrekstra, sem komið er með til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, má ekki fara með um götur bæjarins, nema með leyfi lögreglunnar. Lögreglustjóri getur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur af slíkum rekstrum.

57. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávallt leidd í bandi, þannig útbúin, að auðvelt sé að hafa vald á nautinu og tveir fullorðnir karlmenn fylgja hverju nauti. Ekki má láta naut standa úti gæzlulaust.

## VII. KAFLI

### Um búfjárhald, alifugla og fleira.

58. gr.

Alifugla, svo sem hænsn, gæsir og endur, má ekki hafa í kaupstaðnum nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörzlu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eiganda eða selt þá til lúkningar kostnaði. Einnig getur lögreglan látið slátra á kostnað eiganda eða ráðstafað á annan hátt dúfum og alifuglum, sem eru vanhirtir eða vanfóðraðir, sé ekki bætt úr þegar í stað, þegar aðvörun er gefin.

59. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan á bæjarlandinu eða á götum í umdæminu, neðan við afréttargirðingu bæjarins, nema hann sé í öruggri girðingu. Um svínabú skal vera haldgóð girðing, svo öruggt sé, að svínin komist eigi út. Allur geitfénaður er bannaður í umdæminu. Hross og nautgripi skal jafnan hýsa á vetrum.

Búfénað má aðeins reka um götur bæjarins úr eða í haga, eða öðrum nauð- 44  
synlegum tilgangi, en þá skal maður jafnan fylgja honum. Fælna hesta og slæga má 28. apríl  
þó aldrei reka um götur bæjarins.

Sé kúm eða öðrum búpeningi beitt á ógirt land, svo sem á flæðarnar við Eyja-  
fjarðará, ber eigendum að hafa stöðugt mann til að gæta hans. Bæjarstjórn getur  
sett nánari ákvæði um beit búfénaðar.

Bæjarstjórn ákveður, hvar afréttargirðing sé sett niður. Ekki má setja neinar  
skepnur inn fyrir afréttargirðingu, nema leyfi fjárgæzlumanns bæjarins komi til.

#### 60. gr.

Bæjarstjórn kýs þrjá menn í fjallskilastjórn til 4 ára í senn og skal nefndin  
skipta með sér verkum, geri bæjarstjórn ekki aðra ákvörðun þar um. Allir, sem  
sauðfé eiga, eru skyldir til að reka það á afrétt eigi síðar en 15. júní ár hvert, nema  
fjallskilastjórn geri undantekningu þar á. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta  
fyrirmælum fjallskilastjórnar um upprekstur fjárins á afrétt og smölun afrétta  
og heimalanda og jafnar fjallskilastjórn vinnunni við fjallskilin niður eftir fjáreign.  
Einnig má jafna kostnaðinum niður í peningum eftir sömu reglu, þyki betur henta.

Fé það, sem ekki finnst eigandi að í réttum, skal hirða og hafa í vörzlu fram  
yfir síðustu leitar, en þá skal selja allt óskilafé á opinberu uppboði. Síðan ber að  
auglýsa féð með einkennum í Lögbirtingablaðinu. Gefi réttur eigandi sig fram  
innan 6 mánaða frá því auglýsingin var birt, á hann rétt á andvirði kindarinnar  
að frádregnum kostnaði. Ella rennur andvirðið í bæjarsjóð.

Bæjarstjórn getur sett nánari fyrirmæli um fjallskil.

#### 61. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í bæn-  
um, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan láta handsama,  
hýsa og fóðra. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað,  
en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að  
greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku  
leiðir, og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningskostnaðinum,  
verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju  
um handsömunina eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilegs tíma eftir að  
auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta  
allt það tjón, er hann hefur valdið.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um bú-  
fjárhald í bænum.

### VIII. KAFLI

#### Um hunda.

#### 62. gr.

Bannað er að hafa hunda á Akureyri, nema með leyfi heilbrigðisnefndar.  
Undanþegnir leyfi heilbrigðisnefndar eru þó þarfahundar á lögbylum, enda séu þeir  
háðir eftirliti heilbrigðisnefndarinnar. Lögreglustjóri annast um að hundar, sem  
hafðir eru í kaupstaðnum í óleyfi, séu sendir burt eða skotnir, og greiðir bæjar-  
sjóður allan kostnað við það.

Skyldur er hver hundaeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu A  
og tölu.

Bæjarsjóður útvegar merkisþjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum  
hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með

44 glefsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða 28. apríl mýla tryggilega.

Skylt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

## IX. KAFLI

### Um friðun almenningsegna og einstakra manna.

#### 63. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætluð eru til almenningsafnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum, húsum, bekki, umferðamerki, girðingar og annað þess háttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri.

#### 64. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, né setjast á þær né klifra yfir þær eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

Enginn má raska friði fugla á fuglatjörnum, sem gerðar eru í bænum eða annars staðar í lögsagnarumdæminu.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rifa upp eða færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

#### 65. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórn setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opin svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða á svæðinu.

## X. KAFLI

### Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

#### 66. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

#### 67. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráð-

enda. Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðenda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær, samkvæmt prentfrelsislögunum. 44  
28. apríl

#### 68. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsi-  
legar á annan hátt.

### XI. KAFLI

#### Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

#### 69. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkja, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Hafa skal nægilega dyravörzlu og annað starfslið eftir því sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt til að halda uppi góðri reglu og þrifalegri umgengni og getur lögreglustjóri áskilið samþykki sitt á vali dyravarða.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Leyfi bæjarstjórnar þarf til að hafa knattborðsstofu fyrir almenning og getur bæjarstjórn ákveðið að hæfilegt gjald sé greitt fyrir leyfið.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

#### 70. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má eigi heldur sýna af sér ósæmilega eða hneykslalega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neins konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar og drykkjar, eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaður ekki skilyrðum 69. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

#### 71. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum skemmtistöðum skal loka frá kl. 23½ til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu fara þaðan út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Heimilt skal þó að halda áfram dansleikjum, samkvæmum og öðrum skemmtunum eftir lokunartíma með samþykki lögreglustjóra, en þó skal skemmtistöðum jafnan lokað kl. 23½ og engum veittur aðgangur eftir þann tíma, nema lögreglustjóri veiti sérstaka undanþágu þar um.

Ákvæði 69.—71. gr. taka til knattborðsstofu eftir því, sem við á.

44

28. apríl

Enginn má halda sjónleika, söngskemmtanir, hljómleika, dansleika, íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra, og getur bæjarstjórn ákveðið visst gjald fyrir slíkt leyfi, er rennur í bæjarsjóð. Þó má eigi krefjast neins gjalds fyrir leyfi, ef skemmtanirnar eru haldnar borgunarlaust eða í góðgerðarskyni.

72. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með því skilyrði að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

73. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

74. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað að sá, er leyfi hefur fengið til að halda skemmtanir, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, er hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreysti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

## XII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

75. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrar.

76. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem opinber mál.

77. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 2000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsá þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

78. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni.

79. gr.

Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglu- 44  
stjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur 28. apríl  
er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

#### 80. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður  
krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

#### 81. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akureyri,  
11. jan. 1934, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við samþykkt  
þessa.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. jan.  
1890, sbr. lög nr. 67 frá 1919, lög nr. 88 frá 1938 og lög nr. 111 frá 1940, um lögreglu-  
samþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 28. apríl 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

fyrir Læknisvitjanasjóð Selfosshéraðs.

45

3. maí

#### 1. gr.

Læknisvitjanasjóður Selfosshéraðs er stofnaður samkv. lögum um læknis-  
vitjanasjóði, nr. 59/1942, og fer um sjóðinn eftir þeim lögum og reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Sjóðurinn nær til alls Selfosshéraðs. Stjórn hans skipa tveir menn kosnir á  
sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Kosning þessi skal  
fara fram á fyrsta oddvitafundi eftir hverjar reglulegar hreppsnefndarkosningar.  
Formaður stjórnarinnar er sýslumaður Árnassýslu, og er hann jafnframt reiknings-  
haldari og gjaldkeri sjóðsins.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlag úr sýslusjóði Árnassýslu, eftir samþykkt sýslu-  
nefndar hverju sinni, eða framlög sveitarsjóða eftir samþykkt oddvitafundar, svo  
og lögmælt tillög ríkissjóðs og aðrar tekjur.

#### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda héraðsbúum læknisvitjun og draga úr og  
jafna kostnað þeirra af læknisvitjunum og sjúkraflutningum. Kostnað af hverri  
læknisvitjun endurgreiðir sjóðurinn þannig: Af fyrstu 100 krónum kostnaðar af  
einstakri læknisvitjun greiðist ekkert úr læknisvitjanasjóði, en  $\frac{2}{3}$  af þeirri upp-  
hæð, sem er fram yfir 100 kr., þó ekki meira en 400 króna styrkur til einnar læknis-  
vitjunar, sbr. þó 5. gr.

45 Ef nauðsyn krefur, svo sem ef sjóðurinn hrekkur ekki til þessara greiðslna, 3. maí getur sjóðsstjórnin breytt ákvæðum síðustu málsgreinar með samþykkt, sem þá skal auglýsa í hverjum hreppi héraðsins, en jafnan skal þó gæta þeirrar höfuðreglu um úthlutunina, að ekki sé veittur styrkur á hinn lágsta læknisvitjunarkostnað, síðan sé veittur hlutfallslega hækkandi styrkur á kostnaðinn, unz tilteknu styrkhámarki er náð. Enn fremur má stjórnin eftir sömu grundvallarreglu hækka styrkveitingar úr sjóðnum, ef hagur hans leyfir. Allar slíkar breytingar við þessa grein ber að miða við áramót.

Sjúkraflutningur, sem fram fer að tilhlutun læknis, styrkist á sama hátt og læknisvitjun.

Allir styrkir úr sjóðnum reiknast í heilum krónum, en aurum er sleppt.

#### 5. gr.

Purfi sami maður (gjaldandi) að vitja læknis oft á sama ári eða verði manni læknisvitjun sérstaklega kostnaðarsöm (yfir 700 kr., sbr. 4. gr.), þá er sjóðsstjórninni heimilt að styrkja slíka menn umfram það, sem segir í 4. gr., enda sé sérstaklega gerð grein fyrir hverri slíkri umframingreiðslu á þess árs reikningi sjóðsins.

Sjóðsstjórninni ber, eftir því sem hún telur fjárhag sjóðsins leyfa, að veita styrki samkvæmt þessari grein, og fara þá sem næst eftir reglu 4. gr. um hlutfallslega hækkandi styrki eftir hækkandi kostnaði.

#### 6. gr.

Samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðsins skulu á engan hátt vera miður settir en aðrir héraðsbúar um styrk úr sjóðnum.

#### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðsstjórnin semur við héraðslækni um tilhögun endurgreiðslu ferðakostnaðar hans. Umsóknir um endurgreiðslu annars læknisvitjunarkostnaðar skulu komnar í hendur formanni sjóðsstjórnar eigi síðar en í janúarmánaðarlok næst eftir að lækni var vitjað, ella má ekki taka þær til greina.

#### 8. gr.

Sjóðsstjórnin skal koma saman í febrúar eða marz ár hvert. Tekur hún þá ákvarðanir um umsóknir, sem henni kunna að hafa borizt samkvæmt 5. gr., sbr. 7. gr., gerir upp og gengur frá reikningum næstliðins árs og leggur þá, ásamt fylgiskjölum, fyrir næsta sýslufund Árnassýslu til yfirskoðunar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 3. maí 1954.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Sigurgeir Jónsson.*

**REGLUGERÐ**

46

3. maí

**fyrir Læknisvitjanasjóð Hveragerðishéraðs.**

## 1. gr.

Læknisvitjanasjóður Hveragerðishéraðs er stofnaður samkv. lögum um læknisvitjanasjóði, nr. 59/1942, og fer um sjóðinn eftir þeim lögum og reglugerð þessari.

## 2. gr.

Sjóðurinn nær til alls Hveragerðishéraðs. Stjórn hans skipa tveir menn, kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Kosning þeirra skal fara fram á fyrsta oddvitafundi eftir hverjar reglulegar hreppsnefndarkosningar. Formaður stjórnarinnar er sýslumaður Árnessýslu, og er hann jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlag úr sýslusjóði Árnessýslu, eftir samþykkt sýslunefndarinnar hverju sinni, eða framlög sveitarsjóða, eftir samþykkt oddvitafundar, svo og lögmælt tillög rikissjóðs og aðrar tekjur.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auðvelda héraðsbúum læknisvitjun og draga úr og jafna kostnað þeirra af læknisvitjunum og sjúkraflutningum. Kostnað af hverri læknisvitjun endurgreiðir sjóðurinn þannig: Af fyrstu 100 krónum kostnaðar af einstakri læknisvitjun greiðist ekkert úr læknisvitjanasjóði, en  $\frac{2}{3}$  af þeirri upphæð, sem er fram yfir 100 kr., þó ekki meira en 400 króna styrkur til einnar læknisvitjunar, sbr. þó 5. gr.

Ef nauðsyn krefur, svo sem ef sjóðurinn hrekkur ekki til þessara greiðslna, getur sjóðsstjórnin breytt ákvæðum síðustu málsgreinar með samþykkt, sem þá skal auglýsa í hverjum hreppi héraðsins, en jafnan skal þó gæta þeirrar höfuðreglu um úthlutunina, að ekki sé veittur styrkur á hinn lágsta læknisvitjunarkostnað, síðan sé veittur hlutfallslega hækkandi styrkur á kostnaðinn, unz tilteknu styrkhámarki er náð. Enn fremur má stjórnin eftir sömu grundvallarreglu hækka styrkveitingar úr sjóðnum, ef hagar hans leyfir. Allar slíkar breytingar við þessa grein ber að miða við áramót.

Sjúkraflutningur, sem fram fer að tilhlutun læknis, styrkist á sama hátt og læknisvitjun.

Allir styrkir úr sjóðnum reiknast í heilum krónum, en aurum er sleppt.

## 5. gr.

Þurfi sami maður (gjaldandi) að vitja læknis oft á sama ári, eða verði manni læknisvitjun sérstaklega kostnaðarsöm (yfir 700 kr., sbr. 4. gr.), þá er sjóðsstjórninni heimilt að styrkja slíka menn umfram það, sem segir í 4. gr., enda sé sérstaklega gerð grein fyrir hverri slíkri umframgreiðslu á þess árs reikningi sjóðsins.

Sjóðsstjórninni ber, eftir því sem hún telur fjárhag sjóðsins leyfa, að veita styrki eftir þessari grein, og fara þá sem næst eftir reglu 4. gr., um hlutfallslega hækkandi styrki eftir hækkandi kostnaði.

## 6. gr.

Samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðsins skulu á engan hátt vera miður settir en aðrir héraðsbúar um styrk úr sjóðnum.



46

3. maí

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðsstjórnin semur við héraðslækni um tilhögun endurgreiðslu ferðakostnaðar hans. Umsóknir um endurgreiðslu annars læknisvitjunarkostnaðar skulu komnar í hendur formanni sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en í janúarmánaðarlok næst eftir að læknis var vitjað, ella má ekki taka þær til greina.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal koma saman í febrúar eða marz ár hvert. Tekur hún þá ákvarðanir um umsóknir, sem henni kunna að hafa borizt samkvæmt 5. gr., sbr. 7. gr., gerir upp og gengur frá reikningum næstliðins árs og leggur þá, ásamt fylgiskjölum, fyrir næsta sýslufund Árnessýslu til yfirskoðunar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfastist hér með til að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 3. maí 1954.*

F. h. r.

Baldur Möller.

---

*Sigurgeir Jónsson.*

47

5. maí

## SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Eyrarsveitar.

### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Eyrarsveitar og skal heimili hans og varnarþing vera í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er tryggður með 3000 kr. — þrjú þúsund krónum — í stofnfé. Stofnfjáreigendur skulu ekki vera færri en 25. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um að stofnfjáreigendur verði aldrei færri. Ábyrgð stofnfjáreigenda getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki stofnfjáreigenda, en hinn þriðji af sýslunefnd Snæfellsnessýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til þriggja ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 3 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 3 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af stofnfjáreigendum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund stofnfjáreigenda og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal

tafarlaust beiðast þess, að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka 47  
eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. 5. maí

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra af starfsmönnum sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

#### 4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

#### 5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

#### 6. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarí.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömu leiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaraust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund stofnfjáreigenda þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

#### 7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

#### 8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á vixilinn.

#### 9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

47

5. maí

10. gr.  
Stjórnarfundir skulu haldnir að minnsta kosti sex sinnum á ári, svo og eftir þörfum, og ákveður stjórnin, hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum stofnfjáreigendum fjórtán dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 stofnfjáreigendur æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur stofnfjáreigenda mætir. Mæti eigi helmingur stofnfjáreigenda, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þrítugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000.00 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

22. Heydalakirkja .....	15380.00	—	—	615.20	15995.20	
23. Hofskirkja í Álftaf. ..	957.56	—	—	38.30	995.86	
24. Kolfreyjustaðarkirkja .	2093.98	—	2000.00	10.98	104.96	
25. Berufjarðarkirkja ....	146.23	—	—	5.85	152.08	
26. Berunesskirkja .....	146.23	—	—	5.85	152.08	
27. Hallormsstaðarkapella	110.32	—	—	4.41	114.73	
<b>A.-Skaftafellsprófastsd.:</b>						
28. Stafafellskirkja .....	8138.76	—	—	325.55	8464.31	
29. Einholtskirkja .....	1.34	—	—	0.05	1.39	
30. Kálfafellsstaðarkirkja .	99.65	—	—	3.99	103.64	
31. Hofskirkja í Örafum .	18187.91	1000.00	10557.46	505.00	9135.45	
32. Bjarnanesskirkja .....	1445.00	—	—	57.80	1502.80	
33. Kirkjubýgg.sj., Höfn ..	34985.54	—	—	1399.42	36384.96	
<b>V.-Skaftafellsprófastsd.:</b>						
34. Prestsbakkakirkja ....	12866.12	110.00	—	515.74	13491.86	
35. Reyniskirkja .....	3061.44	—	—	122.46	3183.90	
36. Grafarkirkja .....	7065.68	—	—	282.63	7348.31	
37. Kálfafellskirkja .....	7067.54	—	—	282.70	7350.24	
38. Skeiðflatarkirkja .....	3208.46	—	—	128.34	3336.80	
39. Langholtskirkja .....	15366.55	—	—	614.66	15981.21	
40. Þykkvabæjarkl.kirkja .	3383.24	—	—	135.33	3518.57	
41. Víkurkirkja .....	3061.70	—	2945.02	83.21	199.89	
<b>Rangárvallaprófastsd.:</b>						
42. Háþéjarkirkja .....	92.67	—	—	3.71	96.38	
43. Árbæjarkirkja .....	122.69	—	—	4.91	127.60	
44. Stórólshvolskirkja ...	776.15	—	—	31.05	807.20	
45. Oddakirkja .....	1077.30	—	1000.00	39.50	116.80	
46. Kálfholtskirkja .....	2323.22	—	—	92.93	2416.15	
47. Krosskirkja .....	5544.62	—	—	221.78	5766.40	
48. Akureyjarkirkja .....	1558.67	—	—	62.35	1621.02	
49. Ásólfsskálakirkja ....	198.18	—	150.00	4.93	53.11	
50. Eyvindarhólakirkja ..	11887.13	500.00	—	475.49	12862.62	
51. Breiðabólstaðarkirkja	300.08	712.50	—	28.62	1041.20	

78

Kirkjur	Eign í árs- lok 1952 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1953 Kr.
52. Hlíðarendakirkja .....	1462.26	712.50	–	75.11	2249.87
53. Skarðskirkja .....	12747.87	1667.00	–	543.25	14958.12
54. Marteinstungukirkja ..	2317.51	–	–	92.70	2410.21
55. Hagakirkja .....	139.87	–	–	5.59	145.46
56. Stóradalskirkja .....	742.58	–	–	29.70	772.28
57. Keldnakirkja (bygg.sj.)	2513.73	–	–	100.55	2614.28
58. Voðmúlstaðakapella .	2466.79	140.00	–	99.33	2706.12
<b>Árnessprófastsdæmi:</b>					
59. Mosfellskirkja í Grn. .	188.69	–	–	7.55	196.24
60. Búrfellskirkja .....	219.35	–	–	8.77	228.12
61. Þingvallakirkja .....	2146.12	–	–	85.84	2231.96
62. Úlfljótsvatnskirkja ...	701.92	–	–	28.08	730.00
63. Strandarkirkja .....	1175980.92	209935.44	–	51028.18	1436944.54
64. Haukadalskirkja .....	834.65	–	–	33.39	868.04
65. Torfastaðakirkja .....	614.17	–	–	24.57	638.74
66. Gaulverjabæjarkirkja .	521.03	–	–	20.84	541.87
67. Bræðratungukirkja ...	665.00	–	–	26.60	691.60
68. Hraungerðiskirkja ....	2300.22	–	–	92.01	2392.23
69. Laugardælakirkja ....	739.60	–	–	29.58	769.18
70. Stokkseyrarkirkja ....	1118.35	–	–	44.73	1163.08
71. Villingaholtskirkja ...	832.98	–	–	33.32	866.30
72. Ólafsvallakirkja .....	1689.04	2000.00	–	67.56	3756.60
73. Stóra-Núpskirkja .....	292.47	–	–	11.70	304.17
74. Miðdalskirkja .....	3547.71	–	–	141.91	3689.62
75. Hrepphólakirkja .....	292.47	–	–	11.70	304.17
76. Eyrarbakkakirkja ....	6728.20	–	–	269.13	6997.33
77. Hrunakirkja .....	1579.31	–	–	63.17	1642.48
78. Kotstrandarkirkja ....	1351.43	–	1300.00	10.72	62.15
79. Tungufellskirkja .....	1579.31	–	–	63.17	1642.48
80. Úthlíðarkirkja .....	8513.09	–	–	340.52	8853.61
81. Skálholtskirkja .....	4886.01	1200.00	–	217.03	6303.04
82. Hjallakirkja .....	1316.48	–	–	52.66	1369.14
83. Stóruborgarkirkja ....	13289.50	–	2000.00	491.58	11781.08
<b>Kjalarnessprófastsdæmi:</b>					
84. Landakirkja, Vestm. . .	27.14	200.00	–	4.42	231.56
85. Grindavíkurkirkja ....	1653.80	–	–	66.15	1719.95
86. Kirkjuvogskirkja .....	934.82	–	–	37.39	972.21
87. Brautarholtskirkja ....	770.29	–	–	30.81	801.10
88. Reynivallakirkja .....	4511.12	–	–	180.44	4691.56
89. Lágafellskirkja .....	574.48	–	–	22.98	597.46
90. Viðeyjarkirkja .....	103.00	–	103.00	–	0.00
91. Útskálakirkja .....	331.13	–	–	13.25	344.38
92. Hvalsnesskirkja .....	1004.98	225.00	–	42.17	1272.15
93. Keflavíkurkirkja .....	284.04	–	–	11.36	295.40
94. Kálfatjarnarkirkja ....	155.65	–	–	6.23	161.88
95. Bessastaðakirkja .....	109.24	–	–	4.37	113.61
96. Hafnarfjarðarkirkja ..	20502.55	–	–	820.10	21322.65
97. Saurbæjarkirkja, Kjal.	130.93	–	–	5.24	136.17

Kirkjur	Eign í árs- lok 1952 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1953 Kr.	78
<b>Reykjavíkurrófastsd.:</b>						
98. Dómkirkjan .....	31498.47	—	—	1259.96	32758.43	
<b>Borgarfjarðarrófastsd.:</b>						
99. Saurbæjarkirkja .....	4127.09	—	—	165.08	4292.17	
100. Leirárkirkja .....	584.93	—	—	23.40	608.33	
101. Hallgrímsk. í Saurbæ .	83339.33	35.00	—	3334.74	86709.07	
102. Reykholtskirkja .....	345.29	—	—	13.81	359.10	
103. Stóra-Ásskirkja .....	701.92	—	—	28.08	730.00	
104. Lundarkirkja .....	2117.85	—	—	84.71	2202.56	
105. Hvanneyrarkirkja ....	1314.89	—	975.00	48.22	388.11	
106. Bæjarkirkja .....	92.25	—	—	3.72	95.97	
107. Fitjakirkja .....	2101.30	—	—	84.05	2185.35	
108. Gilsbakkakirkja .....	7545.35	—	7500.00	276.66	322.01	
109. Síðumúlakirkja .....	2125.82	—	—	85.03	2210.85	
<b>Mýrarárófastsdæmi:</b>						
110. Stafholtskirkja .....	110.16	—	—	4.41	114.57	
111. Hjarðarholtskirkja ...	7.08	—	—	0.28	7.36	
112. Hvammsk. í Norðurárd.	2107.57	621.27	—	92.58	2821.42	
113. Norðtungukirkja .....	1105.51	—	1100.00	11.22	16.73	
114. Borgarkirkja .....	202.09	—	—	8.08	210.17	
115. Álftanesskirkja .....	1394.76	50.00	—	55.79	1500.55	
116. Álftártungukirkja ....	150.88	—	—	6.04	156.92	
117. Staðarhraunskirkja ...	2383.59	—	—	95.34	2478.93	
118. Kirkjusjóður Borgarn.	28699.03	—	28600.00	575.96	674.99	
119. Akrakirkja .....	2383.59	—	—	95.34	2478.93	
<b>Snæfellsnessrófastsd.:</b>						
120. Miklaholtskirkja .....	3589.76	—	—	143.59	3733.35	
121. — viðhaldssjóður ....	1169.85	—	—	46.79	1216.64	
122. Breiðabólstaðarkirkja	6109.45	—	—	244.38	6353.83	
123. Narfeyrarkirkja .....	1963.04	—	—	78.52	2041.56	
124. Fáskrúðarbakkakirkja	2846.67	—	1500.00	108.87	1455.54	
125. Ytri-Rauðamelskirkja .	5999.65	—	—	239.99	6239.64	
126. Kolbeinsstaðakirkja ...	2852.32	—	—	114.09	2966.41	
127. Ólafsvíkurkirkja .....	1052.88	—	—	42.12	1095.00	
128. Ingjaldshólskirkja ....	47.80	—	—	1.91	49.71	
129. Brimilsvallakirkja ....	1052.88	—	—	42.12	1095.00	
130. Helgafellskirkja .....	380.70	1000.00	—	51.89	1432.59	
131. Bjarnarhafnarkirkja ..	194.97	—	—	7.80	202.77	
132. Setbergskirkja .....	4179.69	—	4000.00	153.85	333.54	
133. Kirkjusj. Grafarness ..	33118.32	100.00	—	1325.41	34543.73	
134. Staðastaðarkirkja ....	1052.88	—	—	42.12	1095.00	
135. Búðakirkja .....	183.90	—	—	7.36	191.26	
136. Stykkishólmskirkja ..	194.98	—	—	7.80	202.78	
<b>Dalarárófastsdæmi:</b>						
137. Stóra-Vatnshornskirkja	2299.71	—	—	91.99	2391.70	
138. Kvinnabrekkukirkja ..	1226.60	—	—	49.06	1275.66	
139. Snóksdalskirkja .....	8616.59	—	—	344.66	8961.25	
140. Hjarðarholtskirkja ...	2266.60	—	—	90.66	2357.26	



78

Kirkjur	Eign í árs- lok 1952 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1953 Kr.
141. Hvammskirkja .....	1696.94	--	--	69.38	1766.32
142. Dagverðarnesskirkja ..	1637.80	--	--	65.51	1703.31
143. Staðarhólskirkja .....	219.88	--	--	8.80	228.68
144. Staðarfellskirkja .....	1637.80	--	--	65.51	1703.31
145. Skarðskirkja .....	3860.53	--	--	154.42	4014.95
146. Garpsdalskirkja .....	3860.53	--	--	154.42	4014.95
<b>Barðastrandarprófastsd.:</b>					
147. Bildudalskirkja .....	273.94	--	--	10.96	284.90
148. Selárdalskirkja .....	7159.71	--	--	286.39	7446.10
149. Saurbæjarkirkja .....	2051.15	--	--	82.05	2133.20
150. Sauðlauksdalskirkja ..	8126.79	--	7500.00	175.07	801.86
151. Breiðavíkurkirkja ....	2051.15	--	--	82.05	2133.20
152. Staðarkirkja á Reykjan.	3854.46	--	--	154.18	4008.64
153. Flateyjarkirkja .....	293.17	43.75	--	13.48	350.40
154. Gufudalskirkja .....	1067.34	--	--	42.69	1110.03
155. Skálmarnessmúlak. ...	807.18	43.75	--	34.04	884.97
156. Brjáslækjarkirkja ...	903.60	--	--	36.14	939.74
157. Hagakirkja .....	877.40	--	--	35.10	912.50
158. Reykhólakirkja .....	2399.18	--	--	95.97	2495.15
159. Stóra-Laugardalskirkja	4997.62	500.00	--	204.90	5702.52
160. Eyrakirkja .....	655.13	--	--	26.21	681.34
<b>V.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>					
161. Flateyrarkirkja .....	327.56	--	--	13.10	340.66
162. Holtsk. í Önundarf. ...	8.92	--	--	0.36	9.28
163. Kirkjubólaskirkja .....	327.56	--	--	13.10	340.66
164. Mýrakirkja .....	802.16	--	--	32.09	834.25
165. Sæbólaskirkja .....	227.91	--	--	9.12	237.03
166. Staðark. í Súgandaf. ...	147.00	--	--	5.88	152.88
167. Hraunskirkja .....	7782.18	--	--	311.29	8093.47
168. Núpskirkja .....	1780.29	--	--	71.21	1851.50
169. Þingeyrarkirkja .....	437.57	--	--	17.50	455.07
<b>N.-Ísafjarðarprófastsd.:</b>					
170. Ísafjarðarkirkja .....	52118.88	--	--	2084.76	54203.64
171. Nauteyrarkirkja .....	2739.42	--	--	109.58	2849.00
172. Vatnsfjarðarkirkja ...	259.79	--	--	10.39	270.18
173. Unaðsdalskirkja .....	2739.41	--	--	109.59	2849.00
174. Hólskirkja í Bolungav.	1345.33	--	--	53.81	1399.14
175. Ögurkirkja .....	3614.86	--	--	144.59	3759.45
176. Eyrarkirkja .....	3614.86	--	--	144.59	3759.45
177. Staðarkirkja í Aðalvík	108.51	--	--	4.34	112.85
<b>Strandaprófastsdæmi:</b>					
178. Staðarkirkja í Steingrf.	9421.70	--	--	376.87	9798.57
179. Prestsbakkakirkja ....	5718.10	--	--	228.72	5946.82
180. Staðarkirkja í Hrótaf. .	1110.00	--	475.00	34.90	669.90
181. Árnesskirkja .....	8462.40	--	--	338.50	8800.90
182. Óspakseyrarkirkja ....	692.35	--	--	27.69	720.04
183. Kollafjarðarnesskirkja	26.27	--	--	1.05	27.32

Kirkjur	Eign í árs- lok 1952 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1953 Kr.	78
<b>Húnavatnsprófastsdæmi:</b>						
184. Staðarbakkakirkja . . . .	244.78	—	—	9.79	254.57	
185. Kirkjuhvammskirkja . . .	146.23	—	—	5.85	152.08	
186. Hofskirkja á Skagastr.	2432.14	—	—	97.29	2529.43	
187. Bergsstaðakirkja . . . . .	164.88	—	—	6.60	171.48	
188. Höskuldsstaðakirkja . . .	10047.32	—	—	401.89	10449.21	
189. Efra-Núpskirkja . . . . .	185.81	—	—	7.43	193.24	
190. Bólstaðarhlíðarkirkja . .	1431.12	—	—	57.24	1488.36	
191. Blönduósskirkja . . . . .	6509.27	—	—	260.37	6769.64	
192. Holtastaðakirkja . . . . .	1431.12	—	—	57.24	1488.36	
193. Spákonufellskirkja . . . .	27.28	—	—	1.09	28.37	
194. Þingeyrakirkja . . . . .	311.97	—	—	12.48	324.45	
195. Tjarnarkirkja . . . . .	4.61	—	—	0.18	4.79	
196. Undirfellskirkja . . . . .	311.96	—	—	12.49	324.45	
197. Auðkúlukirkja . . . . .	4143.38	—	—	165.74	4309.12	
198. Svinavatnaskirkja . . . . .	1169.85	—	—	46.79	1216.64	
199. Breiðabólstaðarkirkja . .	555.53	—	—	22.22	577.75	
200. Víðidalstungukirkja . . . .	555.53	—	—	22.22	577.75	
<b>Skagafjarðarprófastsd.:</b>						
201. Sauðárkróskirkja . . . . .	9368.74	—	—	374.75	9743.49	
202. Reynistaðarkirkja . . . . .	733.22	—	—	29.33	762.55	
203. Rípurkirkja . . . . .	309.36	—	—	12.37	321.73	
204. Glaumbæjarkirkja . . . . .	517.73	—	—	20.71	538.44	
205. Reykjakirkja . . . . .	654.54	—	—	26.18	680.72	
206. Mælifellskirkja . . . . .	780.69	—	—	31.23	811.92	
207. Barðskirkja . . . . .	4514.55	—	—	180.58	4695.13	
208. Hólakirkja . . . . .	557.93	—	—	22.32	580.25	
209. Árbæjarkirkja . . . . .	654.54	—	—	26.18	680.72	
210. Goðdalakirkja . . . . .	3419.90	—	—	136.80	3556.70	
211. Silfrastaðakirkja . . . . .	740.91	—	—	29.64	770.55	
212. Miklabæjarkirkja . . . . .	3287.09	—	—	131.48	3418.57	
213. Flugumýrarkirkja . . . . .	781.46	—	—	31.26	812.72	
214. Ketukirkja . . . . .	1551.01	—	—	62.04	1613.05	
215. Viðvíkurkirkja . . . . .	1724.05	—	—	68.90	1792.95	
216. Hvammskirkja í Laxd.	801.20	—	—	32.05	833.25	
217. Knappstaðakirkja . . . . .	1667.19	—	—	66.69	1733.88	
218. Hofskirkja . . . . .	438.69	—	—	17.55	456.24	
219. Fellskirkja . . . . .	173.02	—	150.00	3.92	26.94	
220. Viðimýrarkirkja . . . . .	678.34	—	—	27.13	705.47	
221. Hofsstaðakirkja . . . . .	292.47	—	—	11.70	304.17	
<b>Eyjafjarðarprófastsd.:</b>						
222. Grímseyjarkirkja . . . . .	4890.59	—	4850.00	147.12	187.71	
223. Glæsibæjarkirkja . . . . .	1410.31	—	—	56.41	1466.72	
224. Hólakirkja . . . . .	219.35	—	—	8.77	228.12	
225. Kaupangskirkja . . . . .	233.93	—	—	9.36	243.29	
226. Grundarkirkja . . . . .	219.35	—	—	8.77	228.12	
227. Saurbæjarkirkja . . . . .	10795.43	—	—	431.82	11227.25	
228. Möðruvallakirkja . . . . .	219.35	—	—	8.77	228.12	

78

	Kirkjur	Eign í árs- lok 1952 Kr.	Lagt inn Kr.	Tekið út Kr.	Vextir Kr.	Eign í árs- lok 1953 Kr.
229.	Munkaþveráarkirkja ...	5548.55	—	—	221.94	5770.49
230.	Akureyrarkirkja .....	131.98	—	—	5.28	137.26
231.	Lögmannshlíðarkirkja	4002.78	—	—	160.11	4162.89
232.	Bakkakirkja .....	833.53	—	—	33.34	866.87
233.	Bægisáarkirkja .....	2733.10	—	—	109.32	2842.42
234.	Urðakirkja .....	1579.31	—	—	63.17	1642.48
235.	Vallakirkja .....	188.38	—	—	7.53	195.91
236.	Upsakirkja .....	1579.31	—	—	63.17	1642.48
237.	Stærra-Árskógskirkja .	595.53	—	212.50	23.82	406.85
238.	Hríseyjarkirkja .....	1579.31	—	—	63.17	1642.48
239.	Möðruvallakl.kirkja ..	5635.29	—	—	225.41	5860.70
<b>S.-Þingeyjarprófastsd.:</b>						
240.	Laufáskirkja .....	2926.42	—	—	117.06	3043.48
241.	Svalbarðskirkja .....	1535.44	—	—	61.42	1596.86
242.	Hálskirkja .....	2407.52	—	—	96.30	2503.82
243.	Ljósavatnaskirkja .....	1567.60	—	—	62.70	1630.30
244.	Þóróddsstaðarkirkja ..	1978.46	—	—	79.14	2057.60
245.	Lundarbrekkukirkja ..	1567.60	—	—	62.70	1630.30
246.	Skútustaðarkirkja .....	4042.79	—	—	161.71	4204.50
247.	Reykjahlíðarkirkja ...	4255.87	—	—	170.23	4426.10
248.	Brettingsstaðarkirkja ..	3553.06	—	—	142.12	3695.18
249.	Illugastaðarkirkja .....	834.04	—	830.00	16.76	20.80
250.	Einarsstaðarkirkja .....	752.62	—	—	30.10	782.72
251.	Grenjaðarstaðarkirkja	5804.97	—	—	232.20	6037.17
252.	Grenivíkurkirkja .....	1704.39	—	—	68.17	1772.56
253.	Þönglabakkakirkja ...	6512.39	—	—	260.50	6772.89
254.	Þveráarkirkja .....	752.62	—	—	30.10	782.72
255.	Nesskirkja .....	54.59	—	—	2.18	56.77
256.	Flateyjarkirkjusjóður .	12207.00	—	—	488.28	12695.28
<b>N.-Þingeyjarprófastsd.:</b>						
257.	Skinnastaðarkirkja ...	2644.58	—	—	105.78	2750.36
258.	Presthólakirkja .....	681.41	—	—	27.26	708.67
259.	Ásmundarstaðarkirkja .	75.18	—	—	3.01	78.19
260.	Svalbarðskirkja .....	139.20	—	—	5.57	144.77
261.	Víðihólskirkja .....	528.06	—	500.00	16.12	44.18
262.	Sauðanesskirkja .....	320.47	—	—	12.82	333.29
		2072885.88	220846.21	79227.98	85729.58	2300233.69

Sé vaxtaafgangsupphæðinni, kr. 73556.89, bætt við ofangreinda upphæð, kr. 2300233.69, verður eign sjóðsins í árslok eins og segir í aðalreikningnum, kr. 2373790.58.

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. febrúar 1954.

**Ásmundur Guðmundsson.**

**S A M Þ Y K K T**

79

26. maí

**fyrir veiðifélag Hrófárfiskihverfis.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Hrófár-fiskihverfis. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns.

**2. gr.**

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu, og að leigja veiðisvæðið til stangarveiði.

**3. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrófá, Arnkötluðalsá og Tröllatunguá, en þær eru Hrófá, Tungugróf, Tröllatunga, Arnkötluðalur og Vonarholt.

**4. gr.**

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

**5. gr.**

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

**6. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfund til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

**7. gr.**

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

**8. gr.**

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um breytingar á samþykkt félagsins og gjaldskrá, samanber 11. og 13. grein. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

79

26. maí

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

9. gr.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki líða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

80

1. júní

## REGLUR

### um flutning á ammoniumnitratáburði í skipum.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um flutning á ammoniumnitratáburði með skipum.

1. gr.

Ammoniumnitratáburður kallast í reglum þessum smákristallað ammoniumnitrat ( $\text{NH}_4 \text{NO}_3$ ), sem er kornað og kornin húðuð með kisiljörð eða öðrum viðeigandi ólífrænum efnum.

2. gr.

Ammoniumnitratáburð má einungis flytja í viðurkenndum umbúðum, sem eru það vel lokaðar, að ekki er hætt á, að úr umbúðunum sáldrist við flutninginn. Viðurkenndar umbúðir eru:

- a. Vel lokuð gler- eða leirilát.
- b. Vel lokaðar dósir eða stáldúnkar.

- c. Vel lokaðar, nýjar málmumbúðir, t. d. stáltunnur.  
 d. Margfaldir kraftpappírspokar, með einu eða fleiri rakaeinangrunarlögum. Pokarnir verða að vera vel lokaðir, svo öruggt sé að ekki sáldrist úr þeim.

80

1. júní

**3. gr.**

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir staflíð a, b og c í 2. gr., skulu ekki vera stærri en svo, að þær rúmi meðfærilegt magn af áburði, en umbúðir þær, sem nefndar eru undir d-lið sömu greinar, mega ekki vera stærri en svo, að þær rúmi mest 50 kg.

**4. gr.**

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir a- og b-lið 2. gr., skulu búnað hlífðar- eða ytri umbúðum, svo sem kössum úr timbri eða öðru viðeigandi efni eða sterkum riðnum körfum úr tágum eða járngrjörðum. Milli ytri og innri umbúða skal vera tróð úr viðeigandi ólifrænu efni, svo öruggt sé að ytri umbúðirnar snerti ekki þær innri. Ef innri umbúðirnar eru úr gleri eða leir og á þeim háls eða stútur, skal viðeigandi hlífðarbúnaður einnig vera um hálsinn, t. d. hetta eða hálmvaf.

**5. gr.**

Áður en ammoniumnitratáburður er tekinn til flutnings í skip, ber skipstjóra að fullvissa sig um, að hlutaðeigandi yfirvöld hafi viðurkennt efnið hæft til flutnings í skipi.

**6. gr.**

Í skipum má flytja ammoniumnitratáburð á þilfari og undir því, en ekki nálægt brennanlegum varningi eða sterkum sýrum. Sprengiefni má ekki flytja í sama farmrúmi og áburðinn og heldur ekki í næsta farmrúmi við hann.

Verði ammoniumnitrat flutt í skipum til annarra landa, skal um þann flutning fara eftir reglum þess lands, sem varan er flutt til.

**7. gr.**

Farmrúm, sem áður hefur verið notað til flutnings á lifrænum efnum, t. d. fiski, fiskmjöli o. þ. h., skal vandlega hreinsað áður en ammoniumnitratáburður er látinn í það.

**8. gr.**

Merkja skal í lát það, sem ammoniumnitrat eða ammoniumnitratáburður er fluttur í, með merkiseðli „F“, sjá reglur um flutning á hættulegum varningi nr. 61 28. marz 1953.

**9. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari verða refsingu samkvæmt XI. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

**10. gr.**

Reglur þessar öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1954.

Ólafur Thors.

Páll Pálmarson.

81

## REGLUGERÐ

2. júní

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

## 1. gr.

27. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:
1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kornvara.
  2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Jarðepli, rófur.
  3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Hey, fódurbætir, áburður.
  4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks, mór, salt.
  5. flokkur. Gjald kr. 2.40 fyrir hver 100 kg:  
Eldfastur leir og steinn, gólfllisar, þakhellur, veggflisar og efni til múr-  
húðunar, sement, benzín, olíur.
  6. flokkur. Gjald kr. 3.20 fyrir hver 100 kg:  
Veiðarfæri og efni til þeirra, fiskumbúðir, pokar, beita.
  7. flokkur. Gjald kr. 3.40 fyrir hver 100 kg:  
Sykur, smjörlíki, mör, tólg.
  8. flokkur. Gjald kr. 6.40 fyrir hver 100 kg:  
Járn, vélar, vélahlutar, saumur, gler, krossviður.
  9. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem gjald hefur verið tekið af eftir þyngd.
  10. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður.
  11. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Húsgögn, hljóðfæri.
  12. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur, endursendar umbúðir, vín, öl- og gosdrykkjakassar, sauðfé,  
loðdýr.
  13. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hvern grip:  
Stórgripir.
  14. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Hrogn, saltsíld.
  15. flokkur. Gjald kr. 2.40 fyrir hver 100 kg:  
Saltfiskur, fullverkaður saltfiskur, ísvarinn fiskur, söltuð þunnildi, fiskimjöl.
  16. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:  
Lýsi, sundmagi, skreið, fiskroð, niðursoðinn fiskur, hraðfrystur fiskur,  
reyktur fiskur.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1954.

Ólafur Thors.

*Brynjólfrur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

82

3. júní

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við 40. gr.  
lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

Við 40. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:  
Einstefnuakstur skal vera í Aðalstræti frá Austurvegi á Silfurtorg, á Silfurgötu  
frá Silfurtorgi á Sundstræti og á Þvergötu frá Brunngötu á Sundstræti.  
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 3. júní 1954.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Emil Ágústsson.*

## REGLUGERÐ

83

4. júní

um flutning á ammoniumnitratáburði á landi og geymslu hans.

### 1. gr.

Ammoniumnitratáburður kallast í reglugerð þessari smákrystallað ammonium-  
nitrat ( $\text{NH}_4 \text{NO}_3$ ), sem er kornað og kornin húðuð með kísiljörð eða öðrum við-  
eigandi ólífrænum efnum.

### 2. gr.

Ammoniumnitratáburð má einungis geyma og flytja í viðurkenndum umbúðum,  
sem eru það vel lokaðar, að ekki sé hætt á, að úr þeim sáldrist við flutninginn.

Viðurkenndar umbúðir eru:

- a. Vel lokuð gler- eða leirilát.
- b. Vel lokaðar dósir eða stáldúncar.
- c. Vel lokaðar nýjar málmumbúðir, t. d. stáltunnur.
- d. Margfaldir kraftpappírspokar, með einu eða fleiri rakavarnarlögum. Pokarnir  
skulu vera vel lokaðir, svo öruggt sé að ekki sáldrist úr þeim.

### 3. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir stafliðum a, b og c í 2. gr., skulu ekki vera  
stærri en svo, að þær rúmi meðfærilegt magn af áburði, en umbúðir þær, sem  
nefndar eru undir d-lið, sömu gr., mega ekki vera stærri en svo, að þær rúmi mest  
50 kg.

### 4. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir a og b-lið 2. gr., skulu búnar hlífðar-  
eða ytri umbúðum, svo sem kössum úr timbri eða öðru viðeigandi efni, eða traust-  
riðnum körfum úr tágum eða járngjörðum. Milli ytri og innri umbúða skal vera  
tróð úr viðeigandi ólífrænu efni, svo öruggt sé að ytri umbúðir snerti ekki þær innri.  
Ef innri umbúðirnar eru úr gleri eða leir og á þeim háls eða stútur, skal viðeigandi  
hlífðarbúnaður einnig vera um hálsinn, t. d. hetta eða hálmvaf.



83

4. júní

5. gr.  
Umbúðir þær, sem ammoniumnitratáburður er fluttur í skulu merktar með merkiseðli „F“, sbr. reglur um flutning á hættulegum varningi, nr. 61 28. marz 1953.

6. gr.

Sá sem afgreiðir ammoniumnitratáburð til flutnings á landi ber ábyrgð á, að umbúðir séu samkvæmt því, sem krafizt er í 2. gr. reglugerðar þessarar og ekki má hann afhenda áburðinn fyrr en hann hefur fullvissað sig um, að flutningatæki það, sem áburðinn á að flytja sé til þess hæft samkv. 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Til flutnings á ammoniumnitratáburði á landi má nota vörubifreið og opna vagna og skal lagfaran hafa vatnshelda yfirbreyðslu yfir farminum. Þess skal vandlega gætt, að flutningspallur bifreiðar eða vagns sé heill og sléttur og út úr honum standi ekkert það, sem valdið gæti skemmdum á umbúðum áburðarins.

Áður en áburðurinn er látinn á bifreið eða flutningavagn, skal vörupallurinn vandlega sópaður og ef nauðsynlegt kann að þykja að dómi þess, sem áburðinn afhendir til flutnings, skal hann þveginnt með vatni svo öruggt sé, að hann sé hreinn og engar leifar fyrri flutnings á honum.

8. gr.

Við fermingu og affermingu ammoniumnitratáburðar skal þess vandlega gætt, að umbúðir skemmist ekki. Skemmdir eða rifnir þegar skulu þegar settir til hliðar og innihald þeirra sett í nýja þoka, sem skulu vera það stórir, að þeir rúmi allt innihald hinna skemmdu þoka og að þeim verði síðan örugglega lokað. Öllum áburði, sem fer niður, skal þegar sópað upp og hann grafinnt í jörðu eða kastað í vatn.

9. gr.

Til geymslu á ammoniumnitratáburði má einungis nota hús með góðri loftræstingu og skulu þau þannig gerð, að auðveldlega megi auka súg í gegnum þau, ef eldur kemur upp. Í nánd við geymsluhús skal vera greiður aðgangur að nægu vatni til slökkvistarfa.

10. gr.

Áður en ammoniumnitratáburður er látinn í hús, skal sá hluti hússins, sem til geymslunnar er ætlaður, vandlega ræstur, svo þar séu engin óhreinindi eða óviðkomandi efni.

Ekki má geyma ammoniumnitratáburð í sama húsi og sprengiefni eða sprengifim efni og ekki í nánd við lífræn, brennanleg eða tærandi efni. Ekki má heldur geyma áburðinn nálægt rafleiðslum, eimpípum eða öðrum heitum hlutum.

11. gr.

Áður en ammoniumnitratáburður er látinn í hús skulu hreinar timburfjalir lagðar á gólfið, þar sem hlaða á áburðinum.

Stærð hvers þokahlaða í húsi má ekki vera meiri en 3.8 m á hlið, ef ekki er hlaðið með loftrúmi milli þoka. Ef loftrúm er milli þoka í hlaða má hlaðinn stækka, sem loftrúminu nemur, þó má stærð hlaða aldrei vera meiri en 5 m á hlið. Mesta hæð þokahlaða má vera 4.35 m og skulu þá í hæðinni vera að minnsta kosti tvö 10 cm loftbil, þannig að hæðin skiptist í þrjú jöfn hæðabil. Fjarlægð þokahlaða frá vegg má ekki vera minni en 0.75 m, en bil milli þokahlaða skal ekki vera minna en 0.5 m.

## 12. gr.

Fari ammoniumnitratáburður niður á gólf í geymsluhúsi skal honum þegar sópað upp og hann strax grafinn í jörðu eða kastað í vatn. Innihald rifinna eða skemmdra poka skal láta í nýja poka, sem séu það stórir, að þeir rúmi allt innihaldið og verði síðan örugglega lokað.

Timburgólf, sem áburður hefur til muna spillzt niður á, skulu vandlega þvegin úr vatni.

## 13. gr.

Þar sem ammoniumnitratáburður er geymdur, skulu reykingar stranglega bannaðar, svo og umferð með opinn eld eða óbirt ljós.

## 14. gr.

Á notkunarstað má ekki geyma ammoniumnitratáburð í sama húsi og lífræn brennanleg eða tærandi efni. Æskilegast er, að áburðurinn sé geymdur í sérstæðum húsum, fjarri hlöðum eða gripahúsum.

## 15. gr.

Við notkun skal gæta þess, að nota þegar allt innihald poka, sem opnaður hefur verið og brenna síðan tómu pokunum, fáum í einu.

## 16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 4. júní 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## SAMÞYKKT

**um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina á Ísafirði.**

## 1. gr.

Sölubúðum á Ísafirði skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

## 2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 1 síðdegis, nema þeir dagar séu mánudagar, þá má hafa opið til kl. 4 síðdegis.

**84** Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum og sölu-  
10. júní stöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis  
einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal á laugardögum loka sölubúðum  
og sölustöðum eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Á tímabilinu 1. október til 30. apríl skal  
á laugardögum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Föstudaga á tímabilinu 30. apríl til 29. september má hafa opið til kl. 7 síðdegis.

### 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudaginn í ágúst-  
mánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað kl.  
12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

### 4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal  
sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum, ein-  
göngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri, sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-  
mánuði frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi. Þó skal loka páskadag, jóladag og nýjár-  
dag svo sem öðrum búðum.

Aðfangadag jóla og gamlársgangur til kl. 4 síðdegis.

Fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Laugardaga til kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir, svo og almenna frídaga, má þó jafnan  
hafa opna aðalbúð hvers brauðgerðarhúss frá kl. 9 árdegis til kl. 12 á hádegi.

### 5. gr.

Lyfjabúðir mega afgreiða lyf og sjúkragögn hvenær sem er, en aðrar vörur ekki  
á þeim tíma, sem almennar búðir eru lokaðar.

### 6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á strætum og torg-  
um eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nema úr sjálfsöllum, nokkurn  
þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

### 7. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt  
að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lok-  
unartíma.

### 8. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hvers konar verzlunar- eða iðnaðarfyrir-  
tækjum eða skrifstofum á Ísafirði, skal eigi vera lengri á degi hverjum en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára 8 klst. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri 9½ klst. á dag.

### 9. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og inheimtu, er sendisveinar starfa að, skal  
lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða, verk-  
staða eða skrifstofa, og daginn fyrir almenna frídaga eigi síðar en tveim klukku-  
stundum eftir lokunartíma.

## 10. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanirnar eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

84

10. júní

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Ísafjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði, nr. 72 frá 7. ágúst 1930, og breytingar á þeirri samþykkt, nr. 105 frá 30. október 1930, nr. 47 frá 14. júlí 1936, nr. 64 frá 11. júní 1937, nr. 95 frá 19. júní 1944 og nr. 196 frá 30. október 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1954.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## S A M Þ Y K K T

### um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

85

10. júní

## 1. gr.

Skósmíðavinnustofum í Reykjavík skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema laugardaga kl. 12 á hádegis og þær ekki opnar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir: Aðfangadag jóla og gamlársdag skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 9 síðdegis.

## 3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-mánuði mega engar skósmíðavinnustofur vera opnar.

Hinn 1. maí og 1. desember skal öllum skósmíðavinnustofum lokað kl. 12 á hádegis ef þessa daga ber upp á virka daga.

## 4. gr.

Menn, sem komnir eru inn á skósmíðavinnustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 60—1500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem opinber mál.

85 Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 10. júní 17. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 56 5. júní 1937.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1954.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnaugur Þórðarson.*

86  
11. júní

## SAMÞYKKTIR

fyrir Samvinnusparisjóðinn, Reykjavík.

### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Samvinnusparisjóðurinn. Heimili og varnarþing hans er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru 54 ábyrgðarmenn hans, og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar, til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meira en 500 krónur. Hver ábyrgðarmaður leggur fram þegar í stað 250 kr. af ábyrgðarupphæði sinni sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

#### 3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 49, búsettir í Reykjavík. Skal stjórninni, með aðstoð annarra ábyrgðarmanna, skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri en að framan er greint. Ábyrgð getur eigi fallið niður, nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður ör-eigi á annan hátt. Stofnfjárframlag ábyrgðarmanns endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en hinir 2 af bæjarstjórn Reykjavíkur á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kys formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess, að bæjarstjórn kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins hefur umsjón með öllum framkvæmdum hans. Hún ræður 86 starfsmenn hans, ákveður kaup þeirra og kjör og segir þeim upp starfi, ef henni 11. júní bykir ástæða til.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

#### 5. gr.

Stjórnendur sjóðsins, og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábygjast lán úr honum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins. Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðsins í stjórn einhvers annars fyrirtækis eða framkvæmdastjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum nema sparisjóðsstjórnin samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, sem áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr  $\frac{3}{5}$  matsverðs fasteignarinnar.

#### 6. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins og ráðnir starfsmenn hans.

#### 7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávisun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnendur hafi þessi störf með höndum.

#### 8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir.

Sparsjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

#### 9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í sjóðbók sjóðsins og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

#### 10. gr.

Allar bækur sjóðsins, skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,

86 sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi, hverju breytt 11. júní hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

#### 11. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þurfa þykir, og ákveður stjórnin, hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins. Sparisjóðsstjórnin skal hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

#### 12. gr.

Fyrir lok aprílmánaðar ár hvert skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á póststofuna í Reykjavík 5 dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og féhirðis, og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur, þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur, hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki.

Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

#### 13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók, og fær hver innlagsmaður dálk.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og samþykktir sparisjóðsins sjálf, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Sparisjóðurinn tekur einnig við innlögum með þeim kjörum, að hægt er að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess, að viðskiptabók sé sýnd, og skal þá greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.
- e. Aldrei má sparisjóðurinn taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nema 25 sinnum eigin fé sparisjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá, samkvæmt þessari málsgrein, önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla í eigninni, nemur ekki meira en  $\frac{1}{3}$  fasteignamatverðs hennar.
- f. Ef einstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- g. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.
- h. Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóðinn, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi, á meðan það stendur þar.

## 14. gr.

86

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga. 11. júní

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers ár. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á dálk hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, þó svo, að frá teljast móttökudagar og úttökudagar, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema 1000 kr. eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir 14. jan. ár hvert, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðrétta skal skekkjuna á þann hátt, að skrá mismuninn, er jafnframt færast sparisjóðnum til reiknings í innstæðubókina og viðskiptabókina, næst þegar hún verður sýnd.

## 15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500 til 1500 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

## 16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd, og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana, eða gegn ávisun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé rétt gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

Nú ber viðskiptabók eigi slíka áletrun, og er það þá eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnt í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið í hlutaðeigandi dálk í innstæðubók, um leið og greiðslan er þar skráð, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

## 17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum, og tilfærast endurborgað fé í dálk eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds. Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu,



86 sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfur á hendur sparisjóðnum.

## 18. gr.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda, að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða fé, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára.

## 19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

## 20. gr.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt, að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst  $\frac{1}{10}$  af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórnin tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

## 21. gr.

Sparisjóðurinn greiðir árlega 2% af nettó ágóða sínum í tryggingarsjóð sparisjóða, unz eign sparisjóðsins í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

## 22. gr.

Árstekjur sparisjóðsins, að frádrögnum kostnaði, greiðslu í tryggingarsjóð, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóðs.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðunni.

Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar hagar varasjóðs leyfir, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamra fyrirtækja í almenningsþarfir í héraðinu.

## III. Um lánveitingar o. fl.

## 23. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- a. Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngóð.
- b. Með því að lána fé til einstakra manna eða félaga gegn áreiðanlegu fasteignaveði eða gegn sjálfskuldabyrgð. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum má þó

- því aðeins veita lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með ár- **86**  
 legri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni. 11. júní
- c. Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins álitur heppilegan. Stjórnin setur sér  
 reglur um lánveitingar úr sjóðnum.

#### 24. gr.

Sparisjóðsstjórnin setur reglur um hvernig lánnum skulu hagað, en í þeim regl-  
 um skulu vera eftirtalin atriði:

Til lána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteigna-  
 veðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóðurinn aldrei verja meira en sem svarar  
 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema  
 meira en 2 sinnum eigin fé sjóðsins.

Aldrei má sparisjóðurinn lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamön-  
 num, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé  
 sínu. Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅓ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði.
3. Lán, sem eru tryggð með inneign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréf-  
 um eða öðru handveði.

#### 25. gr.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum. Skal hvert lán hafa dálk  
 út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins,  
 afborganir og vaxtagreiðslur. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins,  
 er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

#### 26. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til  
 annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum.  
 Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi  
 ákveðið það.

Hafi sparsjóðurinn tekið lán, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur  
 fyrir hverja lántöku.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til trygg-  
 ingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum  
 sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur  
 sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

#### 27. gr.

Sparisjóðurinn má eigi eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru  
 vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf,  
 sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal  
 hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. Sparisjóð-  
 urinn má ekki ganga í ábyrgð fyrir aðra. Halda skal skrá um eignir sparsjóðsins,  
 svo sem verðbréf o. fl.

#### 28. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

### IV. Um reikninga sparisjóðsins.

#### 29. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikingur hans  
 ávallt vera tilbúinn fyrir marzmanaðarlok ár hvert.

## 30. gr.

- Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:
1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum, og sé þar greint, hver sjóðsforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok.
  2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið; einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir ábata og halla sjóðsins.
  3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efna-hagsreikning fyrir sjóðinn, eins og hagur hans stóð í árslok.

## 31. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignarveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrirfram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir. Gjaldalagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

## 32. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir sparisjóðseftirlitsins sýna.

## V. Um endurskoðun.

## 33. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, kýs bæjarstjórn Reykjavíkur með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

## 34. gr.

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

## 35. gr.

Jafnan skulu endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits. Einnig eiga þeir rétt á að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins, svo oft sem þeim þykir þörf á.

## 36. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því, að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt tilfærðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

## 37. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir miðjan marzmánuð. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

86

11. júní

## 38. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

## 39. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Yngvi Ólafsson.*

## REGLUGERÐ

um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

87

15. júní

## I. KAFLI

## Um orlof.

## 1. gr.

Starfsmenn ríkisins skulu árlega fá orlof í 15 virka daga og einskis í missa af föstum launum.

Nú hefur starfsmaður verið í þjónustu ríkisins 10 ár eða lengur, og skal hann þá fá orlof sem hér segir:

a. Í 18 virka daga, ef hann á að baki 10—15 ára þjónustualdur.

b. Í 24 virka daga, ef hann á að baki lengri þjónustualdur en 15 ár.

Starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár, skulu fá þriggja daga orlof, að viðbættum einum degi fyrir hvern mánuð, sem þeir hafa verið í starfi.

Orlofsárið telst frá 1. júní til 31. maí næsta ár á eftir.

## 2. gr.

Starfsmenn skulu að jafnaði taka orlof á tímabilinu frá 1. júní til 15. september.

Forstjóri hvernar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður í samráði við starfsmenn í hvaða röð þeir taka orlof.

87

15. júní

3. gr.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof eitthvert ár, og er honum þá rétt, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta, til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkvæmt beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

Skýlt er starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans skipar svo.

4. gr.

Þeir starfsmenn, sem notið hafa lengra orlofs fyrir gildistöku reglugerðar þessarar en ákveðið er í 1. gr., skulu halda því meðan þeir gegna því starfi, enda veiti fjármálaráðuneytið heimild til slíks um hvern einstakan starfsmann. Haldast skulu og sérreglur um orlof starfsmanna í lögum og ráðningarsamningum í tilteknum greinum eða tilteknum störfum.

## II. KAFLI

### Um veikindaforföll.

5. gr.

Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann þegar tilkynna það yfirboðara sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafizt. Vottorð skal vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar, ef þess er óskað.

6. gr.

Starfsmaður skal halda fullum launum svo lengi sem veikindadagar hans verða eigi fleiri en 90 á 12 mánuðum. Ef þeir verða fleiri, lækka launin um helming þann tíma, sem umfram er. Þegar starfsmaður hefur verið fjarverandi í 180 daga á 12 mánuðum, fellur launagreiðsla niður. Fyrir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins í 10 ár, lengist 90 daga tímabilið í 120 daga og 180 daga tímabilið í 240 daga. Eftir 15 ára þjónustualdur lengist tíminn á sama hátt í 180 daga og 360 daga. Starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu ríkisins í 20 ár eða lengur, á rétt til fullra launa í 360 veikindadaga á 12 mánuðum, en þá fellur launagreiðsla niður.

Starfsmenn ríkisins, er verið hafa skemur en 6 mánuði í starfi, eiga rétt til óskertra launa í 30 daga og hálfra launa í 30 daga.

7. gr.

Nú hefur starfsmaður verið tvisvar sinnum frá störfum vegna veikinda með fullum launum þá dagatölu, er hann samkvæmt 6. gr. nýtur óskertra launa, og skerðast þá um helming næstu 4 ár hlunnindi þau, er hann á samkvæmt ákvæðum 6. gr. um greiðslur í veikindaforföllum.

8. gr.

Starfsmaður, sem verið hefur veikur í einn mánuð eða lengur, má ekki hefja starf að nýju, nema lækniir votti, að heilsa hans leyfi.

Krefjast má vottorðs trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar.

9. gr.

Ef starfsmaður í þjónustu ríkisins er frá starfi vegna veikinda svo mánuðum skiptir á hverju ári um 5 ára tímabil og ekki er skýlaust vottað samkvæmt ákvæðum 8. gr., að hann hafi fengið heilsubót, sem ætla megi varanlega, má veita starfsmanni lausn frá störfum vegna heilsubrests. Skal það að jafnaði gert, nema alveg

sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem að fært sé að heita heimild 2. málsgr. 87 25. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til að leyfa starfsmanni að vinna  $\frac{2}{3}$  starfstíma gegn samsvarandi launafrádrætti. 15. júní

Með sama hætti er rétt að veita manni lausn frá starfi vegna heilsubreysts, ef hann hefur verið frá vinnu vegna veikinda tvöfaldan þann tíma, er hann átti rétt til að halda launum í fjarveru sinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Þetta gildir þó eigi, ef læknir vottar að líkur séu til fulls bata á næsta misseri, enda sé starfsmanni þá veitt lausn að liðnu því misseri, ef hann er þá enn óvinnufær.

Ekki skulu framangreindar reglur um veikindaforföll vera því til fyrirstöðu, að starfsmanni verði veitt lausn frá störfum vegna vanheilsu, er hann æskir þess, ef hann er samkvæmt læknisvottorði orðinn varanlega ófær um að gegna starfi vegna vanheilsu. Fer þá um greiðslu launa samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

#### 10. gr.

Halda skal skrá yfir veikindadaga opinberra starfsmanna við hverja stofnun. Ef starfsmaður flyzt milli starfa, skal leggja saman veikindadaga hans í báðum störfum, eftir því sem við á.

#### 11. gr.

Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

#### 12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1954, og falla þá jafnframt úr gildi eldri ákvæði, er brjóta kunna í bága við ákvæði hennar.

*Fjármálaráðuneytið, 15. júní 1954.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## SKRÁ

um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

88

16. júní

Í skrá þeirri, sem hér fer á eftir, og birt er samkvæmt 8. gr. laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o. fl., eru talin nöfn býla, utan kaupstaða, sem hlotið hafa staðfestingu ráðuneytisins á árinu 1953.

#### 1. Borgarfjarðarsýsla.

*Galtarlækur*, nýbýli úr landi Innri-Galtarvíkur í Skilmannahreppi.

*Laugarholt*, nýbýli úr landi Langholts í Andakílhreppi.

Býli þetta var vegna misritunar nefnt Laugarhóll í skrá í B-deild Stjórnartíðinda, 11. febr. 1952, um nöfn á nýbýlum og breytingar á bæjanöfnum.

*Kópareykir II*, nýbýli úr landi Kópareykja í Reykholtisdalshreppi.

*Stóri-Lambhagi II*, nýbýli úr landi Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi.

**2. Dalasýsla.**

*Grund*, nýbýli úr landi Litla-Geiradals í Fellstrandarhreppi.  
*Garður*, nýbýli úr landi Sælingsdalstungu í Hvammshreppi.

**3. Strandasýsla.**

*Holt*, nýbýli úr landi Bæjar í Bæjarhreppi.  
*Melar II*, nýbýli úr landi Mela í Bæjarhreppi.  
*Melar III*, nýbýli úr landi Mela í Bæjarhreppi.

**4. Vestur-Húnavatnssýsla.**

*Bólstaður*, nýbýli úr landi Ytri-Ánastaða í Kirkjubæjshreppi.

**5. Austur-Húnavatnssýsla.**

*Kaldakinn II*, nýbýli úr landi Köldukinnar í Torfalækjarhreppi.

**6. Skagafjarðarsýsla.**

*Gilslaug*, býli úr landi Gils í Holtshreppi.  
*Hjallaland*, nýbýli úr landi Hóls í Staðarhreppi.  
*Hjaltastaðir III*, nýbýli úr landi Hjaltastaða I í Akrahreppi.  
*Hólavellir*, nýtt nafn á nýbýlinu Hólar II í Holtshreppi.  
*Laufhóll*, nýbýli úr landi Brimness í Viðvíkurhreppi.

**7. Suður-Þingeyjarsýsla.**

*Grundargil*, nýbýli úr landi Glaumbæjar í Reykjadalshreppi.  
*Klambrasel II*, nýbýli úr landi Klambrasels í Aðaldælahreppi.  
*Laugavellir*, nýbýli úr landi Stóru-Lauga í Reykdælahreppi.  
*Öndólfstaðir II*, nýbýli úr landi Öndólfstaða (Öndottsstaða) í Reykdælahreppi.

**8. Norður-Þingeyjarsýsla.**

*Ærlækjarsel II*, nýbýli úr landi Ærlækjarsels og Hróarstaða í Öxarfjarðarhreppi.

**9. Norður-Múlasýsla.**

*Hrafnkelsstaðir II*, nýbýli úr landi Hrafnkelsstaða í Fljótsdalshreppi.  
*Mælivellir*, nýbýli úr landi Hnefilsdals í Jökuldalshreppi.

**10. Suður-Múlasýsla.**

*Bragðavellir II*, nýbýli úr landi Bragðavalla í Geithellnahreppi.  
*Hvannabrekka*, nýbýli úr landi Berufjarðar í Beruneshreppi.  
*Runná*, nýbýli úr landi Gautavíkur og Fagrahvamms í Beruneshreppi.  
*Sauðhagi II*, nýbýli úr landi Sauðhaga í Vallahreppi.

**11. Austur-Skaftafellssýsla.**

*Hlíðarberg*, nýbýli úr landi Rauðabergs (Raufarbergs) í Mýrahreppi.  
*Jaðar*, nýbýli úr landi Kálfafellsstaðar í Borgarhafnarhreppi.  
*Reynivellir III*, nýbýli úr landi Reynivalla I í Borgarhafnarhreppi.

**12. Vestur-Skaftafellssýsla.**

*Fossar*, nýbýli úr landi Arnardrangs í Kirkjubæjarhreppi.

## 13. Rangárvallasýsla.

88

16. júní

*Hjarðarbrekka*, nýbýli úr landi Lambhaga í Rangárvallahreppi.

*Hlíðarból*, nýbýli úr landi Kirkjulækjar í Fljótshlíðarhreppi.

*Lambey*, nýbýli úr landi Breiðabólsstaðar í Fljótshlíðarhreppi.

*Lynghagi*, nýbýli úr landi Miðhúsa í Hvolhreppi.

*Lækjarhvammur*, nýtt nafn á jörðinni Norður-Búðarhólshjáleigu (Búðarhóls-norðurhjáleiga), Austur-Landeyjahreppi.

*Lækjartún*, nýtt nafn á jörðinni Kálfholtshjáleiga í Ásahreppi.

*Skarðshlíð III*, nýbýli úr landi Skarðshlíðar II og Bakkamýrar (eyðibýlis) í Austur-Eyjafjallahreppi.

## 14. Árnessýsla.

*Bólstaður*, Nýbýli úr landi Stóra-Hofs í Gnúpverjahreppi.

*Hveratún*, nýbýli úr landi Laugaráss í Biskupstungnahreppi.

*Jaðar II*, nýbýli úr landi Jaðars í Hrunamannahreppi.

*Laxárdalur II*, nýbýli úr landi Laxárdals í Gnúpverjahreppi.

*Litli-Saurbær II*, nýbýli úr landi Litla-Saurbæjar í Ölfushreppi.

*Ljónsstaðir*, nýbýli úr landi Haugakots í Sandvíkurhreppi.

*Norðurbrún*, nýbýli úr landi Fljótshólts í Biskupstungnahreppi.

*Oddgeirshólar II*, nýbýli úr landi Oddgeirshóla í Hraungerðishreppi.

*Önundarholt II*, nýbýli úr landi Önundarholts í Villingaholtshreppi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 16. júní 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Staðfesting á skipulagsskrá fyrir „Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar“, útgefin 89  
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1954. 23. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunarskútusjóð Breiðafjarðar.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þorbirni Jónssyni og eiginkonu hans Svanhildi Jóhannsdóttur, Mímisvegi 2, Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00, sem fyrrnefnd hjón hafa í dag lagt fram að gjöf. Er gjöf þessi innt af hendi í þeirri von, að Breiðfirðingar finni nauðsyn þess, að slíkur sjóður verði til, og reyni að efla hann á allan hátt.

## 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Breiðfirðingar eignist svo fljótt sem unnt er björgunarskútu, sem einnig hafi landhelgisgæzlu með höndum.



89

23. júní

Það er skilyrði fyrir stofnframlaginu, að skip það, er notað yrði sé ekki undir 200 brúttósmálestum að stærð.

4. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé sýslumaður Snæfellsnessýslu formaður stjórnarinnar. Hinir 4 stjórnendurnir skulu kosnir af hreppsnefndum hreppa þeirra, sem eftirtaldir staðir eru í, einn frá hverju hreppsfélagi: a) Ólafsvík, b) Hellissandi, c) Grundarfirði, d) Stykkishólmi.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna á hvern þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast og andvirði hans verði strax og unnt þykir varið til kaupa á björgunarskútu eins og fyrir segir.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans færðir í gerðabók og endurskoðaðir af sýslunefnd Snæfellsnessýslu árlega.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 24. apríl 1954.

Þorbjörn Jónsson.

Svanhildur Jóhannsdóttir.

90

24. júní

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðissamþykktir, er hér með, með vísun til tillagna landlæknis, staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

### HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR ÍSAFJARÐARKAUPSTAÐ

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágur frá henni í einstökum atriðum, þar sem nauðsynlegt þykir.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Bæjarfógeti og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er bæjarfógeti formaður hennar. Þriðja manninn kýs bæjarstjórn úr hópi bæjarfulltrúa.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktir þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að heilbrigðismálum lúta. Nefndin

ræður heilbrigðisfulltrúa og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi, enda komi 90 samþykki bæjarstjórnar til. Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en skal í 24. júní starfi sínu fara eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis.

#### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Skyld er þó að kveðja nefndina á fund, þegar héraðslæknir óskar þess eða tveir nefndarmanna.

Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar.

#### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók og ritar þar í fundargerðir sínar. Getur nefndin falið einhverjum nefndarmanna eða heilbrigðisfulltrúa að vera fundarritari. Allar fundargerðir nefndarinnar skulu sendar bæjarráði jafnskjótt og gengið hefur verið frá þeim.

Formaður annast um, að fyrirskipunum og samþykktum sé framfylgt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en þá skal tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar, og er þá formanni skylt að láta framkvæma þær.

#### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt, sem henni finnst athugasvert um það, er varðar heilbrigðisháttu á samþykktarsvæðinu.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt, að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt getur talizt til þess að framkvæma ákvæði samþykktar þessarar, að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrifnaðarháttu, hvort heildur er á almannafæri eða hjá einstaklingum.

Ályktanir eða fyrirskipanir nefndarinnar skulu yfirleitt tilkynntar skriflega þeim, sem þær varða, og skal greinilega mælt fyrir um, hverjar umbætur eða ráðstafanir nefndin telur nauðsynlegar.

#### 8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlega einhverja þrifnaðar- eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefur í för með sér gjöld fyrir bæjarsjóð, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fé sé veitt í því skyni.

Þó getur nefndin látið gera slíkar umbætur án fengis samþykkis bæjarstjórnar, ef brýn nauðsyn ber til. En leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

#### 9. gr.

Nú ris ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um framkvæmdir eða tilhögun heilbrigðisráðstafana, og má þá skjóta þeim ágreiningi til úrskurðar heilbrigðisstjórnarinnar. Einnig getur héraðslæknir skotið máli sínu til sama aðila, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrífnað á lóðum, lendum o. fl.

## 10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hvarvetna hafa umsjón með hreinlæti og þrífnaði utan húss í umdæminu, og gilda um þetta fyrirmæli XII. kafla lögreglusamþykktar Ísafjarðar nr. 12 24. janúar 1949 og 7. og 14. gr. byggingarsamþykktar fyrir Ísafjarðar-kaupstað nr. 172 23. ágúst 1943.

## 11. gr.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað skal hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Bæjarstjórn lætur koma fyrir körfum eða kössum undir rusl á torgum, eða öðrum þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður um.

## III. KAFLI

## Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

## 12. gr.

Allar byggingar á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæjarins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, ef heilbrigðisnefnd mælir með því og ræður tilhögun vatnsbólsins.

## 13. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, að því er varðar hollustuháttu. Hún lætur rannsaka neyzluvatnið, svo oft sem þurfa þykir.

Nú er vatnsbóli eða vatnsveitu breytt eða hún aukin, og sker heilbrigðisnefnd þá úr um þau atriði, er hollustuháttu varðar.

## 14. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að nota vatn úr vatnsbóli eða vatnsveitu um lengri eða skemmri tíma, ef ástæða þykir til. Einnig getur hún gefið út sérstakar varúðarreglur um notkun vatnsins. Þá getur nefndin og látið loka vatnsbóli eða ónýta það, ef henni þykir nauðsyn bera til.

## 15. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu, út í göturæsi, og skal það leiða allt skolp úr húsinu og regnvatn af því og lóð í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, sem ganga frá húsi hans út í göturæsið, svo og rennum þeim, sem kunna að liggja út í götunennur, og gæta þess, að afrennsli þeirra stíflist ekki.

Lagning allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem er í eigu bæjarins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykkis.

## 16. gr.

Ef um er að ræða skolp, sem mengað er daunillum efnum eða öðru því, er þarfnast sérstakrar meðferðar, skal heilbrigðisnefnd ákveða í hvert sinn, hversu frárennsli þess og hreinsun skuli háttáð.

## 17. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leiða öll skolpræsi til sjávar. Öll slík ræsi skulu ná út fyrir stórstraumsfjöruborð.

## IV. KAFLI

## Um salerni, sorpiált og fleira.

90

24. júní

## 18. gr.

Öll salerni á samþykktarsvæðinu skulu vera vatnssalerni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur það óhjákvæmilegt. Ákvæði um vatnssalerni tekur þó ekki til þeirra salerna, er verkamenn nota við útivinnu á bæjarlandinu.

## 19. gr.

Bæjarstjórn skal láta setja upp almenningsalerni og þvagstæði, þar sem þurfa þykir. Skulu þau gerð samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo og þau salerni önnur, sem heimiluð eru eða leyfð kunna að verða samkv. 18. gr.

Þau salerni og þvagstæði, sem getur í þessari grein, skulu vera minnst 6 metra frá almannaferi, gluggum íbúða og stöðum, þar sem farið er með matvæli og neytluvörur.

## 20. gr.

Salernum skal halda vel hreinum. Bæjarstjórn sér um tæmingu þeirra salerniskagga, sem leyfðir kunna að verða skv. 18. gr. Skal til þess nota bíla eða vagna, sérstaklega til þess gerða. Skulu kaggarnir fluttir á tæmingarstaðinn, en ekki úr þeim helt í vagnana, enda séu hreinir varakaggar fyrir hendi á hvern vagn til skipta. Bæjarstjórn ákveður með samþykki heilbrigðisnefndar, hvar tæma skuli salerniskaggana.

## 21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skulu fylgja mörg sorpilát úr málm, að stærð og gerð eftir fyrirmynd, sem bæjarstjórn lætur í té. Undanþágu frá þessu getur þó heilbrigðisnefnd veitt utan kaupstaðarlóðarinnar, ef hún telur annað betur henta.

Í sorpilát þessi skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og síðan flytja burtu áður en þau fyllast. Þess skal gætt, að sorpilát séu jafnan lokuð nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Bæjarstjórn annast burtflutninginn. Við hann má aðeins nota lokaða vagna, sem auðvelt er að tæma í sorpilátin, án þess að úr þeim rjúki.

Nú vill einhver leggja sorprennur í hús sín, og þarf þá samþykki heilbrigðisnefndar í hvert sinn um gerð þeirra og tilhögun.

## 22. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert sorp skuli flytja. Skal það svæði afgirt og þannig frá gengið, að ekki leggi frá því fýlu eða óprífnaður geti borizt þaðan til íbúðarhúsa.

## V. KAFLI

## Um íbúðir.

## 23. gr.

Um gerð íbúða og íbúðarherbergja fer skv. II. kafla byggingarsamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 172 23. ágúst 1943.

## 24. gr.

Í íbúð mega ekki búa fleiri en svo að 4.3 fermetrar gólfflatar og 10 rúmmetrar loftrúms komi á hvern íbúa, og séu þá eingöngu talin sjálf íbúðarherbergin.

Það telst of lítið húsnæði, ef drengir og stúlkur eldri en 10 ára þurfa að sofa saman í herbergi.

Hverju herbergi skal séð fyrir nægilegu ljósi, hita og rakavörn.

90

24. júní

25. gr.

Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallara til íbúðar sbr. lög nr. 57 14. júní 1929 um íbúðir í kjöllum.

Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar íbúðir. Kjallaraíbúðir og allar lélegar íbúðir skal skoða árlega — að jafnaði í desember til febrúar — en aðrar íbúðir fimmta hvert ár eða oftár, eftir því sem þurfa þykir. Skal leiðrétta íbúðaskrána eftir hverja skoðun. Heilbrigðisnefnd getur krafizt viðgerða á íbúðum, sem ábótavant er um, og bannað þær, sem hún telur óhæfar til íbúðar að einhverju eða öllu leyti. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara send skrifleg tilkynning um bannið til húseiganda og leigjanda hvarrar íbúðar, miðað við 14. maí eða 1. okt. næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megi ekki dragast

26. gr.

Íbúðir í nýjum steinhúsum má ekki taka til notkunar, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda séu þær orðnar vel þurrar áður.

27. gr.

Nú leigir húseigandi hús sitt og býr þar ekki sjálfur, og skal hann þá ætíð hafa í húsinu umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd getur snúið sér til, ef þörf gerist.

28. gr.

Undanþágu frá einstökum ákvæðum þessa kafla getur þó heilbrigðisnefnd veitt um lengri eða skemmri tíma, einkum ef um gamlar íbúðir er að ræða, eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## VI. KAFLI

### Um veggjalýs, kakalaka, rottur o. fl.

29. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna héraðslækni tafarlaust, ef vart verður við veggjalýs, möl, kakalaka eða önnur meindýr í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúðir í húsum, þar sem slíkra meindýra verður vart, fyrr en þeim hefur verið útrýmt og vottorð um það fengið hjá héraðslækni.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr íbúð, þar sem meindýr eru og í aðra íbúð, nema ráðstafanir, er héraðslæknir metur gildar, séu gerðar til þess, að óþriffin berist ekki út.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til þess að eyða veggjalýs og öðrum slíkum meindýrum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum héraðslæknis.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af héraðslækni, og er þá héraðslækni heimilt að láta eyða meindýrunum á kostnað húsráðenda.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala eða öðrum, sem tekur notaðan fatnað, rúm-fatnað og þess háttar, til sölu, að láta dauðhreinsa hann samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis.

Um rottu- og músagang í húsum eða á lóðum, skal strax og hans verður vart tilkynna héraðslækni, og gerir hann þá ráðstafanir til útrýmingar, eftir því sem föng eru á.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt af húseigendum endurbóta á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

## VII. KAFLI

## Um vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks.

90

24. júní

## 30. gr.

Um vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks og tilhögun á þeim, er litur að þrifnaðar- og hollustuháttum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem gilda um það efni á hverjum tíma. (Sbr. 4.—9. gr. laga nr. 24 7. maí 1928 um eftirlit með verksmiðjum og vélum og 3.—15. gr. tilheyrandi reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929 og áorðnum breytingum á reglugerð nr. 95 30. júní 1941.)

## 31. gr.

Þeir, sem hafa með höndum iðju, iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðvum, sem um ræðir í 30. gr., skulu þegar samþykkt þessi gengur í gildi, tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta fylgja tilkynningunni nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur þá heilbrigðisnefnd krafizt lagfæringa á því, sem á skortir að fylgt sé fyrirskipuðum reglum, og veitt til þess hæfilegan frest.

## 32. gr.

Á vegum heilbrigðisnefndar skal halda skrá yfir allar vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks, og skulu vinnustöðvarnar skoðaðar minnst einu sinni á ári. Fulltrúi heilbrigðisnefndar skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann framkvæmir aðalskoðun á verksmiðjum og vinnustöðvum í umdæminu og árita skoðunargerðina með honum. Skal afrit skoðunargerðarinnar lagt fyrir nefndina.

## 33. gr.

Ræsting á vinnustöðvum innanhúss skal fara fram daglega utan vinnutíma, og skulu gólf jafnan þvegin, en ekki sópuð.

## 34. gr.

Nú er leyfð iðja eða starfsemi, sem ákvæði þessa kafla taka ekki að fullu til, og gefur þá heilbrigðisnefnd út fyrir mæli í hvert skipti, um hvað sérstaklega skuli gera til heilsuverndar.

## 35. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í lesstofum og skrifstofum, sem ekki teljast til íbúða, svo og hvers konar húsnæði, sem notað er til afgreiðslu, verzlunar eða þvilkra starfa. Skal þar hvergi gera vægari kröfur um húsrými, aðbúð og aðstöðu til hreinlætis en gert er í V. kafla um íbúðir.

## VIII. KAFLI

## Um geymslu söluvarnings.

## 36. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með geymslu á vörum, einkum neyzlu og nauðsynjavörum, svo og húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar. Getur nefndin ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymsluhúsum og kveðið á um meðferð vörunnar, eftir því sem þurfa þykir.

## 37. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar og rottuheldar. Þær skulu þrifnar eftir þörfum, svo sem umgengni og notkun hæfir, og daglega, þar sem heilbrigðisnefnd mælir svo fyrir.

90

24. júní

38. gr.

Nú verður vart rottugangs eða músa- eða annarra meindýra í slíkum geymslum eða vörum, sem þar eru, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni, sem gerir viðeigandi ráðstafanir, enda getur heilbrigðisnefnd bannað að nota húsnæðið, þangað til óþrifunum hefur verið eytt.

## IX. KAFLI

## Um skóla og aðra kennslustaði.

39. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með öllum skólum og kennslustöðum á samþykktarsvæðinu, hvort sem um er að ræða opinbera skóla eða einkakennslu.

40. gr.

Héraðslæknir annast heilsufarslegt eftirlit í skólum á samþykktarsvæðinu, samkvæmt ákvæðum laga og regna, sem í gildi eru og settar kunna að verða um það efni, sbr. bréf stjórnarráðsins til fræðslumálastjóra 1. sept. 1916 og 20. okt. 1921, berklavarnarlög nr. 66 1939 og 55. gr. laga nr. 34 1946 um fræðslu barna.

Skal héraðslæknir gefa heilbrigðisnefnd allar upplýsingar, sem hún óskar, og þetta varðar.

41. gr.

Enginn má halda einkaskóla á samþykktarsvæðinu, nema hann hafi til þess skriflegt leyfi lögreglustjóra, enda telji héraðslæknir húsnæði og annan aðbúnað fullnægjandi. Gæta skal 6. málsgreinar 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 1939 varðandi slíka leyfisveitingu.

42. gr.

Leita skal að jafnaði samþykkis heilbrigðisnefndar að uppdráttum nýrra skólahúsa, áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Sama gildir um breytingu á þeim, sem fyrir eru við gildistöku samþykktar þessarar. Skal heilbrigðisnefnd hafa gát á, að fyrirmælum varðandi gerð og skipulag slíkra stofnana sé fylgt.

43. gr.

Gólf í kennslustofum skulu vera lögð gólfduk eða öðru ekki síðra efni. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði um þær skólastofur, sem í notkun hafa verið, áður en samþykkt þessi gengur í gildi, enda séu þá slík gólf nógu oft og rækilega olíuborin, svo að þau séu auðveld til hreinsunar. Ekki mega vera í þeim sprungur eða rifur, sem ryk og önnur óhreinindi geta safnast í.

44. gr.

Skólaborð skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Hvorki mega þau vera sprungin eða rifin. Hæð skólaborða í barna- og unglingskólum skal, eftir því sem unnt er, samsvara hæð nemenda, og skulu að jafnaði vera þrjár stærðir í hverri kennslustofu. Þó má haga þessu eftir álitni skólalæknis og skólastjóra, enda komi samþykki heilbrigðisnefndar til.

45. gr.

Ræsting á kennslustofu skal fara fram utan skólatíma, og skulu borð, stólar, bekkir og gólf rækilega þvegin, en ekki sópuð. Sama máli er að gegna um glugga o. s. frv.

## 46. gr.

90

Fatageymsla skal vera utan kennslustofanna, og hefur hver nemandi fatasnaga. Fatasnagar skulu vera í þeirri hæð, er samsvari sem bezt hæð nemenda. Þegar því verður við komið, skal ætla hverjum nemanda lokaðan fataskáp, ella sérstakan bás fyrir fót sín. En sé þess ekki kostur skal að minnsta kosti 25 sentimetra bil á milli snaga. Þá skal og ef unnt er, gera sérstök hólf til geymslu á hlífðar- og útiskóm.

## 47. gr.

Greiður skal aðgangur að drykkjarvatni, og mega drykkjarker ekki vera sameiginleg séu þau notuð. En sé drukkið af vatnshanastút, skal svo um búið, að ekki þurfi að snerta stútinn, þegar drukkið er af honum.

## 48. gr.

Greiður skal aðgangur að vatnssalernum, og skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 piltta og eitt á hverjar 25 stúlkur, enda séu að jafnaði sérstök salerni fyrir þær og sérstakt þvaghús fyrir piltta.

Þar sem mjög mannmargir skólar eru má þó leyfa að fleiri séu um hvert salerni en áður getur, þó aldrei fleiri en 40 nemendur. Um allan útbúnað, er að þessu lýtur, skal farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 49. gr.

Enginn kennari, nemandi eða starfsmaður, sem haldinn er næmum sjúkdómi, óværu eða öðrum óþrifakvilla, má sækja skóla. Verði einhver slíks var, skal hann þegar tilkynna það skólastjóra eða skólahjúkrunarkonu, og bera þau ábyrgð á, að hlutaðeigandi láti rannsaka sig hjá skóla-lækni, sem gerir ráðstafanir til varnar gegn útbreiðslu sýkinnar og til lækninga hinum sjúka.

## 50. gr.

Í heimavistarskóla skal auk kennslustofa vera matstofa, setustofa og lestrarstofa.

Um heimavistarherbergi nemenda gilda yfirleitt sömu reglur og um venjuleg íbúðarherbergi. Gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru ekki síðra efni. Loftými má ekki vera minna en svo, að 10 rúmmetrar komi á hvern vistmann.

Skipt skal í rúmum að minnsta kosti vikulega, enda hafi vistmenn ekki sjaldnar nærfataskipti. Skulu þeir eiga aðgang að baði og þá ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

## 51. gr.

Handklæði, greiður, þvottapokar, svampar, rakáhöld og því um líkt má ekki vera sameiginlegt. Skal hafa gát á, að hver einstaklingur hafi þessi tæki út af fyrir sig.

## X. KAFLI

## Um kirkjur og almenn samkomuhús.

## 52. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting skal svo góð, að andrúmsloft haldist sem hreinast, enda setur heilbrigðisnefnd fyrirmæli um fullnægjandi loftræstingu, eftir því sem við á.

## 53. gr.

Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, svo sem henni þykir hæfa.



90

24. júní

54. gr.  
Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum, og séu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

## XI. KAFLI

### Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru.

#### Almenn ákvæði.

55. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neyzlu- og nauðsynjavöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 21 1. febr. 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum -- og reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, einkum reglugerð nr. 49 15. júlí 1936 og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939.

Heilbrigðisnefnd heldur eftirlitsbók yfir alla starfsemi, er lýtur að gerð og dreifingu matvæla og annarrar neyzluvöru skv. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 49 15. júlí 1936.

Nefndin lætur árlega, eða oftár, fara fram skoðun á öllu, sem viðkemur slíkri starfsemi, og lætur skrá hverju sinni árangurinn í eftirlitsbókina. Komi í ljós, að ekki sé fullnægt fyrir mælum í þessum efnunum, skal málið lagt fyrir nefndina til aðgerða.

56. gr.

Ekkert húsnæði, sem ætlað er tilkynningarskyldri starfsemi (sbr. 55. gr.) má taka í notkun fyrr en að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, og skal það háð eftirliti hennar.

Lofthæð skal ekki vera minni en 3 metrar, sjónflötur glugga að minnsta kosti  $\frac{1}{10}$  gólfplatar og stærð gólfplatar ekki minni en 4 fermetrar á hvern starfsmann. Allt slíkt húsnæði skal vandlega varið fyrir hvers konar meindýrum, flugum hundum, köttum.

Veggir í kjöt- og mjólkurbúðum skulu flísalagðir, glerjaðir eða lakk málaðir 1.80 metra frá gólfi. Gólf skulu gerð úr hörðu, sléttu, vatnsheldu efni, sem auðvelt er að halda hreinu. Borð skulu standa á fótum 15--20 sentimetra frá gólfi, gerð úr sléttu, hörðu efni, þakin gleri, marmara, ryðfríu stáli eða öðru ekki síðra efni. Allar hillur og skápar skulu þannig gerðir, að gott sé að halda þeim hreinum. Gólf skal þvo en ekki sópa.

57. gr.

Enginn má hafa störf með höndum við tilkynningarskylda starfsemi, nema hann hafi læknisvottorð um, að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla. Skal vottorð þetta ekki vera eldra en mánaðar gamalt, þegar hann tekur við starfi og ber að endurnýja það á ársfresti.

Fái starfsfólk í kjöt-, mjólkurbúðum og mjólkurvinnslustöðum kvef, hálsbólgu eða sótthita skal það þegar hætta vinnu og á ekki afturkvæmt, fyrr en það leggur fram læknisvottorð um, að af því stafi ekki smithætta.

58. gr.

Starfsfólk við tilkynningarskylda starfsemi skal hafa greiðan aðgang að snyrtiklefa með þvottaskálum, vatnssalernum, fataklefa (skáp) og matstofu, ef matazt er á vinnustað.

### Um mjólk og mjólkurvöru.

90

24. júní

#### 59. gr.

Um meðferð mjólkur og mjólkurvöru fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936 og reglugerð nr. 157 4. sept. 1953.

#### 60. gr.

Mjólk eða mjólkurvöru má ekki selja á samþykktarsvæðinu nema með samþykki heilbrigðisnefndar. Mjólk má aðeins selja gerilsneydda og í lokuðum flöskum, ef heilbrigðisnefnd mælir svo fyrir. Ef leyfð er sala á mjólk og rjóma í lausu máli, skal heilbrigðisnefnd setja sérstök ákvæði um áhöld öll og mælitæki.

Sala á ógerilsneyddri mjólk beint til neytenda er þá aðeins leyfileg, að fylgt sé ákvæðum þessa kafla og að fengnu skriflegu leyfi heilbrigðisnefndar.

### Um meðferð og sölu sláturfjárafurða og annarrar kjötvöru.

#### 61. gr.

Um slátrun, sláturhús, frystihús, kjötmat o. fl. fer samkvæmt ákvæðum 55. greinar, svo og sérstökum lögum um það efni og reglugerðum settum samkvæmt þeim, einkum lögum nr. 5 23. febr. 1949 og reglugerð nr. 155 8. sept. 1949 um kjötmat og fleira.

Slátrun er óheimil nema í löggiltum sláturhúsum og að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar.

#### 62. gr.

Um gerð og fyrirkomulag kjötbúða skal fara að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og hvergi gera minni kröfur en um getur í 56. gr. Hverri kjötbúð skal fylgja hæfilega stór geymsluklefi, kæliklefi og kæliskápur.

#### 63. gr.

Í kjötbúðum má auk kjötmetis selja alls konar niðursuðuvörur, feitmeti, fiskmeti, til áskurðar, sild, salta, kryddaða eða reykt, osta, egg og harðfisk. Einnig nýjan lax og silung.

### Um brauðgerðarhús, brauðbúðir o. fl.

#### 64. gr.

Um fyrirkomulag, heilbrigðisháttu og umgengni í brauðgerðarhúsum og brauðbúðum fer að fyrirmælum 55.—58. gr.

#### 65. gr.

Enginn má setja á stofn né reka brauðgerðarhús eða útsölu á brauðvörum án samþykkis heilbrigðisnefndar, enda skal nefndin hafa sérstakt eftirlit með þess háttar starfsemi.

#### 66. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Þeir sem starfa að brauðgerð, mega ekki neyta tóbaks við vinnu sína, né heldur í vinnustofnunum á öðrum tíma.

#### 67. gr.

Ekki má neyta vöru, sem seld er í brauðsölubúðum, inni í búðunum nema sérstaklega sé gert ráð fyrir því, enda komi þá til veitingaleyfi og sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar.

90  
24. júní

68. gr.  
Heimabakaðar brauðvörur má því aðeins selja, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess og fyrirmælum nefndarinnar sé hlýtt um húsakynni, þrifnað og annað, er hún telur máli skipta.

#### Um nýlenduvörubúðir.

69. gr.

Ekki má verzla með nýlenduvörur í öðru húsnæði en því, sem heilbrigðisnefnd hefur úrskurðað hæft til þess.

70. gr.

Um fyrirkomulag, heilbrigðisháttu og umgengni í nýlenduvörubúðum fer að fyrirmælum 55.—58. gr.

71. gr.

Kornvörur, kex, sykur og aðrar neyzlu- og sælgætisvörur, sem seldar eru þannig, að jafnóðum eru útvegnar eða mældar, skal geyma í velluktum skúffum eða ílátum, enda standi þau aldrei opin að nauðsynjalausu. Skal ætíð afgreiða slíkar vörur með skóflu, skeiðum, spöðum, tóngum eða því um líku, en aldrei taka á þeim með berum höndum nema seldar séu í sérumbúðum. Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í lokuðum glerskápum. Í nýlenduvörubúðum má aldrei selja smjör eða smjörlíki, nema í sérumbúðum.

72. gr.

Í nýlenduvörubúðum má ekki selja kjöt- eða fiskmeti nema niðursoðið, að undanteknum harðfiski í sérumbúðum.

Undanþágu frá þessu getur þó heilbrigðisnefnd veitt, ef henni þykir sérstök ástæða til.

73. gr.

Steinolíu eða óþrifalega og þefvonda vöru má ekki selja í nýlenduvörubúðum. Heldur ekki sápu né annað þvottaefni nema í sérumbúðum.

Þó getur heilbrigðisnefnd leyft sölu á slíkum vörum í herbergi, sem er í sambandi við búðina, ef henni finnst nægilega tryggilega um húðið.

74. gr.

Hverri nýlenduvörubúð skal fylgja hæfileg geymsla og skal gera sömu hreinlætiskröfur um hana og búðina sjálfa.

#### Um fisksölu.

75. gr.

Enginn má selja nýjan, saltan eða reyktan fisk til neyzlu í bænum nema hann hafi fengið til þess meðmæli heilbrigðisnefndar og leyfi bæjarstjórnar. Allir, sem starfa að fisksölu, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir séu ekki haldnir næmum eða óþrifalegum sjúkdómi. Skulu þau vottorð endurnýjast árlega.

76. gr.

Með fisk, sem ætlaður er til sölu í bænum, skal fara skv. lögum nr. 46 5. apríl 1948, og reglugerð nr. 81 13. marz 1950, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

77. gr.

Fyrirkomulag fiskbúða skal vera í samræmi við ákvæði 55.—58. gr.

## 78. gr.

Reglur þessar taka ekki til sölu á nýjum fiski, er sjómenn sjálfir annast upp úr bát á lendingarstað. 24. júní

90

## 79. gr.

Bæjarstjórn getur til bráðabirgða eða um ákveðinn tíma veitt undanþágu frá reglum þessum, þeim sem fiskisölu hafa stundað fyrir gildistöku þeirra, enda mæli heilbrigðisnefnd með undanþágunni.

## XII. KAFLI

## Um peningshús og áburðargryfjur, búpening, alifugla o. fl.

## 80. gr.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til búpeningshalds, alifugla og loðdyraræktunar, nema í sambandi við lögbýli eða tilraunir að opinberri tilhlutan. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf ávallt um húsakynni og allan útbúnað og tilhögun varðandi hollustuháttu, enda hefur nefndin eftirlit með öllu slíku og getur sett fyrir mæli um það hverju sinni.

## 81. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð. Ekkert peningshús, safngryfju eða haughús má hafa nær vatnsbóli en í 15 metra fjarlægð, og ekki nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en í 10 metra fjarlægð. Gæta skal ákvæða lögreglusamþykktar Ísafjarðarkaupstaðar varðandi meðferð búpenings og búpeningshald og gerð safngryfja á samþykktarsvæðinu, svo og ákvæða reglugerðar nr. 172 4. sept. 1953 um mjólk og mjólkurafurðir.

## 82. gr.

Þeir, sem vilja hafa alifugla á samþykktarsvæðinu, skulu fá til þess sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar, enda séu fuglarnir ætíð á afgirtu svæði eða í öruggri vörzlu og ekki nálægt alfaravegi.

## XIII. KAFLI

## Um aðstoð við sóttvarnir.

## 83. gr.

Heilbrigðisnefnd skal á allan hátt aðstoða héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann óskar eftir og telur þörf á. Skal nefndinni heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp í héraðinu og héraðslæknir telur nauðsynlegt að setja strangari fyrir mæli um ýmis konar hreinlæti utan húss og innan, meðferð, dreifingu matvæla og um fleira, er að heilsuvernd lýtur, þótt ekki séu um það ákvæði í samþykkt þessari.

## 84. gr.

Heilbrigðisnefnd skal og heimilt að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, þegar svo stendur á, sem um getur í næstu grein á undan, enda skal þá jafnan leita samþykkis bæjarráðs svo fljótt sem verða má.

## XIV. KAFLI

## Um gistihús, matsölu og aðra veitingastaði.

## 85. gr.

Hver sá er setja vill á stofn eða reka gistihús eða gististað, matsölu eða veitingahús, skal gæta fyrir mæla laga nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

90 Slík starfsemi er háð samþykki heilbrigðisnefndar og eftirliti hennar um hrein-  
24. júní læti og hollustuháttu í hvívetna.

## 86. gr.

Gistihús nefnist hvert það hús eða h'uti úr húsi, þar sem að staðaldri eru hýstir næturgestir fyrir borgun. Herbergi, sem leigð eru til gistingar, skulu fullnægja sömu skilyrðum og sett eru um venjuleg íbúðarherbergi.

Herbergi, sem leigt er til næturgistingar, má ekki vera minna en svo, að 8 rúm-  
metra loftrúm komi á hvern gest og 3.4 fermetra gólfplötur. Heilbrigðisnefnd getur krafizt meira rúms, ef hún telur sérstakar ástæður til. Hún getur ákveðið, að í hverju herbergi sé tilkynnt á áberandi stað og með hæfilega stóru letri, hve margir megi gista í því samtímis. Þá getur heilbrigðisnefnd ákveðið, að gistihús hafi auk svefnherbergja, sérstaka dagstofu fyrir gesti og sé ekki sofið í henni.

Aldrei má nota veitinga- eða matstofu sem svefnherbergi.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru ekki síðra efni.

## 87. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að fatageymslum, drykkjarvatni, nægilega mörgum handlaugum ásamt hreinum handklæðum og sápu, salernum og baði, öllu innanhúss, og eftir því sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Umráðumaður skal sjá um, að þrifnaður og umgengni öll sé óaðfínanleg, þar á meðal að herbergi séu vandlega ræst á hverjum dagi, ef notuð eru.

## 88. gr.

Allur sængurfatnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Skal rúmfatnaður ætíð vel hirtur, endurnýjaður og hreinsaður eftir þörfum. Aldrei má finnast fúkkalykt eða annar ódaunn af rúmfatnaði.

Aldrei má vísa nýjum gesti til sængur nema í hrein rúmföt (rekkjuvoðir og koddaver). Skal skipta líni við hvern gest og minnst vikulega.

Hver næturgestur skal hafa sérstakt næturgagn.

## 89. gr.

Ekki má taka mann í herbergi, þar sem sjúkur maður er eða hefur verið, án þess að herbergið og allur rúmfatnaður sé sótthreinsaður, nema héraðslæknir telji það óþarft.

Sömu skyldur hvíla á gistihússtjóra og húsráðanda skv. gildandi lögum, ef vitað er eða ástæða þykir að ætla, að næmur sjúkdómur sé meðal gestanna.

## 90. gr.

Í veitingastofu skal vera greiður inngangur frá götu um anddyri og ekki gengið í gegnum sölubúð eða önnur húsakynni, sem eru óviðkomandi veitingasölum. Sérstakur inngangur sé til aðflutninga í eldhús og til þess að flytja burt sorp og annan úrgang.

Lofthæð í veitingastofu eða stofum, ef fleiri eru samliggjandi, enda sé þá opið á milli, skal vera minnst 2.5 metrar og loftrými ekki minna en 75 rúmmetrar. Gólfplötur skal aldrei minni en 30 fermetrar, enda sé hverjum gesti ætlaðir minnst 1.15 fermetrar gólfflatar. Góð birta skal vera í veitingastofum og séð skal fyrir nægilegri loftræstingu með vélarafli, ef heilbrigðisnefnd telur þess þörf. Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru ekki síðra efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

## 91. gr.

90

Gestum skal sjá fyrir fatageymslu í réttu hlutfalli við stærð veitingastofu og aðrar aðstæður. 24. júní

Fullkomin og nægilega mörg salerni, þvagskálar, þvottaskálar og önnur hreinlætistöki skul vera innan húss handa gestum og starfslíði, enda skal svo til haga, að ekki geti borizt þaðan óþefur í veitingastofu, matreiðslu- eða framreiðsluhús.

## 92. gr.

Á veitingastöðum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu og uppþvottar. Í eldhúsum skal vera góð loftræsting með vélarafli, ef þurfa þykir. Sérstakt herbergi skal vera til framreiðslu smurðs brauðs, ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt. Matvælageymslur séu í góðu lagi með kælitækjum, ef heilbrigðisnefnd krefst. Gólf skulu vera vatnsheld og auðvelt að þrifa þau.

Hæfileg stærðarhlutföll skulu vera milli veitingasala annars vegar og matreiðslu-, uppþvotta- og geymslurúma hins vegar.

## 93. gr.

Bekkir, hillur, uppþvottaker, suðuáhöld, matar- og drykkjarilát skulu heil og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gólf í veitingastofum og öðrum herbergjum, sem starfrækslan fer fram í, skulu þvegin minnst einu sinni á dag og oftár, verði því við komið og nauðsynlegt þykir. Ekki má sópa gólf. Borð, stóla, gluggaskistur og annað þess háttar skal gera greint daglega. Dúkláus borð skal hreinsa eftir hverja notkun, og borðdúka má aðeins nota hreina. Minnst einu sinni í viku skal gera rækilega hreina eldhússkápa, búr, hillur og þess konar.

Ekki má geyma í húsnæði, sem notað er vegna veitinga, aðra hluti eða efni þau, sem nota þarf til daglegs rekstrar.

## 94. gr.

Öll matvæli skulu vera þannig geymd, að fulls hreinlætis sé gætt, svo að ekki komist að þeim ryk eða önnur óhreinindi, og má einungis nota þau hrein og óskemmd.

Allur úrgangur skal daglega fluttur burt og séð skal um, að hann geti ekki spíllt matvælum.

Einungis hrein og heil matarilát skal nota. Skulu þau þola suðu, enda getur heilbrigðisnefnd sett fyrirmæli um uppþvott og þar á meðal ákveðið, að áhöld séu soðin eftir hverja notkun. Þurrkur og þvottakústa skal jafnan sjóða eftir hverja noktun.

## 95. gr.

Starfsfólk skal vera hreinlegt til fara og nota við starf sitt sérstök föt, sem ekki eru notuð til annars. Fólk, sem starfar í búi og eldhúsi, skal að jafnaði eins klætt og starfsfólk í mjólkurbúðum. Það skal gæta hreinlætis í hvívetna, þ. á m. þvo vandlega hendur eftir notkun salernis og þvagstæðis. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að starfsfólk hafi sérstaka, rúmgóða fatageymslu, klefa til fataskipta og sérstaka matstofu.

Sömu heilbrigðisreglur skulu gilda um starfsfólk á veitingahúsum og í mjólkurbúðum.

## 96. gr.

Undanþágu frá ákvæðum um inngang og stærð veitingastofu getur heilbrigðisnefnd veitt matsöluhúsum, sem eingöngu eða mestmegnis selja föstum viðskiptamönnum fæði, og veitingastofum, sem ætlaðar eru verkamönnum í vinnutíma.

90

24. júní

## XV. KAFLI

Um baðhús, baðstaði, sundlaugar, sundstæði, íþróttahús og íþróttasvæði.

97. gr.

Hver sá, er setja vill upp fyrirtæki þau, sem í kafla þessum greinir, handa almenningi, skóla, stofnun eða félagi, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd, enda þarf leyfi hennar til þess að setja á stofn eða reka slíka starfsemi. Leyfisbeiðni skal fylgja nákvæm lýsing af tilhögun allri og uppdráttur af húsnæði og svæði. Sama er, ef þessu skal breyta.

Heilbrigðisnefnd hefur sérstakt eftirlit með hreinlæti og búnaði.

98. gr.

Kennarar, baðverðir og aðrir starfsmenn skulu fullnægja ákvæðum 49. gr.

Starfsfólk allt skal ganga hreinlega til fara oð gæta fyllsta þrifnaðar í hvívetna.

Fólk, sem hefur smitandi sjúkdóma eða óþrifakvilla, opin sár, rennsli úr augum, eyrum eða nefi, augnþrota, áberandi kvef eða niðurgang, má ekki taka þátt í íþróttum eða leikjum né baða sig eða synda á stofnunum, sem rætt er um í þessum kafla.

Nú virðist umsjónarmanni eða kennara að svo sé ástatt um einhvern eins og segir í þriðju málsgrein, og skal þá synja honum aðgangs nema læknisvottorð komi til.

Öllum er skylt að ganga þrifalega um þau hús og svæði, sem í kafla þessum getur, enda má vísa þeim burt, sem brotlegir verða í því efni. Gæta skal þess, að hundar eða önnur dýr hafist ekki við í húsum, sem í þessum kafla greinir.

Umsjónarmaður skal vera við hverja slíka stofnun.

99. gr.

Í öllum stofnunum, sem í þessum kafla getur, skulu vera nægilega margar fatageymslur og búningsklefar, sérstakir klefar handa konum og aðrir handa körlum. Skulu klefarnir vera nægilega heitir, hjartir, rúmgóðir og vel loftræstir. Enn fremur skulu vera í stofnunum þessum eða í sambandi við þær nægilega mörg salerni, sérstök salerni handa konum og önnur handa körlum, þvagstæði og þvottaskálar til afnota fyrir alla aðilja, þ. á m. áhorfendur, ef því er að skipta. Um tölu og tilhögun salerna handa íþróttaiðkendum og baðgestum fer eftir 48. gr.

Biðstofur, gólf og ganga, skal þvo og ræsta eftir þörfum, a. m. k. einu sinni á dag.

Alla baðklefa skal þvo og hreinsa í hvert sinn eftir notkun. Baðföt, handklæði, bursta og þess háttar, sem lánað er til afnota, skal soðið eftir hverja noktun eða lagt í sóttahreinsunarlög, eftir því sem heilbrigðisnefnd tekur gilt. Að því búnu skulu tæki þessi þvegin.

Um íþróttahús, íþróttastöðvar og sundlaugar.

100. gr.

Um íþróttahús, sundlaugar, íþrótt- og leiksvæði skal fara eftir ákvæðum íþróttalaga nr. 25 12. febrúar 1940 og reglugerðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að verða samkvæmt þeim lögum.

101. gr.

Íþróttahús má aldrei nota örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar. Skal þess og gætt, að nægilegur hiti sé í húsinu að lokinni loftræstingu.

Íþróttasali má ekki nota til annars en íþróttaiðkana, nema með leyfi héraðs- 90  
læknis, enda sé þá fylgt fyrirmælum hans og kröfum um ræstingu eftir á. 24. júní

## 102. gr.

Opin íþróttasvæði og æfingarvellir skulu þannig gerðir, að þrífalegir séu og af þeim stafi sem minnst ryk eða önnur óþríf. Séð skal vera um hreinsun á þeim eftir þörfum, og aldrei má safnast fyrir rusl eða nokkurs konar úrgangur.

Slíkum svæðum skal jafnan fylgja salerni, búningsklefar og böð. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt sérstakar undanþágur um þessi efni, eftir tillögum íþróttafulltrúa ríkisins.

## 103. gr.

Heilbrigðisnefnd setur sérstakar reglur um útileikvelli barna, eftir því, er hún telur nauðsyn til. Stærð útileikvalla sé miðuð við 7 fermetra á barn.

Af útileikvelli sé innangengt í salerni og skal á 50 börn koma salerni ásamt þvagskálum.

Á leiksvæðinu skal vera drykkjarvatn og drykkjartæki.

Vellirnir skulu þaktir smágerðum ofaniburði.

## 104. gr.

Sundlaugarvatn skal vera hreint, enda má gerlafjöldi ekki vera meiri en 1000 á rúmsentimetra og saurgerlar mega ekki finnast í 10 rúmsentimetrum. Taka skal sýnishorn til rannsóknar ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Laug skal alltaf tæma og hreinsa, þegar gerlafjöldi reynist tíu sinnum meiri en sagt hefur verið, annars eftir þörfum.

Hreinsa skal óhreinindi á yfirborði jafnskjótt og þeirra verður vart. Sýnileg óhreinindi á botni skal hreinsa daglega. Vatnið sé 15–25° C og lofthiti í yfirbyggðum sundlaugum 3–4° hærri.

## 105. gr.

Hæfilega mörg steypiböð skulu fylgja hverri sundlaug. Skal svo til hagað, að aðeins verði gengið úr búningsklefum í laugina í gegnum baðklefa, enda skal hver sundlaugargestur sápuþvo sig og baða vandlega, áður en hann fer í laugina. Salernum og þvagskálum skal þannig fyrir komið, að aðeins verði komið úr þeim í laugina um baðklefa. Sá hluti gólfs utan laugarinnar, sem notendur þurfa að ganga um, skal afgirtur, svo að eigi gangi þar aðrir. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið ráðstafanir til varnar fótamyglu.

## 106. gr.

Ekki má hleypta fleiri baðgestum í laugina í einu en svo, að minnst 3.5 fermetrar af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1.9 fermetrar á hvert barn 12 ára eða yngra.

Skal auglýst á áberandi stað við laugina, hve margir megi samtímis fara í hana.

## 107. gr.

Nú vita menn eða gruna, að sundlaug sé eða verði útbreiðs'lustaður sjúkdóms. Skal þá tafaralust tilkynna það héraðslækni og heilbrigðisnefnd, sem gerir þá viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, meðan rannsókn eða sótthreinsun fer fram.



90

24. júní

Við hverja sundlaug skulu vera tiltæk björgunartæki, enda getur heilbrigðisnefnd gefið fyrirskipanir um, hvar þau séu, svo og um kunnáttu starfsfólks um björgun og lífgunartilraunir og um möguleika til þess að afla skjótrar læknishjálp.

108. gr.

109. gr.

Útibaðstaði má hvergi leyfa, þar sem vatn er saurgað, eða hætta er á að það saurgist, nema fullnægjandi varnarráðstafanir séu gerðar, enda láti heilbrigðisnefnd rannsaka baðvatnið eftir þörfum. Ef saurgerlar finnast í 0.1 rúmsentimetra eða minna magni, getur heilbrigðisnefnd lokað staðnum um tíma eða að fullu, ef ekki fæst bót á ráðin.

#### Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur.

110. gr.

Um starfsemi þá, sem í þessum kafla greinir, gilda ákvæði 97. gr., eftir því sem við á.

111. gr.

Húsakynni skulu vera björt og rúmgóð, með nægilegri loftræstingu og upphitun, og mega ekki vera í sambandi við íbúð.

Á hvern aðgerðarstól má ekki koma minna en 5 fermetrar gólfplatar, og lofthæð má ekki vera minni en 2.7 metrar. Heilbrigðisnefnd getur leyft minni lofthæð, en aldrei má hún vera undir 2.5 metrum, enda komi þá minnst 13.5 rúmmetra loft- rými á vinnustól.

Gólf skulu vera lögð gólfduki eða öðru ekki síðra efni. Veggir og loft skulu olíumáluð eða lögð sléttu veggfóðri, sem þolir þvott. Séð skal fyrir nægilega mörgum þvottaskálum með rennandi vatni, eftir því, sem starfseminni telst nauðsynlegt.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskál.

112. gr.

Um heilbrigði starfsfólks skulu gilda ákvæði 57. gr., eftir því sem við á.

Starfsfólk skal í hvívetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinum, hvítum yfirhöfnum.

113. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til þess að ætla að svo sé ástatt um.

Nú verður starfsfólk þess vart eftir á, að tekinn hefur verið til meðferðar maður, sem haldinn er slíkum sjúkdómi, og skal þá starfsmaður þegar í stað leggja þau áhöld til hliðar, er við hinn sjúka mann voru notuð, og þvo hendur sínar vandlega. Þá skal hann tilkynna héraðslækni, er gerir ráðstafanir til sóttþreinsunar, ef þurfa þykir.

Nú telur gestur, að hann hafi orðið fyrir smitun eða óþrifum á stofnun, er hér um ræðir og skal hann þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni, er lætur rannsaka málið.

114. gr.

Hnífa, skæri, klippur, greiður, bursta og önnur slík áhöld skal vandlega hreinsa eftir hverja noktun. Ælíð skal nota hreina dúka og hrein handklæði við hvern gest, og á höfuðbrik stóla skal jafnan vera pappír, er endurnýist við hvern gest. Notaðir dúkar og handklæði skulu jafnóðum lögð í þar til gerða kórfa eða skúffu. Þar sem notuð eru rafmagnsáhöld, skal gerð þeirra og tenging viðurkennd af rafmagnseftirliti ríkisins.

## 115. gr.

Gólf skal þvo vandlega að minnsta kosti einu sinni á dag. Einnig skal hreinsa rækilega stóla, borð og aðra húsmuni fasta og lausa. Afklippt hár skal hreinsa af gólfi jafnóðum.

90

24. júní

## 116. gr.

Hundum og köttum má ekki hleypa inn í húsnæðið.

## XVI. KAFLI

Um sjúkrahús, elliheimili, barnaheimili, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

## 117. gr.

Hver sá, er vill efna til starfsemi samkvæmt þessum kafla, skal gæta fyrir mæla sjúkrahúslaga nr. 93 31. des. 1953. Áður en leitað er leyfis ráðherra til rekstrar sjúkrahúss eða annarra heilbrigðisstofnana, skal málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd og fylgir umsögn hennar umsókninni til ráðherra. Nauðsynlegir uppdættir og upplýsingar skulu og fylgja. Sama gildir, ef um er að ræða breytingar á húsakynnum og rekstrartilhögun. Allar slíkar stofnanir skulu háðar sérstöku eftirliti heilbrigðisnefndar, enda eigi héraðslæknir og heilbrigðisnefnd þar jafnan greiðan aðgang til eftirlits.

## 118. gr.

Vistherbergi hvers konar heilbrigðisstofnana skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum um íbúðarherbergi, sbr. 23. gr. Eldhús, matreiðslu-, uppvotta- og geymslurúm, svo og fatageymsla, salerni og hreinlætistæki, skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum 91.—95. gr., eftir því sem við á. Veggi og loft skal vera auðvelt að þvo, og gólf skulu vera lögð gólfdukk eða öðru ekki síðra efni.

Sjá skal fyrir nægum og hentugum hita og fullnægjandi loftræstingu, enda getur heilbrigðisnefnd ákveðið sérstaka loftræstingu eftir þörfum.

Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum.

Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram minnst einu sinni á dag, enda séu herbergin vel loftræst á eftir.

Ekki mega hundar eða kettir hafast við í húsakynnum.

Um heilbrigði starfsfólks fer samkvæmt 57. gr.

## 119. gr.

Enginn má veita barnaheimili eða elliheimili forstöðu nema heilbrigðisnefnd telji hann þar til hæfan.

Héraðslæknir skal hafa eftirlit með aðbúnaði og líðan vistmanna. Skal hann láta heilbrigðisnefnd í té skýrslu og upplýsingar um allt, það er hann telur ábótavant. Á heilbrigðisnefnd fyrst og fremst aðgöngu að honum um allt er varðar heilbrigðisáttu slíkra heimila.

## 120. gr.

Nú verður vart næmrar veiki á barnaheimili, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá forstöðumaður heimilisins þegar tilkynna það héraðslækni, sem gerir ráðstafanir um meðferð sjúkdómsins og varnir gegn honum.

## 121. gr.

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúss og lækni barnaheimilis, elliheimilis eða annarra slíkra stofnana, sett reglur um tölu sjúklinga eða vistmanna í hverju herbergi, um loftými í þeim og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

90

24. júní

Biðstofur í lækningastofum og öðrum heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að hreingerning fari fram milli viðtalstíma, ef fleiri en einn læknir notar sömu stofu og aðsókn er mikil.

122. gr.

## XVII. KAFLI

## Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum og flugvélum.

123. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með íbúðum og öðrum vistarverum skips- hafna og farþega og öllu öðru, er að hollustuháttum þeirra lýtur, svo og allri um- gengni og þrifnaði í bátum og skipum, sem skrásett eru á Ísafirði. Skal nefndin alltaf eiga aðgang að skipum og bátum til eftirlits þar.

124. gr.

Öll skip og bátar, sem ekki eru skrásettir á Ísafirði, skulu vera háðir eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, meðan þeir eru á samþykktar- svæðinu.

125. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 86.—95. gr. samþykktar þessarar.

126. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklunga með næman sjúkdóm, nema sam- kvæmt leyfi héraðslæknis, er að jafnaði hefur samráð um slíkt við landlækni.

127. gr.

Verði vart við næman sjúkdóm meðal skipshafnar á skipi eða bát, skal skip- stjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni, tollþjóni eða hafnar- skrifstofu, er tilkynnir það tafarlaust héraðslækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir. Sama gildir um óprífakvilla, svo sem kláða og lús, og ráðstafanir til útrýmingar þeim.

128. gr.

Nú verður í báti eða skipi vart við meindýr, svo sem veggjalús, rottur eða kakalaka, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það héraðslækni, tollþjóni eða hafnarskrifstofunni, sem tilkynni það héraðslækni þegar í stað, og gerir hann nauðsynlegar ráðstafanir til útrýmingar.

129. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn, skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja brjóta í bága við samþykkt þessa.

130. gr.

Skipstjórar, formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á, að fyrirmælum heil- brigðisnefndar og héraðslæknis samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, sé hlýtt.

Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar og hér- aðslæknis hefur verið fullnægt.

## 131. gr.

Allar leigubifreiðir, þar með taldir strætisvagnar og áællunarbifreiðir, sem notaðar eru til fólksflutninga og skrásettar eru á Ísafirði, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar um allt, er að þrífnaði og hollustuháttum farþega lýtur.

90

24. júní

## 132. gr.

Í öllum leigubifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutninga, skal ávallt gætt þrífnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 127. gr. taka og til leigubifreiða.

## 133. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis, samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðarstjóri eða bifreiðareigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar og má þá taka bifreiðar úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

## 134. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því, sem við getur átt.

## XVIII. KAFLI

## Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

## 135. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt er varðar hollustuháttu húsakynna samkvæmt þessum kafla, og hefur eftirlit með þeim.

Um fangaklefa fer eftir ákvæðum 23. gr. um íbúðarherbergi, eftir því sem við verður komið. Þó má vista óða menn um stundarsakir í húsakynnum, sem ekki fullnægja þeim ákvæðum, enda komi læknishjálpi til svo fljótt, sem unnt er. Slíkar bráðabirgða vistarverur mega ekki vera heilsuspillanda og skulu vera svo gerðar, að vistmenn fari sér ekki að voða.

## 136. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega á meðan klefi er í notkun og jafnan milli fangaskipta. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu. Um rúmfatnað gilda ákvæði 88. gr.

Um eldhús, matreiðslu, uppvotta- og geymslurúm fer eftir 92. gr., um hreinsun matar- og drykkjaráhalda eftir 94. gr. og um salerni og hreinlætistæki eftir 91. gr., eftir því sem við á.

## 137. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrífakvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust tilkynnt um þetta.

Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrirmælum héraðslæknis.

## XIX. KAFLI

## Um líkgeymslu, líkhús og kirkjugarða.

## 138. gr.

Innan tveggja sólarhringa frá dauða manns skal flytja líkið í líkhús nema sérstaklega standi á, enda komi þá til leyfi héraðslæknis. Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík manna, sem dáið hafa úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

90

139. gr.

24. júní

Fundin og sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum laga nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936.

140. gr.

Líkhús skulu þannig byggð, að veggir og gólf séu úr steinsteypu og vel slétt. Ef gluggar eru á líkhúsi, skulu þeir vita móti norðri. Séð skal fyrir góðri loft-ræstingu, með vélarafli, ef þurfa þykir. Í líkhúsi skal vera vatnsleiðsla og hand-laugar. Niðurfallsop skal vera úr gólfinu, sem halli að opinu.

141. gr.

Líkhús skulu þrífín svo oft, sem þurfa þykir, og ávallt þegar eftir að þar hafa staðið uppi ókistulögð lík.

Nú hefur í líkhúsi verið geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúk-dómi, og kveður þá héraðslæknir á um sóttþreinsunarráðstafanir.

142. gr.

Gæta skal fyrirmæla laga nr. 64 23. júní 1932 um kirkjugarða. Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamla, skal leita álits héraðslæknis og heil-brigðisnefndar, og getur hún ákveðið, að garðstæðið sé þurrkað með lokræsum.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en í 200 metra fjarlægð.

Grafa skal svo djúpt, að minnst 1.25 metrar séu frá kistuloki á grafarbarm.

143. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett fyrirmæli um heilbrigðisráðstafanir í sambandi við líkflutning.

144. gr.

Leyfa má steinsteyptar grafir neðanjarðar, enda sé minnst 0.5 metra þykkt jarðvegslag ofan á. Grafarbotn skal þá svo gerður, að gröfin haldist þurr.

Slíka gróf má því aðeins opna, að héraðslæknir hafi eftirlit með því.

Ef lík er grafið upp, hefur héraðslæknir eftirlit með uppgreftrinum, eftir því sem þurfa þykir.

145. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til þess að taka niðurlagðan kirkjugarð til annarra nota.

## XXI. KAFLI

## Lokaákvæði.

146. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, ef ríkar ástæður þykja til.

147. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett nánari fyrirmæli um einstök atriði, sem eigi er mælt fyrir um í samþykkt þessari, eða til skýringar á ákvæðum hennar, enda fari fyrir-mælin ekki í bága við þau.

Þá getur nefndin látið sérprenta fyrirmæli sín og einstaka kafla eða greinar samþykktar þessarar, og birt með viðeigandi hætti.

## 148. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir varðandi heilbrigðismál.

## 149. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 1000 kr., ásamt vísitöluálagi lögum samkvæmt.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðilja, og innheimta kostnaðinn með lög taki, ef þörf gerist.

## 150. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

## 151. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í stjórnartíðindum. Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 53 5. maí 1906.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. júní 1954.*

F. h. r.  
Baldur Möller.

*Emil Ágústsson.*

## AUGLÝSING

## um niðurfærslu aðflutningsgjalda og tollflokkun nokkurra vara.

91

24. júní

Ráðuneytið hefur með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39. A kafla tollskrár ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist þannig:

Tollskrá		Toll-	Vöru-	Verð-
Kafla	Nr.	eining	magns-	tollur
			Aurar	%
39 A	6a	1 kg.	7	10
	11b	—	1	2
	11c	—	2	2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðauka samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 76/1953, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Þá leggur ráðuneytið svo fyrir, að vörur þær, sem teljast til nr. 6a í 34. kafla tollskrár, skuli við tollskoðun og tollútreikning flokkaðar í annan hvorn eftirgreindan undirflokk (1 eða 2):

Tollskrá	
Kafla	Nr.
34	6a — aðrir (flugeldar og flugeldaefni):
	(1) — — „kínverjar“, „púðurkerlingar“ og aðrar sprengjur.
	(2) — — annað.

**91** Enn fremur leggur ráðuneytið svo fyrir, að bifreiðar þær, sem teljast til nr. 4  
24. júní í 75. kafla tollskrár, skuli við tollskoðun og tollútreikning flokkaðar í einhvern eftirgreindan undirflokk (a, b, c eða d):

Tollskrá  
Kafli Nr.

- 75 4 — vöruflutningabifreiðar:
- (a) — — vörubifreiðagrindur án palls og stýrishúss.
  - (b) — — vörubifreiðagrindur með palli og stýrishúsi fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
  - (c) — — sendiferðabifreiðar. Bifreiðar teljast því aðeins hér til, að aðeins sé sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum, að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm og að ekki séu gluggar eða rúður á bílnum fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.
  - (d) — — aðrar.

Með auglýsingu þessari falla úr gildi auglýsing nr. 207/1953 og auglýsing nr. 13/1954, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

*Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1954.*

F. h. r.

**Sigtr. Klemenzson.**

*Sig. Áskelsson.*

**92**  
28. júní

**AUGLÝSING**  
**um kjötskoðun í Reykjavík.**

Samkvæmt 11. grein laga nr. 5 22 febr. 1949, um kjötmat o. fl., skal, frá 1. júlí 1954, dýralæknisskoðun á öllu kjöti, sem skoða ber í Reykjavík, fara fram í húsa- kynnum Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu.

Gjald fyrir kjötskoðunina er ákveðið:

Fyrir hvern skrokk af stórgripum .....	kr. 25.00
Fyrir hvern svínsskrokk .....	— 25.00
Fyrir hvern kálfsskrokk .....	— 10.00

Í ofangreindu gjaldi er innifalið hið lögboðna mats- og skoðunargjald.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum 14. greinar nefndra laga.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

## G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Sauðárkróks.

93  
29. júní

### I. RAFORKA

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.40 hver kwst.
2. Um kwst. mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds af rúmi því sem lýsa skal, er nemi kr. 10.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.50 á ári af hverjum fermetra.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli þannig reiknað:

- |   |                 |
|---|-----------------|
| a. Grunnkjald (mælisteiga o. fl.) .....       | kr. 5.50 á mán. |
| b. Orkugjald af allri notkun .....            | — 0.60 — kwst.  |
| c. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð ..... | — 5.50 — mán.   |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

#### C. Vélanotkun.

Um kwst. mæli þannig:

- |   |                  |
|---|------------------|
| 1. Fyrir fyrstu 1 000 kwst. ársnotkun ..... | kr. 1.80 á kwst. |
| — næstu 2 000 — .....                       | — 1.50 — —       |
| — — 4 000 — .....                           | — 1.20 — —       |
| — — 8 000 — .....                           | — 1.00 — —       |
| — — 15 000 — .....                          | — 0.85 — —       |
| — umfram 30 000 — .....                     | — 0.70 — —       |
2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindi sig til að greiða sem svarar minnst 1 000 kwst. ársnotkun á hvert kw vélanna, um kwst.mæli:
    - a. Á 46 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
    - b. Á 70 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

#### D. Hitun.

Um kwst. mæli á 20 aura hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6 000 kwst. á ári. Sala á raforku samkvæmt þessum gjaldkrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1.5 klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.



- 93 29. júní b. Að klukkrofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.  
c. Að hitunarlagirnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 55 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst. mæli á kr. 1.80 hverja kwst.
3. Til hökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst. mæli á 15 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvigjaldsmæli á 15 aura hverja kwst. frá kl. 22 til 8.30 og kr. 1.25 hverja kwst frá kl. 8.30 til 22.
4. Raforku til götu- og hafnarlýsingar, á 65 aura hverja kwst.
5. Raforku til ljósa í beitiskúrum og gripahúsum má selja án mælis á kr. 1800 árskw., enda sé spennan þá 32 volt, og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.

#### II. MÆLISLEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... | kr. 2.00 á mán. |
| 2. — þrífasa mælum 25 amp. og minni .....  | — 3.00 — —      |
| 3. — þrífasa mælum 25 til 50 amp. ....     | — 5.00 — —      |
| 4. — þrífasa mælum 50 til 70 amp. ....     | — 7.00 — —      |
| 5. — þrífasa mælum 70 amp. og yfir .....   | — 10.00 — —     |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársléigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

#### III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Sauðárkróks skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.m.:		Heimtaugargjald:
Frá 0 allt að 100 .....		kr. 500.00
— 100 — — 150 .....		— 575.00
— 150 — — 200 .....		— 650.00
— 200 — — 250 .....		— 725.00
— 250 — — 300 .....		— 800.00
— 300 — — 350 .....		— 900.00
— 350 — — 400 .....		— 1000.00
— 400 — — 450 .....		— 1100.00
— 450 — — 500 .....		— 1200.00
— 500 — — 550 .....		— 1300.00
— 550 — — 600 .....		— 1400.00

*Rúmmál húss í ten.m.:**Heimtaugargjald:*

93

29. júní

Frá 600 allt að 650 .....	kr. 1500.00
— 650 — — 700 .....	— 1600.00
— 700 — — 750 .....	— 1700.00
— 750 — — 800 .....	— 1800.00
— 800 — — 850 .....	— 1900.00
— 850 — — 900 .....	— 2000.00
— 900 — — 1000 .....	— 2200.00
— 1000 — — 1100 .....	— 2400.00
— 1100 — — 1200 .....	— 2600.00
— 1200 — — 1500 .....	— 3000.00
— 1500 — — 1750 .....	— 3500.00
— 1750 — — 2000 .....	— 4000.00
— 2000 — — 2250 .....	— 4500.00
— 2250 og yfir .....	— 5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika  $3 \times 70$  m<sup>2</sup> eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald sem er 20% hærra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en  $3 \times 70$  m<sup>2</sup> eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðaskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald.

**IV. Opnunargjald.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í kafla þessarar gja'dskrár um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breyting auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna nr. 16 6. febrúar 1952.

*Atvinnumálaráðuneytið, 29. júní 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

94

30. júní

## AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-  
samþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 153 12. sept. 1941.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 frá 1919, lög nr. 88 frá 1938 og lög nr. 111 frá 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðar-  
kaupstað.

## 1. gr.

Aftan við 3. málsgrein 41. greinar komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Komi sauðfé á almannafæri, sbr. 1. gr., eða inn á ræktunarlönd einstaklinga í bænum á tímabilinu frá 20. júní til 20. september, lætur lögreglustjóri handsama gripina, skoða nákvæmlega fjármark og önnur augljós einkenni á þeim og auðkenna þá haldgóðu merki. Skal eigendum síðan gefinn kostur á að vitja þeirra. Komi sömu skepnur aftur á almannafæri eða ræktunarlönd samsumars, skal lög-  
reglustjóri sjá svo um, að þeim verði lógað í næstu sláturtíð.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 30. júní 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

95

30. júní

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 192 24. nóv. 1949.

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunnjaldsskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugagjald í rafveitusjóð áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má þá krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugagjalds ákveðst samkvæmt fyrirætlum 5. greinar.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem ekki eru grunnjaldsskyld (úti-  
hús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugagjald hundradshluti af fasteignamatsverði samkv. 5. grein og fellur í gjalddaga, þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar og þ. k. fer eftir nánari ákvæð-  
um í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

## 2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugagjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunnjald skal vera 1000 krónur af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar, og auk þess 2000 krónur af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunnjald skal greiða 50 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 65 000 króna matsverði, 10 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 65 000 krónur, allt að 500 000 króna matsverði og 2 af hundraði af því sem er þar fram yfir, enda séu samanlögð lengd háspennu- og lágspennulína veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverð og miðað heimtaugagjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugagjaldið fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari línulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtauggjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

## 3. gr.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 43 27. apríl 1954, um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 192 24. nóv. 1949.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar  
Landssambands hestamannafélaga.

## 1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

## 2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

## 3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 75% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um, á þann hest, er vinnur.

- 96** b. Afganginum (25%) sé varið til reksturs kappreiðanna, til starfsemi sambandsins og til að styrkja sambandsfélögin til reiðvegagerðar. Skal það vera a. m. k. 10% af hagnaði sambandsins af starfsemi þessari.

1. júlí

**4. gr.**

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

**5. gr.**

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur h'eypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

**6. gr.**

Ef h'auþ verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur, að frádregnum 20%.

**7. gr.**

Vinningar útborgist aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt að innskot fáist að fullu aftur.

**8. gr.**

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum sambandsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

**9. gr.**

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

**10. gr.**

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júlí og gildir til fimm ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 frá 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 1. júlí 1954.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Sigurgeir Jónsson.*

**97**

1. júlí

**REGLUR**

**um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði (vatnsaflsstöðvar).**

**1. gr.**

Úr raforkusjóði má veita lán, samkvæmt 3. tölulið 35. gr. raforkulaga nr. 12 2. apríl 1946 og má ákveða heildarupphæð lána þessara á ári hverju með hliðsjón af ákvæðum 4. gr. laga nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög. Slíkt lán verða hér eftir í reglum þessum nefnd einkarafstöðvalán.

**2. gr.**

Umsókn um einkarafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi áætlun um uppdrætti og lýsingu á verkinu. Raforkumálastjóri rannsakar áætlunina

og kynnir sér staðhætti til að geta dæmt um, hvort virkjunartilhögun er skynsamleg og heppileg og áætlun rétt. Hann setur skilyrði um tilhögun virkjunarinnar og framkvæmd verksins. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna um lánveitingu til virkjunarinnar. 97 1. júlí

### 3. gr.

Raforkumálastjóri gerir, að framkvæmdri rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði.

### 4. gr.

Að fenginni skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkvæmt fyrir-mælum hans, veitir raforkumálastjóri einkarafstöðvalán úr raforkusjóði og skal lántaki gefa út og undirrita skuldabréf, þar sem fram er tekið, til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið ásamt bréfi ráðherra svo og um-sókn, áætlun og öðrum skilríkjum, geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborgunargreiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

### 5. gr.

Vextir af einkarafstöðvalánnum skulu vera 3% og greiðast eftir á árlega. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin, en greiðast síðan upp með jöfnum afborgunum á 18 árum eða fyrr, ef lántakandi óskar.

### 6. gr.

Lánið kemur ekki til útborgunar, fyrr en byggingu rafstöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans og gengið er úr skugga um, að stöðin fullnægi settum skilyrðum.

### 7. gr.

Lánið má nema allt að  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar vatnsaflsstöðvarinnar og rafmagnslínu þaðan heim að húsvegg, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumála-stjóra.

### 8. gr.

Til tryggingar skilvísri greiðslu vaxta og afborgana skal lántaki auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 114 30. júní 1947, um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði og auglýsing nr. 152 9. júlí 1952 um breytingu á þeim reglum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 1. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUR****um veitingu mótorrafstöðvalána úr raforkusjóði.****1. gr.**

Úr raforkusjóði má veita lán samkvæmt 4. tölulið 35. gr. raforkulaga nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög nr. 58 25. maí 1949, og má ákveða heildarupphæð lána þessara á ári hverju með hliðsjón af ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög. Slík lán verða í reglum þessum nefnd mótorrafstöðvalán. Ekki má veita slík lán til mótorrafstöðva, sem eru minni en 1 kw að stærð.

**2. gr.**

Umsóknir um mótorrafstöðvalán sendist raforkumálastjóra. Umsókninni fylgi kostnaðaráætlun og upplýsingar um tegund og stærð véla þeirra, sem notaðar eru eða áætlað er að nota í stöðina og um tilhögun hennar. Raforkumálastjóri getur sett skilyrði um gerð, og tilhögun mannvirkjanna. Hann gengur úr skugga um, hvort fullnægt er skilyrðum raforkulaganna og þessara reglna um lánveitingu til rafstöðvarinnar.

**3. gr.**

Raforkumálastjóri gerir að undangenginni rannsókn og að fenginni umsögn raforkuráðs, tillögur til ráðherra um veitingu mótorrafstöðvaláns úr raforkusjóði.

**4. gr.**

Að fenginn skriflegri heimild frá ráðherra í hvert sinn eða samkvæmt fyrir-mælum hans veitir raforkumálastjóri mótorrafstöðvalán úr raforkusjóði, sbr. 1. grein, og skal lántaki gefa út undirritað skuldabréf, þar sem fram er tekið til hvaða tíma lánið er veitt og með hvaða kjörum. Skal skuldabréfið, ásamt bréfi ráðherra svo og umsókn, áætlun og öðrum skilríkjum, geymast í skjalasafni sjóðsins og vaxta- og afborganagreiðslur færast inn á skuldabréfið jafnóðum og greiðslur fara fram.

**5. gr.**

Vextir af mótorrafstöðvalánum skulu vera 3½% og greiðast eftir á árlega. Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum afborgunum á 8 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.

**6. gr.**

Lánið kemur ekki til útborgunar, fyrr en byggingu stöðvarinnar er lokið og hún hefur verið tekin út af raforkumálastjóra eða fulltrúa hans og gengið úr skugga um, að stöðin fullnægi settum skilyrðum.

**7. gr.**

Lánið má nema allt að ⅔ stofnkostnaðar mótorrafstöðvarinnar, enda sé stofnkostnaður hæfilegur að dómi raforkumálastjóra.

**8. gr.**

Til tryggingar skilvísing greiðslum vaxta og afborgana skal lántaki, auk veðs í rafstöðinni, leggja fram tryggingu, sem raforkumálastjóri tekur gilda.

Reglur þessar eru settar samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög 98 nr. 58 25. maí 1949, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 107 12. júní 1950 um veitingu mótorrafastöðvalána úr raforkusjóði og auglýsingu nr. 153 10. júlí 1952 um breytingu á þeim reglum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 144 30. júlí 1951.

99  
7. júlí

Stafliðir B og D í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

### B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 38 aura hverja kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 5.00 á mánuði, fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, eða stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

### D. Til hitunar.

a.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
b.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
c.	9.5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
d.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—
e.	26	—	—	—	—	—	—	án	rofs.			

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við kolaverð 420 kr. hvert tonn heimkeyrt. Gjaldið standi ávallt á heilum eða hálfum eyri.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

1. Að roforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
2. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
3. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
4. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum m. a. ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastíllar notaðir.
5. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*



## REGLUGERÐ

## um skattfrádrátt vegna iðgjalda af ólögboðnum lífeyristryggingum.

## 1. gr.

Við ákvörðun skattaskyldra tekna samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, enda hafi iðgjöldin sannanlega verið greidd á skattárinu. Hjá hverjum skattgreiðanda má þessi frádráttur nema allt að 10% af launum eða nettótekjum hans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári.

Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarbæru iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrarútgjöld en telst ekki til tekna hjá launþega, enda minnkar þá réttur hans til frádráttar sem því nemur og hverfur að fullu ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár.

Nú greiðir atvinnufyrirtæki stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, og getur þá ráðherra veitt leyfi til að stofnframlagið komi til frádráttar skattskyldum tekjum fyrirtækisins, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum. Að sjálfsgöðu verður þessi heimild því aðeins veitt að fullnægt sé öllum sömu reglum og gilda um tryggingar annarra aðila og þau skilyrði uppfyllt, er reglugerð þessi setur.

## 2. gr.

Skilyrði fyrir því, að ólögboðna lífeyristryggingu megi draga frá tekjum samkvæmt 1. gr. eru, að fé sjóðanna sé ávaxtað á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941, svo og í innlánsdeildum samkv. lögum um samvinnufélög.
4. Í skuldabréfum með veði í fasteignum, allt að 30% af brunabótamati.

## 3. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið fyrir fram fyrir eitt ár í senn, að sjóðirnir verji allt að 50% af árstekjum sínum, þar með talið vextir og afborganir af útistandandi skuldum, til kaupa á tilteknum skuldabréfum þeirra tegunda, sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið 2. gr.

## 4. gr.

Hver einstakur lífeyrissjóður skal árlega endurskoðaður af endurskoðanda, sem fjármálaráðherra tilnefnir.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 8. júlí 1954.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Kjartan Ragnars.*

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Kjósarsýslu.

101

16. júlí

### 1. gr.

#### Stjórn fjallskilamála.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn allra fjallskilamála sýslunnar. Hreppsnefndir hafa stjórn og allar framkvæmdir fjallskilamála í sveitarfélögum og í samvinnu, þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur eða réttarhald sameiganlega. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum, skal sýslunefnd skera úr.

### 2. gr.

#### Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppum í heimaland og upprekstrarland, ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland, þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekkert á vetrum sökum fjarlægðar frá byggð.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis hreppsnefndar. Eigi má heldur í heimildarleysi færa skepnur í heimalönd eða upprekstrarlönd né ónáða þar án leyfis landráðenda eða hreppsnefndar. Enn fremur er einstaklingum óheimilt að taka fénað til upprekstrar í félagslegt upprekstrarland nema með leyfi hreppsnefndar.

### 3. gr.

#### Ágangur búfénaðar í heimalöndum.

Búfjáreigendum er skylt að stuðla að því, að fénaður þeirra gangi eigi í löndum annarra og geri þar usla eða tjón. Skal það vera skylda að þeir, sem fénað hafa í heimahögum að sumrinu, hafi hann í afgirtum löndum, að öðrum kosti er hann réttlaus, og skal honum ráðstafað sem óskilafénaði á kostnað eigenda.

Jarðeigendur eða leigjendur lands eru skyldir til þess að hafa garðlönd sín girt löglegum girðingum.

Sé svo mikill ágangur af fénaði úr upprekstrarlöndum í heimalönd einstaklinga, að þeir fái ekki við ráðið, getur hlutaðeigandi leitað aðstoðar hreppsnefndar, sem gerir ráðstafanir til þess að afstýra áganginum og greiðist kostnaður við það úr sveitarsjóði. Utansveitarfénað skal hreppsnefnd láta flytja til heimasveitar hans og greiði sveitarsjóður þess hrepps. sem fénaðurinn er úr allan kostnað við flutninginn, en eigendum fénaðarins ber að greiða sveitarsjóðnum kostnaðinn að fullu.

### 4. gr.

#### Upprekstrarákvæði.

Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrum, ber öllum þeim sem eiga eða hafa undir höndum sauðfé, ótamin hross eða geldneyti að reka fénað sinn á afrétt svo tímanlega að vorinu, sem árferði og aðrar ástæður leyfa, nema þeir hafi örugglega girt landsvæði fyrir þann fénað, enda sé sá fénaður á ábyrgð eigenda, samkvæmt 1. málsgrein 3. greinar.

### 5. gr.

#### Vorsmalanir.

Öllum þeim sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, ber skylda til að smala land sitt á vorin eftir fyrirmælum hreppsnefndar og eru skyldir til að greiða fyrir göðum skilum á fénaði annarra, sem fyrir kemur hjá þeim.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefur til umráða, hvort sem jörð hefur til afnota eða eigi. Einnig má leggja fjallskil á notanda jarðar eða eiganda, þótt hann hafi ekki fénað, ef mannafla vantar til smala eða réttarhalda, að álitni hreppsnefndar.

Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er þau nota. Hver maður er fjallskilaskyldur í því sveitarfélagi, sem hann á heimili í. Fjallskil skal þó leggja á mann þar sem hann notar upprekstrarland fyrir skepnur sínar eða á land þótt utansveitar sé, en þá má eigi leggja á meira en  $\frac{1}{5}$  hluta fjallskila vegna þess fénaðar eða lands í heimasveit hans. Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á í vinnu eða peningum. Til fjallskila telst eitt hross í upprekstri jafnt sex sauðkindum.

Hreppsnefnd boðar með fjallskilaboði þrem vikum fyrir fyrstu haustleitir öllum þeim er hlut eiga að máli, hvaða fjallskil þeim ber að inna af höndum og er sérhverjum skylt að hlýta fyrir mælum hennar án undandrátta. Vanræki menn að vinna tilskilin fjallskil má kaupa mann í stað þess er vantar, á kostnað þess sem skipaður var.

Hverjum landráðanda er skylt að smala allt land sitt og koma fénaði þaðan til lögrétta, sveitarsjóðnum að kostnaðarlausu. Heimilt er hreppsnefndum þó að veita aðstoð þeim, sem erfiðastar hafa aðstæður og mest landrými til smölunar og greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði.

Hreppsnefnd skipar leitarforingja, safngæzlumenn, 2 marklýsingarmenn og réttarstjóra. Leitarforingjar skipa fyrir um leitir og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna. Leitarforingjar ráða yfir safni sínu unz komið er til rétta og skipaður safngæzlumaður tekur við. Leitarforingjar sjái um að leitarmenn séu viðhlýtandi útbúnir og að öðru leyti starfa sínum vaxnir. Séu vanbúnir liðléttingar sendir í leitir, sem ekki fá unnið fullt gagn, að dómi leitarforingja, telst slíkt sem vanrækt fjallskil.

Skipa skal menn í útréttir eftir þörfum og ber þeim að hirða allan fénað úr sveit sinni og koma honum til rétta eða bæja í hreppnum. Öllum búendum ber að greiða fyrir að fénaður komist sem fyrst til eigendanna.

## 7. gr.

## Réttarstörf.

Réttarstjórar skulu sjá um að réttarstörfin gangi sem greiðast og skulu rétta-  
menn hlíta fyrirskipunum þeirra í hvívetna.

Ber hreppstjórum að veita þeim aðstoð, ef með þarf. Réttarstjórar sjái um að allir markleysingar séu einangraðir í sérstökum dülki og mönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sin. Við drátt fénaðar gengur hornmark fyrir eyrnamarki og skrásett brennimark, ef ekki eiga fleiri það sama, fyrir horna- og eyrnamarki, en greinilega áletrað spjald fyrir öllum öðrum mörkum. Þó hvílir sönnunarskylda á eiganda spjaldmerkisins um eignarheimild fénaðarins, ef þess verður krafizt. Verði ágreiningur um mörk úrskurða marklýsingamenn og hreppstjóri. Úrgangsfé það, sem afgangur verður eftir nákvæma skoðun við skrádrátt, svo og óutgengna markleysingja, afhendir réttarstjórinn hreppstjóra fyrir réttarlök til sölu eða slátrunar sem óskilafé.

## 8. gr.

## Haustleitir.

Aðalhaustleitir skulu vera tvennar. Skulu þær fara fram daginn áður en réttað er í hverju réttarfélagi. Þá skal smala allt land, sem fénaður hefur gengið á á

sumrum. Ef vanheill fénaður kemst ekki til réttar ber leitarforingja að sjá um að hann komist til byggða og tilkynna það hreppstjóra þegar í stað, sem þá ráðstafar fénaðinum tafarlaust í samráði við eigendur, ef til þeirra næst. 101 16. júlí

Lögréttir Kjósarsýslu skulu vera þessar:

- a. Eyjarétt í Kjósarsýslu. Fyrri rétt þriðjudag í 22. viku sumars. Sundurdrátt má hafa við Fossá.
- b. Kollafjarðarrétt í Kjalarneshreppi. Fyrri rétt miðvikudaginn í 22. viku sumars. Sundurdrátt má hafa við Arnarhamar.
- c. Hafravatnsrétt fyrir Mosfellssveit, Seltjarnarnes, Kópavogshrepp og Reykjavík. Fyrri rétt þriðjudag í 22. viku sumars.

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða.

Önnur réttun fer fram sama vikudag tveim vikum seinna (samanber þó næstu málsgrein). Úrgang úr sundurdráttarréttum skulu tilkvaddir menn færa til aðalréttar svo fljótt sem föng eru á, svo aðalréttir teyfjast ekki.

Berist sýslunefnd beiðni tveggja réttarfélaga af þremur um breytingu á réttardögum, er henni heimilt að ákveða að önnur réttun fara fram samdægurs í sýslunni.

Hrossasmölun skal fara fram á hverju hausti og skulu öll hross úr afréttum þá rekin til réttar og hirt þar af eigendum. Hreppsnefndir ákveða um hrossasmölun um leið og önnur fjallskil og geta þær skipað þá, sem hross eiga á afréttum, í þær smalamennskur.

Hross, er rekin eru til rétta og eru í óskilum, skulu afhent hreppstjóra til gæzlu, sem auglýsir þau og selur sem óskilafé að þrem vikum liðnum, ef enginn finnst eigandinn.

Fyrsta virkan dag í nóvember, skal fara fram almenn smölun í öllum hreppum sýslunnar. Skal þá senda úrtíning til rétta og gera ráðstafanir til að utanhreppsmenn geti nálgast fé sitt. Óskilafé er farið með samkv. 10. gr.

#### 9. gr.

##### Aukasmalanir.

Auk aðalhaustleita getur hreppsnefnd ákveðið smalanir á öðrum tímum, ef þurfa þykir. Verði þá ákveðið, að úrtíningur skuli rekinn til rétta, skal tilkynna það nálægum hreppsfélögum. Þá er heimasmalanir fara fram, eru búendur skyldir að greiða fyrir skilum á annarra fénaði.

#### 10. gr.

##### Meðferð óskilafénaðar.

Óskilafé skal selja án innlausnarfrests, nema kynbóta- og forystufé og hross tveggja vetra og eldri. Þann fénað skal selja með sex vikna innlausnarfresti frá sölu-degi. Kynbótafé og forystufé, skal merkja með vel festu spjaldi, sem orðið *met* sé letrað á, annars verður ekki á talið þótt það sé selt án innlausnarfrests.

Markleysingja og annan óskilafénað er fyrir kemur eftir afstaðnar haustleitir, svo og ágangshross eða annan fénað, sem eigi hefur til skila komizt, skal reka til hreppstjóra, en hann ráðstafar fénaðinum eða selur að undanfarinni uppboðslýsingu, með þó minnst viku fyrirvara, ef um hross tveggja vetra eða eldri er að ræða.

Þá hreppstjóri hefur selt óskilafénað og eigandi ekki gefið sig fram, skal hann senda auglýsingu um sölu fénaðarins til birtingar í Lögbirtingablaðinu fyrir janúar-mánaðarlok ár hvert. Þeir sem sanna eignarrétt sinn á seldum fénaði fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra fyrir næstu fardaga, fá uppboðsandvirðið greitt að frádregnum kostnaði. Annars fellur andvirðið til hlutaðeigandi sveitarsjóðs og afhendist oddvita ásamt skýrslu um seldan óskilafénað.

## 11. gr.

**Mörk og markaskrár.**

Skýlt er hverjum þeim er búfé á (sauðfé, hross) eða hefur það til umráða, að hafa það greinilega markað. Verði eyrnamarki ekki við komið, ber að hornmarka og brennimerkja hyrnt fé, en auðkenna kollótt fé með spjaldmerki. Allt hyrnt sauðfé veturgamalt og eldra skal brennimerkja með hreppabrennimarki á hægra horn. Í Kjósarsýslu eru hreppabrennimörk þessi:

Fyrir Kjósarhrepp .....	K1 eða Kjós.
— Kjalarneshrepp .....	K2 — Kjal.
— Mosfellshrepp .....	K3 — Mosf.
— Seltjarnarneshrepp ....	K4 — Seltj.
— Kópavogshrepp .....	K5 — Kóp.

Ekki má taka upp eða nota mikil særingarmörk, mega mörk ekki vera meira en átta hnífsbrögð alls. Aðeins tvö undirmörk má nota sama megin á eyra. Eftirtalin mörk eru bönnuð: Gagnlaggað, geirstúfrifað, geirsýlt, hamarrifað, hamarsneitt, stúfmiðhlutað, stúfrifað í jaðrað, sýlblaðstýft, sýlhamar, tvígagnbitað, tvígagnfjaðrað, tvílaggað, vagllögg, vaglrifa og þristýft.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá eigi sjaldnar en tíunda hvert ár. Skulu allir markeigendur í sýslunni koma mörkum sínum í hana og má enginn nota mark, sem ekki er prentað í skránni (sjá þó næstsíðustu málsgrein þ. gr.).

Enginn má hafa fleiri en tvö sauðfjármörk og eitt hrossamark. Sýslunefnd ákveður markagjald og skal það vera svo hátt að nægi fyrir kostnaði við undirbúning og prentun markaskrárinnar. Verði afgangur þegar allur kostnaður er greiddur, skal hann renna í sýslusjóð. Markaskrána skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt, og auk þess nokkur til vara og til að senda í nálægar sýslur. Fjallskilareglugerð sýslunnar skal prenta með markaskránni.

Sýslunefnd kýs markavörð til að annast útgáfu markaskrárinnar. Hann skal einnig hafa umsjón með upptöku nýrra marka, milli þess að markaskrár eru prentaðar.

Markavörður mælir fyrir um söfnun marka og allt er þar að lýtur og tilkynnir það markasafnendum í tæka tíð, en söfnun skal fara fram í október árið áður en skráin er prentuð. Hreppstjórar safna og raða mörkum hver í sínum hreppi. Þeim ber 10% af markagjaldinu í þóknun fyrir starf sitt. Allir sem vilja koma marki í skrána, skulu greiða markagjaldið um leið og þeir afhenda markið. Fyrir nýtt mark greiðist tvöfalt gjald. Að lokinni markasöfnun skal senda mörkin og markagjöldin til markavarðar. Finni hann eitthvað athugasemjulegt við mörkin, sem honum berast, skal hann tilkynna það bréflaga þeim er í hlut eiga, og um leið benda á annað mark er komið gæti í stað þess, sem sent var og sem líkast því. Hafi markaverði ekki borizt svör við tilkynningunum fyrir ákveðinn tíma, getur hann litið svo á, að ábenta markið sé samþykkt, og látið prenta það í skránni. Vilji einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark á milli þess að markaskrár eru prentaðar, verður hann að fá til þess samþykki markvarðar og að því fengu auglýsa það í Lögbirtinga- blaðinu, er það þá heimilt til notkunar.

Sýslunefndin skal leita samvinnu við nágrannasýslunefndir um ráðstafanir til að forðast sammerki þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað.

## 12. gr.

101

**Rekstrarákvæði.**

16. júlí

Þegar sauðfé eða hross eru rekin um Kjósarsýslu, skal þess gætt að valda ekki tjóni á fénaði eða löndum, þar sem rekið er um eða áð. Ekki má vera á ferð með rekstra þegar skuggsýnt er, hvorki að kvöldi eða morgni.

Allur rekstrarfénaður skal vera auðkenndur með greinilegum og traustum rekstrarmerkjum. Þess skal gætt að annar fénaður komi ekki saman við rekstra. En komi það fyrir, skal sá fénaður skilinn frá rekstrinum svo fljótt sem verða má og honum komið í átt haga sína eigendum hans að kostnaðarlausu.

Hvert það tjón, sem kann að hljótast af umferð rekstra, ber rekstrarmönnum að bæta að fullu.

## 13. gr.

**Meðferð búfénaðar.**

Bannað er að misþyrma skepnum á nokkurn hátt svo sem með svelti, hundbeitingu, hártogun eða öðru slíku, við réttir, í rekstrum eða gæzlu, heimasmölnu eða annarri viðureign. Brot gegn ákvæði þessu varðar skaðbótum eða hegningu að lögum.

## 14. gr.

**Bygging rétta.**

Hreppsnefndir annast byggingu og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum, sömu leiðis dilka við útréttir. Er þeim kostnaði jafnað niður sem öðrum fjallskilakostnaði. Heimilt er hreppsnefndum að greiða réttarbónda fyrir átroðning vegna réttarhalds eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna. Réttarstæði má breyta eftir tillögu hreppsnefndar, ef meiri hluti fjallskilaskildra réttarfélagsmanna samþykkja, enda komi samþykki sýslunefndar til.

## 15. gr.

**Sektir og viðurlög.**

Hreppsnefnd hverri er skylt að gæta þess að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

Sektir fyrir brot á reglugerð þessari eða gegn einstökum ákvæðum hennar eru 50—500 krónur, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektir renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Kjósarsýslu hefur samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilamála-reglugerð Kjósarsýslu nr. 76 frá 22. ágúst 1921.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

102  
20. júlí

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 19/1905 og lögum nr. 55/1921 hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Kópavogshrepp. Varnarþing í Kópavogshreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. B. bls. 167—185).

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1954.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

103  
26. júlí Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar, Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1954. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar Stefánsdóttur, Páls Benediktssonar,  
Steinunnar Gunnlaugsdóttur og Árna Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Foreldrasjóður, og er stofnaður af hjónunum Guðlaugu Pálsdóttur og Guðmundi Árnasyni, Gilsárstekk, í tilefni af 50 ára hjúskaparafmæli þeirra 2. okt. 1953, og til minningar um foreldra þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur — og skal hann ávaxtaður í íslenskum banka, sem ríkið ábyrgist.

3. gr.

Allir vextir leggjast við höfuðstól til ársins 1980, en þá skal fyrst verja  $\frac{3}{4}$  vaxta til verðlauna samkv. 4. gr. 20 árum síðar skal næst veita verðlaun, og þá  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna. Síðan skal verðlaun veita á 10 ára fresti, og jafnan  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna í hvert sinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur, skal öllum vöxtum varið til verðlauna ár hvert, en höfuðstól má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þann bónda, sem ber af um mikla fóðuröflun á jörð sinni, samfara afbragðs fóðrun búfjár, og þá húsfreyju, sem skarar fram úr í trú og siðgæði og góðum heimilisreglum. Starfssvæði sjóðsins er innan marka Breiðdalshrepps eins og þau nú eru.

## 5. gr.

Búnaðarfélag Breiðdæla er eigandi og skal sjá um sjóð þennan, og er félagsstjórnin jafnan stjórn sjóðsins, og ber félagið ábyrgð á, að sjóðurinn sé í öruggri vörzlu, og fé hans varið samkvæmt 4. grein.

Stjórn sjóðsins vinni kauplaust en útlagður kostnaður vegna gerðareikningsbókar o. þ. h. greiðist af vöxtum sjóðsins.

## 6. gr.

Ef Búnaðarfélag Breiðdæla verður lagt niður skal síðasta stjórn þess, ásamt þrem húsfreyjum, kosnum af giftum konum í Breiðdal gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru á framkvæmdaatriðum, þó þannig að grundvallarskilyrðin haldi gildi sínu.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar jafnan lagðir fram endurskoðaðir á hverjum aðalfundi Búnaðarfélagsins.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Gilsárstekk 17. maí 1954.

Guðlaug Pálsdóttir.

Guðm. Árnason.

## REGLUGERÐ

### um mat og flokkun á kartöflum.

104

9. apríl

## 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal hafa á hendi:

- a. Verðskráningu kartafna samkv. 8. gr. laga nr. 94 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, og 5. gr. laga nr. 31 1943, um verzlun með kartöflum o. fl.
- b. Eftirlit með að ákvæðum um flokkun á kartöflum sé fylgt og veita leiðbeiningar um flokkunina.

## 2. gr.

Framleiðsluráð ræður matsmann í Reykjavík og á öðrum helztu markaðsstöðum á landinu eftir því sem þörf krefur, og starfa þeir í umboði þess. Laun matsmanna skulu ákveðin af ráðherra.

## 3. gr.

Allar innlendar kartöflur, sem seldar eru til manneldis, skulu aðgreindar í þrjá flokka:

Úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk.

## 4. gr.

Verzlunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim, sem matsreglur ákveða. Sé vafi á því, í hvaða flokki selja skuli kartöflur, skal leita um það úrskurður hutaðeigandi matsmanns, en selja þær ella sem II. flokks vöru. Allar kartöflur, sem seldar eru í smásöluverzlunum, skulu greinilega auðkenndar með merkjum á umbúðum eða á annan hátt, svo að auðsætt sé, hvers flokks þær eru. Heiti tegundar (afbrigði) skal tilgreint á kartöflum, sem metnar hafa verið í úr-



**104** valsflokk og I. flokk. Á tímabilinu frá því að uppskera hefst og til 20. september 9. apríl ár hvert, er heimilt að selja kartöflur af nýrri uppskeru án mats eða flokkunar, nema annað sé ákveðið af framleiðsluráði (sbr. 7. gr.).

#### 5. gr.

Matsmenn eða umboðsmenn þeirra skulu undirrita vottorð um flokkun á þeim kartöflum, sem þeir meta. Þar skal tilgreina flokk og auk þess tegundaheiti á kartöflum, sem metnar eru í úrvalsflokk og I. flokk, nafn framleiðanda eða seljanda, framleiðslustað, magn (sekkjafjölda) og hvenær mat hefur farið fram. Gjöld fyrir matsvottorð ákveður ráðherra. Sá, sem mats óskar, lætur matsmanni í té ókeypis nægilega aðstoð við matið.

#### 6. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram, að matsmaður skoðar að minnsta kosti tíunda hvern poka af hverri tegund, séu þeir 50 eða fleiri. Ef sama matsgerð nær til kartöfla frá fleiri en einum framleiðanda, skal þess jafnan gætt, að skoða hlutfallslega jafnmikið frá hverjum um sig og ekki minna en tvo poka frá hverjum þeirra. Þegar metið er minna magn en 50 pokar, ber að skoða fimmta hvern poka. Við mat skal jafnan tæma kartöflurnar úr þeim pokum, sem skoðaðir eru.

#### 7. gr.

Framleiðsluráð ákveður og auglýsir með nægum fyrirvara hverjar tegundir skulu teljast til úrvalsflokks og I. flokks.

Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt:

**Úrvalsflokkur:** Í úrvalsflokki mega aðeins vera hinar allra beztu matarkartöflur, sem auðvelt er að þekkja af útliti, fullkomlega aðgreindar og hreinar tegundir. Stærðin skal vera sem jöfnust og þyngd ekki minni en 30 g. Kartöflurnar skulu vera þurrar, heilbrigðar, vel hirtar og fallegar útlits. Grænar, sprungnar og verulega hýðisskemmdar kartöflur mega ekki vera saman við.

**Fyrsti flokkur:** Hreinar tegundir af kartöflum, sem ekki komast í úrvalsflokk, með tilgreindu heiti, góðar til matar, þurrar og líta vel út. Af öðrum tegundum má ekki vera meira en 3%, enda hafi þær sama hýðislit og aðaltegundin. Stærðin skal vera sem jöfnust. Lágmarksþyngd 25 g. Kartöflurnar mega ekki vera grænar né skemmdar af myglu, bleytu, rotnun eða frosti. Kláði og minni háttar skemmdir ekki yfir 3%.

**Annar flokkur:** Aðrar kartöflur en þær, sem teljast í úrvalsflokki og I. flokki, ef þær eru hæfar til manneldis, og fullnægja eftirfarandi skilyrðum: Kartöflurnar skulu vera þurrar, þyngd ekki minni en 20 g. Grænar kartöflur hverfandi fáar og hýðisskemmdir skulu ekki vera áberandi. Sjúkdómar, skemmdir eða ágallar mega samtals ekki vera yfir 5%.

#### 8. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, heilum og þrifalegum pokum, þyngd 50 kg nettó. Skal vera vel saumað fyrir pokana og gerð á horn. Merkja skal pokana með þar til gerðum litarmerktum spjöldum. Merkisþjald á úrvalsflokki skulu vera auðkennd með bláum lit, sem kemur fram sem borði á ská yfir merkimiðann. Á I. flokki með rauðum og á II. flokki með grænum lit. Á spjöldin skal letra, öðrum megin: Nafn flokks og auk þess tegundarheiti, ef um úrvalsflokk eða I. flokk er að ræða, en hinum megin: Nafn og heimili framleiðanda (eða seljanda). Enn fremur skal gefa upplýsingar um, í hvers konar jarðvegi kartöflurnar eru ræktaðar (sandjarðvegi, leirjarðvegi, moldarjarðvegi, mýrarjarðvegi o. s. frv.), ef þess er óskað.

## 9. gr.

104

Verði ágreiningur milli seljanda og matsmanna út af mati, sker yfirmat úr. Tilnefnir landbúnaðarráðuneytið þrjá menn í yfirmat, að fengnum tillögum framleiðsluráðs, en matsmaður getur stöðvað sölu þeirra kartaflna, sem krafizt er yfirmats á, unz úrskurður yfirmats er fenginn. 9. april

## 10. gr.

Verðskráning á kartöflum, sem fram fer samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar, skal ávallt miðast við I. flokk og ákveður framleiðsluráð árlega, hvaða verðmunur skuli vera á honum, úrvalsflokki og II. flokki. Skal verðmunur vera nægilegur til þess að framleiðendur kjósi að hafa sem bezta vöru á boðstólum, enda sé uppskerumagn og sölumöguleikar teknir til greina.

## 11. gr.

Þegar mikið framboð er af innlendum kartöflum, getur landbúnaðarráðherra, eftir tillögum framleiðsluráðs og Grænmetisverzlunar ríkisins, bannað verzlunum sölu á II. flokks kartöflum til manneldis, á öllum helztu markaðsstöðum landsins.

## 12. gr.

Matsmenn skulu í samráði við framleiðsluráð hafa eftirlit með því, að ákvæðum um mat sé fylgt, og skal þeim heimilt að skoða kartöflubirgðir verzlana, þegar þurfa þykir. Seljanda skal skylt að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

## 13. gr.

Þegar kartöflur eru auglýstar til sölu skal jafnan tilgreina hvers flokks þær eru, svo og tegundaheiti, ef átt er við úrvalsflokk eða I. flokk.

## 14. gr.

Framleiðsluráð skal annast útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á kartöflum. Skal þar lýst helztu tegundum (afbrigðum), svo og kvillum og göllum, sem koma til greina við flokkunina. Skal leiðarvísi þessum útbýtt ókeypis.

## 15. gr.

Kostnað við framkvæmd reglugerðar þessarar skal greiða af innkomnum matsgjöldum, en hrökkvi þau ekki til, skal greiða afganginn úr ríkissjóði.

## 16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 10—1000 krónum, ef ekki liggur þyngrí refsing við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 31 2. april 1943, um verzlun með kartöflur o. fl. og lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum. til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 114 15. sept. 1944, um mat og flokkun á kartöflum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. april 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*

105

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Míningarsjóðs Sigurðar Melsted árið 1953.

		Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	4932.29	
			kr. 5932.29
2. Vextir:			
a. Af veðdeildarbréfum .....	kr.	50.00	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	248.46	
			— 298.46
			Kr. 6230.75
		Gjöld:	
Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf .....	kr.	1000.00	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	5230.75	
			kr. 6230.75
			Kr. 6230.75

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. febrúar 1954.

Ásmundur Guðmundsson.

106

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1953.

		Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun .....	kr.	221733.36	
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum .....	kr.	682.50	
b. — veðskuldabréfum .....	—	787.50	
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	6119.27	
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	3661.81	
			— 11251.08
3. Gjafir .....	—	3390.00	
			Kr. 236374.44
		Gjöld:	
1. Úthlutað .....	kr.	2800.00	
2. Eign í árslok:			
a. Verðbréf .....	kr.	13100.00	
b. Skuldabréf .....	—	13500.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	—	128509.06	
d. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	78465.38	
			— 233574.44
			Kr. 236374.44

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. febrúar 1954.

Ásmundur Guðmundsson.

## REGLUGERÐ

107

6. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akraneskaupstað, nr. 207 7. nóv. 1947.

## 1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip og bátar 5—200 smálestir brúttó, sem eru eign manna, búsettra á Akranesi og gerðir út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Akranesi, a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 10 krónur af hverri brúttósmálest skips eða báts, þó ekki yfir 1000 krónur fyrir einn bát eða skip. Vélbátar, minni en 5 smálestir brúttó, skulu greiða 100 króna lestagjald á ári.
  - b. Flóabáturinn Reykjavík — Akranes — Borgarnes, skal greiða lestagjald einu sinni á ári, 10 krónur af hverri heilli brúttósmálest skipsins.
  - c. Innland fiskiskip, hverju nafni sem þau nefnast, svo og skip, sem eingöngu eru í innanlandssiglingum, skulu greiða lestagjald, 50 aura af hverri nettósmálest skipsins, þó ekki oftár en tvisvar í sama mánuði, enda þótt þau komi oftár til hafnar.
  - d. Öll önnur skip, sem á téð hafnarsvæði koma, nema herskip, björgunarskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegrri rannsóknna og skip, sem nefnd eru undir staflið e. þessarar greinar, skulu greiða 50 aura af hverri heilli smálest nettó. Skip, sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó ekki greiða gjald þetta oftár en einu sinni í mánuði. Heimilt skal hafnarnefnd að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hvort sem er með ströndum landsins eða milli landa.
  - e. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama er með skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita eða fá skipshafnir.
- Gjalddagi lestagjalds samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, skal vera hinn 1. apríl ár hvert. Annars er lestagjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

## 2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fyrir notkun hafnarinnar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru úr landi um borð í skip á höfninni eða úr skipi á land á hafnarsvæðinu. Vörugjaldið greiðist þannig:

1. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Ís, nýr fiskur fluttur í land.
2. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kornvörur, kartöflur, sykur, smjör, smjörlíki, áburður, hey og beita.
3. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli, þar með talin húsgögn o. þ. h., kork, vikurplötur, stk., tómir ísfiskkassar, stk.
4. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hvert stykki:  
Síldar- og gotutunnur og aðrar líkar, tómar tunnur, endursendar umbúðir og kassar.
5. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Saltfiskur óverkaður, laus, pakkaður og í tunnum, ísfiskur, freðsild og frosinn fiskur, laus og í kössum. Nýr fiskur fluttur úr landi.

- 107 6. flokkur. Gjald 125 aurar fyrir hver 100 kg:  
6. ágúst Blý, eldfastur leir, járnör, smíðajárn, steypujárn, saumur, akkeri, keðjur, girðingajárn, fiskilínur, fiskinet, kaðall, hessian, mótórar og vélahlutir, fisk- og síldarmjöl, kol, salt og sement.
7. flokkur. Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg:  
Harðfiskur, sundmagi, saltfiskur, verkaður, niðursoðnar fiskafurðir, fisk- flök, ný og frosin, lýsi, hvalkjöt og reyktur fiskur.
8. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hvert stykki:  
Sauðfé, tómar stáltunnur, lýsis- og smurolíuföt, gotutunnur, lýsistunnur, sildartunnur 100—116 lítra, fullar, öl- og gosdrykkjakassar, fullir.
9. flokkur. Gjald 240 aurar fyrir hver 100 kg:  
Brennsluolia og benzín (laus í geymi).
10. flokkur. Gjald 350 aurar fyrir hvert stykki:  
Lýsiföt, smurnings- og steinolíutunnur, um 200 lítrar fullar.
11. flokkur. Gjald 400 aurar fyrir hver 100 kg:  
Dúnn, fiður, glysvarningur og þess háttar léttar vörur, sælgætisvörur, prjónavörur, tóbaksvörur, glervörur, leðurvörur og leikföng.
12. flokkur. Gjald 300 aurar fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd, og eðlis síns vegna, heyra ekki undir aðra flokka.
13. flokkur. Gjald 10 krónur fyrir hvert stykki:  
Mótorhjól, hross og nautgripir, hljóðfæri, kæliskápar, þvottavélar og hey- vinnuvélar.
14. flokkur. Gjald 15 krónur fyrir hvert stykki:  
Bifreiðar, dráttarvélar og jarðýtur.

3. gr.

VII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

#### Um bryggjugjöld.

19. gr.

Hvert skip eða bátur, sem leggst við hafnarbryggjurnar, skal greiða bryggju- gjald af nettóburðarmagni skipsins, talið í smálestum. Gjald þetta skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, 25 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 25 krónur fyrir hvern sólarhring. Ef skip liggur utan á öðru skipi við hafnar- bryggjurnar, skal það greiða hálf gjald. Herskip, varðskip og flóabáturinn Reykja- vík — Akranes — Borgarnes eru undanþegin bryggjugjaldi þessu.

20. gr.

Bátar, stærri en 20 smálestir brúttó, sem ekki eiga heima á Akranesi og ekki eru gerðir út þaðan, skulu greiða 20 krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bátabryggjurnar, en minni bátar 5 krónur.

Bátar þeir, sem heima eiga á Akranesi eða eru gerðir þaðan út, skulu greiða 15 krónur fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem þeir liggja við bryggjur hafnarinnar, án þess að ferming eða afferming eigi sér stað. Bátar undir 10 smá- lestum skulu greiða 3 krónur fyrir hvern sólarhring.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um 107  
hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir- 6. ágúst  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. ágúst 1954.*

F. h. r.

Páll Pálmason.

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

108

7. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 230 3. nóv. 1950.

1. gr.

41. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skipagjöld samkvæmt þessari reglugerð skulu tryggð með lögveði í við-  
komandi skipi, og gengur það í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um  
hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breytingu á þeim  
lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1954.*

F. h. r.

Páll Pálmason.

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins L. Árna- 109  
sonar, Álafossi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. ágúst  
16. ágúst 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins L. Árnasonar, Álafossi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Klæðaverksmiðjunni Álafoss h.f. að upp-  
hæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — og nefnist minningarsjóður Sveins L.  
Árnasonar, Álafossi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00, sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru,  
sem honum kann að áskotnast á annan hátt.

109

16. ágúst

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggan hátt undir umsjón nefndar, er skipa sóknarpresturinn í Lágafellssókn, einn starfsmaður við Klæðaverksmiðjuna Álafoss h.f., kosinn af samstarfsmönnum sínum, og einn úr stjórn Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f. Fulltrúi starfsfólksins er oddviti nefndarinnar og geymir skilríki sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn má ekki skerða, fyrr en hann er orðinn kr. 100 000.00, en þá skal honum varið til að koma upp elliheimili að Álafossi og skal það vera fyrir aldrað starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f.

5. gr.

Sjóðurinn annast ekki rekstur elliheimilisins, en viðhald og viðbyggingar skal kosta eftir því, sem kostur er á hverju sinni.

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins skal við hver árslok gera ársreikning hans og birta reikninginn á þann hátt, er nefndarmönnum kemur saman um.

110

20. ágúst

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-tryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Aftan við d-lið 3. gr. reglugerðarinnar kom nýr liður, svo hljóðandi:

43. svæði: Þorlákshöfn

1. marz — 11. maí.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gildir frá 1. marz 1954.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

**REGLUGERÐ**

111

23. ágúst

**um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.****1. gr.**

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2.5% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

**2. gr.**

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur samkv. 1. mgr. skal vera 50 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar, sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

**3. gr.**

Verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, skal vera kr. 10.00 fyrir hverja 1000 lítra.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir 70 aurum fyrir hvern teningsmetra.

**4. gr.**

Nú er vatni úr vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

**5. gr.**

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

**6. gr.**

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5.



**111** júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist 23. ágúst til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. ágúst 1954.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**112**

27. ágúst

## AUGLÝSING

um staðfestingu heilbrigðismálaráðuneytisins á sóttvarnarreglugerð samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 34 12. apríl 1954.

### SÓTTVARNARREGLUGERÐ

#### I. KAFLI

##### Sóttvarnarsóttir.

##### 1. gr.

Sóttvarnarsóttir, þ. e. þær sóttir, er sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum um sóttvarnalaga ber að beita gegn, eru eftirgreindar sóttir:

1. bólusótt (variola);
2. dílasótt (typhus exanthematicus);
3. kólera (cholera asiatica);
4. rykkjasótt (febris recurrens);
5. svartí dauði (pestitis).

#### II. KAFLI

##### Sóttvarnarráðstafanir gegn sóttvarnarsóttum.

##### A. Bólusótt.

##### 2. gr.

Meðgöngutími bólusóttar telst 14 sólarhringar.

##### 3. gr.

Ef menn, er koma til landsins, hafa fyrir skemmri tíma en nemur fullum meðgöngutíma bólusóttar komið við á eða haft samskipti við bólusýkt svæði, er heimilt að láta þá undirgangast kúabólusetningu eða hlíta sóttvarnareftirliti, eða sæta hvoru tveggja, nema örugglega megi telja þá ónæma fyrir bólusótt, annað hvort vegna undangenginnar kúabólusetningar eða fyrir það, að þeir hafi þegar haft bólusótt. Nú neita hlutaðeigendur að undirgangast kúabólusetningu, og skal þá láta þá sæta einangrun. Eftirlits- og einangrunartími vegna bólusóttar má ekki vera lengri en nemi 14 sólarhringum, talið frá þeim tíma, er hlutaðeigendur höfðu síðast samskipti við hið bólusýkta svæði. Gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð skal telja fullnægjandi sönnun fyrir bólusóttarónæmi.

##### 4. gr.

Skip eða flugfar telst *bólusýkt*:

- a. ef innan borðs er sjúklingur veikur af bólusótt;
- b. ef bólusótt hefur gert vart við sig í skipinu (flugfarinu) á leið þess.

Öll önnur skip (flugför) skal telja *ósýkt*, enda þótt innan borðs séu menn, sem grunaðir eru um að vera sýktir bólusótt, en slíkir menn skulu, er þeir stíga af skipi (úr flugfari), sæta sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt 6. gr. 112 27. ágúst

#### 5. gr.

Sóttvarnarnefnd er óheimilt að veita bólusýktu skipi eða flugfari leyfi til ferðinga eða affermingar, nema um sé að ræða affermingu í sambandi við framkvæmd sóttvarnarráðstafana gegn skipi (flugfari) samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og reglugerðar þessarar eða sérstaklega standi á og auðgert sé að haga ferðingunni eða affermingunni svo, að ekki leiði til sóttæmisútbreiðslu. Sóttvarnarnefnd má þó ætíð, er nauðsyn krefur, heimila bólusýktu skipi (flugfari) að birgja sig að eldsneyti, vatni og vistum. Þegar bólusýkt skip (flugfar) nýtur fyrirgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal gæta þeirra varúðarráðstafana, sem sóttvarnarnefnd telur nauðsynlegar og mælir fyrir um hverju sinni, enda skal nefndin hafa sérstakt og nákvæmt eftirlit með framkvæmd þeirra.

#### 6. gr.

Þá er bólusýkt skip eða flugfar kemur að landi (þ. e. frá útlöndum), skal sóttvarnarnefnd

- a. gera öllum, sem í skipinu (flugfarinu) eru og ekki teljast örugglega ónæmir fyrir bólusótt, kost á kúabólusetningu;
- b. láta hvern mann, er stígur af skipi (úr flugfari), sæta einangrun eða sóttvarnareftirliti lengst 14 sólarhringa, talið frá þeim tíma, er hann telst síðast hafa verið í sýkingarhættu; þegar ákveðin er lengd einangrunar- og eftirlitstíma, skal taka tillit til undangenginna kúabólusetninga og hver líkindi séu til sýkingar;
- c. gera ráðstafanir til sóttþreinsunar
  1. farangurs hinna sýktu;
  2. annars farangurs og hluta, einkum notaðs sængurfatnaðar og líns, sem ætla má sóttmengað;
  3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan.

Skip eða flugfar skal telja bólusýkt, unz allir bólusýktir menn hafa stigið af skipinu (úr flugfarinu) og allar ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt. Að því loknu skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

#### 7. gr.

Ósýktu skipi eða flugfari skulu þegar við komu heimiluð frjáls samskipti við land, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá bólusýktu svæði.

#### 8. gr.

Ef í pósthöglum frá útlöndum er lín, föt eða sængurfatnaður og fatnaður þessi er notaður eða óhreinn og ástæða til að ætla hann mengaðan bólusóttarsýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til, að innihald böggla verði sóttþreinsað.

#### 9. gr.

Til þess að kúabólusetningarvottorð geti talizt gilt alþjóðlegt kúabólusetningarvottorð, skal það vera samið á enskri eða franskri tungu og gert úr garði, eins og sýnt er á 1. fylgiskjali með þessari reglugerð.

Kúabólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 3 ára, talið frá 8. degi eftir frumbólusetningu með jákvæðum árangri, en sé um endurbólusetningu að ræða, þá frá bólusetningardegi.

- 112** Kúabólusetningarvottorð gefin út handa hermönnum af hernaðaryfirvöldum  
 27. ágúst teljast jafngild vottorðum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, ef þau eru að efni til samhljóða um þau læknisfræðilegu atriði, er máli skipta, enda sé greint á ensku eða frönsku, um hvers konar bólusetningu sé að ræða, hvenær bólusetningin hafi farið fram og að vottorðið sé út gefið í samræmi við ákvæði 99. greinar hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings.

### B. Díasótt.

#### 10. gr.

Með dílasótt í þessari reglugerð er átt við dílasótt, er berst með lús.

#### 11. gr.

Meðgöngutími dílasóttar, sem fjallað er um í þessari reglugerð, telst 14 sólarhringar.

#### 12. gr.

Menn, sem ferðast til útlanda frá dílasóttarsýktu svæði hér á landi og ætla má, að geti verið smitberar dílasóttar, skal aflúsa, áður en þeir fara úr landi. Enn fremur skal aflúsa ígangsklæði þeirra, farangur og annað, sem ætla má, að valdið geti útbreiðslu sóttarinnar — og sóttgreinsa, ef þurfa þykir.

Ef menn, er koma til landsins, hafa fyrir skemmri tíma en nemur fullum meðgöngutíma dílasóttar komið við á eða haft samskipti við dílasóttarsýkt svæði og ástæða er til að ætla, að þeir séu lúsugir eða líklegir til að hafa smitazt af dílasótt, er heimilt að láta þá undirgangast lúshreinsun og hlíta sóttvarnareftirliti lengst 14 sólarhringa, talið frá aflúsunardegi. Enn fremur er heimilt að aflúsa ígangsklæði þeirra, farangur og annað, sem ætla má, að valdið geti útbreiðslu sóttarinnar — og sóttgreinsa, ef þurfa þykir.

#### 13. gr.

Skip eða flugfar, sem kemur að landi, skal teljast ósýkt, enda þótt sjúklingur veikur af dílasótt sé innan borðs. Sóttvarnarnefnd er þó heimilt að láta koma til framkvæmda gegn slíku skipi (flugfari) sóttvarnarráðstafanir samkvæmt 26. gr. sóttvarnarlagi, og aflúsa má hvern þann mann innan borðs, sem gruna má um að vera sýktur dílasótt. Enn fremur má aflúsa vistarverur sýktra og grunaðra, svo og ígangsklæði þeirra, farangur og annað, sem ætla má, að valdið geti útbreiðslu sóttarinnar — og sóttgreinsa, ef þurfa þykir. Ef ekki þykir ástæða til neinna slíkra sóttvarnarráðstafana, skal þegar heimila skipinu (flugfarinu) frjáls samskipti við land, en ella jafnskjótt sem þær hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt.

### C. Kólera.

#### 14. gr.

Meðgöngutími kóleru telst 5 sólarhringar.

#### 15. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að gera eftirfarandi sóttvarnarráðstafanir gegn manni, er kemur til landsins frá kólerusýktu svæði, áður en fullur meðgöngutími sóttarinnar er liðinn frá brottför hans:

- ef hann hefur meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru, er heimilt að láta hann hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, frá því að hann fór frá hinu sýkta svæði;
- ef hann hefur ekki meðferðis slíkt vottorð, er heimilt að láta hann sæta einangrun jafnlangan tíma.

## 16. gr.

112

27. ágúst

Skip telst *kólerusýkt*:

- a. ef innan borðs er sjúklingur veikur af kóleru;
- b. ef kólera hefur gert vart við sig í skipinu á síðustu 5 sólarhringum fyrir komu þess.

Skip telst *grunað* um að vera kólerusýkt, ef kólera hefur gert vart við sig í skipinu á leið þess, en ekkert nýtt tilfelli gert vart við sig síðustu 5 sólarhringa fyrir komu þess.

Flugfar telst *kólerusýkt*, ef innan borðs er sjúklingur veikur af kóleru.

Flugfar telst *grunað* um að vera kólerusýkt, ef kólera hefur gert vart við sig í flugfarinu á leið þess, en enginn sjúklingur veikur af kóleru er innan borðs við komu þess.

Skip eða flugfar telst *ósýkt*, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá kólerusýktu svæði og þó að innan borðs sé maður frá slíku svæði, ef sóttvarnarnefnd telur hafa sannazt við læknisrannsókn, að kólera hafi ekki gert vart við sig í skipinu (flugfarinu) á leið þess.

## 17. gr.

Um leyfi til fermingar eða affermingar kólerusýkts skips eða flugfars fer í samræmi við ákvæði 5. greinar um bólusýkt skip.

## 18. gr.

Þá er kólerusýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal sóttvarnarnefnd

- a. láta sérhvern farþega og sérhvern einstakling áhafnar hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, talið frá komudegi; farþega og einstaklinga áhafnar, sem hafa ekki meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru og stíga af skipi (úr flugfari), er heimilt að láta sæta einangrun jafnlangan tíma;
- b. gera ráðstafanir til sóttþreinsunar
  1. farangurs hinna sýktu eða grunuðu;
  2. notaðs sængurfatnaðar, lins og annarra hluta, sem ætla má sóttmengaða;
  3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan;
- c. gera ráðstafanir til sóttþreinsunar og síðan brottflutnings vatns, sem ætla má sóttmengað, svo og sóttþreinsunar vatnsiláta.

Saur og þvag manna, skolp, þar með talið kjölvatn, hvers konar úrgang og annað, er ætla má sóttmengað, má ekki flytja burtu, fyrr en eftir að það hefur verið sóttþreinsað.

## 19. gr.

Þá er skip eða flugfar, sem grunað er um að vera kólerusýkt, kemur að landi, skal sóttvarnarnefnd beita sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar 18. greinar, a og b, og síðari málsgreinar sömu greinar.

Sóttvarnarnefnd er auk þess heimilt að láta sérhvern farþega og sérhvern einstakling áhafnar, er stigur af skipi (úr flugfari), hlíta sóttvarnareftirliti lengst 5 sólarhringa, talið frá komudegi. Farþega og einstaklinga áhafnar, sem farið hafa frá kólerusýktu svæði fyrir skemmri tíma en nemur fullum meðgöngutíma sóttarinnar og hafa ekki meðferðis gilt alþjóðlegt vottorð um bólusetningu gegn kóleru, er heimilt að láta sæta einangrun lengst 5 sólarhringa, talið frá þeim degi, er þeir fóru frá hinu sýkta svæði, shr. 15. gr. b.

## 20. gr.

Þá er ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 26. greinar sóttvarnarlaganna og 18. og 19. greinar þessarar reglugerðar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

112

27. ágúst

Þá er ósýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal ætíð heimila skipinu (flugfarinu) frjáls samskipti við land, en komi skipið (flugfarið) frá kólerusýktu svæði, er sóttvarnarnefnd heimilt að beita sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum 15. greinar gegn sérhverjum farþega og sérhverjum einstaklingi áhafnar, er stígur af skipinu (úr flugfarinu).

22. gr.

Ef í pósthöggjum frá útlöndum er lin, fót eða sængurfatnaður og fatnaður þessi er notaður eða óhrein og ástæða til að ætla hann mengaðan kólerusýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til, að innihald böggla verði sóttþreinsað.

23. gr.

Þá er kólerusýkt eða grunað skip eða flugfar kemur að landi eða skip eða flugfar kemur frá kólerusýktu svæði, er sóttvarnarnefnd heimilt að banna skipinu (flugfarinu) affermingu eða hlutast sjálf til um affermingu og brottflutning fisks, skeldýra, aldina, grænmetis og annarrar matvöru, sem neyta má hrárrar, enn fremur drykkjarvöru, nema umrædd matvara eða drykkjarvara sé kæfð í luktum, loftþéttum umbúðum og sóttvarnarnefnd telji enga ástæðu til að ætla, að varan geti verið menguð kólerusýklum. Ef slík matvara eða drykkjarvara er flutt brott, skal þess gætt, að það sé gert á fyllilega tryggan hátt.

Ef matvara og drykkjarvara sú, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, er hluti af lestarfarmi skips eða flugfars, má aðeins sóttvarnarnefnd þeirrar hafnar eða flughafnar, sem varan er send til, hlutast til um brottflutninginn.

Flugfarsstjóri á rétt á að krefjast, að matvara og drykkjarvara sú, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar greinar, sé flutt brott úr flugfari hans.

24. gr.

Til þess að vottorð um bólusetningu gegn kóleru geti talizt gilt alþjóðlegt kólerubólusetningarvottorð, skal það vera samið á enskri eða franskri tungu og gert úr garði, eins og sýnt er á 2. fylgiskjali með þessari reglugerð.

Kólerubólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 6 mánaða, talið frá 6. degi eftir fyrstu stungu; ef bólusetning hefur verið endurtekin, áður en gildistími vottorðsins var liðinn, telst vottorðið gilda frá þeim degi, er bólusetningin var endurtekin.

Kólerubólusetningarvottorð gefin út handa hermönnum af hernaðaryfirvöldum teljast jafngild vottorðum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, ef þau eru að efni til samhljóða um þau læknisfræðilegu atriði, er máli skipta, enda sé greint á ensku eða frönsku, um hvers konar bólusetningu sé að ræða, hvenær bólusetningin hafi farið fram og að vottorðið sé út gefið í samræmi við ákvæði 99. greinar hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings.

#### *D. Rykkjasótt.*

25. gr.

Með rykkjasótt í þessari reglugerð er átt við rykkjasótt, er berst með lús.

26. gr.

Meðgöngutími rykkjasóttar, sem fjallað er um í þessari reglugerð, telst 8 sólarhringar.

27. gr.

Ákvæði 12.—13. greinar þessarar reglugerðar, er varða dílasótt, taka á samsvarandi hátt til rykkjasóttar, en sé maður hlíta sóttvarnareftirliti vegna rykkjasóttar, má eftirlitstíminn vera lengst 8 sólarhringar, talið frá aflúsunardegi.

*E. Svarti dauði (pest).*

28. gr.

112

27. ágúst

Meðgöngutími svarta dauða telst 6 sólarhringar.

29. gr.

Skip eða flugfar telst *pestarsýkt*:

- a. ef maður veikir af svarta dauða er innan borðs;
- b. ef svarti dauði í mönnum hefur gert vart við sig innan borðs, síðar en 6 sólarhringum eftir að hinn sjúki kom í skipið;
- c. ef sannast hefur, að rottupest sé í skipinu eða önnur nagdýr innan borðs pestarsýkt.

Skip telst *grunað* um að vera pestarsýkt:

- a. ef enginn maður veikir af svarta dauða er innan borðs, en svarti dauði í mönnum hefur gert vart við sig í skipinu á fyrstu 6 sólarhringum, eftir að hinn sjúki kom í skipið;
- b. þegar sannast hefur óvenjulegur rottudauði í skipinu, án þess að orsök hans hafi verið leidd í ljós.

Skip eða flugfar telst *ósýkt*, enda þótt skipið (flugfarið) komi frá pestarsýktu svæði og enda þótt innan borðs sé maður frá slíku svæði, ef sóttvarnarnefnd telur hafa sannast við læknisrannsókn, að því ástandi, sem um ræðir í 1. og 2. málsg. þessarar greinar, sé ekki til að dreifa í skipinu (flugfarinu).

30. gr.

Um leyfi til fermingar eða affermingar pestarsýkts skips eða flugfars fer í samræmi við ákvæði 5. greinar um bólusýkt skip.

31. gr.

Þá er pestarsýkt skip eða grunað eða pestarsýkt flugfar kemur að landi, skal sóttvarnarnefnd

- a. láta hreinsa óþrif af öllum grunuðum, svo og láta þá hlíta sóttvarnareftirliti lengst 6 sólarhringa, talið frá komudegi;
- b. gera ráðstafanir til eyðingar óþrifa og, ef nauðsynlegt þykir, til sóttthreinsunar
  1. farangurs hinna sýktu eða grunuðu;
  2. notaðs sængurfatnaðar, líns og annarra hluta, sem ætla má sóttmengaða;
  3. hvers þess hluta skips (flugfars), sem ætla má sóttmengaðan.

Ef rottupest er í skipi, skal láta það undirgangast rottueyðingu, en þá er þessa að gæta:

- a. rottueyðingu skal framkvæma, jafnskjótt sem lestir hafa verið tæmdar;
- b. framkvæma má til bráðabirgða rottueyðingu, einu sinni eða oft, áður en afferming hefst eða meðan á henni stendur, til þess að koma í veg fyrir, að pestarsýktar rottur sleppi úr skipinu;
- c. ef fullkominni rottueyðingu verður ekki komið við, vegna þess að einungis nokkurn hluta farms á að taka úr skipi, má sóttvarnarnefnd þó ekki hindra affermingu þess hluta farmsins, en gera má hún allar ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir, að pestarsýktar rottur sleppi úr skipinu og áhöfnin sýkist.

Ef í flugfari finnast rottur, sem drepizt hafa úr svarta dauða, skal flugfarið undirgangast rottueyðingu eftir þeim reglum, er sóttvarnarnefnd mælir fyrir um.

112

27. ágúst

32. gr. Þá er ráðstafanir sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum 26. greinar sóttvarnar- laga og 31. greinar þessarar reglugerðar hafa verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt, eða þegar sóttvarnarnefnd telur sannað, að óvenjulegur rottudauði stafi ekki af svarta dauða, skal heimila skipi (flugfari) frjáls samskipti við land.

33. gr.

Þá er ósýkt skip eða flugfar kemur að landi, skal heimila skipinu (flugfarinu) frjáls samskipti við land, en komi skipið (flugfarið) frá pestarsýktu svæði, er sótt- varnarnefnd heimilt

- a. að láta sérhvern grunaðan, er stígur af skipinu (úr flugfarinu), hlíta sóttvarnar- eftirliti lengst 6 sólarhringa, talið frá þeim degi, er skipið (flugfarið) fór frá hinu sýkta svæði;
- b. að krefjast rottueyðingar í skipinu, ef rik ástæða er til og mikið liggur við, en láta skal þá skipstjóra í té skriflega greinargerð um.

34. gr.

Ef í póstböggjum frá útlöndum er lín, föt eða sængurfatnaður og fatnaður þessi er notaður eða óhreinn og ástæða til að ætla hann mengaðan pestarsýklum, skal sóttvarnarnefnd gera ráðstafanir til, að eytt verði óþrifum í böggjum og innihaldið sóthreinsað, ef nauðsynlegt þykir.

### III. KAFLI

**Greinargerð (yfirlýsing) um heilbrigðisástand í skipum og flugförum við komu að landi. Samskiptaleyfi.**

#### A. Skip.

35. gr.

Þá er skip kemur að landi, lætur skipstjóri sóttvarnarnefnd í té skriflega grein- argerð um heilbrigðisástand í skipinu. Heilbrigðisgreinargerð skal gerð úr garði, eins og sýnt er á 3. fylgiskjali með þessari reglugerð. Ef skipslæknir er á skipi, undirritar hann heilbrigðisgreinargerð ásamt skipstjóra.

Skipstjóra og skipslækni er skylt að svara öllum eðlilegum fyrirspurnum sótt- varnaryfirvalda, er varða heilbrigðisástand í skipi þeirra á leið þess.

36. gr.

Sóttvarnarnefnd heimilar skriflega samskipti skips við land og gerir samskipta- leyfið úr garði, eins og sýnt er á 4. fylgiskjali með þessari reglugerð. Ef skip hefur fyrir komu sína að landi hlotið loftleiðis samskiptaleyfi, skal staðfesta leyfið skrif- lega eftir komu skipsins.

Ef heilbrigðisgreinargerð skipstjóra eða annað vekur grun um, að næm sótt sé í skipi eða hafi gert vart við sig á leið þess, skal ekki láta því í té samskiptaleyfi, fyrr en sóttvarnarlækni hefur gefið ráðrúm til að kynna sér heilbrigðisástand innan borðs og gera ráðstafanir til sóttvarna, eftir því sem ástæða kann að vera til.

37. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 38. gr., eru skip, sem annast reglu- bundnar áætlunarferðir, undanþegin kvöð um heilbrigðisgreinargerð samkvæmt ákvæðum 36. greinar og að afla sér samskiptaleyfis, en þó því aðeins, að skipstjóri láti sóttvarnarnefnd í té, áður en skipið hefur frjáls samskipti við land, skriflega

yfirlýsingu um, að einskis hafi orðið vart, er bendi til þess, að sóttætta stafi af skipi hans, og skal yfirlýsingin gerð úr garði, eins og sýnt er á 5. fylgiskjali með þessari reglugerð. Megi hins vegar ætla, að næm sótt sé í skipinu eða hafi gert vart við sig á leið þess, eru því óheimil frjáls samskipti við land, fyrr en sóttvarnarlækni hefur gefið ráðrúm til að kynna sér heilbrigðisástand innan borðs og gera ráðstafanir til sóttvarna, eftir því sem ástæða kann að vera til. 112  
27. ágúst

#### 38. gr.

Undanþágur samkvæmt ákvæðum 37. greinar koma ekki til greina, þá er skip kemur frá eða hefur haft samskipti við svæði, sem ráðherra hefur auglýst, að teljast skuli sýkt sóttvarnarsótt, sbr. 1. gr. Sama máli gegnir, ef skipið hefur á leið sinni haft samskipti við skip, er kemur frá slíku svæði, eða upp hefur komið í skipinu eða í skipi, sem það hefur á leið sinni haft samskipti við, sjúkdómur, er ætla meg, að verið hafi sóttvarnarsótt.

#### 39. gr.

Íslensk varðskip og erlend herskip, sem koma á íslenskar hafnir samkvæmt heimild í lögum nr. 44/1939, eru undanþegin kvöð um heilbrigðisgreinargerð og samskiptaleyfi, svo og heilbrigðisyfirlýsingu skipstjóra samkvæmt ákvæðum 37. greinar, enda fylgi þau almennum, viðurkenndum reglum um varúðarráðstafanir til tryggingar því, að með þeim berist ekki næmar sóttir til landsins.

### B. Flugför.

#### 40. gr.

Þá er flugfar kemur að landi, lætur flugstjóri, eða fulltrúi fyrir hans hönd, sóttvarnarnefnd í té, nema annað leiði af ákvæðum 43. og 45. greinar, samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs.

#### 41. gr.

Flugstjóra, eða fulltrúa fyrir hans hönd, er skylt að svara öllum eðlilegum fyrirspurnum sóttvarnaryfirvalda, er varða heilbrigðisástand í flugfari hans á leið þess.

#### 42. gr.

Leyfi sóttvarnarnefndar til frjálsra samskipta við land tilkynnist flugfari loftleiðis fyrir komu þess eða munnlega, eftir að það er komið að landi.

#### 43. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 44. gr., eru flugför, sem annast reglubundnar áætlunarferðir, undanþegin þeirri kvöð að láta af hendi samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs, svo og að afla sér samskiptaleyfis, en flugstjóra er skylt að tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarstjórn, áður en hann lendir flugfarinu, ef orðið hefur vart innan borðs á leiðinni sjúkdóms, sem ástæða er til að ætla, að verið gæti næm sótt, eða ef ástand innan borðs er að öðru leyti þannig, að ástæða er til að ætla, að hætta geti verið á, að næm sótt berist með flugfarinu. Í slíkum tilfellum mega farþegar og áhöfn ekki stíga úr flugfarinu, fyrr en sóttvarnarnefnd, að lokinni athugun sóttvarnarlæknis, hefur veitt leyfi til þess.

#### 44. gr.

Undanþágur samkvæmt ákvæðum 43. greinar koma ekki til greina um flugfar, sem a. kemur frá eða hefur á leið sinni komið við á svæði, sem ráðherra hefur auglýst, að teljast skuli sýkt sóttvarnarsótt, sbr. 1. gr., eða



- 112 b. heyrir til, kemur frá eða hefur á leið sinni komið við í landi, sem er ekki aðili  
27. ágúst að hinum alþjóðlega sóttvarnarsamningi.

## 45. gr.

Herflugför, sem heimiluð er landing hér á landi, eru undanþegin þeirri kvöð að láta af hendi samrit þess hluta hinnar almennu loftferðarskýrslu, er varðar heilbrigðisástand innan borðs, svo og að afla sér samskiptaleyfis, enda fylgi þau almennum, viðurkenndum reglum um varúðarráðstafanir til tryggingar því, að með þeim berist ekki næmar sóttir til landsins.

## IV. KAFLI

## Skipulögð rannsókn rottugangs og rottueyðing í skipum.

## 46. gr.

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 47. gr., skal skipum, er koma frá útlöndum á íslenska höfn og hafa hvorki meðferðis gilt vottorð um, að eytt hafi verið í þeim rottu (rottueyðingarvottorð), né vottorð um, að ekki sé um þann rottugang að ræða í skipunum, að rottueyðingar sé þörf (rottuvottorð), skylt að undirgangast rannsókn rottugangs og síðan rottueyðingu, nema hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að rannsókn lokinni, að svo lítið kveði að rottugangi innan borðs, að rottueyðingar sé ekki þörf.

Rottu- og rottueyðingarvottorð eru því aðeins gild, að þau séu látin í té af sóttvarnarnefndum, sem rétt hafa til að annast framkvæmd rannsókna á rottugangi eða rottueyðingu í skipum samkvæmt ákvæðum 48. greinar, eða sóttvarnaryfirvöldum á erlendum hafnarstöðum, sem rétt hafa til að láta í té slík vottorð; vottorðin skulu samin á ensku eða frönsku og gerð úr garði, eins og sýnt er á 6. fylgiskjali með þessari reglugerð. Vottorðin gilda 6 mánuði, sbr. þó ákvæði 2. málsgreinar 49. greinar.

## 47. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til fiskiskipa, lystisnekkja, björgunarskipa, hafn-sögubáta, vitaskipa, herskipa, ísbrjóta, dráttarskipa, dýpkunarskipa, skólaskipa, sem eingöngu eru notuð til kennslu, né heldur til smáskipa og báta, sem minni eru en 20 vergar rúmlestir.

## 48. gr.

Rannsókn á rottugangi og rottueyðing í skipum samkvæmt ákvæðum þessa kafla verða eingöngu framkvæmdar í Reykjavík og á Akureyri, en rannsókn á rottugangi auk þess á Ísafirði, Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum.

Sóttvarnarnefndir á framangreindum hafnarstöðum gera ráðstafanir til, að framkvæmd sé af þar til hæfu starfsliði umrædd rannsókn á rottugangi eða rottueyðing í skipum.

## 49. gr.

Skipstjórum þeirra skipa, sem ákvæði þessa kafla taka til, er skylt, jafnframt því sem þeir gera sóttvarnarnefnd grein fyrir heilbrigðisástandi í skipum sínum samkvæmt ákvæðum III. kafla, að sýna rottu- eða rottueyðingarvottorð, ef til eru.

Ef skip hefur meðferðis rottu- eða rottueyðingarvottorð, en vottorðið er gengið úr gildi, er hlutaðeigandi sóttvarnarnefnd heimilt að framlengja gildi þess um 1 mánuð, ef skipstjóri færir sönnur á, að skipið sé á leið til hafnarstaðar, þar sem auðveldara er að framkvæma rannsókn á rottugangi eða rottueyðingu í skipum.

Hafi skip ekki meðferðis rottu- eða rottueyðingarvottorð, eða slíkt vottorð skipsins er gengið úr gildi og gildi þess verður ekki framlengt samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar þessarar greinar, gerir sóttvarnarnefnd á hafnarstað, þar sem rottu- eða rottu-

eyðingarvottorð verða látin í té samkvæmt ákvæðum 48. greinar, ráðstafanir til þess, 112  
 að framkvæmd verði rannsókn á rottugangi í skipinu, og tekur síðan í samræmi við 27. ágúst  
 niðurstöðu rannsóknarinnar ákvörðun um, hvort framkvæma skuli eða ekki rottu-  
 eyðingu í skipinu; ákvörðun sína um þetta tilkynnir nefndin skipstjóranum skrif-  
 lega. Á hafnarstað, þar sem rottu- eða rottueyðingarvottorð verða ekki látin í  
 té, vísar sóttvarnarnefnd skipinu til hafnarstaðar, þar sem slík vottorð verða látin  
 í té. Ef skipstjóri óskar þess þá eindregið, að rannsókn á rottugangi og, ef til kemur,  
 rottueyðing í skipinu fari heldur fram á þeim hafnarstað, þar sem skipið er statt,  
 er sóttvarnarnefnd staðarins heimilt að leita eftir því við þá sóttvarnarnefnd, sem  
 auðveldast er að ná til af nefndum þeim, sem rétt hafa til að láta í té rottu- eða rottu-  
 eyðingarvottorð, að hún taki að sér að sjá um framkvæmd umræddra aðgerða í  
 skipinu, þar sem það er statt. Hinni tilkölluðu sóttvarnarnefnd er þá heimilt að  
 taka þetta að sér og láta skipinu í té, að framkvæmd lokinni, tilheyrandi rottu- eða  
 rottueyðingarvottorð.

#### 50. gr.

Þá er skip kemur að landi og allan tímann, sem það liggur í höfn, á sóttvarnar-  
 nefnd og hver sá, er hún veitir til þess umboð, rétt á óhindruðum aðgangi að öllum  
 lestarrúmum og vistarverum skipsins í því skyni að athuga um rottugang; jafn-  
 framt er skipstjóra og áhöfn skylt að svara samvirkusamlega öllum fyrirspurnum,  
 er varða rottugang í skipinu.

#### 51. gr.

Rannsókn á rottugangi og rottueyðingu í skipum skal hagað samkvæmt leið-  
 beiningum, er landlæknir gefur út.

#### 52. gr.

Komist sóttvarnarnefnd að lokinni rannsókn á rottugangi í skipi að þeirri niður-  
 stöðu, að innan borðs sé enginn rottugangur eða rottugangur mjög óverulegur, lætur  
 nefndin í té vottorð um það og gerir vottorðið úr garði, eins og sýnt er á  
 6. fylgiskjali með þessari reglugerð (rottuvottorð). Slíkt vottorð er því aðeins heimilt  
 að láta í té, að svo hafi verið ástatt um skipið, þá er rannsókn á rottugangi fór fram,  
 að lestir hafi verið tómar að öðru en seglfestu, eða sá einn farmur, er rotta sækir  
 ekki í, og honum komið svo fyrir í skipinu, að unnt hafi verið að framkvæma full-  
 komna rannsókn á lestarrúmum. Geymaskipum má þó láta í té rottuvottorð, enda  
 þótt geymar hafi verið fullir, þegar rannsókn á rottugangi fór fram.

#### 53. gr.

Komist sóttvarnarnefnd að þeirri niðurstöðu að lokinni rannsókn á rottugangi í  
 skipi, að rottueyðing verði að fara fram, ákveður nefndin í hverju einstöku tilfelli,  
 hverri aðferð skuli beita (venjulegri dreifingu rottueiturs, svælingu með lofteitri eða  
 öðrum hagkvæmum ráðum) í samræmi við leiðbeiningar landlæknis, sbr. 51. gr.,  
 þannig að rottu verði á sem virkasta, tryggasta og hagkvæmasta hátt eytt í  
 skipinu.

#### 54. gr.

Rottueyðingu í skipi skal haga þannig, að skip og farmur skaðist sem allra  
 minnst, og framkvæmdin má ekki taka lengri tíma en 24 klukkustundir.

Að svo miklu leyti sem unnt er, skal skip vera með tómar lestir, þegar rottu-  
 eyðing er framkvæmd. Rottueyðingu er þó heimilt að framkvæma fyrir affermingu  
 skips, ef svo verður litið á, að farmur sé þeirrar tegundar og honum þannig komið  
 fyrir í skipinu, að unnt sé að framkvæma rottueyðingu til hlítar, án þess að skipið  
 sé affermt. Ef um er að ræða skip með tómar lestir að öðru en seglfestu, skal ljúka  
 rottueyðingu, áður en ferming skipsins hefst.

112 Heimilt er að framkvæma rottueyðingu í vöru, sem þannig er um búíð, að rotta  
27. ágúst á þar afdrep, og kosta skal alls kapps um, að rotta berist ekki með vöru, né náí að hlaupa eftir landfestum milli skips og lands, hvorki úr skipi né í það. Til að koma í veg fyrir það, er sóttvarnarnefnd heimilt að krefjast, að skip láti setja rottuskildi á allar landfestar eða leysi landfestar og leggist fyrir akkeri hæfilega fjarri bryggju eða hafnarbakka.

Dauðri rottu má ekki fleygja í sjó í höfn, heldur flytja á þann stað, er sóttvarnarnefnd vísar á.

Hlíta skal í einu og öllu fyrirmælum sóttvarnarnefndar varðandi rottueyðingu í skipi, og er skipstjóra og áhöfn skylt að veita alla þá verklega aðstoð við rottueyðinguna, sem nefndin æskir.

Þegar rottueyðingu í skipi hefur verið lokið á fullnægjandi hátt, lætur sóttvarnarnefnd í té dagsett vottorð um framkvæmdina (rottueyðingarvottorð) og gerir vottorðið úr garði, eins og sýnt er á 6. fylgiskjali með þessari reglugerð.

Telji sóttvarnarnefnd, að rottueyðing í skipi hafi farið fram við þær aðstæður, að fullnægjandi árangri hafi ekki verið unnt að ná, lætur hún þó í té rottueyðingarvottorð, en getur þess í vottorðinu, að árangri hafi verið áfátt.

#### 55. gr.

Ef eigandi eða útgerðarmaður skips ber fram óskir um að mega sjálfur annast rannsókn á rottugangi og, ef til kemur, rottueyðingu í skipi sínu, getur hann hlotið leyfi til þess af hendi sóttvarnarnefndar, sem rétt hefur til að láta í té rottu- eða rottueyðingarvottorð, en undirgangast verður hann nánara tilgreind skilyrði og þar á meðal, að sóttvarnarnefnd segi fyrir um framkvæmdina og hafi nákvæmt eftirlit með því, að allt fari fram á viðeigandi hátt.

#### 56. gr.

Skip, er koma að landi í íslenzkri höfn og ekki er skylt að undirgangast rottueyðingu samkvæmt ákvæðum 46. greinar, geta krafizt rannsóknar á rottugangi og rottueyðingar samkvæmt reglum þeim, er að framan greinir.

#### 57. gr.

Þó að skip hafi meðferðis gilt rottueyðingar- eða rottuvottorð, er það ekki þar fyrir undanþegið ráðstöfunum samkvæmt ákvæðum 31.—33. greinar, ef að öðru leyti er ástæða til að láta þau ákvæði koma til framkvæmda.

### V. KAFLI

#### Sóttvarnargjöld og sóttvarnarkostnaður.

#### 58. gr.

Almenn sóttvarnargjöld greiða einungis erlend skip, er stunda fiskveiðar eða aðra veiði við Ísland eða á nálægum höfum og leita til hafnar í sambandi við veiðarnar.

Almenn sóttvarnargjöld eru:

- a. rúmlestargjald, miðað við vergar rúmlestir skips:
  1. af skipi, sem nær ekki 60 rúmlestum, 50 krónur;
  2. af skipi, sem er frá 60 upp að 100 rúmlestum, 75 krónur;
  3. af skipi, sem er fullar 100 rúmlestir, 100 krónur;
- b. kostnaður af flutningi umboðsmanns sóttvarnarnefndar til skips og frá skipi. Slikt fiskiskip greiðir auk þess þóknun samkvæmt gjaldskrá héraðslækna fyrir aðgerðir sóttvarnarlæknis, þegar hann er tilkallaður samkvæmt ákvæðum síðustu

málgreinar 23. greinar sóttvarnarlaga, svo og allan kostnað, er leiðir af frekari rann- **112**  
sóknum og ráðstöfunum í sóttvarnar skyni, er koma skipsins að landi kann að gera 27. ágúst  
nauðsynlegar.

#### 59. gr.

Skip, þó að önnur séu en fiskiskip þau, er 58. grein tekur til, svo og flugför, er leita hafnar eða flughafnar á Íslandi eingöngu til að setja á land sjúklinga eða lík, greiða samkvæmt reikningi allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum, er koma skipsins (flugfarsins) að landi kann að gera nauðsynlegar, þó ekki þóknun fyrir aðgerðir sóttvarnarlæknis, né nokkurn kostnað af rannsóknum til að leiða í ljós heilbrigðis-ástand farþega eða áhafnar í sóttvarnar skyni.

#### 60. gr.

Skip greiða kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu samkvæmt ákvæðum IV. kafla og einnig flugför, ef samsvarandi aðgerðum er beitt gegn þeim. Skip greiða þenna kostnað samkvæmt ákvæðum 61. og 62. greinar og flugför í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði.

#### 61. gr.

Fyrir rannsókn á rottugangi í skipi, sem sóttvarnarnefnd lætur framkvæma, greiðist:

- a. rúmlestargjald miðað við vergar rúmlestir skips:
  1. af skipi, sem nær ekki 150 rúmlestum, 50 krónur;
  2. af skipi, sem er frá 150 upp að 300 rúmlestum, 100 krónur;
  3. af skipi, sem er yfir 300 rúmlestir, 200 krónur;
- b. kostnaður af flutningi starfsliðs sóttvarnarnefndar, er vinnur að rannsókninni, til skips og frá skipi; þegar um er að ræða ráðstafanir samkvæmt niðurlagsákvæði 49. greinar, greiðir skipið enn fremur ferðakostnað, svo og tímakaup eða dagpeninga aðkomins starfsliðs, í samræmi við það, sem títt er að greiða sambærilegum opinberum starfsmönnum.

Fyrir forsögn og eftirlit sóttvarnarnefndar með rannsókn á rottugangi í skipi samkvæmt ákvæðum 55. greinar greiðist hið sama og fyrir framkvæmd slíkrar rannsóknar af hendi sóttvarnarnefndar.

#### 62. gr.

Fyrir svælingu skips með blásýru eða öðru virku loftteitri til eyðingar rottu greiðist, sem hér segir:

- a. kostnaðarverð eiturs þess, sem eyðzt hefur;
- b. kaup starfsfólks:
  1. tímakaup starfsliðs sóttvarnarnefndar, sem annazt hefur svælinguna, svo og verkafólks, er kann að hafa verið ráðið því til nauðsynlegrar aðstoðar, hvort tveggja í samræmi við það, sem tíðkast um sambærilegar greiðslur á staðnum;
  2. tímakaup varðmanns, ef hans hefur verið þörf, í samræmi við það, sem tíðkast um greiðslur fyrir slík störf á staðnum;
  3. ferðakostnaður, tímakaup eða dagpeningar aðkomins starfsliðs sóttvarnarnefndar, ef svælingin fer fram utan þess staðar, þar sem sóttvarnarnefnd situr, í samræmi við það, sem títt er að greiða opinberum starfsmönnum;
- c. 25% af fjárhæðum þeim, sem greiða ber samkvæmt ákvæðum liða a og b, 1, og gengur það til greiðslu annars kostnaðar af þessum framkvæmdum;
- d. þóknun fyrir yfirumsjón sóttvarnarlæknis með svælingunni; fer um þóknunina samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, en að öðru leyti, sem hér segir:

112  
27. ágúst

1. fyrir svælingu minna háttar, en aðgengilegra lestarrúma eða vistarvera greiðist sem fyrir eina læknisvitjun í skip;
2. fyrir meira háttar svælingu en greinir í lið d, 1, í skipi, sem nær ekki 300 rúmlestum, greiðist sem fyrir 2 læknisvitjanir í skip;
3. fyrir meira háttar svælingu en greinir í lið d, 1, í skipi, sem er yfir 300 rúmlestir, greiðist sem fyrir 3 læknisvitjanir í skip.

Ef rottueyðing í skipi er framkvæmd með gildrum, venjulegri dreifingu rottu-eiturs eða á annan þvílíkan hátt, greiðist kostnaður af eitri því, sem eyðt hefur, svo og tilfæringum, auk kostnaðar, er greinir í liðum b og c.

#### 63. gr.

Rottueyðingu í skipum og flugförum samkvæmt ákvæðum 31. og 32. greinar lætur sóttvarnarnefnd framkvæma hlutaðeigandi skipum (flugförum) að kostnaðarlausu, nema í hlut eigi skip (flugför), sem sjálf eiga að bera kostnað af sóttvarnar-ráðstöfunum gegn þeim, sbr. 41. gr. sóttvarnarlagu og 58. og 59. gr. þessarar reglugerðar.

#### 64. gr.

Sóttvarnargjöld innheimtast með öðrum gjöldum til rikissjóðs af skipum (flugförum) og renna í rikissjóð. Skip (flugför), sem sóttvarnargjöld falla á, má ekki afgreiða til brottfarar úr höfn (flughöfn), fyrr en gjöld þessi hafa verið innt af hendi, eða fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslunni.

#### 65. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd sóttvarnarráðstafana samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlagu og þessarar reglugerðar greiðist úr rikissjóði.

## VI. KAFLI

### Almenn ákvæði.

#### 66. gr.

Erindrekstur og afgreiðslu sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlagu og þessarar reglugerðar annast umboðsmaður nefndarinnar fyrir hennar hönd. Umboðsmaður sóttvarnarnefndar er tollgæzlumaður, nema önnur ráðstöfun sé sérstaklega gerð. Umboðsmaður (tollgæzlumaður) kemur fram fyrir hönd nefndarinnar gagnvart skipstjóra (flugfarsstjóra) eða fulltrúa hans, þá er skip (flugfar) kemur að landi, tilkynnir um samskiptaleyfi og undirritar slík leyfi í umboði nefndarinnar. Þá er ræðir um sóttvarnarnefnd í þessari reglugerð, er því eftir atvikum einnig átt við umboðsmann sóttvarnarnefndar (tollgæzlumann).

#### 67. gr.

Um einstakar sóttvarnaraðgerðir, sem inna verður af hendi í sambandi við framkvæmd ákvæða sóttvarnarlagu og þessarar reglugerðar, en ekki er nánari grein gerð fyrir í reglugerðinni, svo sem almenna sóthreinsun skipa, vöru og fólks, lúshreinsun og aðra snikjudýraeyðingu, kúabólusetningu og aðrar ónæmisaðgerðir o. s. frv., fer eftir almennum viðurkenndum reglum, svo og eftir sömu eða hliðstæðum reglum, sem á hverjum tíma gilda um sömu eða hliðstæðar aðgerðir í sambandi við framkvæmd farsóttavarna innan lands.

## 68. gr.

Fjármálaráðuneytið gefur út eða útvegar ásamt öðrum fyrirskipuðum eyðublöðum, sem notuð eru við afgreiðslu skipa, og lætur sóttvarnarnefndum (tollgæzlu) í té eyðublöð þau, sem nota ber samkvæmt ákvæðum 9., 24., 35.,—37., 46., 52. og 54. greinar, og skulu eyðublöðin gerð úr garði, eins og sýnt er á 1.—6. fylgiskjali með þessari reglugerð.

112

27. ágúst

## VII. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 69. gr.

Rangar skýrslur um það, sem sóttvarnaryfirvöld mega krefjast vitnisburðar um samkvæmt ákvæðum sóttvarnarlaga og þessarar reglugerðar, svo og önnur brot á ákvæðum reglugerðarinnar, varða viðurlögum samkvæmt 43. gr. sóttvarnarlaga.

## 70. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi reglur handa sóttvarnarnefndum, nr. 131 31. desember 1934, og reglur nr. 120 3. des. 1935, um sóthreinsun aðkomuskipa.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 27. ágúst 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

112 **Fylgiskjöl (1—6).**  
27. ágúst

1. fylgiskjal.

**International Certificate of Vaccination or Revaccination against Smallpox.**

**Certificat International de Vaccination ou de Revaccination contre la Variole.**

This is to certify that } ..... date of birth } ..... sex }  
Je soussigné(e) certifie que } ..... né(e) le } ..... sexe }

whose signature follows } .....  
dont la signature suit } .....

has on the date indicated been vaccinated or revaccinated against smallpox.  
a été vacciné(e) ou revacciné(e) contre la variole à la date indiquée.

Date	Signature and professional status of vaccinator Signature et qualité professionnelle du vaccinateur	Approved stamp Cachet d'authentification		State whether primary vaccination or revaccination; if primary, whether successful Indiquer s'il s'agit d'une primovaccination ou de revaccination; en cas de primovaccination, préciser s'il y a eu prise
1		1	2	
2				
3		3	4	
4				

The validity of this certificate shall extend for a period of three years, beginning eight days after the date of a successful primary vaccination or, in the event of a revaccination, on the date of that revaccination.

The approved stamp mentioned above must be in a form prescribed by the health administration of the territory in which the vaccination is performed.

Any amendment of this certificate, or erasure, or failure to complete any part of it, may render it invalid.

La validité de ce certificat couvre une période de trois ans commençant huit jours après la date de la primovaccination effectuée avec succès (prise) ou, dans le cas d'une revaccination, le jour de cette revaccination.

Le cachet d'authentification doit être conforme au modèle prescrit par l'administration sanitaire du territoire où la vaccination est effectuée.

Toute correction ou rature sur le certificat ou l'omission d'une quelconque des mentions qu'il comporte peut affecter sa validité.

2. fylgiskjal.

112

27. ágúst

**International Certificate of Vaccination or Revaccination against Cholera.****Certificat International de Vaccination ou de Revaccination contre le Choléra.**

This is to certify that } ..... date of birth } ..... sex }  
 Je soussigné(e) certifie que } ..... né(e) le } ..... sexe }

whose signature follows } .....  
 dont la signature suit }

has on the date indicated been vaccinated or revaccinated against cholera.  
 a été vacciné(e) ou revacciné(e) contre le choléra à la date indiquée.

Date	Signature and professional status of vaccinator	Approved stamp	
	Signature et qualité professionnelle du vaccinateur	Cachet d'authentification	
1		1	2
2			
3		3	4
4			
5		5	6
6			
7		7	8
8			

The validity of this certificate shall extend for a period of six months, beginning six days after the first injection of the vaccine or, in the event of a revaccination within such period of six months, on the date of that revaccination.

Notwithstanding the above provisions, in the case of a pilgrim, this certificate shall indicate that two injections have been given at an interval of seven days and its validity shall commence from the date of the second injection.

The approved stamp mentioned above must be in a form prescribed by the health administration of the territory in which the vaccination is performed.

Any amendment of this certificate, or erasure, or failure to complete any part of it, may render it invalid.

La validité de ce certificat couvre une période de six mois commençant six jours après la première injection du vaccin ou, dans le cas d'une revaccination au cours de cette période de six mois, le jour de cette revaccination.

Nonobstant les dispositions ci-dessus, dans le cas d'un pèlerin, le présent certificat doit faire mention de deux injections pratiquées à sept jours d'intervalle et sa validité commence le jour de la seconde injection.

Le cachet d'authentification doit être conforme au modèle prescrit par l'administration sanitaire du territoire où la vaccination est effectuée.

Toute correction ou rature sur le certificat ou l'omission d'une quelconque des mentions qu'il comporte peut affecter sa validité.



## 112 3. fylgiskjal.

27. ágúst

**Heilbrigðisgreinargerð skipstjóra.**  
(*Maritime Declaration of Health.*)

(Látin í té af skipstjórum skipa, þá er þau koma að landi frá útlöndum.)  
(*To be rendered by the masters of ships arriving from ports outside the territory.*)

Hafnarstaður (*Port of*) ..... Dagsetning (*Date*) .....

Heiti skips (*Name of ship*) ..... Frá (*From*) ..... Til (*To*) .....

Þjóðerni (*Nationality*) ..... Nafn skipstjóra (*Master's name*) .....

Rúmlestatal, réttindis (*Net Registered Tonnage*) .....

Rottueyðing eða undanþága frá rottueyðingu (*Deratting or Deratting Exemption*) { Vottorð (*Certificate*) ..... Dagsett (*Dated*) .....  
Látið í té í/á (*Issued at*) .....

Fjöldi farþega: (*No. of Passengers:*) Kættufarþegar (*Cabin*) ..... Fjöldi einstaklinga áhafnar (*No. of Crew*) .....  
Þilfarsfarþegar (*Deck*) .....

Skrá um hafnarstaði þá, sem skipið hefur komið við á, frá því að ferð þess hófst; greindur brottfarardagur frá hverjum hafnarstað: (*List of ports of call from commencement of voyage with dates of departure:*)

.....

.....

**Spurt um heilbrigðisástand:**  
(*Health Questions:*)

Svör:  
(*Já eða nei*)  
(*Answer:*  
*Yes or No*)

1. Hefur orðið vart innan borðs, frá því að ferðin hófst\*, nokkurs tilfellis eða grunaðs tilfellis svarta dauða, kóleru, gulrar hitasóttar, bólusóttar, dílasóttar eða rykkjasóttar? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.  
(*Has there been on board during the voyage\*\* any case or suspected case of plague, cholera, yellow fever, smallpox, typhus or relapsing fever? Give particulars in the Schedule.*) .....
2. Hefur orðið vart innan borðs, frá því að ferðin hófst\*, rottu- eða músapestar, eða ástæða verið til að gruna slíkt, eða hefur borið á óvenjulegum rottu- eða músadaða?  
(*Has plague occurred or been suspected among the rats or mice on board during the voyage\*\*, or has there been an abnormal mortality among them?*) .....
3. Hefur nokkur látizt innan borðs, frá því að ferðin hófst\*, af öðrum orsökum en slysförum? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.  
(*Has any person died on board during the voyage\*\* otherwise than as a result of accident? Give particulars in Schedule.*) .....
4. Er nú innan borðs sjúkdómstíffelli, eða hefur þar orðið vart sjúkdómstíffellis, frá því að ferðin hófst\*, sem yður gæti grunað, að væri (hefði verið) næm sótt? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.  
(*Is there on board or has there been during the voyage\*\* any case of disease which you suspect to be of an infectious nature? Give particulars in Schedule.*) .....
5. Er nokkur veikur innan borðs, eins og er? Greinið nánara einstök atriði á meðfylgjandi töflu.  
(*Is there any sick person on board now? Give particulars in Schedule.*) .....

Aths.: Ef skipslæknir er ekki á skipinu, ber skipstjóra að líta svo á, að eftirgreind sjúkdómseinkenni séu vísbending um, að ástæða sé til grunsemda um næma sótt: sóttíti, sem hefur í för með sér magnleysi, eða stendur nokkra daga, eða eilaþroti fylgir; skyndileg úþpot eða útbrot með eða án sóttíta; ákafur niðurgangur ásamt losteinkennum; gula samfara sóttíta.  
(*Note: In the absence of a surgeon, the Master should regard the following symptoms as ground for suspecting the existence of disease of an infectious nature: fever accompanied by prostration or persisting for several days, or attended with glandular swelling; or any acute skin rash or eruption with or without fever; severe diarrhoea with symptoms of collapse; jaundice accompanied by fever.*)

6. Er yður kunnugt um nokkurt það annað ástand innan borðs, er leitt gæti af sér sóthættu eða hættu á sóttmæmisútbreiðslu?  
(*Are you aware of any other condition on board which may lead to infection or the spread of disease?*) .....

Ég lýsi hér með yfir því, að upplýsingar þær og svör, er ég hef veitt í framanskráðri heilbrigðisgreinargerð (taflan meðtalin), eru, eftir því sem ég bezt veit og trú, sannar og réttar.  
(*I hereby declare that the particulars and answers to the questions given in this Declaration of Health (including the Schedule) are true and correct to the best of my knowledge and belief.*)

(Undirskrift) (*Signed*) .....  
(skipstjóri) (*Master*)

(Meðundirskrift) (*Countersigned*) .....  
skipslæknir (*Ship's Surgeon*)

Dags. (*Date*) .....

Er rottugangur innan borðs, eða hefur verið á leiðinni? Já/Nei.  
(*Are there rats on board or have any rats been seen on board during the voyage? Yes/No.*) .....

skipstjóri (*Master*)

\* Ef ferðin hefur staðið lengur en 4 vikur, nægir greinargerð um 4 vikur.

\*\* (*If more than 4 weeks have elapsed since the voyage began, it will suffice to give particulars for the last 4 weeks.*)

**Tafla. Viðauki við heilbrigðisgreinargerð. (Schedule to the Declaration.)**

Skýrsla um öll sjúkdómstílfelli og mannlát, sem komið hafa fyrir innan borðs (Particulars of every case of illness or death occurring on board)

Nafn (Name)	Farrými farþega eða staða skipverja (Class or rating)	Aldur (Age)	Kyn (Sex)	Þjóðerni (Nationality)	Kom í skipið, á hvaða hafnarstað (Port of embarkation)	Kom í skipið, dags- (Date of embarkation)	Hvers konar sjúkdómur (Nature of illness)	Sjúkdóm- ur hófst, dags- (Date of its onset)	Hvernig reiddi sjúklingnum af* (Results of illness*)	Ráðstafanir** (Disposal of case**)

\* Greinió, hvort sjúklingnum er batnað, hvort hann er veikur eða; dáinn. (State whether recovered; still ill; died.)

\*\* Greinió, hvort sjúklingurinn er enn innan borðs; farinn í land (nafn hafnarstaðar); útför hans gerð í haf. (State whether still on board; landed at (give name of port); buried at sea.)

112 4. fylgiskjal.

27. ágúst

**Samskiptaleyfi.**  
*Pratique.*Með skírskotun til sóttvarnarlaga nr. 34 12. apríl 1954  
*In accordance with the Quarantine Act of 12th April 1954.*

veitist hér með

skipinu .....  
*name of ship*skipstjóri .....  
*master*er kemur frá .....  
*arriving from*og ætlar til .....  
*destined for*leyfi til frjálstra samskipta við land í þessari ferð, hvar sem er á Íslandi.  
*is hereby given free pratique on this voyage with all places in Iceland.*

/ 19.....

Í umboði sóttvarnarnefndar í/á.....  
*For the Quarantine Commission,*.....  
(Undirskrift)  
(Signature).....  
(Staða)  
(Office)**Leyfið skal varðveitt, meðan á ferðinni stendur, og er skylt að sýna það sóttvarnarnefnd, þegar krafizt er.***This certificate must be carried on the whole voyage and must on demand be produced to the Quarantine Commission.*

5. fylgiskjal.

112

27. ágúst

**Heilbrigðisyfirlýsing til sóttvarnarnefndar um skip, sem annast reglubundnar áætlunarferðir.**  
*(Declaration to the port quarantine commission of ships sailing on regular routes.)*

Ég undirritaður skipstjóri skipsins (*I, the underwritten, master of*) .....

sem á heimahöfn í/á (*registered in*) .....

kemur frá (*coming from*) .....

og hefur á leiðinni komið við í/á (*having touched at*) .....

lýsi hér með yfir því, að viðlögðum drengskap, að innan borðs í skipi mínu eru ekki:  
*(do hereby declare upon my honour that my ship does not carry):*

1. menn, sem eru eða ætla má, að séu haldnir næmri sótt, eða  
*(persons suffering from, or supposedly suffering from, diseases of an infectious nature, nor)*
2. menn, er kunnugt sé um eða ætla megi, að geti á annan hátt valdið alvarlegri sóttnæmisútbreiðslu (smitberar), eða  
*(persons known or supposed to be able to spread serious infection in other ways (carriers), nor)*
3. lík manna, er kunnugt sé um eða ætla megi, að látizt hafi úr næmri sótt, og ennfremur  
*(corpses of persons known or supposed to have died from diseases of an infectious nature, and)*
4. að ekki hefur borið á rottudaða eða dauða annarra nagdýra, er vera kunna innan borðs.  
*(that no abnormal mortality has been observed among the rats or other rodents that may be on board the ship).*

Undirskrift (*Signed*) .....  
*(skipstjóri) (Master)*

Dags. (*Date*) .....

Er rottugangur innan borðs eða hefur verið á leiðinni?\*) Já/Nei  
*(Are there rats on board the ship or have any rats been seen on board during the voyage?\*\*) Yes/No)*

\*) Ekki krafizt svars fyrir skip, sem ná ekki 20 vergum rúmlestum.

\*\*) *(Not to be filled in for vessels of a measurement of less than 20 tons gross register).*

Undirskrift (*Signed*) .....  
*(skipstjóri) (Master)*

## 112 6. fylgiskjal.

27. ágúst

## Rottueyðingarvottorð.

## Rottuvottorð (um undanþágu frá rottueyðingu).\*)

*Deratting Certificate / Certificat de Dératiation.\*)**Deratting Exemption Certificate / Certificat d'Exemption de la Dératiation.\*)*

Gert úr gærði í samræmi við ákvæði 52. gr. hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings.

*Issued in accordance with article 52 of the International Sanitary Regulations.**Déclaré conformément à l'article 52 du Règlement Sanitaire International.*

Hafnaryfirvöldum er óheimilt að halda vottorðinu eftir.

*Not to be taken away by Port Authorities / Ce certificat ne doit pas être retiré par les autorités portuaires.*

Dags. .... Hafnarstaður .....

*Date/Date* ..... *Port of/Port de* .....

Með þessu vottorði staðfestist, að rannsókn á rottugangi hefur farið fram  
 og { rottueyðing  
 undanþága verið veitt frá rottueyðingu \*) greindan dag á greindum hafnarstað

*This certificate records the inspection and { deratting \*) at this port and on the above date  
 exemption \*)*

*Le présent certificat atteste l'inspection et { la dératiation \*) en ce port et à la date ci-dessus  
 l'exemption \*)*

í skipinu ..... sem er að stærð ..... rúmlestir, réttindis.\*\*)

*of the ship/du navire* ..... *of/de* ..... *net tonnage/tonnage net.\*\*)*

Þá er framkvæmd var { rannsóknin \*) voru farnrúm hlaðin ..... lestum ..... farms.  
 rottueyðingin \*)

*At the time of { inspection \*) the holds were laden with ..... tons of ..... cargo.  
 deratting \*)*

*Au moment de { l'inspection \*) les cales étaient chargés de ..... tonnes de ..... cargaison.  
 la dératiation \*)*

**Athugasemd:** Ef veitt er undanþága frá rottueyðingu, skal greina hér þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að halda í skefjum rottugangi innan borðs.

*Recommendations made: In the case of exemption, state here the measures taken for maintaining the ship in such a condition that the number of rats on board is negligible.*

*Observations: Dans le cas d'exemption, indiquer ici les mesures prises pour que le navire soit maintenu dans des conditions telles que le nombre de rats à bord soit négligeable.*

Stimpill, nafn, staða og undirskrift þess, er vottorðið lætur í té.

*Seal, name, qualification and signature of the inspector.*

*Cachet, nom, qualité et signature de l'inspecteur.*

\*) Strikið út, það sem ekki á við.  
*Strike out the unnecessary indications.  
 Rayer les mentions inutiles.*

\*\*\*) Greinið, hvort átt sé við rúmmál, eða hvort lestatala sé fundin á annan hátt.  
*Specify whether applies to metric displacement or any other method of determining the tonnage.  
 Spécifier s'il s'agit de déplacement métrique ou, sinon, de quel autre tonnage il s'agit.*

Snú!  
*Turn/Turnez*

## Rottueyðingarvottorð.

112

## Rottuvottorð (um undanþágu frá rottueyðingu).

27. ágúst

1	2	Rottuver	
		3	4
Farmrúm og vistarverur Compartments b) Compartiments	Ummerki eftir rottu Rat indications c) Traces de rats	Rat harborage / Refuges a rats	
		fundin discovered / trouvés d)	sætt aðgerð treated / supprimés
Farmrúm 1. <i>Holds / Cales</i>			
— 2.			
— 3.			
— 4.			
— 5.			
— 6.			
— 7.			
Millipilfar ..... <i>Shelter deck space / Entrepont</i>			
Kolarúm ..... <i>Bunker space / Soute à charbon</i>			
Vélarúm og öxulgöng ..... <i>Engineroom and shaft alley / Chaufferies, tunnel de l'arbre</i>			
Stafnhylki og geymslurými ..... <i>Forepeak and storeroom / Peak avant et magasin</i>			
Skuthylki og geymslurými ..... <i>Afterpeak and storeroom / Peak arrière et magasin</i>			
Björgunarbátar ..... <i>Lifeboats / Canots de sauvetage</i>			
Kortaklefi og loftsklyttaklefi ..... <i>Charts and wireless rooms / Chambre des cartes, T.S.F.</i>			
Eldhús ..... <i>Galley / Cuisines</i>			
Býtibúr ..... <i>Pantry / Cambuses</i>			
Matvælageymsla ..... <i>Provision storerooms / Soute à vivres</i>			
Vistarverur áhafnar ..... <i>Quarters (crew) / Postes (équipage)</i>			
Vistarverur yfirmanna ..... <i>Quarters (officers) / Chambres (officiers)</i>			
Vistarverur káetufarþega ..... <i>Quarters (cabin passengers) / Cabines (passagers)</i>			
Vistarverur þilfarsfarþega ..... <i>Quarters (steerage) / Postes (émigrants)</i>			

a) Strikið yfir það, sem ekki á við.

Strike out the unnecessary indications / Rayer les mentions inutiles.

b) Ef einhver greind farmrúm eða vistarverur eru ekki í skípi, skal þess skilmerkilega getið.

In case any of the compartments enumerated do not exist on the ship this fact must be mentioned.

Lorsqu'un des compartiments énumérés n'existe pas sur le navire, on devra le mentionner expressément



## REGLUGERÐ

113

30. ágúst

### um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar.

#### 1. gr.

Síldarútflytjendur, er óska að fá Norðurlandssíld metna til útflutnings af lögskipuðum síldarmatsmönnum samkvæmt þessari reglugerð, skulu senda síldarmatsstjóra skriflega beiðni um það. Skal í beiðninni tekið fram um tunnufjölda af hverri söltunartölu, hvaða tegundir síldar um er að ræða, hvenær matið óskast framkvæmt og hvenær flytja á út síldina.

Matið skal framkvæmt eins fljótt og unnt er og í þeirri röð, er beiðnir berast um það, nema sannað sé að flýta þurfi meira þeirri beiðni, er síðar kom.

#### 2. gr.

Matsmenn skulu fyrst og fremst leggja áherzlu á:

- Að varan sé óskemmd og líti út fyrir að vera haldgóð;
  - að innihald tunnanna (þungi, þéttpökkun eftir útliti) sé eins og það er sagt vera, enda sé, ef krafizt er eða þurfa þykir, lágmarkspungi merktur á botn hveirrar tunnu, sem kemur til mats;
  - að tunnurnar séu þækilheldar og flutningshæfar.
- „Eftirverkaðri“ síld má ekki gefa matsvottorð, eða síld, sem umpökkuð hefur verið án vitundar og eftirlits matsmanna eða trúnaðarmanna þeirra.

#### 3. gr.

Þegar mat fer fram, skal síldin vera gegnsöltuð og komin í öruggt ástand tilbúin til útflutnings í góðum, hreinum tunnum, sem séu merktar eins og við á um hverja vörutegund, eftir nánari fyrirmælum síldarmatsstjóra.

Leggja skal fram til skoðunar og meta sérhverja söltunartölu.

#### 4. gr.

Um þá síld, er stent mat samkvæmt þessari reglugerð, skal gefa út matsvottorð undirritað af síldarmatsstjóra eða þeim, sem hann gefur umboð til þess. Í vottorðinu skal tekið fram: Vörumerki saltanda, vörutegund, tunnufjöldi, söltunartala, þyngd innihalds eða þéttpökkun og annað, er máli skiptir um ásigkomulag vörunnar.

Matsvottorð skal afhenda útflytjanda um leið og útskipun fer fram, eða sendast móttakanda ásamt hinum metnu tunnum.

#### 5. gr.

Ef fullhreinsuð (innyflalaus) síld hefur verið aðgreind undir eftirliti matsmanna eða trúnaðarmanna þeirra og úr henni hafa verið teknar áberandi rýrar, smáar og gallaðar síldar, skulu matsmenn brennimerkja þær tunnur, sem mat standast, með orðunum: ÍSLENZKT SÍLDARMAT, BRANDED IN ICELAND, ISLÁNSK SÍLD-KONTROLL, eða á öðrum tungumálum orð sömu þýðingar. Sömu leiðis skulu matsmenn brennimerkja tunnur með óaðgreinda fullhreinsaða síld, ef gæði hennar að dómi matsmanna jafnast á við aðgreinda síld. Enn fremur má brennimerkja tunnur, er innihalda flök, sem unnin hafa verið undir eftirliti, sbr. 9. gr.

Ef brennimerkingu verður ekki við komið, skulu matsmenn auðkenna tunnurnar greinilega á annan hátt með áður tilteknum matsmerkjum, t. d. með merkibleki.

Tunnur, sem innihalda síld með innyflum eða aðrar tegundir en að framan er lýst, skal ekki brennimerkja, en á þær tunnur, er standast mat, skulu matsmenn merkja fangamark sitt á neðri botn hveirrar tunnu, er þeir hafa skoðað.



113

30. ágúst

Ef óskað er, skal síldarmatsstjóri láta meta og gefa vottorð um, hvort síld fullnægi gerðum samningi milli kaupanda og seljanda, ef í samningnum eru skýr ákvæði um óskemmda vöru, nettóþunga eða þökkunarútlit tunnanna og ásigkomulag umbúða.

Ekki skal brennimerkja þá síld, er metin er samkvæmt þessari grein, nema varan fullnægi þeim kröfum, er gerðar eru að öðru leyti í þessari reglugerð, er auðkenna skal hverja tunnu með matsmerki og geta þess í matsvottorði.

Um síld, sem metin er samkvæmt þessari grein, skal gefa sérstakt matsvottorð, þar sem upp eru talin þau atriði samningsins, er ákveða gildi vörunnar.

## 7. gr.

Þegar metin er óumpökkuð síld, samkvæmt þessari reglugerð, skal opna og skoða í minnst 15% af fyrstu 100 tn. eða færri í hverri söltunartölu og 10% af því, sem þar er fram yfir, þó aldrei minna en í 3 tonnur. Komi þá engar misfellur í ljós, má það látið nægja. Annars skal opna og skoða í svo margar tonnur, er þurfa þykir. Sama gildir ef skoða skal þéttþökkun tunna. Ef þungi er tiltekinn, skal vega minnst 5%. Vigtun skal haga þannig, að öruggt sé, að lágmarksþungi sé fyrir hendi. Um leið og vegið er, skulu matsmenn prófa gæði (aðgreiningu) síldarinnar eins og þeim þykir þurfa í hinum vegnu tunnum eða fleiri tunnum, ef þeir telja nauðsynlegt.

Ef síld er umpökkuð undir eftirliti matsmanna, skal vega innihald hverrar tunnu og sömuleiðis flök.

Síld skal vega hreina og afsigna í íláti, sem þekill getur hripað út um botn og hliðar á og draga skal frá hverri heiltunnuvigt 1 kg fyrir þekli, nema öðruvísi sé um samið milli kaupanda og seljanda.

## 8. gr.

Ekki má gefa matsvottorð fyrir síld, sem er meira blönduð áberandi rýrum, smáum og gölluðum síldum, en sem nemur samanlagt 20%, þótt hún að öðru leyti sé óskemmd vara, sbr. þó 6. gr., um mat samkvæmt samningi. Ekki heldur fyrir síld, sem aðgreind hefur verið úr tunnu með þrjár síld, nema að síldarmatsstjóri samþykki að aðgreiningin sé gerð, og að hún sé framkvæmd undir eftirliti matsmanna.

Þar sem minnst er á skemmdir í þessari reglugerð, er átt við þróa síld, súra, sæta, rifna, roðlausa, sjóslegna, síld með mikilli átu eða átutærða og kviðlina síld.

## 9. gr.

Við mat á hinum ýmsu síldartegundum skulu matsmenn gæta eftirfarandi atriða:

- a. Kverkuð saltsíld. Sé um „stórsorteraða“ síld að ræða, skal hún vera jöfn að gæðum og stærðum, minnst 34—35 cm.

Hafi síldin verið „stórsorteruð“ fersk, má hún ekki vera meira blönduð áberandi rýrri og gallaðri síld en 5%.

Ef síldin er aðgreind söltuð, skal það gert undir eftirliti matsmanna, og þá teknafrá allar rýrar og gallaðar síldar.

Kverkuð saltsíld skal vera að öllu óskemmd, útlitsgóð, vel unnin og með útlit fyrir haldgæði, með nokkru óbráðnu salti í hverri tunnu.

Síldarþungi í hverri tunnu skal vera minnst 90 kg hver heil tunna, nema meiri þunga sé sérstaklega óskað og það álitit hættulaust af matsmanni.

- b. Hausuð og slógdregin síld (cut) og hreinsuð síld (split).

Síldin skal vera með öllu óskemmd, og líta út fyrir að vera haldgóð, vel hreinsuð og vel unnin og snyrtilega lögð í tonnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað

í salti (ekki roðtærð eða samlímd) og hæfilega söltuð, með ekki áberandi óbráðnu salti. Hin venjulega vara af þessari tegund skal vera með minnst 23° pækli, en leyfilegt er að gefa matsvottorð fyrir sild með allt niður að 20° pækli, ef sildin er þá örugg. Sild með 20—23° pækli skal merkja á efri botn: LÉTT SÖLTUÐ (MILL CURE), eða með orðum á öðrum tungumálum sömu merkingar. **113** 30. ágúst

Sé sildin umpökkuð skal það gert undir eftirliti matsmanns, og skal þá kastað frá áberandi rýrum og gölluðum sildum.

Stykkjatölu skal merkja á botn tunnu með umpakkaðri sild, þó svo að leiki á 25 stk., t. d. 375/400, 400/425 o. s. frv. Skal stykkjatalan prófuð í a. m. k. 5% af hverri söltunartölu.

Ef sildarmatsstjóri telur ástæðu til, vegna útlitsbreytingar á sildinni, skal merkja umpakkaða sild með orðinu: UMPÖKKUÐ, REPACKED, eða með orðum á öðrum tungumálum, sömu merkingar.

Lágmarksþyngd þessarar tegundar skal vera 113 kg í ¼ tunnu, þó má lágmarksþyngd ½ tunnu, sem seld er til Norðurlanda, vera 100 kg, en leyfilegt er, sé þess óskað og matsmaður álitur það óhætt, að hafa meira innhald, skal þá merkt eins og við á og geta þess í matsvottorði.

- c. Söltuð sildarflök. Ef flök hafa verið skorin úr fersksild, skulu matsmenn skoða flökin áður en þau eru hein- og roðhreinsuð. Þeir skulu skoða í allar tunnur, sem vinna á úr sild þá, sem meta skal, og ekki leyfa að tekið sé til vinnslu annað en með öllu óskemmd sild. Matsmenn skulu annað hvort sjálfir hafa eftirlit með vinnslu flakanna eða með því að láta trúnaðarmenn sína gæta þess, að einungis sú vara, er þeir hafa samþykkt, sé látin í þær tunnur, er meta á. Matsmenn skulu á sama hátt hafa eftirlit með, að tilskilinn lágmarksþungi sé í hverri tunnu og prófuð stykkjatala í a. m. k. tíundu hverri tunnu (þó minnst 3 tunnur úr hverri söltunartölu) með því að telja hve mörg flök fara í hver 10 kg. Í samræmi við þá útkomu skal merkja stykkjatölu á neðri botn hveggjarinnar tunnu, þó svo, að leiki á 50 eða 100, ef um smáa sild er að ræða, t. d. 1450/1500, 1500/1550, 1800/1900 o. s. frv.

Flökin skulu vera vel unnin úr heilli og óskemmdri sild, snyrtilega lögð og hæfilega söltuð, þó ekki með undir 20° pækli.

Lágmarksinnihald hveggjarinnar tunnu skal vera 113 kg hver ¼ tn., en leyfilegt er, sé þess óskað og álitid óhætt, að hafa í tunnunni meira og merkja og votta innihaldið eftir því sem við á.

Séu flök skorin úr saltsild skal matsmaður skoða sildina, sem vinna á úr áður en flakað er og á sama hátt og lýst er um ferskskorin flök, ganga úr skugga um að varan sé góð.

Merkja skal ferskskorin flök á efri botn með orðunum FERSK SKORIN, FRESH CUT, eða með öðrum orðum á öðrum tungumálum sömu merkingar.

- d. Kryddsildarflök. Matsmenn skulu hafa eftirlit með því, að einungis sé unnið úr óskemmdri kryddsild og skulu haga því eftirliti ásamt vigtun, prófun, stykkjatölu og merkingu eins og lýst er í staflið c.

Lágmarksþyngd í ¼ tunnu 113 kg.

- e. Kryddsild. Sildin skal bera með sér, að hún sé ferskkrydduð með venjulegri blöndu af kryddi, sykri og salti. Sildin á að vera hausuð og slógdregin, vel hreinsuð og vel unnin á allan hátt.

Lágmarksþyngd í ¼ tunnu 113 kg. Þó má lágmarksþyngd í ½ tn., sem seld er til Norðurlanda, vera 95 kg.

- f. Sykursöltuð sild. Sildin skal vera hausuð og slógdregin og bera með sér að hafa verið söltuð fersk með hinni venjulegu blöndu af sykri og salti, vera vel hreinsuð og snyrtilega unnið að öðru leyti.

113  
30. ágúst

Lágmarksþyngd í ¼ tunnu 113 kg, nema þess sé óskað og talið óhætt að hafa meira innihald, sbr. staflið c. Þó má lágmarksþyngd ¼ tunnu, sem seld er til Norðurlanda, vera 95 kg.

Hafi síld verið seld fyrir fram með tiltekinni meðalvigt eða minni meðalþyngd í tunnu en tilskilið er í staflið a.—f. hér að framan, skal þó heimilt að gefa um hana matsvottorð samkvæmt 6. gr.

Þar sem ekki er sérstaklega tekið fram í þessari grein um skoðun og vigtun, prófun á stykkjatölu, merkingu o. s. frv., skal farið eftir öðrum hliðstæðum fyrir-mælum og almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

#### 10. gr.

Eftir að mati er lokið er óleyfilegt að opna hinar metnu tunnur eða flytja þær úr stað, nema með leyfi matsmanns.

Ef fyrir-mælum matsmanna um geymslu og hirðingu metinnar síldar, hefur ekki verið fylgt, þá skal ekki gefa út matsvottorð, nema metið sé á ný, en ef ástæða þykir til, skal afmá matsmerki, er sett hafa verið á tunnurnar.

Ef útskipun dregst svo að ætla má, að varan hafi breytzt, skulu matsmenn rétt áður en útskipun fer fram, á ný fullvissa sig um, að ástand vörunnar heimili útgáfu matsvottorðs. Þeir skulu einnig hafa eftirlit með útskipun tunnanna og hleðslu þeirra í flutningaskip.

#### 11. gr.

Til að standast kostnað við matið, skal greiða kr. 1.00 — eina krónu — af hverri útflutningsmetinni tunnu.

Hafi matsmaður eftirlit með umpökkun á síld greiðist fyrir það tímakaup matsmannsins, auk hins fastákveðna matsgjalds, ef síldin hefur áður verið skoðuð af síldarmatsmanni.

#### 12. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld bráðabirgðareglugerð, nr. 93 13. júní 1946, um frjálst mat á ýmsum tegundum salt-, sykur- og kryddsíldar, svo og auglýsing nr. 148 28. júlí 1953, um breyting á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. ágúst 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

**AUGLÝSING**  
um nýja lyfsöluskrá II.

**114**  
31. ágúst

Frá og með 1. september 1954 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 25. ágúst 1954. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. okt. 1952.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. ágúst 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

---

*Ragnar Bjarkan.*

**AUGLÝSING**

**115**  
2. sept.

um breyting á reglugerð um búfjártryggingar, nr. 79 frá 7. maí 1953.

Aftan við 16. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bætur fyrir lambalát skulu vera 60% af tryggingarverði ærinnar. Eigi er gerður greinarmunur á því, hvort ærin lætur einu eða fleiri lömbum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

---

*Arni G. Eylands.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar“, 116**  
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. sept. 1954. 3. sept.  
Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Þorleifs Gunnarssonar og er stofnaður með tvennum 5000 króna gjöfum af Þorleifi Gunnarssyni, bókbandsmeistara.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa til við útvegum áhaldna handa sérskóla í bókbandi, er settur verði á stofn innan Iðnskólans í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins og öllum eignum hans má verja samkvæmt 2. gr., þó svo, að sjóðurinn verði ekki lagður niður, heldur verði honum haldið opnum fyrir áheit-

**116** um og gjöfum til þess að afla fleiri tækja, eftir því sem þörf gerist og geta hans 3. sept. leyfir.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Tveir menn kosnir af stjórn Félags bókbandsiðnrekenda á Íslandi og tveir menn kosnir af stjórn Bókbindarafélags Íslands, allir til þriggja ára í senn, og skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Eignum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók eftir að sjóðurinn tekur til starfa, og skal hún löggilda gerðabókina sjálf. Í hana skal hún skrá ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins og fjárveitingar úr honum, svo og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema til samræmingar löggjöf, sem kynni að brjóta í hág við skipulagsskrána.

Reykjavík, 18. ágúst 1954.

Helgi H. Eiríksson. Guðjón Runólfsson. Gunnar S. Þorleifsson.  
Guðgeir Jónsson. Einar Helgason.

**117** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Alfreds Benzons“, 8. sept. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. sept. 1954. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Alfreds Benzons.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Alfreds Benzons og er stofndagur hans 17. janúar 1955 á aldarafmæli Alfreds Benzons lyfsala og verksmiðjueiganda í Kaupmannahöfn.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal ávaxta hann með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, bréf gefin út eða tryggð af rikissjóði eða á annan jafn-öruggan hátt að dómi háskólaráðs.

## 4. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða með sama hætti og reikninga annarra sjóða háskólans og birta á hverju ári í Árbók háskólans.

117

8. sept.

## 5. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja þriðjung við höfuðstól, en tveim þriðju vaxtanna má úthluta á hverju ári. Verði minni upphæð úthlutað eitthvert ár, leggst afgangur vaxtanna við höfuðstól.

Af úthlutunarfénu má veita norrænum mönnum og konum verðlaun fyrir rannsóknir í lyfjafræði og lyflæknisfræði og fyrir ritgerðir um þau efni, byggðar á sjálfstæðum rannsóknum. Úthlutunarnefnd getur einnig tekið til sérstakt verkefni til rannsóknar og veitt verðlaun fyrir bezta úrlausn. Enn fremur má veita styrk til framhaldsnáms í áðurtöldum greinum.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 17. janúar ár hvert.

## 6. gr.

Sérstök nefnd ákveður fjárveitingar úr sjóðnum, og eiga sæti í henni lyfsalinn í Reykjavíkur Apóteki, formaður nefndarinnar, kennarinn í lyflæknisfræði í lækna-deild, forstöðumaður Lyffræðingaskóla Íslands, þangað til sá skóli verður væntanlega lagður undir háskólann, en síðar forstöðumaður (kennari) þeirrar deildar, kennarinn í lyfjafræði í læknaeild, lækni tilnefndur af Læknafélagi Íslands, lyfsali tilnefndur af stéttarfélagi lyfsala og lyfjafræðingur tilnefndur af Lyffræðingafélagi Íslands. Meðan nefndarmenn eru aðeins 6 skal formaður hafa úrslitaatkvæði, ef atkvæði eru jöfn. Kjörtímabil þeirra þriggja nefndarmanna, sem tilnefndir eru, skal vera 3 ár. Af þeim, sem eru tilnefndir í upphafi, skal einn ganga úr eftir 1 ár og annar eftir 2 ár, samkvæmt hlutkesti.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók háskólans.

## REGLUGERÐ

## um sölu og veitingar áfengis.

118

9. sept.

## 1. gr.

Um sölu áfengis frá Áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar fer eftir þeim reglum, sem nánar eru ákveðnar í reglugerð þessari og gildandi lögum.

## 2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins er, auk þess, sem hún selur áfengi í útsölustöðum sínum, heimilt að selja það frá aðalverzlun sinni þeim, er hér segir:

1. Veitingastöðum, er heimild hafa öðlazzt til veitinga áfengra drykkja, og kaupendum, er fá pantanir sínar sendar með pósti.
2. Læknum, sem rétt hafa til lyfjasölu og lyfsöllum, þó aðeins það áfengi, sem talið er í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð samkvæmt 2. málsg. 1. tölul. 11. gr. áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til þess að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verkleggra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, hvort tveggja í samræmi við það, er fyrir er mælt í reglugerð samkvæmt 3. tölul. 11. gr. áfengislaganna.
4. Forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn, sveitarstjórnnum og erlendum sendiráðum til risnu.

118 Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu. 9. sept. Þetta á þó eigi við um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu.

## 3. gr.

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverð. Áfengi, sem selt er veitingahúsum, skal enn fremur sérstaklega auðkennt með merki á hverri flösku.

Hver, sem notar eftirmynd af merkjum Áfengisverzlunar ríkisins eða misnotar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

## 4. gr.

Útsölustöðum Áfengisverzlunar ríkisins er óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

## 5. gr.

Afgreiðslutími útsölastaðanna skal aldrei vera lengri en almennra verzlana.

Útsölastaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum Þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða, einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

## 6. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um langan eða skamman tíma, þegar sérstaklega stendur á. Skal lögreglustjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu slíka ákvörðun svo fljótt sem aðstæður leyfa. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra, en ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða veitingabannsins. Lögreglustjóri skal einnig tilkynna ráðuneytinu, er hann fellir niður slíka lokun eða veitingabann.

Ráðuneytið getur fyrirskipað slíka lokun, er að framan greinir, svo og fellt niður ákvörðun lögreglustjóra um það efni.

## 7. gr.

Veitingar áfengis mega fara fram á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi til kl. 2½ síðdegis og frá 7 til kl. 11½ síðdegis. Áfengi má veita í lokuðum samkvæmum eftir kl. 11½ síðdegis, en þó aldrei lengur en svo, að vínveitingum sé hætt hálfri klukkustund áður en leyfðum skemmtanatíma lýkur. Lögreglustjórar geta leyft, að veitingar fari fram á öðrum tíma, er sérstaklega stendur á.

Veitingar áfengis skulu ekki fara fram 1. dag stórhátíða Þjóðkirkjunnar, aðfangadag og föstudaginn langa. Enn fremur skulu bannaðar allar vínveitingar á miðvikudögum, nema sérstakt leyfi dómsmálaráðuneytisins komi til. Heimilt skal þó að veita þá borðvín með mat á reglulegum matmálstíma, kl. 12—2 og kl. 7—9.

## 8. gr.

Veitingastað skal leyfð verðframsæsla á áfengi, sem nemur allt að 35% af kaupverði hans á áfenginu, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. En auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 25% frá þessu verði, þegar sala fer fram í minni skömmtum. Áfengisverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð vína á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

## 9. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Óheimilt er að leyfa þeim, sem eru greinilega undir áhrifum áfengis aðgang að veitingastað. Veitingamönnum er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessum ákvæðum.

Veitingamenn og þjónar þeirra mega ekki vera undir áhrifum áfengis né neyta 118  
áfengra drykkja á veitingastað meðan vínveitingar fara þar fram. 9. sept.

## 10. gr.

Veitingamönnum, sem hafa með höndum veitingar áfengis, er skylt að gæta þess, að veitingar og umgengni sé með menningarbrag. Ber þeim að gæta þess, að veitingahús þeirra fullnægi ávallt þeim skilyrðum um útbúnað, sem í áfengis-lögunum eru sett fyrir því, að þeir geti öðlazzt vínveitingaleyfi.

Nefnd sú, sem samkvæmt 12. gr. áfengislaganna er falið að dæma um, hvort veitingahús fullnægja skilyrðum b-liðar 1. málsg. 12. gr., skal einnig fylgjast með því, hvort veitingahús fullnægi ávallt þeim skilyrðum.

## 11. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum lögreglustjóra, eftirlitsmenn samkvæmt næstu síðustu málsg. 12. gr. áfengislaganna, til að hafa eftirlit með þeim veitinga-stöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Skulu þeir fylgjast með því, að ákvæði þessarar reglugerðar og áfengislaganna séu haldin. Ber þeim að fylgjast mjög nákvæmlega með því, að ekki sé veitt vín yngri mönnum en 21 árs eða ölvuðum mönnum, og að haldnar séu reglur um leyfðan veitingatíma.

Eftirlitsmennirnir skulu eiga samstarf við nefnd þá, sem um ræðir í 2. málsg. 10. gr. og veita henni allar þær upplýsingar, er ætla má, að henni komi að haldi. Eftirlitsmennirnir skulu einnig hafa náð samstarf við löggæzlumenn í störfum sínum.

Frekari starfsreglur skulu eftirlitsmönnum settar í erindisbréfi, sem þeim skal setja að fengnum tillögum lögreglustjóra og áfengisvarnaráðs.

Veitingamönnum er skylt að greiða fyrir störfum eftirlitsmannanna eftir föng-um, og sjá um að þeir hafi athvarf á vissum stað í veitingahúsinu.

## 12. gr.

Löggæzlumönnum er skylt að gefa sérstakar gætur að veitingastöðum, er hafa vínveitingaleyfi og ber lögreglustjóra að setja þeim ítarlegar reglur um starfsskyldur þeirra í þessu efni. Skal um það efni haft samráð við áfengisvarnaráð.

## 13. gr.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins, útibúum hennar og veitingastöðum að selja vín:

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs.
2. Þeim, sem eru bersýnilega ölvadir, er þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Sölumönnum áfengis eða veitingamönnum skal skylt að ganga úr skugga um aldur kaupenda, ef vafi getur leikið á um, að þeir hafi náð tilskildum aldri samkvæmt 1. tölulið. Ber þá kaupendum að sanna aldur sinn með vegabréfi eða öðru fullnægjandi persónuskilríki.

Sölumönnum áfengis er óheimilt að senda áfengispantanir til viðtakanda, er eigi sanna aldur sinn á fullnægjandi hátt.

Áfengisverzlun ríkisins skulu sendar jafnóðum tilkynningar um færslu brota þeirra, er um ræðir í 3. tölulið, á sakarskrá. Myndir af hinum brotlegu skulu fylgja tilkynningum. Sölumönnum áfengis ber að gæta eftir föngum ákvæða 3. töluliðs með hliðsjón af brotaskrá þessari.

## 14. gr.

Lögreglustjórar skulu eigi veita leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 2. mgr. 20. gr. áfengisлага, fyrr en lagðar hafa verið fyrir þá fullnægjandi sannanir fyrir því,



118 að þeir aðilar, er leyfanna leita, hafi rétt til þess samkvæmt tilgreindu ákvæði. Eigi 9. sept. verður félagi veitt leyfi til vinnveitinga á árshátið nema einu sinni hvert ár. Lög-reglustjórnarnir skulu ganga úr skugga um, að þau sérstöku tilefni til samkvæmis-halds, sem tilgreind eru í leyfisbeiðni, séu fyrir hendi. Beiðnir um leyfi samkvæmt þessari grein, skulu vera skriflegar, svo og leyfi, sem veitt eru. Skal þar getið til-efnis leyfisins og hvar og hvenær samkvæmið sé haldið. Samrit leyfa skulu jafn-óðum send dómsmálaráðuneytinu.

15. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi eða einstakar áfengistegundir.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt viðeigandi ákvæðum áfengislaganna, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 126 7. ágúst 1945.

*Dómsmálaráðuneytið, 9. september 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

119

14. sept.

## ARÐSKRÁ

fyrir Veidifélag Hrútafjarðarar og Síkár í Hrútafirði.

### Vegna Hrútafjarðarar:

Bæjanöfn:	Arður:
1. Brandagil .....	4.8 %
2. Staður .....	21.7 —
3. Hrútatunga .....	10.6 —
4. Óspaksstaðir .....	23.6 —
5. Gilhagi .....	11.8 —
6. Grænumýrartunga .....	9.8 —
7. Landssíminn .....	8.7 —
8. Melar .....	6.0 —
9. Fjarðarhorn .....	3.0 —

### Vegna Síkár:

1. Hrútatunga .....	50 %
2. Bálkastaðir .....	33 —
3. Foss .....	17 —

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Arni G. Eylands.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bjarneyjar J. Frið- 120  
 riksdóttur og Jóhanns Jónssonar frá Auðkúlu í Arnarfirði“, útgefin á venjulegan 16. sept.  
 hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. sept. 1954

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Bjarneyjar J. Friðriksdóttur og Jóhanns Jónssonar  
 frá Auðkúlu í Arnarfirði.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarneyjar J. Friðriksdóttur og Jóhanns Jónssonar frá Auðkúlu í Arnarfirði.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af börnum þeirra Bjarneyjar og Jóhanns. Stofnfé sjóðsins er kr. 7255.00 — sjö þúsund tvö hundruð fimmtíu og fimm krónur.

### 3. gr.

Sjóðurinn er af gefendum afhentur hreppsnefnd Auðkúluhrepps. Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: oddviti hreppsins, sóknarprestur og bóndinn að Auðkúlu. Sé bóndinn að Auðkúlu jafnframt oddviti kýs hreppsnefndin mann í hans stað. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands. Stjórn sjóðsins haldi gerðabók, þar sem bókaðar séu gerðir hennar gagnvart sjóðnum og ársreikningar hans. Þeir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að styrkja fátækar ekkjur í Auðkúluhreppi, er hafa fyrir að sjá ungum börnum;
- b. að styrkja til náms efnilega nemendur úr Auðkúluhreppi, einkun þó þá er leggjast stund á búnaðarnám.

### 5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

### 6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20 000.00 — tuttugu þúsund — krónur má verja allt að  $\frac{3}{4}$  ársvaxtanna samkvæmt því sem fyrir er mælt í 4. gr. en  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ísafirði, 6. september 1954.

F. h. stofnenda sjóðsins

**Jón Á. Jóhannsson.**

121

27. sept.

**REGLUGERÐ**

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi,  
nr. 64 21. apríl 1948.

1. gr.

41. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjuggjald, vatnsgjald, hafnsógugjald, ljósagjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra þá aðstoð, sem skipið fær hjá höfninni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. l. nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. september 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

122

21. sept.

**REGLUGERÐ**

um heimilishjálp í Reykjavík.

1. gr.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar fer með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík undir yfirstjórn bæjarráðs og borgarstjóra.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Reykjavík er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er borgarstjóri skipar. Hún á rétt á að sitja fundi í stjórn ráðningarstofunnar, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinu, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum, þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsurðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægilega margar konur til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem

heimilishjálp stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins, hafi t. d. lokið 122 tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum. Skulu þær leggja fram vottorð heilsuverndarstöðvar eða trúnaðarlæknis. 21. sept.

Ef stjórn heimilishjálparinnar æskir þess, skal Húsmæðraskóli Reykjavíkur halda uppi kennslu til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt samþykkt þessari, ef húsrúm skólans og aðrar aðstæður leyfa.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

#### 4. gr.

Bæjarsjóður Reykjavíkur ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

#### 5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Bæjarráð getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonu heimilishjálparinnar.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum Ráðningarstofu og forstöðukonu og ráðherra staðfestir.

Ráðningarstofan setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

#### 7. gr.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar veitir heimilishjálpinni nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði og afnot áhalda, svo og skrifstofustörf.

#### 8. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Reykjavíkukaupstaðar.

#### 9. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og samþykkt þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði, en  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði. Um greiðslu kostnaðar, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar, fer þó sem rekstrarkostnað húsmæðraskóla.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

123

8. okt.

## REGLUR

um kjör skólanefndar fyrir heimavistarbarnaskóla Mýrasýslu að Varmalandi.

## 1. gr.

Skólanefndin er skipuð 5 mönnum. Fræðslumálastjórnin skipar einn mann í nefndina og er hann formaður. Þá kýs sameiginlegur fundur hreppsnefndarmanna í Hraun-, Álftanes-, Borgar-, Stafholtstungna-, Norðurárdals-, Þverárhliðar og Hvítársíðuhreppum fjóra menn í skólanefndina og fjóra til vara. Hlutfallskosningu skal við hafa, sé þess óskað.

## 2. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum í sýslunni, skal oddviti sýslunefndar Mýrasýslu kveðja saman á fund alla hreppsnefndarmenn í hreppum þeim, er greinir í 1. gr., og skal á þeim fundi fara fram kosning manna í skólanefndina.

## 3. gr.

Kjörtímabil skólanefndarmanna, aðalmanna og varamanna, skal vera hið sama og sveitarstjórna og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning skólanefndar skal í fyrsta sinn fara fram fyrir 31. október 1954. Þangað til fer fræðsluráð Mýrasýslu með störf skólanefndarinnar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 26. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, birtast hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 8. október 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Ásgeir Pétursson.*

124

12. okt.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

## 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skýlt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem hentugt þykir, að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Í kaupstöðum, þar sem bæjarstjórn hefur ákveðið, að allar leigubifreiðar til mannflutninga, allt að 7 farþega, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, skulu þær bifreiðar einar eiga rétt til gjaldmælis, sem hafa afgreiðslu á bifreiðastöð.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. 124 l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, og birtist til eftirbreytni öll- 12. okt. um þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð frú Camillu Torfa- 125 son“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 14. okt. 1954. 14. okt. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð frú Camillu Torfason.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður frú Camillu Torfason. Hann er eign Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði, og útnefnir félagið sjóðnum sérstaka stjórn.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Jóhönnu Magnúsdóttur, apótekara, til minningar um móður hennar, frú Thoru Petrínu Camillu Torfason, f. 10. okt. 1864, stofnanda Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði og formanns sama félags árin 1907—1914. En Kvenfélagið Ósk stofnaði Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði árið 1912.

### 3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna nemanda eða nemendur húsmæðraskólans, er skara fram úr í námsgreinum skólans og þrúðmannlegu dagfari.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er verðbréf að upphæð kr. 16000.00 — sextán þúsund krónur —, skráð á nafn hans. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn og auk þess a. m. k. einn fjórða hluta ársvaxta. Höfuðstólinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, í bankavaxtabréfum eða öðrum jafngildum verðbréfum.

### 5. gr.

Allt að þremur fjórðu hlutum ársvaxta skal varið til kaupa á verðlaunagrip eða verðlaunagripum, sem helzt skulu vera silfurskeið eða silfurskeiðar með áletrun. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi má afhenda nokkurn hluta verðlaunanna í peningum. Verðlaunaskirteini undirrituð af skólastjóra fylgi verðlaununum. Verðlaunin skal veita í lok hvers skólaárs, samkvæmt tillögum skólastjóra og kennara húsmæðraskólans, og skal formaður Kvenfélagsins Ósk afhenda þau við skólauppsögn.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins hefur með höndum stjórn og reikningshald og birtir reikninga með skólaskýrslum húsmæðraskólans, sömu-

**125** leiðis annast kvenfélagið árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins. Halda skal sér-  
14. okt. staka gerðabók og skrá í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir og sjóðreikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. október 1954.

**Jóhanna Magnúsdóttir.**

**126**

15. okt.

## REGLUGERÐ

fyrir kvöldskóla K. F. U. M. í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn heitir Kvöldskóli K. F. U. M. Hann er eign K. F. U. M. í Reykjavík og starfar sem deild í félaginu undir stjórn 5 manna skólanefndar. Hann nýtur einskis styrks af opinberu fé.

2. gr.

Skólinn er stofnaður árið 1921 af séra Friðriki Friðrikssyni, framkvæmdastjóra K. F. U. M. Hann starfar á kristilegum grundvelli, og er markmið hans að veita því fólki, er þess óskar, gagnlega fræðslu samhliða atvinnu þess.

3. gr.

Skólinn er tveggja ára samskóli kvenna og karla og starfar frá 1. október til síðasta vetrardags.

4. gr.

Einskis inntökuprófs er krafizt, en skólavist geta hlotið að lokinni læknis-  
skoðun siðprúðir nemendur, er lokið hafa lögboðnu skyldunámi. Einnig er heimilt að taka í skólann nemendur, er lokið hafa námi 1. bekkjar gagnfræðastigs. Að loknu burtfararprófi úr Kvöldskóla K. F. U. M. hafa þeir nemendur fullnægt skyldu-  
námi sínu, enda fari kennsla í skólanum fram samkvæmt námsskrá, er fræðslu-  
málastjórn samþykkir.

5. gr.

Námsgreinar eru: Kristin fræði, íslenzka, íslenzk bókmenntasaga, upplestur, danska, enska, reikningur, bókfærsla og handavinna. Námsgreinum má fjölga eftir því, sem ástæður leyfa.

6. gr.

Próf skulu haldin í aprílmánuði. Nefnist próf upp úr yngri deild árspróf, en upp úr eldri deild burtfararpróf. Einkunnir skulu gefnar frá 0 og upp í 10, og þarf nemandi að fá 5 í meðaleinkunn til að standast próf. Í handavinnu skal prófeinkunn gefin fyrir vetrarvinnu nemenda.

7. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. desember, 20. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum, öskudagur, skírdagur til 2. páskadags, að báðum dögum meðtöldum.

## 8. gr.

Skólastjóri er ráðinn af skólanefnd, er einnig ræður kennara og prófdómendur samkvæmt tillögum hans. 15. okt.

126

## 9. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans. Getur hann í samráði við skólanefnd vísað nemendum úr skólanum um stundarsakir eða að fullu, ef þurfa þykir.

## 10. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 1954.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 15. október 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Jóhannes Eliasson.*

## REGLUGERÐ

127

18. okt.

um viðauka við reglugerð frá 9. sept. 1954, um sölu og veitingar áfengis.

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja til erlends varnarliðs, er hér dvelur, og til útflutnings.

## 2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna hins erlenda varnarliðs hér á landi eða til útflutnings undir eftirliti tollyfirvalda og undir innsigli, eftir því sem þau mæla fyrir.

## 3. gr.

Um framleiðslugjöld fer eftir reglum, sem settar eru samkvæmt lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

## 4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninn hvor til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

## 5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 19. gr., sbr. 42. gr., áfengislaganna.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málsg. 7. gr. áfengisлага, nr. 58 24. apríl 1954, óðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 98 4. júní 1951 er úr gildi felld.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 18. október 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*



128

19. okt.

## REGLUGERÐ

## um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli.

## 1. gr.

Öllum mönnum, konum og körlum, 12 ára og eldri, er óheimil umferð eða dvöl á varnarsvæðunum á Keflavíkurflugvelli, nema þau hafi til þess vegabréf, er lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gefur út. Börn innan 12 ára aldurs mega því aðeins fara inn á varnarsvæðin, að þau séu í fylgd með fullorðnum.

Þó skulu þeir, sem teljast til „liðs Bandaríkjanna“ samkv. 1. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem fylgir sem fylgiskjal með lögum nr. 110 19. desember 1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, bera vegabréf gefin út af varnarliðinu.

## 2. gr.

Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli er heimilt að gefa út vegabréf, svo sem hér segir:

- a. Til opinberra starfsmanna, vegna starfa þeirra á varnarsvæðunum;
- b. til starfsmanna varnarliðsins eða verktaka þeirra, er fyrir varnarliðið vinna;
- c. til þeirra, sem hafa aðra fullgilda ástæðu til þess að fara inn á eða dvelja á varnarsvæðunum að staðaldri.

## 3. gr.

Vegabréf skal gert með því að stimpla auðkenni vegabréfsins á málmlötu.

Vegabréf skulu vera auðkennd með orðinu „Keflavíkurflugvöllur“, tölusetningu, mynd og fullu nafni vegabréfshafa.

## 4. gr.

Skylt er að bera vegabréf þessi þannig, að löggæzlumenn geti þegar í stað og hvenær sem er gengið úr skugga um heimild viðkomandi til þess að dveljast á varnarsvæðunum.

## 5. gr.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma upplýsingar um fullt nafn vegabréfshafa, stöðu hans eða atvinnu, atvinnuveitanda, fæðingardag og ár, lögheimili, dvalarstað, nafn hans ritað eigin hendi, svo og aðrar upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til þess að gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjórans til þess að fá vegabréfið afhent. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning spjaldskrárinnar.

## 6. gr.

Undanþágur frá ákvæðum reglugerðarinnar hér að framan má lögreglustjóri veita, þegar sérstaklega stendur á, og aðeins til stuttrar dvalar. Skal hann í því efni fara eftir fyrirmælum þess ráðherra, sem fer með varnarmál.

## 7. gr.

Þegar undanþága samkv. 6. gr. er veitt, skal lögreglustjóri gefa út sérstakt gestavegabréf.

## 8. gr.

128

Þegar vegabréfshafi telst ekki lengur hafa rétt til að bera vegabréf, skal hann þegar í stað skila því til lögreglustjórans. 19. okt.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, öðlast gildi 20. nóv. 1954, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Utanríkisráðuneytið, 19. október 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Kirkjubyggingasjóð Reykjavíkur“, 129  
úttefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 22. okt. 1954. 22. okt.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Kirkjubyggingasjóðs Reykjavíkur.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubyggingasjóður Reykjavíkur.

## 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja með óafturkræfum framlögum kirkjubyggingar safnaða í Reykjavík, með það takmark fyrir augum, að þeir eignist hver sína kirkju, svo fljótt sem verða má.

Söfnuður utan þjóðkirkjunnar getur þó því aðeins notið styrks úr sjóðnum, að hann hafi löggiltan forstöðumann.

Framlög til utanþjóðkirkjusafnaðar eru endurkræf, ef söfnuðurinn hættir störfum.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins verði: Framlag Reykjavíkurbæjar á komandi árum til kirkjubygginga í Reykjavík, framlög til kirkjubygginga frá Kirkjugörðum Reykjavíkur, gjafir, arfar, áheit og aðrir slíkir styrkir og framlög, er ánafnaðir verða sjóðnum.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, og séu 2 þeirra kjörnir af safnaðarráði Reykjavíkur og 1 af bæjarráði Reykjavíkur, til fjögurra ára í senn.

Sjóðstjórnin skal hafa forgöngu um öflun fjár til sjóðsins, varðveitir hann og gerir rökstuddar tillögur til bæjarstjórnar Reykjavíkur um styrkveitingar úr honum.

## 5. gr.

Skilyrði til styrkveitinga úr sjóðnum til byggingar nýrrar kirkju eru:

1. Að lóð, samþykktir upprættir og nauðsynleg byggingaleyfi séu fyrir hendi.

- 129** 2. Að söfnuður sá, sem um styrk sækir, hafi lagt fram eða leggi fram til byggingarinnar a. m. k.  $\frac{1}{4}$  hluta þeirrar fjárhæðar, sem veitt er.
22. okt. 3. Að stærð kirkju sé í hóf stillt, miðað við þarfir safnaðarins. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó styrkja kirkjubyggingu, þótt stærð kirkju fari fram úr því, sem þörf safnaðar krefur.

6. gr.

Söfnuðir, sem þegar hafa lokið byggingu kirkju að mestu eða öllu leyti, geta fengið styrk úr sjóðnum, enda hrökkvi tekjur þeirra ekki til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum vegna kirkjubygginga sinna, þegar frá hefur verið dreginn nauðsynlegur rekstrarkostnaður.

7. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur úthlutar styrkjum úr sjóðnum, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar. Umsóknir um styrki skulu sendar sjóðstjórninni, stílaðar til bæjarstjórnar.

Styrkveitingu skal haga þannig, að hún komi að sem beztum notum og leysi hverju sinni framkvæmanlega og nauðsynlega áfanga að settu marki, sbr. 2. gr.

Úthlutun skal að jafnaði lokið fyrir 1. júní ár hvert.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Tveir endurskoðendur hans skulu kosnir til eins árs í senn. Skal annar kjörinn af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn af safnaðarráði Reykjavíkur.

Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

**130**

22. okt.

## REGLUGERÐ

fyrir áfengisvarnaráð.

1. gr.

Áfengisvarnaráð er stofnað til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

2. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunaturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, að afstöðnum hverjum almennum Alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunatur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem hezt með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðilja, sem óska þeirra. 22. okt. 130

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt áfengislögnum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

4. gr.

Starf áfengisvarnaráðs að öðru leyti er fólgið í því að vera ríkisstjórninni og Alþingi til ráðuneytis, bæði um löggjöf og skipan þessara mála í framkvæmd, að efna til samvinnu meðal allra bindindissamtaka í landinu og samræma störf þeirra, að leiðbeina áfengisvarnanefndum, að fá til vegar komið bindindisfræðslu í skólum, í samráði við fræðslumálastjórnina, og meðal almennings og að annast í því sambandi um samning nauðsynlegra rita á því sviði, að birta staðfræði (statistik) í áfengis- og bindindismálum og gera hana sem aðgengilegasta almenningi og aðrar fregnir, er máli skipta á þessum vettvangi, og vekja athygli manna á þeirri hættu, sem áfengisneyzlu eru samfara.

5. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun til áfengisvarnaráðsmanna.

6. gr.

Fundir áfengisvarnaráðs eru því aðeins lögmætir, að þrír ráðsmenn (eða varamenn) séu á fundi.

Til gildirar samþykktar á fundum ráðsins þarf minnst 3 atkvæði.

7. gr.

Áfengisvarnaráð kemur saman á fund, þegar formaður eða a. m. k. tveir ráðsmenn óska þess.

8. gr.

Áfengisvarnaráð skal ráðstafa öllu því fé, sem veitt er til þess í fjárlögum. Skal úthluta nokkru af því til þeirra bindindisfélaga og samtaka í landinu, sem fá ekki greiddan styrk úr ríkissjóði og nefndin telur styrksverð, og einnig til annarra stofnana, sem svo stendur á um og vinna að viðgangi bindindishreyfingarinnar. Ráðið skal og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra ráða starfsmenn eftir þörfum og setja þeim starfsreglur.

9. gr.

Áfengisvarnaráð gerir tillögur til ráðherra um formenn áfengisvarnanefnda í öllum hreppum og kaupstöðum landsins. Það skal standa í stöðugu sambandi við nefndirnar, halda skrá yfir þær, senda þeim ársskýrsluform til útfyllingar, og úthluta milli þeirra því fé, sem nauðsynlegt er til starfseminnar og fyrir hendi kann að verða.

10. gr.

Áfengisvarnaráð skal að öðru leyti fara með þau störf, sem áfengislögin ákveða eða ríkisstjórnin kann að fela því.

11. gr.

Skrifstofa áfengisvarnaráðs skal undirbúa öll þau mál, sem eru tekin fyrir á fundum þess, afgreiða samþykktir ráðsins og annast daglega afgreiðslu. Hún annast birtingu á yfirlýsingum ráðsins og kemur áleiðis bendingum þess og svörum í öllum þeim málum, sem varða ráðið og leitað hefur verið úrlausnar á. Hún sér enn fremur um, að tilkynningar og upplýsingar, er blöðin óska eftir, berist þeim jafnóðum. Enn

**130** fremur skal hún safna saman öllu því, sem skrifað er um áfengis- og bindindismál á 22. okt. íslenzku, og eiga bréfaviðskipti við erlend bindindissamtök, sem Íslendingar eiga aðild að.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 28. gr. laga nr. 58 1954.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 22. október 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**131**  
23. okt.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

### I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 2.25 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 280 kr. hvert árshektó Watt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A. 1.  
Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.mæli á 56 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 280 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 8.30 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt flatargjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Á 220 kr. fyrir hver kw. og öll notkunin á 56 aura kwst., ef um meir en 2.5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári. Verði ekki aflmælingu við komið undir þessum gjaldskrárlið, skal reikna 15 wött á hvern fermetra gólfplatarmáls.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvö tvenna kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilsvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkv. A. 1, á hinn mælinn 56 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanager og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 50 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 48.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.  
Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti- húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða talin heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.  
Selja má og til súgþurrkunar á heyi samkvæmt þessum gjaldskrárlið.
3. Um hemilmæla 1700 kr. hvert árskw. og auk þess 46 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Þennan gjaldskrárlið, B. 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlánir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m<sup>2</sup> gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m<sup>2</sup> eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A. 3. 131  
23. okt.

#### *Reglur um útreikning herbergja.*

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð, skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

#### C. Vélar.

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 100 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 185 til 220 kr. á hvert uppsett kw. vélanna. Sé um meira en 5 kw.-afl að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:
 

50 000 kwst. á 65 aura hver kwst. og notkunin umfram það á 48 aura hver kwst.
2. Um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, ef um meir en 5 kw. afl er að ræða og notkunin er meir en 500 klst. á árinu, þannig:

300 kr. á árskw. fyrir	fyrstu	50 kw.
250 — — — —	næstu	50 —
200 — — — —	umfram	100 —

Og auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu	200 000 kwst. ársnotkun á 15 aura hver kwst.
Umfram	200 000 — — — 11 — — —

3. Um hemilmæla á 1100 kr. árskw. og 55 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.
 

*Ath.* Þeir notendur, sem haft hafa gjaldskrárlið C. 4, færast yfir á C. 1, nema þeim henti betur aðrir liðir.

#### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 24 aura á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um kwst.mæli á 20 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa frá kl. 10:45 til 12:00, og frá kl. 18:30 til 19:45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B. 2, enda skal þá talið á B. 2-lið 1500 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3900 kwst. á ári. Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið og þá án klukkurofa, þar sem umframnotkunin fer til neytluvatnshitunar, stærri kæliklefa og á vatnsdælur til heimilisþarfa.
3. Um kwst.mæli á 14 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10 til 12 og 2 klst. á tímanum frá kl. 17 til 21.

131  
23. okt.

4. Um kwst.mæli á 9 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun á húsrúmi, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun að afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12:30 til 15:30, ef þörf gerist.
5. Um tvígjaldsmæla á 12 aura kwst. frá kl. 23 til 8, og 50 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má raforkuna samkvæmt þessum lið til véla, ef um meira en 5 kw.afll er að ræða, og notkunartíminn meiri en 500 klst. á ári, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10:45 til kl. 12

#### *Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafll, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### **E.**

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

#### **F.**

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

#### **G.**

Fyrir hver full 10 stig, sem kaupgjaldsvisitala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 155 stigum, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 6%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni heimilt, sem einn lið í þeirri ráðstöfun, að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið um allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

## **II. MÆLALEIGA**

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Ársleiga í kr.			
	Upp að 30 amp.	35—50 amp.	55—100 amp.	Yfir 100 amp.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér . . . .	27			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir . . . . .	60	90	120	200
Tvígjaldsmælar, mestumælar . . . . .	90	120	180	300

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. OPNUNARGJALD OG TENGIGJÖLD

131

- a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, 25 krónur. 23. okt.
- b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 krónu gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.
- c. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, er reiknast þannig:
1. Nýjar veitur: Fast gjald ..... kr. 12.00  
og auk þess á hverja grein ..... — 4.00
  2. Breyttar veitur: Fast gjald ..... — 8.00  
og auk þess á breytta grein ..... — 2.00  
og auk þess á nýja grein ..... — 4.00

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Fyrir smávægilegar breytingar, þegar ekki er um að ræða aukningar, má sleppa fastagjaldi.

## IV. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmála húsa í teningsmetrum:	Heimtaugagjöld:	
	Jarðstrengur	Loftlína
Allt að 239 .....	kr. 720.00	kr 300.00
240 — 299 .....	— 960.00	— 400.00
300 — 359 .....	— 1080.00	— 560.00
360 — 419 .....	— 1200.00	— 700.00
420 — 469 .....	— 1320.00	— 800.00
470 — 519 .....	— 1540.00	— 880.00
520 — (559) .....	— 1640.00	— 940.00
560 — 599 .....	— 1640.00	— 1000.00
600 — 679 .....	— 1820.00	— 1100.00
680 — 749 .....	— 2000.00	— 1200.00
750 — 889 .....	— 2220.00	— 1300.00
890 — 1019 .....	— 2400.00	— 1400.00
1020 — 1139 .....	— 2540.00	— 1500.00
1140 — 1249 .....	— 2640.00	— 1580.00
1250 — 1349 .....	— 2740.00	— 1660.00
1350 — 1449 .....	— 2810.00	— 1740.00
1450 — 1549 .....	— 2880.00	— 1800.00
1550 — 1799 .....	— 3000.00	— 1900.00
1800 — 1999 .....	— 3120.00	— 2000.00
2000 — 2399 .....	— 3360.00	— 2100.00
2400 — 2799 .....	— 3600.00	— 2200.00
2800 — 3199 .....	— 3840.00	
3200 — 3599 .....	— 4080.00	
3600 — 3999 .....	— 4320.00	
4000 — 4399 .....	— 4560.00	
4400 — 4699 .....	— 4800.00	

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofattaugar fram úr 40 m, skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir



**131** örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, 23. okt. en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 3 16. janúar 1952.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. október 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**132**

27. okt.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað.**

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1949, um heilbrigðissamþykktir, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

### HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR KEFLAVÍKURKAUPSTAÐ

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar.

##### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn. Bæjarfógeti og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er bæjarfógeti formaður hennar. Hinir nefndarmennirnir eru kosnir af bæjarstjórn.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktar þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að almennum þrifnaðar- og heilbrigðis- háttum lúta. Hún ákveður starfssvið heilbrigðisfulltrúa, þegar hann verður skipaður, með erindisbréfi, enda komi samþykki bæjarstjórnar til.

Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðis- nefnd og héraðslækni.

##### 4. gr.

Formaður kveður nefndina til funda, svo oft sem honum þykir við þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmanna óskar þess.

Heilbrigðisfulltrúi skal mæta á fundum nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.

## 5. gr.

Nefndin heldur gerðabók, og skal í hana rita allt sem gerist á fundum hennar. Nefndin getur falið einhverjum nefndarmanna eða heilbrigðisfulltrúa, að vera fundarritari.

132

27. okt.

Fundargerðir skulu að jafnaði sendar bæjarráði.

Formaður annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir hennar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Nú samþykkir bæjarstjórn ályktanir nefndarinnar, og ber formanni þá skylda til að láta framkvæma þær.

## 6. gr.

Heilbrigðisnefndin skal láta bóka allar kvartanir og kærur, sem henni berast, og einnig allt það, er henni finnst athugavert og aðfinnsluvert og undir starfssvið hennar heyrir. Alla þessa bókfærslu annast formaður heilbrigðisnefndar eða heilbrigðisfulltrúi, þegar hann er skipaður, og héraðslæknir, enda skulu allar kærur og kvartanir sendar þeim.

## 7. gr.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða almenna þrifnaðar- og heilbrigðishætti, en gæta skal hún settra lagafyrirmæla um framkvæmd slíkra rannsóknna.

Ályktanir og fyrirskipanir nefndarinnar skulu yfirleitt tilkynntar skriflega þeim, sem þær varða, og skal greinilega mælt fyrir um, hverjar umbætur eða ráðstafanir nefndin telur nauðsynlegar.

## 8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefndin nauðsynlega einhverja þrifnaðarráðstöfun, sem hefur í för með sér gjöld fyrir bæjarsjóð, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn og fara fram á, að fé sé veitt í því skyni.

Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar umbætur, án fengins samþykkis bæjarstjórnar, ef nauðsyn ber til, að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum. En leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

## 9. gr.

Nú rís ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um framkvæmdir og fyrirkomulag á heilbrigðisráðstöfunum, og má þá skjóta ágreiningnum til heilbrigðisstjórnarinnar til úrskurðar.

Einnig getur héraðslæknir skotið máli sínu til sama aðila, ef hann fær ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, er hann telur nauðsynlegar.

## II. KAFLI

## Um hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum o. fl.

## 10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa umsjá með hreinlæti og þrifnaði á götum og torgum, opnum og girtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnum, görðum og lóðum umhverfis hús, hvort sem þau eru opinber eign eða eign einstakra manna

## 11. gr.

Húsa- og lóðagirðingar mega ekki vera þannig, að rottur og mýs geti falizt þar. Eigendum er skylt að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri byggðri lóð kringum hús þeirra, svo og óbyggðum lóðum, þar á meðal rústum.

132 27. okt. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lagfæringar og viðgerðir á portum og lóð- um, eftir því sem henni þykir nauðsynlegt til þrífnaðar. Ber hús- og lóðareigandi allan kostnað af þess háttar aðgerðum og umbótum. Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðru því, sem talið er í næstu grein hér á eftir, á lóð annars manns, eða verða þess valdandi, að slíkt berist inn á lóðina.

Hver sem gerir sig sekan um slíkt, skal skyldur til að flytja óhreinindin tafar- laust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til þess, að þetta endurtaki sig ekki.

#### 12. gr.

Í höfnina, fjörurnar, fjörubakkana eða á almannafæri má ekki kasta eða skilja eftir hræ, fiskúrgang, matarleifar, sorp, ösku né yfirleitt neitt það, er valdið geti óheilnæmi, óþrífnaði eða óþrýði.

#### 13. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af, skal flytja í vel þéttum vögnum, svo að úr þeim geti ekki runnið, fokið eða sletzt við flutninginn.

#### 14. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan hátt fiskiföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrífnaði valdið.

Í tún eða garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né neinn þann áburð, sem megnan óþef leggur af. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

### III. KAFLI

#### Um vatnsveitur, vatnsból og frárennsli.

#### 15. gr.

Öll hús innan samþykktarsvæðisins skulu taka neyzluvatn úr vatnsveitu bæj- arins. Þó getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá þessu um lengri eða skemmri tíma, enda veiti heilbrigðisnefnd meðmæli sín til þess og ráði tilhögun vatnsbólansins.

#### 16. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins, að því er við kemur hollustuháttum. Hún lætur rannsaka neyzluvatnið, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim og fylla þau upp, ef henni þykir nauðsyn til bera.

#### 17. gr.

Lagningu allra holræsa á samþykktarsvæðinu, hvort sem er á eignum bæjar- ins eða einstakra manna, skal bera undir heilbrigðisnefnd til samþykktar.

#### 18. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá sínu húsi út í göturæsið. Skal leiða alt skolp frá húsinu og regnvatn af því út í götu- ræsið.

Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

Allt þetta er húseiganda skylt að gera á eigin kostnað.

#### 19. gr.

Þar sem skolpi verður ekki veitt í holræsi, má þó ekki láta síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sé á, að jarðvegurinn undir eða umhverfis húsin

saurgist. Skal veita öllu slíku skolpi frá húsunum í vatnsheldum holræsum, svo langt sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, enda í öllu aðfarið samkvæmt fyrir- 132  
mælum hennar. 27. okt.

#### 20. gr.

Þar sem því verður við komið, skal leiða öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná svo langt, sem nauðsyn krefur að dómi heilbrigðisnefndar. Þó skal forðast að leggja þau til sjávar, þar sem þau geta valdið saurgun baðstaða eða öðrum óþrifnaði.

### IV. KAFLI

#### Um salerni, sorp- og salernishreinsun, sorpilát o. fl.

#### 21. gr.

Sérhverju íbúðarhúsi í kaupstaðnum skal fylgja salerni. Starfsfólk í verksmiðjum og á vinnustöðvum, þar sem unnið er að staðaldri, skal hafa aðgang að sérstöku salerni (sbr. 40. gr.). Öll salerni í kaupstaðnum skulu vera vatnssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins.

Ákvæði þetta um vatnssalerni tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útivinnu á bæjarlandinu.

#### 22. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að hafa nægilega stór sorpilát, sem komið sé fyrir á þann hátt, að aðgengilegt sé fyrir sorphreinsunarmenn. Skylt er að ganga þrifalega um sorpilát og skulu þau vera með loki. Óheimilt er með öllu að setja í þau mannasaur.

#### 23. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, hvert slíkt sorp skuli flytja.

Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti horizt þaðan óþrifnaður til mannabústaða eða á almannafæri.

Almenningssalerni og þvaghús skulu vera undir eftirliti heilbrigðisnefndar og gerð með samþykki hennar.

### V. KAFLI

#### Um íbúðir.

#### 24. gr.

1. Íbúðarherbergi er hvert það herbergi í húsi, sem ætlað er til dagvistar eða næturvistar fyrir fólk, eða hvort tveggja.

Það er talin sérstöð íbúð, ef eldhús fylgir, hvort sem herbergin eru eitt eða fleiri.

2. Lofthæð íbúðarherbergja má ekki vera minna en 2.50 metrar. Sé herbergi undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólfleti þess, og aldrei minna en 6 m<sup>2</sup>, að hafa lofthæð 2.5 m. Í gömlum húsum og þakherbergjum má leyfa minni hæð. Þó má hæðin aldrei vera minni en 2.15 m, enda sé enginn veggur lægri en 85 cm.
3. Gólfplötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 6 m<sup>2</sup>, nema það sé eingöngu ætlað til næturvistar. Má leyfa eitt slíkt herbergi í hverri íbúð, enda sé það ekki minna en 4 m<sup>2</sup> að gólfleti.
4. Á hverju íbúðarherbergi skal vera gluggi, sem má opna, og má glerflötur í gluggum íbúðarherbergis ekki vera minni en ½ af gólfleti þess.

#### 25. gr.

Kjallara má því aðeins nota til íbúðar, að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum: Kjallari sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m á þeim hluta, sem íbúðarherbergin

132 eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm frá jörðu. Lofthæð herbergja í nýbyggðum 27. okt. í nýbyggðum húsum sé eigi minni en 2.30 m. Glerflötur glugga eigi minni en ½ af gólfleti herbergis. Gólf skal gert úr vatnsheldu efni. Íbúðin sé rakalaus og með nægri hitun.

## 26. gr.

Hverri íbúð skal fylgja forstofa, og hverju íbúðarherbergi skal séð fyrir nægilegum hita.

Í hverri íbúð mega ekki búa fleiri en svo, að 10 teningsmetrar af loftrúmi komi á hvern íbúa, enda séu aðeins talin sjálf íbúðarherbergin.

## 27. gr.

Hver íbúð skal hafa aðgang að vatnssalerni. Salernisklefi skal vera minnst 0.85 m<sup>2</sup> að gólfleti og hafa næga loftræstingu. Í honum eða í sambandi við hann skal vera handlaug. Gólf og veggir salernis skulu flísalagðir minnst 1.5 metra hæð frá gólfi. Nota má þó annað efni, er heilbrigðisnefndin telur jafngilda til hreinlætis.

Hver íbúð skal hafa aðgang að þvottahúsi, enda hafi þau vatnsþétt gólf með afrennsli og svo gengið frá lofti og veggjum, að þoli raka og gufu. Ef ekki er gluggi á hjörum í þvottahúsi eða eldhúsi, skal loftræsa það út fyrir vegg eða upp fyrir þak, en ekki inn í reykhláf.

## 28. gr.

Héraðslæknir og heilbrigðisnefnd skulu hafa eftirlit með þeim íbúðum, sem ástæða er til að ætla, að ekki fullnægi nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Nú er þannig ástatt um íbúð eða einstök herbergi, að telja verður þau heilsuspillandi eða óþrifaleg, einkum vegna raka, kulda, þrengsla eða slæms viðhalds, og skal þá heilbrigðisnefnd gera húseiganda skriflega aðvart og veita honum hæfilegan frest til úrbóta. Verði ekki úr bætt á tilsettum tíma, er nefndinni heimilt að banna hana til íbúðar og láta rýma hana. Skaðabóta fyrir slíkt bann verður ekki krafizt.

## 29. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefndin geti snúið sér til.

## VI. KAFLI

## Um veggjalýs, húsaskíti, rottur, mýs og önnur meindýr.

## 30. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd, ef vart verður við veggjalýs, húsaskíti eða önnur óþrif í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúðir í húsum, þar sem slíkra óþrifa verður vart, fyrr en óþrifunum hefur verið útrýmt.

Enginn má flytja sig eða farangur sinn úr þess háttar íbúð, og í aðra íbúð, nema ráðstafanir, er heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óþrifin berist ekki með þeim. Skylt er húsráðanda, að gera ráðstafanir til að eyða veggjalúsum, húsaskítum og öðrum þess háttar óþrifum úr húsum sínum, og hlýta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanir á kostnað hlutaðeiganda.

Rottu- eða músagang í húsum skal ætíð tilkynna heilbrigðisnefnd, og gerir hún þá ráðstafanir til útrýmingar þeirra eftir því, sem föng eru á. Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

## VII. KAFLI

## Um gripahús, áburðargeymslu og geymslu húsdýra.

132

27. okt.

## 31. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til. Að öðru leyti skulu eftirfarandi reglur gilda um þess háttar atvinnurekstur, og ná þær einnig til alls gripahalds, sem á samþykktarsvæðinu er, áður en samþykkt þessi tekur gildi.

## 32. gr.

Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu, að dómi heilbrigðisnefndar. Húsin skulu vera björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau. Gólf og flór skal vera úr steinsteypu.

Opnar forir og áburðarhaugar eru bönnuð á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum. Sé þannig um lokun þeirra búið, að ekki berist frá þeim ódaunn eða óhreinindi og að þau séu hættulaus, þó að yfir sé gengið. Að öðru leyti skulu áburðargeymslur gerðar eftir uppdráttum og nánari fyrir-mælum bæjarstjórnar.

## 33. gr.

Sé annar búpeningur en kýr hafður í fjósi, skal halda þeim vel aðskildum. Alifugla má ekki hafa í fjósum. Svín má og ekki hafa í fjósum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

## 34. gr.

Alifuglar skulu hafðir á afgirtu svæði. Lausa hesta má ekki reka á götum bæjarins og ekki mega nautgripir ganga þar lausir, nema maður sé í fylgd með þeim.

## 35. gr.

Allt hundahald er bannað í Keflavíkurkaupstað.

## VIII. KAFLI

## Um verksmiðjur, verkstæði, vinnustofur og hvers konar iðnrekstur.

## 36. gr.

Á samþykktarsvæðinu má enginn reisa verksmiðjur, hús til iðnreksturs eða taka áður byggð hús til slíkra nota, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til, allra sízt ef iðjan getur valdið óhollustu, óþrifnaði eða spillt andrúmslofti umhverfisins. Allur iðnrekstur, utan húss og innan, skal háður eftirliti og fyrirmælum nefndarinnar. Hún getur og krafizt lagfæringar á slíkum stofnunum, sem fyrir eru, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, ef hún telur það nauðsynlegt.

## 37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar verksmiðjur, verkstæði, vinnustofur og húsnæði fyrir hvers konar iðnað, sem rekinn er innan húss, og láta skoða allt, er að hollustuháttum lýtur, þegar henni þykir þurfa og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

## 38. gr.

Slíkar stöðvar skulu þannig úr garði gerðar, að lifi, heilsu og limum verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum sé tryggt nægilegt öryggi.

Vinnustofur mega ekki vera lægri undir loft en 2.5 m, og gólfplötur aldrei

132 minni en 3 m<sup>2</sup> fyrir hvern verkamann. Þó skal loftrúm aldrei minna en 8 m<sup>3</sup> á 27. okt. mann, en 12 m<sup>3</sup>, þar sem óvenjuleg hættu er á, að loft spillist við vinnuna. Gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum, og aldrei mega vera á þeim neins konar ábreiður.

Séð skal fyrir hentugri og nægilegri birtu handa hverjum einstökum starfsmanni og fyrir nægilegum hita, eftir því sem við á um tegund vinnunnar.

#### 39. gr.

Loftræsting skal vera nægileg. Í vinnustöðvum, þar sem rekin er atvinna, sem mikið ryk fylgir, skal vera sérstakur útbúnaður til að soga burt rykið. Auk þess getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að starfsfólkinu sé séð fyrir sérstökum rykverjum, einkum ef rykið er óvenjulega mikið eða skaðvænlegt. Sama gildir og, þegar um skaðvænar lofttegundir er að ræða.

#### 40. gr.

Starfsfólk skal hafa sérstaka fatageymslu, utan vinnustofunnar eða í lokuðum skápum, og herbergi til þess að matast í. Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salernum og handlaugum. Þar sem 5 konur hið fæsta eru á vinnustað, skulu þær eiga rétt á sérstöku salerni. Ekki má ætla eitt salerni fyrir meira en 20 karlmenn eða 15 konur.

Hrákailát skulu vera svo mörg, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, og af þeirri gerð, er henni þykir hlýða.

#### 41. gr.

Ræsting á vinnustöðvum innan húss skal fara fram daglega utan vinnutíma og skulu gólf þá jafnan þvegin en ekki sópuð.

#### 42. gr.

Heilbrigðisnefnd skal einnig hafa eftirlit með vinnustöðvum utan húss eða í hálfopnum húsum, svo sem fiskverkunarstöðvum, sildarverkunarstöðvum o. þ. h., og gilda á um slíkar stöðvar ákvæði 40. gr., eftir því sem við á.

### IX. KAFLI

Um skrifstofur, afgreiðslustofur og almennar verzlunarbúðir, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari.

#### 43. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með hollustuháttum í skrifstofum, sem opnar eru fyrir almenning, svo og hvers konar afgreiðslustofum og verzlunarbúðum.

#### 44. gr.

Ekkert húsnæði má taka til afnota fyrir starfsrekstur þann, sem um getur í næstu grein á undan, nema hæð þess undir loft sé að minnsta kosti 2.5 m, enda skal engum starfsmanni ætlað minna en 10 m<sup>3</sup> loftrúm.

Þar sem gert er ráð fyrir mikilli aðsókn aðkomufólks, getur heilbrigðisnefnd krafizt meira loftrýmis.

Loftræsting skal vera í góðu lagi og vélknúin, ef heilbrigðisnefndin telur þess þörf, og þá einkum í verzlunarbúðum, sem verzla með ryksælar vörur, svo sem vefnaðarvörur o. þ. h.

Séð skal fyrir nægilegum hita og birtu. Skal ljósflötur glugga ekki vera minni en  $\frac{1}{8}$  gólfflatar.

Gólf skulu lögð gólfduki eða öðru því efni, sem telja má jafngilda til hreinlætis. **132**  
Gólf skulu þvegin daglega utan vinnutíma og búðin hreinsuð af ryki. 27. okt.

## 45. gr.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum, svo að nægilegt sé, sbr. 21. og 40. gr.

## X. KAFLI

## Um vöruskemmur og aðrar vörugeymslur.

## 46. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur sig skipta geymslu á öllum neyzluvörum og húsnæði, sem notað er til þeirra hluta. Skulu allar slíkar vörugeymslur vera vel loftræstar og rakalausar og þrifalega um þær gengið. Heilbrigðisnefnd getur krafizt endurbóta og hreinsunar á þeim, eftir því sem henni þykir þurfa.

Nú verður í slíkum geymslum vart meindýra, og skal það tilkynnt heilbrigðisnefnd. Hún segir fyrir um, hvernig með skuli fara og eru hlutaðeigendur skyldir að hlíta fyrir mælum hennar.

## XI. KAFLI

## Um verbúðir, verkamannaskýli o. þ. h.

## 47. gr.

Heilbrigðisnefnd skal líta eftir hreinlæti og hollustuháttum, svo sem hita og loftræstingu, í verbúðum, verkamannaskýlum og öðrum þess háttar bráðabirgðahíbýlum. Skulu hlutaðeigendur skyldir að hlýða fyrir mælum hennar um allar nauðsynlegar og viðurkenndar ráðstafanir, er að þessu líta.

## XII. KAFLI

## Um skóla og aðra kennslustaði.

## 48. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með öllum skólum og kennslustöðum í kaupstaðnum, hverju nafni sem þeir nefnast, og hvort sem um er að ræða opinbera skóla eða einkaskóla.

## 49. gr.

Hver sá, er taka vill börn eða annað fólk til kennslu, skal láta umsókn sinni til bæjarfógeta fylgja meðmæli héraðslæknis og heilbrigðisnefndar. Er þess krafizt, að héraðslæknir telji húsnæði og annan útbúnað fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar, og að ekkert sé athugavert við heilsu kennara eða annarra heimilismanna.

Slíkar leyfisbeiðnir skal endurnýja árlega.

## 50. gr.

Kennslustofur, hvort sem er í einkaskólum eða opinberum skólum skulu vera bjartar og rúmgóðar. Hæð undir loft skal aldrei vera minni en 3 m og gólfplötur ekki minni en svo, að 1.4 m<sup>2</sup> komi á hvern nemanda, enda sé loftrými aldrei minna en 4 m<sup>3</sup> á nemanda.

Undanþágur frá þessum kröfum getur þó heilbrigðisnefnd veitt, ef um er að ræða kennslu smábarna, er hafa stuttan kennslutíma daglega. Ljósflötur glugga á kennslustofum skal vera að minnsta kosti 1/5 gólfplatar. Gluggar viti ekki mót norðri, og ekkert sé í nánd við þá, sem dregið geti úr birtunni að öllum jafnaði. Hafa skal



132 gætur á, að gluggarúður séu vel hreinar. Sætum skal skipað þannig, að birtan komi 27. okt. á vinstri hönd og nái sem jafnast til allra.

## 51. gr.

Góð loftræsting skal vera í öllum kennslustofum og því nægilega margir gluggar á hjörum. Einkum skal loftræsta vel milli kennslustunda. Nú tekur hver hópur við af öðrum í sömu kennslustofu og skal þá nota að minnsta kosti hálf klukkustund til rækilegrar loftræstingar og annarrar nauðsynlegrar hreinsunar á milli þess, sem skipt er um hópana.

Sjá skal hverri kennslustofu fyrir jöfnum og hæfilegum hita.

## 52. gr.

Gólf í kennslustofum skulu vera lögð gólfduki eða einhverju því efni, sem auðvelt er að halda hreinu.

## 53. gr.

Skólaborð skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau, hvorki sprungin né rifin. Hæð skólaborða í barna- og unglingskólum skal, eftir því sem unnt er, samsvara hæð nemendanna. Fatageymsla skal vera utan kennslustofanna.

## 54. gr.

Ræsting á skólustofum skal fara fram utan skólatíma, og skulu gólf, borð og bekkir, vandlega þvegin, en ekki sópuð. Sama máli er að gegna um gluggatóftir o. s. frv.

## 55. gr.

Greiður skal aðgangur að drykkjarvatni, og mega drykkjarker ekki vera sameiginleg, ef ker þarf að nota.

## 56. gr.

Greiður skal aðgangur að vatnssalernum, nægilega mörgum, og skulu þau ekki færri en svo, að eitt salerni komi á hverja 30 pilta og eitt á hverjar 25 stúlkur, enda séu sér salerni fyrir þær að jafnaði og sérstakt þvaghús fyrir pilta.

Þar, sem mjög mannmargir skólar eru, má þó leyfa, að fleiri séu um hvert salerni, þó aldrei fleiri en 50 nemendur. Um allan útbúnað, er að þessu lýtur, skal farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

## 57. gr.

Enginn nemandi, sem haldinn er næmum eða óþrifalegum sjúkdómi, má sækja skóla. Nú verður vart einhvers slíks sjúkdóms nemanda, og skal þá tafarlaust fyrirskipa lækningu hans, enda á nemandi ekki afturkvæmt í skóla, fyrr en að lokinni lækningu. Jafnframt skulu þá og gerðar ráðstafanir til þess, að læknað sé annað fólk á heimili nemandans, sem kynni að reynast haldið sama kvilla. Um framhald lækningarinnar fer eftir fyrirmælum heimilislæknis eða héraðslæknis.

## 58. gr.

Opinbera skóla eða kennslustofur má ekki lána til annarra nota, nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda sé þá fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu fylgt eftir.

## XIII. KAFLI

## Um kirkjur og hvers konar almenn samkomuhús.

132

27. okt.

## 59. gr.

Kirkjur og önnur almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að óloft eða ódaunn geti ekki safnast þar fyrir, þó að fjölmennt sé í þeim og þau mikið notuð. Veggir og gólf skulu vera þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir því, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt í hverju einstöku tilfalli. Skal hún gefa út um það sérstakar reglur, er taki einkum til þeirra samkomuhúsa, sem mest eru notuð, svo sem kvikmyndahúsa og dansstaða.

## 60. gr.

Nú er eitthvert samkomuhús mikið notuð, og getur þá heilbrigðisnefnd skipað svo fyrir, að nægur tími skuli milli hvernar notkunar, svo að tími vinnist til fullkominnar loftræstingar og annarra nauðsynlegra hreingerninga.

## 61. gr.

Öllum samkomuhúsum skal fylgja vel útbúin og hæfileg salerni og þvaghús til afnota fyrir gestina, og skal að þeim greiður aðgangur.

## XIV. KAFLI

## Um eftirlit með matvælum, öðrum neyzluvörum o. fl.

## 62. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með matvælum ásamt öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936 og 1. gr. reglugerðar nr. 17 22. febr. 1939 og síðari lögum, er sett kunna að verða um þau efni. Hún lætur fram fara skoðun, svo oft sem henni þurfa þykir, og að minnsta kosti einu sinni á ári, á mjólkurbúðum, brauðsölubúðum, brauðgerðarhúsum, kjötbúðum, fiskbúðum, sláturhúsum, nýlenduvörubúðum og öðru húsnæði, þar sem unnið er að tilbúningi eða dreifingu matvæla eða annarrar neyzluvöru.

## 63. gr.

Matvæli og aðrar neyzluvörur, sem eru hættulegar heilbrigði manna eða skemmdar eða óhreinar, má ekki hafa á boðstólum til neyzlu. Matvæli og neyzluvörur teljast hættulegar heilbrigði manna, þegar sérstök hættu er á, að þær geti borið með sér sjúkdóma eða valdið eitrunum, eða þegar þær eru tilbúnar eða með þær farið af mönnum, sem haldnir eru næmum sjúkdómum, eða hættu var á, að borið gætu slíkar sóttkveikjur með sér.

## 64. gr.

Við tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyzluvara, skal gætt þess hreinlætis, að varan ekki óhreinast eða spillist. Vatn, sem notað er við tilbúning þessara vara, svo og til hreinsunar á ílátum og áhöldum, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns.

## 65. gr.

Héraðslæknir skal jafnan hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og töku sýnis-horna af matvælum og öðrum neyzluvörum. Sömu réttindi hefur fulltrúi hans við eftirlitsstarfsemina, enda hafi hann umboð áritað af bæjarfógeta (sbr. 7. gr. laga nr. 24 1936).

132

27. okt.

Til varnar rotnunarskemmdum í matvælum og öðrum neyzluvörum, sem ætlaðar eru til dreifingar manna á meðal, má ekki, nema leyft sé samkvæmt sérstökum reglum, nota önnur rotnunarefni en matarsalt, saltpétur, sykur, alkohól eða edik, og þessi efni aðeins í viðeigandi matvæli og í viðeigandi skömmtum.

66. gr.

67. gr.

Á stöðum, þar sem matvæli og aðrar neyzluvörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum, má ekki geyma eða nota eitruð efni eða vörur, sem eru hættulegar heilbrigði manna (sbr. 63. gr.). Með samþykki héraðslæknis má þó nota eiturfefni til hreingerninga og sótlhreinsunar, enda leiðbeinir hann þá um geymslu og notkun þeirra. Ílát, áhöld og umbúðir, sem notaðar eru við tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyzluvara, mega ekki vera af þeirri gerð, að varan snerti eitruða málma, svo sem zink og blý, eða önnur eitruð efni, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 49 1936.

68. gr.

Sá, sem vill fá leyfi bæjarfógeta til að starfrækja sláturhús, til að búa til matvæli eða neyzluvörur, eða til að selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar.

Auk þess, sem þegar er tekið fram, gilda um þess háttar tilkynningarskylda starfsemi eftirfarandi reglur:

### 1. Um matvælabúðir.

69. gr.

Mjólk má ekki selja úr öðrum búðum en þeim, sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi. Þó er heimil mjólkursala á matsölu- eða veitingahúsum til neyzlu þar. Einnig má leyfa sölu á mjólk úr fjósi beint til neytenda.

Enginn má selja kjöt eða kjötmeti í smásölu til daglegrar neyzlu í bænum, nema í sérstökum kjötbúðum, sem heilbrigðisnefnd hefur viðurkennt.

Ekki má verzla með nýlenduvörur í öðru húsnæði en því, sem heilbrigðisnefnd hefur úrskurðað til þess hæft.

70. gr.

Húsakynni matvælabúða — það er mjólkur-, kjöt-, fisk-, brauð- og nýlenduvörubúða — skulu vera björt (þ. e. ljósflötur glugga helzt ekki minni en  $\frac{1}{10}$  gólfplatar), rúmgóð með góðri loftræstingu, hrein og varin rottum, músum, flugum og ryki. Mjólkurbúðir skulu svalar og viti gluggar helzt ekki á mótí sól.

Gólf skulu vera vatnsheld og auðvelt að halda þeim hreinum. Í kjöt- og fiskbúðum skal vera niðurfali í gólfi.

Loft og veggir skulu vera vel sléttir og olíubornir. Í kjöt- og fiskbúðum skulu þeir flísalagðir eða húðaðir á annan hátt, er heilbrigðisnefnd telur jafngilda.

Inngangur skal vera í búðirnar beint af götu og ekkert samband milli þeirra og íbúðarherbergja. Hundar, kettir eða önnur húsdýr mega ekki koma inn í húsakynnin.

71. gr.

Afgreiðsluborð og hillur skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Búðarborð í nýlenduvörubúðum skulu lögð hörðu og hreinlegu efni. Í mjólkur-, kjöt-, fisk- og brauðbúðum skulu þau lögð marmara, gleri eða öðru jafngildu efni. Í kjöt- og fiskbúðum skal á fremri brún búðarborða vera brik til varnar því, að kaupendur nuggi sér við matvælin á borðinu.

## 72. gr.

Vörur í kjötbúðum, sem ætlaðar eru til neyzlu án frekari matreiðslu, skulu geymdar í lokuðum glerskápum. Í nýlenduvarubúðum skulu slíkar vörur, svo og kornvörur, geymdar í vel luktum skúffum eða ílátum. Við afhendingu á slíkum vörum má ekki snerta þær með berum höndum, nema seldar séu í sérumbúðum. Yfirleitt skal starfsfólkið gæta ýtrasta hreinlætis við afgreiðsluna.

Um matvæli má ekki búa í umbúðir, sem eru litaðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðum litum, og eigi í notaðan pappír, skrifaðan eða prentaðan.

Í nýlenduvarubúðum má ekki selja smjör eða smjörlíki, nema í sérumbúðum. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í góðum pappírsumbúðum.

Ekki má neyta vöru brauðsölubúða inni í búðunum, nema sérstakt rúm sé til þess ætlað og sérstakt leyfi komi til.

## 73. gr.

Í húsakynnum mjólkurbúða skal vera útbúnaður til þess að hægt sé að halda mjólkinni kaldri. Vatn það, sem notað er til kælingar eða þvotta, skal fullnægja kröfum um drykkjarvatn (sbr. 64. gr.). Gæta skal þess, að mjólkinn óhreinast ekki við losun flutningsílátanna. Geyma skal mjólkina í lokuðum ílátum, sem heilbrigðisnefnd tekur gild. Mælitæki skulu geymd í lokuðum skáp og þannig útbúin, að hendur mælenda snerti þau ekki að innanverðu.

## 74. gr.

Matvælabúðir skal þvo og ræsta daglega, utan vinnutíma. Vatnsleiðsla skal vera í húsakynnum og starfsfólkið hafa greiðan aðgang að salerni og þvottaskál, enda skal brýnt fyrir því, að þvo hendur sínar, er það hefur notað salerni.

## 75. gr.

Geymsluklefi kjötbúða skal gerður líkt og sölubúðin. Í honum skal vera ílát með loki undir úrgang.

Vörugeymslur matvælabúða skulu annars, þar sem ekki eru sett sérstök fyrir-mæli, fullnægja skilyrðum 46. gr. reglugerðar þessarar.

## 76. gr.

Í mjólkurbúðum má, auk mjólkur og mjólkurafurða (þar með talið smjör, ostur og skyr), aðeins selja brauð og kökur. Forðast skal þó vörur, sem megn lykt er af, svo sem sumar ostategundir.

Ekki mega kaupendur neyta varanna í búðinni.

Í kjötbúðum má selja alls konar niðursuðuvörur, feitmeti, osta, egg og harðfisk.

Í nýlenduvarubúðum má ekki selja kjöt eða fiskmeti, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til og fyrirmælum hennar sé fylgt um útbúnað allan. Þar má ekki selja smjör eða smjörlíki, nema í sérumbúðum.

Steinolíu og aðrar óþrifalegar og illa lyktandi vörur, má því aðeins selja í nýlenduvarubúðum, að tryggilega sé um búið, að dómi heilbrigðisnefndarinnar.

## 77. gr.

Enginn má starfa í matvörubúð, nema hann sanni með læknisvottorði, að hann sé ekki haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi. Skal vottorð þetta ekki vera eldra en mánaðargamalt, þegar hann tekur til starfa, og ber að endurnýja það á ársfresti.

Starfsfólk í matvælabúðum, sem hefur hálsbólgu eða sótthita eða þjáist af niðurgangi, þótt ekki fylgi sótthiti, skal hætta vinnu í búðinni, þangað til það er orðið frískt aftur.

132

27. okt.

132 Starfsfólkið skal við vinnu sína vera í hvítri, hreinni yfirhöfn, og þannig búið 27. okt. um hárið, að það ekki leiki laust.

## 2. Um brauðgerðarhús, heimabakstur o. fl.

### 78. gr.

Brauðgerðarhús skulu vera rúmgóð. Loftrými skal aldrei vera minna í vinnustofum en svo, að 8 m<sup>3</sup> komi á mann, en í þeim herbergjum, sem í er bakað, hnoðað eða kökur gerðar, skal loftrými ekki vera minna en 12 m<sup>3</sup> á hvern starfsmann. Þau skulu vera björt, þannig að ljósflötur glugga sé að minnsta kosti ¼<sub>10</sub> gólfplatnar. Að öðru leyti skulu þau fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um aðrar vinnustofur, sbr. VIII. kafla.

Vöru- og geymsluklefar skulu vera hjartir, loftgóðir og rakalausir.

### 79. gr.

Gólf í brauðgerðarhúsum skulu vera vatnsheld, lögð flisum eða gerð úr öðru vatnsheldu efni, er heilbrigðisnefnd tekur gilt. Veggir skulu gleraðir eða á annan hátt þannig gerðir, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Hið síðasta gildir einnig um loftin.

### 80. gr.

Ytri flötur bakaraofna skal vera sem sléttastur og að öðru leyti þannig útbúinn, að ekki safnist fyrir á honum ryk eða önnur óhreinindi, enda skal auðvelt að þrifa hann.

### 81. gr.

Allt húsnæði, hvort sem um er að ræða vörugeymslu eða annað, sem notað er við rekstur brauðgerðarhúsa, skal vera rottuhelt og varið fyrir rottum og músum, flugum og öðrum meindýrum. Hundar, kettir eða önnur húsdýr, mega þar aldrei inn koma.

Nú verður í slíku húsnæði vart við rottur, mýs, flugnamergð eða önnur meindýr, skal þá tafarlaust leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar til útrýmingar þeim. Er hlutaðeiganda skylt að hlíta fyrir mælum hennar þar að lútandi.

### 82. gr.

Húsnæði brauðgerðarhúsa má ekki standa í beinu sambandi við svefnherbergi eða önnur íbúðarherbergi, hvorki um dyr né glugga, og ekki má heldur nota íbúðarherbergi til geymslu á vörum eða áhöldum, sem nota á við brauðgerðina.

Starfsfólk hafi aðgang að salerni, handlaugum og snyrtiklefa, sem segir í 74. gr., enn fremur sérstöku herbergi til að matast í.

### 83. gr.

Bannað er að sitja eða liggja á borðum þeim, sem notuð eru við tilbúning eða geymslu á framleiðsluvörum brauðgerðarhúsa. Skulu vinnuborðin laus frá veggjum, færanleg og skúffulaus.

Stór trog og önnur stór ílát skulu vera á hjólum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað við hreingerningar.

Ekki má þurrka fatnað eða annað á bökunarofnunum eða yfirleitt nota þá til annars en bökunar.

### 84. gr.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Þeir sem starfa að brauðgerð, mega ekki neyta tóbaks við vinnu sína né heldur í vinnustofum á öðrum tíma.

## 85. gr.

Ákvæði 77. gr., varðandi matvælabúðir, gilda einnig um brauðgerðarhús.

132

27. okt.

## 86. gr.

Brauð eða brauðmat má ekki flytja um bæinn öðruvísi en í lokuðum, rykheldum ílátum, er auðvelt sé að halda hreinum, enda skulu öll flutningstæki, sem notuð eru til þessa, vera háð eftirliti heilbrigðisnefndar og samþykkt af henni. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða flutning frá brauðgerðarhúsi til sölustaða, milli sölustaða eða til neytenda.

## 87. gr.

Heimabakað brauð má ekki hafa á boðstólum í brauðsölubúðum. Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum eða torgum. Ekki má heldur ganga með þess háttar vörur milli húsa í söluskyni.

*3. Um sláturhús, frystihús, kjötskoðun o. fl.*

## 88. gr.

Óheimilt er að slátra skepnum annars staðar en í sláturhúsi. Þó getur heilbrigðisnefnd, með samþykki bæjarfógeta, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, varðandi slátrun til heimanotkunar, — og þá því aðeins, að hlutaðeigendur eigi þess ekki kost, að fá skepnunum slátrað í sláturhúsi.

Sláturhús skulu vera björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gólf skulu steinsteypt, með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfíð að þeim. Veggir skulu sléttir og kalkaðir. Skal kölkunin endurnýjuð að minnsta kosti einu sinni á ári og þá fyrir sláturtíð að hausti. Heilbrigðisnefndin getur þó leyft annan útbúnað á veggjum, ef hún telur ástæðu til. Loftræstingu skal þannig hagað, að við megi koma örur loftskiptum, enda sé nægilegt aðstreymi af fersku lofti.

## 89. gr.

Sláturhús skal hólfa að minnsta kosti í þrennt. Í einu hólfinu sé sérstakur banaklefi, þar sem skepnurnar eru deyddar. Í öðru hólfi séu skepnurnar gerðar til, flegnar og kjötið þvegið. En í þriðja klefanum skulu skrokkarnir hengdir upp til kælingar og skoðunar og skal þar lögð sérstök áherzla á góða loftræstingu. Auk þess skal vera sérstakur innyflaklefi, þar sem hleypt er úr vömbum og önnur þess háttar sláturstörf unnin.

Undir þessum klefa, eða hið næsta honum, skal vera vatnshelt gorilát eða gorgryfja og op á milli með hlera. Gorgryfjan skal að öllu eins gerð og fyrir er mælt um safngryfjur. Þó má veita öllum slíkum úrgangi beint til sjávar eftir sérstökum þípum, enda samþykki heilbrigðisnefnd allan útbúnað.

## 90. gr.

Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið og greiður aðgangur að hreinu þvottavatni. Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að vatnssalernum og handlaug, en ekki mega þau vera í neinu sambandi við slátrunarklefana.

## 91. gr.

Í stíum, réttum eða portum, þar sem sláturgripir eru geymdir, skal flórinna vera steinsteyptur.

## 92. gr.

Sláturhús má ekki reisa nær íbúðarhúsi en 20 m. Sama gildir um stíur, réttir eða gripaport.

132

27. okt.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að sláturhús og umhverfi þeirra sé vel þrifið. Gólf skal skola hrein á hverjum degi, þegar slátrað er. Gorilát eða gorgryfjur skal tæma jafnóðum og þær fyllast.

Réttir, stíur og port skal hreinsa daglega, ef skepnur hafa verið í þeim. Hundum eða köttum má ekki hleypa inn í sláturhús og ekki kasta sullum, þar sem hundar geta náð í þá. Skal láta sulli í sérstök ílát og grafa þá síðan að minnsta kosti einn metra í jörð niður eða brenna.

Slátrarar og annað starfsfólk skal vera hreinlega til fara og að jafnaði hafa bera handleggi upp að olnboga. Það má ekki vera haldið næmum eða óþrifalegum sjúkdómi.

93. gr.

Ekki má selja kjöt til neyzlu í bænum, nema það hafi áður verið skoðað af dýralækni eða lækni og merkt samkvæmt reglum og fyrirmælum um kjötskoðun. Sérstakan gaum skal gefa svinakjöti, vegna hárorma (tríkina).

Engum má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálf dauðum skepnum eða þeim, sem lógað hefur verið vegna sjúkleika, nema héraðslæknir telji það ósaknæmt. Slíkar skepnur má ekki heldur flytja í sláturhús, nema með leyfi héraðslæknis.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvað gera skuli við kjöt eða slátur, sem dæmt er óhæft til manneldis. Skal því komið fyrir á kostnað eiganda.

94. gr.

Um tilbúning matvæla úr kjöti og öðrum sláturafurðum, húsnæði til þeirra hluta og annað varðandi þá starfsemi, gilda ákvæði 68. gr., 70. gr., 71. gr., 72. gr., 74. gr. og 77. gr. reglugerðar þessarar, eftir því sem við getur átt.

Þar sem starfrækt hefur verið slátrun eða unnið úr sláturafurðum, áður en samþykkt þessi gengur í gildi, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágur til bráða-birgða um ákveðinn tíma frá áðurgreindum skilyrðum, ef hún telur ástæðu til.

95. gr.

Frystihús, sem matvæli eru fryst í, eiga að vera þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og lausum við sveppi, myglu og önnur óhreinindi. Veggir, gólf og loft skulu vera vel einangruð og dýraumbúnaður vel þéttur og öruggur. Í geymsluklefa þeirra sé hægt að halda hitastigi að minnsta kosti 8 stigum undir frostmarki á Celsiusmæli.

#### 4. Reglur um mjólk og mjólkursölu.

96. gr.

Vara, sem seld er undir nafninu mjólk, skal vera ómengduð nýmjólk. Fitumagn hennar skal aldrei vera minna en 3.15%, en eðlisþyngd við 15° C. skal vera 1.028—1.034. Um framleiðslu og meðferð mjólkur skulu gilda ákvæði reglugerðar nr. 136 19. okt. 1946, um mjólk og mjólkurvörur. Skal öll framleiðsla og meðferð mjólkur, auk annars, fullnægja ákvæðum 63., 64. og 67. gr. samþykktar þessarar, til varnar hættum og óhollustu sölumjólkur.

97. gr.

Ekki má selja í kaupstaðnum mjólk, sem er:

1. Óeðlileg að útliti, bragði eða lykt (súr, með lyfjabragði o. s. frv.).
2. Óhrein (en hún telst óhæf til neyzlu, ef sezt botnfall í henni, þegar hún hefur staðið óhreyfð í tvær klukkustundir).
3. Mjólk úr kúm, sem eru haldnar sjúkdómum, er geta spillt mjólkinni eða borizt

með henni og sýkt neytendur, svo sem berklum, miltisbruna, jógurbólgu, garna-  
bólgu, legbólgu, gin- og klaufaveiki, kálfsburðarsótt o. fl. **132**

27. okt.

4. Mjólk, sem í er gróftur, graftarsýklar, aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna, eða óvenjulega mikið af annarlegum gerlum.
5. Mjólk, sem rannsókn sýnir, að sé svikin (vatnsblönduð, rjómi verið úr henni tekinn, eða í hana látin annarleg efni eða rotnunarefni).

## 99. gr.

Fjósín skulu fullnægja ákvæðum 32. og 33. gr. þessarar samþykktar. Í fjósínu eða við það skulu vera handhæg, þrifaleg þvottataeki. Salerni skulu ekki vera í beinu sambandi við fjósín, og bannað er með öllu, að nota fjósín fyrir salerni. Fjósín skulu varin meindýrum eftir föngum. Fjósín skulu kölkuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári, nema hægt sé að þvo þau. Þau skulu þriffin eftir föngum, mokuð og sópuð reglulega og kýrnar burstaðar og vel hirtar. Flórmokstri og ræstingu skal lokið eigi síðar en 15 mínútum áður en mjaltir byrja.

Við ræstingu kunna eða fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni, að mjólkin geti mengast af þeim (t. d. kreolin).

Mjaltafólk skal vera klætt hreinlegum mjaltafötum og hreint um hendur. Á undan mjöltun skal hreinsa jógrið vel og í kringum það. Fyrstu bununum úr spennum má ekki blanda saman við mjólkina, og kýr sem eru með jógursjúkdóma eða mjólka gallaðri mjólki, skal mjólka sér. Þegar eftir mjaltir skal bera mjólkina úr fjósínu og kæla hana eftir föngum, og skulu ílátin ekki þéttlokuð, meðan á kælingu stendur. Mjólkurfötur og flutningsílát eiga helzt að vera tinuð, og er bannað að nota zinkvarin (galvaniseruð) ílát eða ryðguð. Öllum mjólkurílátum skal halda vandlega hreinum. Vatn, sem notað er til hreinsunar mjólkuríláta, skal fullnægja kröfum til drykkjarvatns.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, að seljendur sýni vottorð dýralæknis um heilbrigði kúa og þrifnað í fjósum.

## 100. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimili, er berklaveikur maður fæst þar við gripa-  
hirðingu, mjaltir eða aðra meðferð mjólkur, og eigi þar, sem smitandi berkla-  
sjúklingur dvelur, nema með leyfi héraðslæknis.

## XV. KAFLI

## Um gistihús, veitingastaði, lækningastofur, elliheimili o. fl.

## 101. gr.

Sá, sem vill fá leyfi bæjarfógeta til að setja á stofn eða reka gistihús, matsölu-  
hús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar. Nú vill ein-  
hver setja á stofn eða starfrækja heilbrigðis- eða lækningastofnanir, sem taldar eru  
í 1. gr. laga nr. 30 frá 1933, og skal hann þá, áður en hann leitar samþykkis ráð-  
herra (sbr. 2. gr. nefndra laga), leita álits og samþykkis heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með hollustuháttum gistihúsa og veitinga-  
staða, elliheimila, svo og annarra heilbrigðis- eða lækningastofnana einstakra  
manna, ef settar verða á stofn í kaupstaðnum. Skal henni og umboðsmönnum hennar  
ætið heimill aðgangur að þeim.

## 102. gr.

Herbergi þeirra stofnana, sem um getur í 101. gr., skulu fullnægja öllum almenn-  
um skilyrðum um loftrými, birtu, loftræstingu og salerni, sem sett eru um íbúðir  
(sbr. V. kafla).



**132** 27. okt. Gólf skulu lögð gólfdukk eða öðru jafngildu efni. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Í rúmunum skulu ætíð vera dýnur, en ekki laust hey eða hálmur. Skulu þær, sem annar rúmfatnaður, vel hirtar. Innangangur í veitingahús skal vera greiður frá götu.

103. gr.

Vistmenn, gestir og starfsfólk, skal hafa greiðan aðgang að salerni og handlaugum. Getur heilbrigðisnefnd sett reglur um tölu þeirra, er hún telur þess þörf.

104. gr.

Gestgjafi eða forstöðumaður ber ábyrgð á, að allur matur sé þannig geymdur, að fulls hreinlætis sé gætt. Hann skal og sjá um, að einungis séu notuð hrein og óskemmd matvæli.

105. gr.

Starfsfólk skal vera hreinlega til fara. Sömu hreinlætisreglur og heilbrigðiskröfur gilda um starfsfólkið og um starfsfólk í matvælabúðum, sbr. 77. gr.

## XVI. KAFLI

### Um rakarastofur og snyrtistofur, íþróttahús, sundlaugar og baðhús.

106. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hreinlæti og útbúnaði í rakarastofum, hárgreiðslustofum og hvers konar snyrtistofum, sem fyrir eru og settar verða á stofn í kaupstaðnum. Einnig íþróttahúsum, baðhúsum og sundlaugum.

107. gr.

Húsakynni í rakarastofum og snyrtistofum skulu vera björt og rúmgóð, með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk hafi greiðan aðgang að þvottaskál og salerni.

108. gr.

Ekki má taka til meðferðar í slíkum stofum fólk, ef starfsfólk verður þess vart, að það er haldið smitandi húðsjúkdómi eða óþrifakvillum.

109. gr.

Húsakynni íþróttahúsa og leikfímishúsa skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k.  $\frac{1}{2}$  gólfflatar), rúmgóð og loftræsting og upphitun í lagi. Má aldrei nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist milli notkana til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

110. gr.

Í baðhúsum skulu klefar nægilega rúmgóðir, og skal þar vera nægur hiti og loftræsting. Gólf og veggir skulu lagðir flisum eða á annan hátt frá gengið, sem heilbrigðisnefnd telur jafngilda. Baðker skulu þannig, að óhreinindi safnist ekki fyrir, og yfirleitt skal um allt þannig búið, að auðvelt sé að halda því hreinu.

Í hverju baðhúsi skal vera hæfilega stór biðstofa.

111. gr.

Vatn það, sem notað er í sundlaugar, skal að því er gerlagróður snertir, standast þær kröfur, sem gerðar eru til drykkjarvatns. Laugarnar skal tæma og hreinsa, svo

oft sem þurfa þykir, eða gera aðrar þær ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd tekur gildar, til þess að verjast óeðlilegri aukningu gerlafjölda í vatninu.

132  
27. okt.

## 112. gr.

Búningsklefa og gólf öll skal þvo og ræsta eftir þörfum og aðsókn, og ekki sjaldnar en einu sinni á dag.

Baðföt, handklæði, burstar og því um líkt, sem lánað er til afnota, skal soðið eftir hverja notkun, eða lagt í sóttþreinsunarlög, eftir því sem heilbrigðisnefnd tekur gilt. Að því búnu skulu þessi tæki þvegin.

## 113. gr.

Ekki má hleypta fleiri baðgestum í laugina en svo, að minnsta kosti 3 m<sup>2</sup> af yfirborði vatns komi á hvern mann. Fólki, sem hefur smitandi eða óþrifalega sjúkdóma, opin sár eða aðra kvilla, sem geta borizt manna á milli, má ekki hleypta í laugina. Nú virðist þaðverði grunsamlegt, að einhver baðgestanna sé haldinn slíkum kvilla, og skal hann þá bauna honum aðgang, nema læknisvottorð komi til.

## 114. gr.

Nú leikur grunur á, að sundlaugar verði útbreiðslustaðir fyrir einhverja sjúkdóma, svo sem fótamyglu, og skal þá tafarlaust gera héraðslækni aðvart, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Ef mikil brögð eru að, getur hann látið loka baðhúsi um lengri eða skemmri tíma, meðan rannsókn eða sóttþreinsun fer fram.

## 115. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu háðir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Skal einkum athugað, hvort möguleikar séu fyrir hendi um saurgun sjávarins (vatnsins) eða umhverfisins frá skolpveitum, sorpi eða því um líku, eða hvort rottur hafist við þar í nágrenninu.

## 116. gr.

Starfsfólk allra þeirra stofnana, er hér um ræðir, skal gæta fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

Um heilbrigði starfsfólksins, svo og annarra nemenda í íþróttum og leikfimi, gilda ákvæði 77. gr.

## XVII. KAFLI

## Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

## 117. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með öllu því, er að hollustuháttum lýtur og heilsuvernd skipshafna í skipum og bátum, sem skrásett eru í Keflavíkurkaupstað, hvort heldur þau eru notuð til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga.

Fyrst og fremst skal nefndin ganga úr skugga um, og þá í samvinnu við skipaskoðun ríkisins, að fullnægt sé ákvæðum um vistarverur skipverja og farþega, svo og öðrum fyrirmælum, er að þrifnaði og heilsuvernd lúta, og felast í reglugerð nr. 11 20. jan. 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits þessa.

## 118. gr.

Auk þess, sem að framan greinir, skulu öll skip og bátar, þó þeir séu ekki skrásettir í Keflavíkurkaupstað, háðir eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslækni á meðan þeir liggja á Keflavíkurhöfn, við bryggjur annars staðar á samþykktarsvæðinu eða eru á landi til aðgerða.

## 132

27. okt.

Um almennt hreinlæti í vistarverum farþega, svo og í eldhúsi og um alla meðferð og framleiðslu matfanga, skulu yfirleitt gilda sömu reglur og um matsölu- og gistihús, að svo miklu leyti, sem við verður komið. Þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágur og tilslakanir eftir staðháttum og öðrum ástæðum.

## 120. gr.

Eigi má flytja með skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með leyfi héraðslæknis, enda sé þá fyrirmælum hans í öllu fylgt.

## 121. gr.

Nú verður í bát eða skipi vart við lasleika, sem ekki er víst nema geti verið næmur sjúkdómur, og skal þá skipstjóri þegar í stað tilkynna héraðslækni eða sóttgæzlumönnum (tollþjónum), er aftur tilkynna það héraðslækni, en hann gerir síðan nauðsynlegar ráðstafanir.

Tilkynna skal einnig óþrifasjúkdóma, er borizt geta manna á milli, svo sem kláða og lús, og gerir þá heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir ráðstafanir til þess að lækna og útrýma þeim kvillum, eða leggur á ráð um, hvernig að skuli farið. Allan kostnað, er af þess konar framkvæmdum leiðir, greiðir útgerð skipsins.

## 122. gr.

Bátar eða skip, sem stödd eru á Keflavíkurhöfn eða við bryggjur á samþykktar-svæðinu, skulu tafarlaust tilkynna héraðslækni, heilbrigðisnefnd eða sóttgæzlumönnum (tollþjónum), ef þar verður vart við meindýr, svo sem veggjalús, húsa-skíti eða rottur. Gerir þá heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir ráðstafanir til útrýmingar þeirra, ef nauðsyn þykir bera til, enda greiðir útgerðin allan kostnað, er af slíkum ráðstöfunum kann að leiða.

## 123. gr.

Hafnsögumenn, sóttgæzlumenn (tollþjónar), svo og aðrir eftirlitsmenn við Keflavíkurhöfn, skulu skyldir að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, ef þeir verða varir við einhverjar þær misfellur í skipum eða bátum á höfninni, sem á undan eru taldar.

## 124. gr.

Heilbrigðisnefnd getur gefið út sérstök eyðublöð fyrir skip og báta, til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um heilbrigðisástand og annað, er hún telur sig varða. Getur hún þar meðal annars krafizt, að skýrt sé greinilega frá öllum kvillum og slysum, er fyrir koma í bátum eða skipum, og þá hvers læknis hafi verið leitað í hvert skipti.

## 125. gr.

Skipstjórar og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis sé hlýtt.

Ef miklar ástæður eru til, má kyrrsetja skip eða báta, sem ekki hafa framkvæmt fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar, þangað til kröfunum er fullnægt.

## 126. gr.

Allar leigubifreiðir, sem notaðar eru til fólksflutninga og skrásettar eru í Keflavíkurkaupstað, skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar um allt, sem að þrifnaði og heilsuvernd farþega lýtur. Einkum skal hún hafa nákvæmt eftirlit með almenningsvögnum, sem flytja fólk langleiðis.

Heilbrigðisnefnd getur og látið til sín taka hreinlæti í bifreiðum, sem flytja farþega til og frá Keflavík, þó ekki séu þær skrásettar þar.

## 127. gr.

Heilbrigðisnefnd getur samið reglur og nánari fyrirmæli, er lúta að heilsuvernd farþega og vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma í almenningsbifreiðum, er síðan séu hengd upp í öllum stórum farþegabifreiðum.

132

27. okt.

## 128. gr.

Í almennings- og leigubifreiðum má ekki flytja sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með leyfi héraðslæknis, enda sé þá hans fyrirsögn nákvæmlega fylgt.

## 129. gr.

Bifreiðastjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á, að reglum og fyrirmælum heilbrigðisnefndar og héraðslæknis sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðarstjóri eða bifreiðareigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur hún þá krafizt þess af bæjarfógeta, að bifreiðin sé tekin úr umferð, unz kröfum hennar er fullnægt.

## 130. gr.

Ákvæði þessi taka einnig til farþegaflugvéla, eftir því sem við getur átt.

## XVIII. KAFLI

## Um kirkjugarða, líkhús, líkgeymslu o. fl.

## 131. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan, skal leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar og getur hún þá heimtað, að garðstæðið sé þurrkað með lokræsum, ef hún telur það svo raklent, að vatn geti komið upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 150 m.

Grafa skal svo djúpt, að ekki sé minna en  $1\frac{1}{4}$  m frá kistuloki á grafarþarm.

Grafkapellur, ef leyfðar verða (sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 83 frá 1934), skulu í sérstakri röð í útjaðri kirkjugarðs, gerðar úr steini eða steinsteypu og mega aldrei vera hærri en hálfur metri ofanjarðar.

## 132. gr.

Ókistulögð lík má ekki geyma í heimahúsum lengur en 3 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þó kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu. Héraðslæknir getur þó fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulagt og flutt í líkhús.

## 133. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús, og kistuleggja þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt fyrirmælum reglugerðar nr. 24 frá 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

132

27. okt.

## XIX. KAFLI

## Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

134. gr.

Heilbrigðisnefnd skal láta til sín taka hollustuhætti og umgengni í fangelsum og öðrum húsakynnum, sem notuð eru til þess, að geyma í handtekna menn.

Slík húsakynni skulu þannig úr garði gerð, að tryggt sé, að vistmenn fari sér ekki að voða, svo og að þær séu ekki heilsuspillandi, enda samþykki heilbrigðisnefnd fyrirkomulag þeirra um allt, er að hollustuháttum lýtur.

135. gr.

Í áður nefndum vistarverum skal gæta fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega eða oftár, ef mannaskipti verða tíðari. Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

136. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi eða grunur er um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust tilkynnt, ef um er að ræða næman sjúkdóm. Eftir þess háttar menn skal jafnan sótthreinsa herbergi og rúmfatnað og hlíta um það fyrir-mælum héraðslæknis.

## XX. KAFLI

## Um aðstoð við sóttvarnir.

137. gr.

Heilbrigðisnefnd skal á allan hátt aðstoða héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem þörf er á. Skal henni þá heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp í héraðinu og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir, eftir hans tillögum, strangari fyrirmæli um hvers konar hreinlæti utan húss og innan, meðferð og útbýting matvæla og fleira, er að heilsuvernd lýtur, þótt ekki séu áður um það ákvæði í samþykkt þessari.

138. gr.

Þegar svo stendur á, sem um getur í 137. gr., skal heilbrigðisnefnd heimilt að ráða fólk til bráðabirgða til eftirlits eða hjúkrunar, enda skal jafnan leita samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

## XXI. KAFLI

## Lokaákvæði.

139. gr.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að einstakir kaflar eða greinar samþykktarinnar skuli sérprentaðar og festar upp, almenningi til leiðbeiningar á þeim stöðum, sem við á.

140. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, sem varða almenna þrifnaðar- og heilbrigðishætti.

141. gr.

Brot á samþykkt þessari eða vanræksla á að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, varða sektum allt að 1000 krónum og rennur sektarféð í bæjarsjóð. Ef einhver vanrækir að vinna verk, er heilbrigðis-

nefnd hefur skipað fyrir, samkvæmt samþykkt þessari, þá er nefndinni heimilt 132  
að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnað- 27. okt.  
inn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf  
gerist, með lögtaki.

## 142. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 143. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið samþykkt og birt í Stjórnartíðindum.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 27. október 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REIKNINGUR

133

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1953.

## Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:		
a. Verðbréf .....	kr. 2100.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 8747.23	
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 2313.66	
d. Eignin Ytra Vallholt .....	— 7100.00	
		kr. 20260.89
2. Vextir:		
a. Af verðbréfum .....	kr. 115.00	
b. — innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 437.36	
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 168.76	
		— 721.12
3. Afgjald Ytra Vallholts .....	— 440.00	
4. Ýmislegt samkvæmt reikningi prófests Skagfirðinga .....	— 501.73	
		Kr. 21923.74

## Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum .....	kr. 600.00
2. Eign í árslok:	
a. Skuldabréf .....	kr. 1100.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	— 9184.59
c. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	— 3597.42
d. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks .....	— 341.73
e. Eignin Ytra Vallholt .....	— 7100.00
	— 21323.74
	Kr. 21923.74

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. febrúar 1954.

**Ásmundur Guðmundsson.**

134

## REIKNINGUR

Minningarsjóðs dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar  
10. september 1951.

## Eignir :

$\frac{2}{3}$ hlutar húseignarinnar Skólavörðustíg 35, fasteignamat (húsaverð alls kr. 32200.00, lóðarverð alls kr. 6900.00) .....	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar, útg. 22. maí 1950 ....	— 9142.85
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbanka Íslands .....	— 10163.43

---

 kr. 46039.62

*Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

135

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs dr. phil. húsameistara  
Guðjóns Samúelssonar árið 1951.

## Tekjur :

Stofnsjóður frá 10. sept. 1951:

$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35, fasteignamat	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar, útg. 22. maí 1950 .....	— 9142.85
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbanka Íslands	— 10163.43

---

 kr. 46039.62

Vextir af skuldabréfi 20. des. 1950 til 20. des. 1951 .....	— 388.57
---	----------

Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Búnaðarbankanum .....	— 107.70
--	----------

---

 Kr. 46535.89

## Gjöld :

Geymslugjald til Landsbankans vegna skuldabréfs .....	kr. 5.00
---	----------

Eignir til næsta árs:

$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35 .....	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar ....	— 8873.94
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbankanum .	— 10271.13
Sparisjóðsinnstæða nr. 72640 í Landsbankanum ...	— 1479.15

---

 — 46530.89

---

 Kr. 46535.89

*Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

## REIKNINGUR

136

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs dr. phil. húsameistara  
Guðjóns Samúelssonar árið 1952.

## T e k j u r :

Eignir frá fyrra ári:

$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35, fasteignamat	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar, útg. 22. maí 1950 .....	— 8873.94
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbanka Íslands	— 10271.13
Sparisjóðsinnstæða nr. 72640 í Landsbanka Íslands .	— 652.48
	<hr/>
	kr. 46530.89
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Búnaðarbanka Íslands .....	— 474.61
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands .....	— 30.32
Vextir af skuldabréfi .....	— 532.44
	<hr/>
	Kr. 47568.26

## G j ö l d :

Geymslugjald til Landsbankans vegna skuldabréfs .....	kr. 5.00
Eignir til næsta árs:	
$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35 .....	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar ....	— 8605.03
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbankanum .	— 10745.74
Sparisjóðsinnstæða nr. 72640 í Landsbanka Íslands	— 1479.15
	<hr/>
	— 47563.26
	Kr. 47568.26

*Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

## REIKNINGUR

137

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs dr. phil. húsameistara  
Guðjóns Samúelssonar árið 1953.

## T e k j u r :

Eignir frá fyrra ári:

$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35, fasteignamat	kr. 26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar, útg. 22. maí 1950 .....	— 8605.03
Sparisjóðsinnstæða nr. 24930 í Búnaðarbanka Íslands	— 10745.74
Sparisjóðsinnstæða nr. 72640 í Landsbanka Íslands .	— 1479.15
	<hr/>
	kr. 47563.26
Vextir af skuldabréfi .....	— 516.30
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Búnaðarbankanum .....	— 573.25
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbankanum .....	— 73.95
	<hr/>
	Kr. 48690.76



137

## Gjöld:

Geymslugjald til Landsbankans vegna skuldabréfs .....	kr.	5.00
Eignir til næsta árs:		
$\frac{2}{3}$ hlutar húseignar Skólavörðustíg 35 .....	kr.	26733.34
Hlutdeild í skuldabréfi Eggerts Steinþórssonar ....	—	8336.12
Sparisjóðsinnstæða nr. 24939 í Búnaðarbankanum .	—	11282.99
Sparisjóðsinnstæða nr. 72640 í Landsbanka Íslands	—	2333.31
		<hr/>
		48685.76
		<hr/>
		Kr. 48690.76

Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1954.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

138

## REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1952.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1952.

## Gjöld:

Hluti endurtr. í iðgjöldum .....	kr.	4556288.20
Tjón .....	—	4966798.03
Umboðslaun .....	—	341784.40
Vextir .....	—	34426.40
Skrifstofukostnaður .....	—	351718.22
Afskrifað af húsgögnum og áhöldum .....	—	5531.41
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	—	832000.00
Rekstrarhagnaður .....	—	549.18
		<hr/>
		Kr. 11089095.84

## Tekjur:

Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	kr.	1038000.00
Iðgjöld .....	—	5523932.58
Hluti endurtr. í tjónum .....	—	3902135.86
Umboðslaun .....	—	619302.37
Vextir .....	—	5725.03
		<hr/>
		Kr. 11089095.84

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1952.

## Eignir:

Peningar:		
Sjóður .....	kr.	25057.64
Innstæða á hlr. 6144 .....	—	306.03
		<hr/>
		kr. 25363.67
Skuldir viðskiptamanna .....	—	6973423.45
Áhöld .....	—	69142.68
Eyðublöð .....	—	819.78
		<hr/>
		Kr. 7068749.58

## Skuldir:

138

Stofnfé .....	kr. 2000000.00
Inneignir viðskiptamanna .....	— 3204865.77
Yfirdráttur á hlr. 1303 .....	— 493733.22
Fyrningarsjóður húsg. og halda .....	— 40833.78
Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	— 832000.00
Höfuðstólsreikningur:	
Hinn 1. janúar 1952 .....	kr. 496767.63
Rekstrarreikningur 1952 .....	— 549.18
	— 497316.81

Kr. 7068749.58

Reykjavík, 5. september 1953.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum

Sigurður Kristjánsson.

Framanritaður rekstrar- og efnahagsreikningur er borinn saman við bækur stofnunarinnar, sem ég hef endurskoðað og ekki fundið neitt athugavert við.

Sjóðseign talin og athugað að innstæða í banka væri fyrir hendi.

Reykjavík, 5. september 1953.

Kristján Sigtryggsson.

## REIKNINGUR

139

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1953.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1953.

## Gjöld:

Hluti endurtr. í iðgjöldum .....	kr. 5193403.49
Tjón .....	— 8491016.53
Vextir .....	— 49059.89
Skrifstofukostnaður .....	— 385836.73
Afskrifað af húsg. og áhöldum .....	— 5840.73
Yfurfært til næsta árs til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	— 1000000.00
Rekstrarhagnaður .....	— 39370.23

Kr. 15164527.60

## Tekjur:

Yfurfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	kr. 832000.00
Iðgjöld .....	— 6463133.61
Hluti endurtr. í tjónum .....	— 7307414.75
Umboðslaun .....	— 561358.68
Vextir .....	— 620.56

Kr. 15164527.60

139

## Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1953.

Peningar:		Eignir:	
Sjóður .....		kr. 12984.47	
Innstæða á hlr. 6144 .....		— 104136.28	
		<hr/>	kr. 117120.75
Skuldir viðskiptamanna .....		— 6127328.99	
Áhöld .....		— 73009.18	
Eyðublöð .....		— 1373.98	
		<hr/>	Kr. 6318832.90
		Skuldir:	
Stofnfé .....		kr. 2000000.00	
Inneignir viðskiptamanna .....		— 2467207.48	
Yfirdráttur á hlr. 1303 .....		— 268263.87	
Fyrningarsjóður húsgagna og áhalda .....		— 46674.51	
Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....		— 1000000.00	
Höfuðstólsreikningur:			
Hinn 1. janúar 1953 .....		kr. 497316.81	
Rekstrarhagnaður 1953 .....		— 39370.23	
		<hr/>	— 536687.04
			Kr. 6318832.90

Reykjavík, 25. ágúst 1954.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum

Sigurður Kristjánsson.

Framanritaður rekstrar- og efnahagsreikningur er borinn saman við bækur stofnunarinnar, sem ég hef endurskoðað og ekki fundið neitt athugasvert við. Sjóðseign talin og athugað að innstæða í banka væri fyrir hendi.

Reykjavík, 25. ágúst 1954.

Kristján Sigtryggsson.

140

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Tryggingarsjóðs sparisjóða 1953 ásamt efnahag 31. des. 1953.

Tekjur:	
1. Eign í ársbyrjun 1953:	
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14 fl. ....	kr. 10000.00
4% skuldabr. Sparisj. Raufarhafnar .....	— 10000.00
Innstæður í bönkum og reiðufé .....	— 273117.03
	<hr/>
	kr. 293117.03
2. Tillög sparisjóða fyrir 1952 .....	— 21063.95
3. Vaxtatekjur sjóðsins .....	— 19308.51
	<hr/>
	Kr. 333489.49

## Gjöld:

140

1. Fjölritun á reikningum og burðargjald .....	kr.	126.50
2. Stjórnarlaun fyrir 1952, samkv. ákvörðun ráðuneytisins .....	—	600.00
3. Eign sjóðsins 31. des. 1953:		
4% veðdeildarbréf Landsbankans, 14. fl. ....	kr.	10000.00
4% skuldabréf Sparisjóðs Raufarhafnar .....	—	10000.00
Innstæður í bönkum:		
Á 10 ára bókum .....	kr.	131290.55
Á 6 mán. bókum .....	—	181472.44
		<hr/>
		312762.99
		<hr/>
		332762.99
		<hr/>
		Kr. 333489.49

Séreign sparisjóðanna í Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 69/1941, um sparisjóði, var samkv. ofangreindu kr. 332762.99 í árslok 1953, að meðtöldum vöxtum af árlegum tillögum sparisjóðanna til sjóðsins.

Reykjavík, 15. maí 1954.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða

Halldór Stefánsson. Þórhallur Ásgeirsson. Kl. Tryggvason.

Reikningur þessi er yfirfarinn í dag og ekkert við hann að athuga

Reykjavík, 28. maí 1954.

Jörundur Brynjólfsson. Jón Pálmason.

## REIKNINGUR SÖFNUNARSJÓÐS ÍSLANDS 141

Reikningur yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1953.

### Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári .....	kr.	15414022.93
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:		
a. Innlög á árinu .....	kr.	263097.26
b. Vextir lagðir við höfuðstól .....	—	594266.79
c. Verðlaun úr Minningarsjóði próf. E. Briem .....	—	371.04
d. Verðlaun úr „Vaxtabæti“ Söfnunarsj. Íslands .....	—	3749.23
		<hr/>
		861484.32
3. Vextir af lánnum .....	—	780949.53
4. Þóknun, lántökugjöld, dráttarvextir, viðskiptabækur .....	—	35001.52
5. Vextir 1953, geymdir til útborgunar .....	—	112968.92
6. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar .....	—	664.84
7. Bankalán .....	—	163498.02
8. Gjöf N. N. til varasjóðs .....	—	1295.67
		<hr/>
		Kr. 17369885.75

## Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1953:			
a. Ársvextir 5.2% .....	kr.	632073.94	
b. Ársvextir 4.5% .....	—	70425.00	
c. Dagvextir 4.3% .....	—	5128.82	
			kr. 707627.76
2. Kostnaður .....	—		69519.32
3. Vextir, er biðu útborgunar .....	—		106662.01
4. Höfuðstóll, er beið útborgunar .....	—		6095.51
5. Höfuðstóll, er féll á árinu til útborgunar .....	—		814299.10
6. Bankalán frá fyrra ári .....	—		310348.49
7. Sjóður í árslok 1953:			
a. Veðskuldabréf .....	kr.	10366931.35	
b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga .....	—	4500285.46	
c. Bankavaxtabréf .....	—	203700.00	
d. Innanríkislán .....	—	47000.00	
			Verðbréf samtals kr. 15117916.81
e. Óinnheimtir vextir:			
a. Fallnir í gjalddaga ....	kr.	41538.24	
b. Ófallnir í gjalddaga ....	—	165875.27	
			207413.51
f. Skrifstofugögn .....	—	14500.00	
g. Sjóður hjá féhirði .....	—	15503.24	
			— 15355333.56
			Kr. 17369885.75

Reykjavík, 22. febrúar 1954.

## SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Vilhj. Briem. Jóhannes Eliasson. Garðar Jónsson.

## Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1953.

## Eignir:

1. Veðskuldabréf og verðbréf .....	kr.	15117916.81
2. Óinnheimtir vextir:		
a. Fallnir í gjalddaga .....	kr.	41538.24
b. Ekki fallnir í gjalddaga .....	—	165875.27
		207413.51
3. Skrifstofugögn .....	—	14500.00
4. Sjóður hjá féhirði .....	—	15503.24
		Kr. 15355333.56

## Skuldir:

1. Innstæður vaxtaeigenda:		
a. Aðaldeild .....	kr.	8080291.55
b. Erfingjarentudeild .....	—	240420.75
c. Útborgunardeild .....	—	6257130.77
d. Bústofsdeild .....	—	2032.92
		kr. 14579875.99

2. Vextir fyrir árið 1953, geymdir til útborgunar .....	kr.	112968.92	141
3. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar .....	—	664.84	
4. Bankalán .....	—	163498.02	
5. Varasjóður .....	—	498325.79	
		<hr/>	
		Kr.	15355333.56

Reykjavík, 22. febrúar 1954.

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Vilhj. Briem. Jóhannes Eliasson. Garðar Jónsson.

REIKNINGUR

142

Spítalasjóðsins Vinamíning á Eyrarbakka árið 1953.

Tekjur:

1. Í sjóði 1. janúar 1953 .....	kr.	21174.75
2. Gjafir á árinu .....	—	155.00
3. Vextir af bók .....	—	977.82
4. Vextir af bréfi .....	—	50.00
		<hr/>
		Kr. 22357.57

Gjöld:

1. Veittur styrkur til sjúklings á árinu .....	kr.	300.00
2. Í sjóði í árslok, bréfum og bók .....	—	22057.57
		<hr/>
		Kr. 22357.57

Bragi Ólafsson. Magnús Guðjónsson. Aðalheiður Bjarnadóttir.

SNORRASJÓÐUR 1930

143

Ársreikningur 1953.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkv. birtum reikningi .....	kr.	166047.80
Aukning á árinu samkv. neðangreindu .....	—	2183.88
		<hr/>
		Kr. 168231.68

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar .....	kr.	139000.00
Innstæða í Búnaðarbanka .....	—	29231.68
		<hr/>
		Kr. 168231.68

Tekjur:

Vextir af skuldabréfum Siglufjarðarkaupstaðar .....	kr.	5820.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	—	963.88
		<hr/>
		Kr. 6783.88

143

Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:

Davíð Stefánsson, stúdent, til jarðfræðináms við háskólann í Oslo	kr. 1200.00
Ingvar Hallgrímsson, stúdent, til fiskifræðináms í Oslo	— 1000.00
Jón R. Hjálmarsson, cand. mag., til framhaldsnáms í sagnfræði við Oslóarháskóla	— 1400.00
Kristinn Björnsson, stúdent, til sálarfræðináms við háskólann í Oslo	— 1000.00
	<hr/>
	Kr. 4600.00
Lagt við höfuðstól	— 2183.88
	<hr/>
	Kr. 6783.88

Reykjavík, 19. febrúar 1954.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson.      Haukur Þorleifsson.

144

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 292):	
a. Innritunarskirteini	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 36426.95
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 9074.66
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð	— 4000.00
	<hr/>
	kr. 69501.61
2. Vextir:	
a. Af innritunarskirteini	kr. 1654.10
b. — Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1894.20
c. — bankainnstæðu	— 430.84
d. — skuldabréfum með ríkisábyrgð	— 160.00
	<hr/>
	— 4139.14
	<hr/>
	Kr. 73640.75

## Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr. 2700.00
2. Sjóður til næsta árs:	
a. Innritunarskirteini	kr. 20000.00
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 26616.37
c. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 10324.38
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð	— 4000.00
	<hr/>
	— 70940.75
	<hr/>
	Kr. 73640.75

Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.

Hjálmar Vilhjálmsson.

## REIKNINGUR

145

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1953 B., bls. 339):			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	19238.50	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	2912.96	
			kr. 22151.46
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr.	1000.40	
b. — bankainnstæðu .....	—	134.85	
			— 1135.25
			Kr. 23286.71

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	19338.54	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	3948.17	
			kr. 23286.71
			Kr. 23286.71

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

Hjálmar Vilhjálmsson.

## REIKNINGUR

146

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem biða tjón af jarðeldum,  
fyrir árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1953 B., bls. 436):			
a. Ríkisskuldabréf .....	kr.	21000.00	
b. Veðskuldabréf .....	—	13750.00	
c. Veðdeildarbréf .....	—	15400.00	
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	—	15000.00	
e. Hitaveituskuldabréf .....	—	7000.00	
f. Bankainnstæða .....	—	16520.21	
			kr. 88670.21
2. Vextir:			
a. Af ríkisskuldabréfum .....	kr.	955.00	
b. — veðskuldabréfum .....	—	687.50	
c. — veðdeildarbréfum .....	—	770.00	
d. — ríkistryggðum skuldabréfum .....	—	825.00	
e. — hitaveituskuldabréfum .....	—	280.00	
f. — bankainnstæðu .....	—	788.85	
			— 4306.35
	Samtals		kr. 92976.56



146

## Gjöld:

1. Styrkir:			
a.	Til Búnaðarsambands Austurlands .....	kr.	1200.00
b.	Til Hallormsstaðaskóla .....	—	1000.00
			kr. 2200.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a.	Ríkisskuldabréf .....	kr.	16000.00
b.	Veðskuldabréf .....	—	12500.00
c.	Veðdeildarbréf .....	—	10400.00
d.	Ríkistryggð skuldabréf .....	—	15000.00
e.	Hitaveituskuldabréf .....	—	6000.00
f.	Bankainnstæða .....	—	30876.56
			— 90776.56
Samtals			kr. 92976.56

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

Hjálmar Vilhjálmsson.

147

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins „Stígur“ árið 1953.

## Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 340) .....	kr.	5453.28
2.	Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	—	291.09
			Kr. 5744.37

## Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr.	5744.37
		Kr. 5744.37

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

Hjálmar Vilhjálmsson.

148

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna árið 1953.

## Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 412) .....	kr.	45.48
2.	Vextir .....	—	2.25
			Kr. 47.73

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs .....	kr.	47.73
		Kr. 47.73

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

Hjálmar Vilhjálmsson.

## REIKNINGUR

149

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 412) .....	kr. 2592.04
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 134.78
	<hr/>
	Kr. 2726.82

## Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 2726.82
	<hr/>
	Kr. 2726.82

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

## REIKNINGUR

150

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, frá Bjargarsteini á Akranesi, árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 442) .....	kr. 6913.93
2. Vextir af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	— 369.05
	<hr/>
	Kr. 7282.98

## Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 7282.98
	<hr/>
	Kr. 7282.98

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

## REIKNINGUR

151

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1953 B., bls. 340):	
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 385 .....	kr. 786518.39
b. Bankainnstæða í Útvegsb. nr. 9253 .....	— 9934.35
c. Veðskuldabréf .....	— 374400.00
d. Veðdeildarbréf .....	— 42000.00
e. Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 50000.00
	<hr/>
	kr. 1262852.74

## 151 2. Vextir:

a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 40898.95	
b. — bankainnstæðu í Útvegsb. nr. 9253 .....	— 1425.31	
c. — veðskuldabréfi .....	— 18720.00	
d. — veðdeildarbréfum .....	— 1050.00	
e. — skuldabréfum með ríkisábyrgð .....	— 4280.00	
		kr. 66374.26
		<hr/> Kr. 1329227.00

## Gjöld:

1. Kostnaður .....	kr. 9.00	
2. Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr. 827417.34	
b. Bankainnstæða .....	— 8000.66	
c. Veðskuldabréf .....	— 358800.00	
d. Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 100000.00	
e. Sérskuldabréf .....	— 35000.00	
		— 1329218.00
		<hr/> Kr. 1329227.00

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

## 152

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 412):		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 31179.18	
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1621.31	
		kr. 32800.49

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 32800.49	
		kr. 32800.49

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

# REIKNINGAR BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS 153

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands váttryggingarárið frá 15. október 1950 til 14. október 1951.

## Gjöld:

I. Brunatjón á fasteignum .....	kr. 1581031.00	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 628942.70	
		kr. 952088.30
II. Brunatjón á lausafé .....	kr. 100955.00	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 34586.58	
		— 66368.42
III. Rekstrarkostnaður .....		— 688834.71
IV. Brunavarnakostnaður .....		— 195808.29
V. Umboðslaun .....		— 423979.98
VI. Til frádráttar bókuðu eignarverði:		
1. Slökkvitækjabirgða .....	kr. 86736.62	
2. Áhaldahúss .....	— 35268.21	
3. Áhalda og húsgagna .....	— 48426.00	
4. Bifreiða .....	— 64400.00	
		— 234829.83
VII. Tekjuafgangur:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr. 27454.00	
2. Vextir .....	— 619137.44	
3. Hagnaður á verðbréfum .....	— 4420.00	
4. Hagnaður á afborgun fasteignalána .....	— 1320.00	
5. Hagnaður á 1. flokki .....	— 1322667.97	
6. Hagnaður á 2. flokki .....	— 66834.52	
7. Hagnaður á 3. flokki .....	— 106148.15	
	Kr. 2147982.08	
sem varið er þannig:		
1. Lagt í varasjóð .....	kr. 2100000.00	
2. Flutt til næsta árs .....	— 47982.08	
		— 2147982.08

Kr. 4709891.61

## Tekjur:

I. Flutt frá fyrra ári .....		kr. 27454.00
II. Iðgjöld af fasteignum .....	kr. 5077542.63	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 1931930.33	
		— 3145612.30
III. Iðgjöld af lausafé .....	kr. 400233.00	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 161462.80	
		— 238770.20
IV. Vextir .....		— 619137.44
V. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjanda:		
1. Umboðslaun .....	kr. 437239.90	
2. Ágóðahluti .....	— 235937.77	
		— 673177.67

153	VI. Hagnaður á útdregnum bréfum:		
	1. Á verðbréfum .....	kr.	4420.00
	2. Á afb. fasteignaláni .....	—	1320.00
			<hr/>
			kr. 5740.00
			<hr/>
			Kr. 4709891.61

Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1951.

Eignir:

I. Sjóður .....	kr.	259031.51
II. Innstæða í banka .....	—	818119.01
III. Verðbréf .....	—	3752262.05
IV. Fasteignalán .....	—	1640904.17
V. Ábyrgðarlán .....	—	6484573.34
VI. Slökkvitækjalán .....	—	1089858.78
VII. Skuldir umboða .....	—	63828.89
VIII. Slökkvitækjabirgðir o. fl. ....	—	406310.90
IX. Áhaldahús í Hafnarfirði .....	—	100.00
X. Áhöld og húsgögn .....	—	100.00
XI. Bifreiðar .....	—	100.00
XII. Áfallnir og ógreiddir vextir .....	—	357456.13
XIII. Íslenzk endurtrygging:		
1. Skuld í viðskiptareikningi .....	kr.	281898.79
2. Hlutur í félaginu .....	—	136000.00
3. Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ..	—	60000.00
		<hr/>
		— 477898.79
		<hr/>
		Kr. 15350543.57

Skuldir:

I. Inneignir umboða .....	kr.	11903.55
II. Ógreiddar brunabætur .....	—	465830.29
III. Inneignir sveitarfélaga til slökkvitækjakaupa .....	—	136476.63
IV. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ....	—	60000.00
V. Inneign Storebrand, Osló .....	—	435142.97
VI. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ..	—	133208.05
VII. Varasjóður:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	11960000.00
2. Lagt við á þessu ári .....	—	2100000.00
		<hr/>
		— 14060000.00
VIII. Flutt til næsta árs .....	—	47982.08
		<hr/>
		Kr. 15350543.57

Reykjavík, 14. desember 1951.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Stefán Jóh. Stefánsson.

*Sigurjón Jóhannsson.*

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við yfirfarið og endurskoðað og borið saman við fylgiskjöl, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26. janúar 1952.

Jakob Jónsson.      Ásgeir Bjarnason.

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands váttryggingarárið 153  
frá 15. október 1951 til 14. október 1952.

Gjöld:

I. Brunatjón á fasteignum .....	kr. 2885833.29	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 915975.71	
		kr. 1969857.58
II. Brunatjón á lausafé .....	kr. 170603.00	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 48719.06	
		— 121883.94
III. Rekstrarkostnaður .....		— 795879.68
IV. Brunavarnakostnaður .....		— 159363.21
V. Umboðslaun .....		— 550572.03
VI. Til frádráttar á bókuðu eignarverði:		
1. Slökkvitækjabirgða .....	kr. 100000.00	
2. Áhalda .....	— 3100.10	
3. Bifreiða .....	— 42000.00	
4. Skulda .....	— 950.00	
		— 146050.10
VII. Tekjuafgangur:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr. 47982.08	
2. Vextir .....	— 762743.50	
3. Hagnaður á verðbréfum .....	— 12491.20	
4. Hagnaður á afborgun fasteignalána .....	— 581.00	
5. Hagnaður á 1. flokki .....	— 1027844.39	
6. Hagnaður á 2. flokki .....	— 353318.61	
7. Hagnaður á 3. flokki .....	— 77875.36	
		Kr. 2282836.14

sem er varið þannig:

1. Minningargjöf um Svein Björnsson .....	kr. 5000.00	
2. Lagt í varasjóð .....	— 2240000.00	
3. Flutt til næsta árs .....	— 37836.14	
		— 2282836.14

Kr. 6026442.68

Tekjur:

I. Flutt frá fyrra ári .....		kr. 47982.08
II. Iðgjöld af fasteignum .....	kr. 6686886.84	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 2526057.67	
		— 4160829.17
III. Iðgjöld af lausafé .....	kr. 465083.65	
Þar af hluti endurtryggjanda .....	— 207086.75	
		— 257996.90
IV. Vextir .....		— 762743.50
V. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjanda:		
1. Umboðslaun .....	kr. 571021.17	
2. Ágóðahluti .....	— 212797.66	
		— 783818.83

153	VI. Hagnaður á útdregnum bréfum:		
	1. Á verðbréfum .....	kr.	12491.20
	2. Á afb. fasteignaláni .....	—	581.00
			<hr/>
		kr.	13072.20
			Kr. 6026442.68

**Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1952.**

**Eignir:**

I. Sjóður .....	kr.	427134.92
II. Innstæða í banka .....	—	322785.86
III. Verðbréf .....	—	3632692.85
IV. Fasteignalán .....	—	1882160.71
V. Ábyrgðarlán .....	—	7995507.95
VI. Slökkvitækjalán .....	—	1564876.60
VII. Skuldir umboða .....	—	94527.29
VIII. Slökkvitækjabirgðir o. fl. ....	—	259071.77
IX. Áhaldahús í Hafnarfirði .....	—	100.00
X. Áhöld og húsgögn .....	—	100.00
XI. Bifreiðar .....	—	100.00
XII. Áfallnir og ógreiddir vextir .....	—	431317.99
XIII. Íslenzk endurtrygging:		
1. Skuld í viðskiptareikningi .....	kr.	297267.97
2. Hlutur í félaginu .....	—	136000.00
3. Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ..	—	60000.00
		<hr/>
		493267.97
		Kr. 17103643.91

**Skuldir:**

I. Inneignir umboða .....	kr.	18337.38
II. Ógreiddar brunabætur .....	—	346873.08
III. Inneignir sveitarfélaga til slökkvitækjakaupa .....	—	85177.73
IV. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ....	—	60000.00
V. Inneign Storebrand, Osló .....	—	122211.53
VI. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging .....	—	133208.05
VII. Varasjóður:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	14060000.00
2. Lagt við á þessu ári .....	—	2240000.00
		<hr/>
		16300000.00
VIII. Flutt til næsta árs .....	—	37836.14
		<hr/>
		Kr. 17103643.91

Reykjavík, 16. desember 1952.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Stefán Jóh. Stefánsson.

*Ásgeir Ólafsson.*

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við yfirfarið og endurskoðað og borið saman við fylgiskjöl, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 13. febrúar 1953.

Jakob Jónsson.      Ásgeir Bjarnason.

**Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands váttryggingarárið 153  
frá 15. október 1952 til 14. október 1953.**

**Gjöld:**

I. Hluti endurtryggjanda í iðgjöldum:		
Fasteignaiðgjöld .....	kr. 3026721.95	
Lausafjáridegjöld .....	— 240947.75	
		kr. 3267669.70
II. Brunatjón:		
Fasteignatjón .....	kr. 2163454.49	
Lausafjártjón .....	— 146555.64	
		— 2310010.13
III. Yfirfært til næsta árs fyrir tjónum og iðgjöldum .....		— 281588.62
IV. Umboðslaun og ágóðahluti .....		— 809090.33
V. Rekstrarkostnaður .....		— 907493.91
VI. Brunavarnakostnaður .....		— 147890.41
VII. Afskriftir:		
Af slökkvitækjabirgðum .....	kr. 100000.00	
Af áhöldum .....	— 35074.50	
		— 135074.50
VIII. Tekjuafgangur:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr. 37836.14	
2. Vextir .....	— 899998.55	
3. Hagnaður af afborgun verðbréfa og lánnum .....	— 8047.85	
4. Hagnaður á 1. flokki .....	— 2011969.24	
5. Hagnaður á 2. flokki .....	— 554515.40	
6. Hagnaður á 3. flokki .....	— 124387.30	
	<b>Kr. 3636754.48</b>	
sem varið er þannig:		
Lagt í arðjöfnunarsjóð .....	kr. 700000.00	
Lagt í varasjóð .....	— 2900000.00	
Flutt til næsta árs .....	— 36754.48	
		— 3636754.48
		<b>Kr. 11495572.08</b>

**Tekjur:**

I. Flutt frá fyrra ári .....	kr. 37836.14	
II. Iðgjöld:		
Fasteignaiðgjöld .....	kr. 7895917.83	
Lausafjáridegjöld .....	— 511836.80	
		— 8407754.63
III. Hluti endurtryggjanda í tjónum:		
Fasteignatjón .....	kr. 953032.90	
Lausafjártjón .....	— 47548.57	
		— 1000581.47
IV. Umboðslaun og ágóðahluti .....		— 1141353.44
V. Vextir .....		— 899998.55
VI. Hagnaður af útdregnum verðbréfum .....		— 8047.85
		<b>Kr. 11495572.08</b>



## Efnahagsreikningur Brunabótafélags Íslands 14. október 1953.

## Eignir:

I. Sjóður .....	kr.	524279.27
II. Innstæður í bönkum .....	—	1993532.16
III. Stimpilmerki .....	—	837.90
IV. Verðbréf .....	—	3664839.16
V. Fasteignalán .....	—	2432293.04
VI. Ábyrgðarlán .....	—	9625359.15
VII. Slökkvitækjalán .....	—	1923736.43
VIII. Skuldir umboða .....	—	123549.50
IX. Slökkvitækjabirgðir .....	—	328059.65
X. Áhaldahús í Hafnarfirði .....	—	100.00
XI. Áhöld og húsgögn .....	—	100.00
XII. Bifreiðar .....	—	100.00
XIII. Áfallnir en ógreiddir vextir .....	—	516176.71
XIV. Íslenzk endurtrygging:		
1. Skuld í viðskiptareikningi .....	kr.	371533.18
2. Hlutur í félaginu .....	—	136000.00
3. Til jafnaðar á móti ábyrgð vegna sama ..	—	60000.00
		<hr/>
	—	567533.18

Kr. 21700496.15

## Skuldir:

I. Inneignir umboða .....	kr.	8833.50
II. Ógreidd brunatjón .....	—	526863.90
III. Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum .....	—	281588.62
IV. Inneignir sveitarfélaga vegna slökkvitækjakaupa .....	—	122497.00
V. Viðskiptamenn .....	—	630750.60
VI. Ábyrgð vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging ..	—	60000.00
VII. Varasjóður vegna þátttöku í félaginu Íslenzk endurtrygging	—	133208.05
VIII. Arðjofnunar sjóður .....	—	700000.00
IX. Varasjóður:		
1. Flutt frá fyrra ári .....	kr.	16300000.00
2. Lagt við á þessu ári .....	—	2900000.00
		<hr/>
	—	19200000.00
X. Flutt til næsta árs .....	—	36754.48

Kr. 21700496.15

Reykjavík, 23. desember 1953.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ásgeir Ólafsson.

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við yfirfarið og endurskoðað og borið saman við fylgiskjöl, og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 10. febrúar 1954.

Jakob Jónsson.

Ásgeir Bjarnason.

## YFIRLIT

154

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1954.

## Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 21 810 584.08	
b. Veðdeild .....	— 5 647 474.37	
c. Ræktunarsjóður .....	— 58 205 354.71	
d. Byggingarsjóður .....	— 53 430 632.82	
e. Smábýladeild .....	— 23 148.85	
f. Nýbýlasjóður .....	— 630 224.87	
	<hr/>	kr. 139 747 419.70
2. Verðbréf:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 17 883 669.19	
b. Veðdeild .....	— 45 050.00	
c. Ræktunarsjóður .....	— 2 175 444.35	
d. Byggingarsjóður .....	— 1 432 763.34	
	<hr/>	— 21 536 926.88
3. Víxlar .....		— 67 034 652.13
4. Lán í hlaupareikningi .....		— 31 052 175.25
5. Ýmsir skuldunautar:		
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 639 741.38	
b. Ræktunarsjóður .....	— 17 000.00	
	<hr/>	— 656 741.38
6. Teiknistofa .....		— 124 873.79
7. Tryggingar fyrir ábyrgðum .....		— 2 386 000.64
8. Innanstokksmunir .....		— 402 772.22
9. Sameiginlegur kostnaður .....		— 1 766 947.38
10. Fasteignir .....		— 2 722 750.00
11. Innheimtur .....		— 1 981 343.82
12. Framkvæmdabanki Íslands .....		— 3 600 000.00
13. Bankainnstæða og peningar í sjóði .....		— 11 370 076.29
	<hr/>	Kr. 284 382 679.48

## Skuldir:

1. Innstæða í sparisjóði og á skirteinum .....	kr. 114 298 330.95
2. Innstæða í hlaupareikningi .....	— 23 909 545.34
3. Innstæða í reikningslánnum .....	— 295 348.40
4. Ýmsir kröfuhafar:	
a. Sparisjóðsdeild .....	kr. 2 223 210.70
b. Nýbýlasjóður .....	— 150 000.00
	<hr/>
	— 2 373 210.70
5. Ríkissjóður:	
a. Ræktunarsjóður .....	kr. 20 296 250.00
b. Byggingarsjóður .....	— 10 774 942.01
	<hr/>
	— 31 071 192.01

<b>154</b>	<b>6.</b>	<b>Framkvæmdabanki Íslands:</b>		
	a.	Ræktunarsjóður .....	kr. 10 750 000.00	
	b.	Byggingarsjóður .....	— 6 250 000.00	
				kr. 17 000 000.00
	<b>7.</b>	Ábyrgðir .....		— 2 386 000.64
	<b>8.</b>	<b>Vextir og aðrar tekjur:</b>		
	a.	Sparisjóðsdeild .....	kr. 4 798 118.66	
	b.	Veðdeild .....	— 48 204.09	
	c.	Ræktunarsjóður .....	— 397 398.84	
	d.	Byggingarsjóður .....	— 2 476 311.85	
	e.	Smábýladeild .....	— 228.49	
	f.	Nýbýlasjóður .....	— 7 199.01	
				— 7 727 460.94
	<b>9.</b>	Útibú á Akureyri .....		— 955 719.40
	<b>10.</b>	Austurbæjarútibú .....		— 11 385 739.47
	<b>11.</b>	Afskriftareikningur .....		— 1 214 840.00
	<b>12.</b>	Fóðurlánasjóður .....		— 235 884.59
	<b>13.</b>	<b>Skuldlaus eign:</b>		
	a.	Sparisjóðsdeild .....	kr. 8 351 892.93	
	b.	Veðdeild .....	— 2 596 482.36	
	c.	Ræktunarsjóður .....	— 24 544 871.63	
	d.	Byggingarsjóður .....	— 35 238 685.71	
	e.	Smábýladeild .....	— 309 703.21	
	f.	Nýbýlasjóður .....	— 487 771.20	
				— 71 529 407.04

---

Kr. 284 382 679.48

Reykjavík, 30. júní 1954.

**BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS**

**155**

**REIKNINGUR**

**Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður frá Kóngsbakka, fyrir árið 1953.**

**Tekjur:**

1.	Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands .....	kr. 12253.70
2.	Gjafir og áheit á árinu .....	— 700.00
3.	Vextir í Söfnunarsjóði .....	— 660.24

---

Kr. 13613.94

**Gjöld:**

Innstæða í Söfnunarsjóði við lok reikningsárs .....	kr. 13613.94
---	--------------

---

Kr. 13613.94

Kóngsbakka, 12. september 1954.

**Guðbrandur Sigurðsson. Sigurborg Magnúsdóttir. Ragnheiður Jónsdóttir.**

## REGLUGERÐ

156

13. nóv.

## um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

## 1. gr.

Á hafsvæðinu norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwich-lengdarbaugsins og á Íslandsmiðum milli 62° og 68° norðurbreiddar og 10° og 28° vesturlengdar, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í dragnótum slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 100 mm breið og 22 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

## 2. gr.

Á öllu hafsvæðinu fyrir norðan 48° norðurbreiddar og milli 42° vesturlengdar og 32° austurlengdar, en að undanteknum þeim svæðum, sem um getur í 1. gr. og sérstakar reglur gilda um eins og þar segir, og að undanteknu Eyrstrasalti og Beltunum sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenöre-höfða til Gnibenhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott. — Til 4. apríl 1956 skal þó heimilt að nota botnvörpunet með 75 mm möskva.
- b. Í dragnótum slík, að þegar möskvar eru teygðir horna á milli, eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 70 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

## 3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þó skal eigi teljast ólöglegt að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti.

## 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr., mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

## 5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónu-oddi að sporðsenda:

Þorskur ( <i>Gadus callarias</i> ) .....	30 cm
Ýsa ( <i>Gadus aeglefinus</i> ) .....	27 —
Lýsingur ( <i>Merluccius merluccius</i> ) .....	30 —

156	Skarkoli ( <i>Pleuronectes platessa</i> ) .....	25 cm
13. nóv.	Langlúra ( <i>Glyptocephalus cynoglossus</i> ) .....	28 —
	Þykkvalúra ( <i>Microstomus kitt</i> ) .....	25 —
	Tunga ( <i>Solea solea</i> ) .....	24 —
	Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) .....	30 —
	Slétthverfa ( <i>Scophthalmus rhombus</i> ) .....	30 —
	Stórkjafra ( <i>Lepidorhombus whiff</i> ) .....	25 —
	Lýsa ( <i>Gadus merlangus</i> ) .....	20 —
	Sandkoli ( <i>Pleuronectes limanda</i> ) .....	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20000.00.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20. nóvember 1954 og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 33 18. marz 1954, um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18 3. marz 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. nóvember 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

157

16. nóv.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt svo og á Breiðdalsvíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæð skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

## 4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda í Breiðdalsvíkurþorpi að greiða stofngjald kr. 1000.00 fyrir hverja venjulega íbúð um leið og vatn er leitt í hús hans. Árlegur vatnsskattur sé kr. 150.00 fyrir hverja íbúð. Hreppsnefnd ákveður vatnsskatt verzlana og iðnfyrirtækja. Ef fjós eru tengd við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 15.00 fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur vetrarlangt.

157

16. nóv.

## 5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan.

## 6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkv. mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum nema þyngri refsing liggja við.

## 8. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps, nr. 2 frá 6. jan. 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

158

16. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum, skulu lenda fyrst og fá fyrstu afgreiðslu á flugvellingum í Reykjavík, flugvellingum á Sauðárkróki eða flugvellingum við Keflavík, nema þau þurfi að nauðlendi annars staðar, enda sannist í lögreglu-rétti, að um nauðlending hafi verið að ræða.

158 Öll flugför, sem fara héðan til útlanda, skulu leggja síðast upp og fá síðustu 16. nóv. afgreiðslu á einhverjum ofangreindra flugvalla.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

159

17. nóv.

## SAMÞYKKT

um forkaupsrétt og forleigurétt á lóðum í Hvammstangakauptúni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Hvammstangahrepps samþykkt að áskilja Hvammstangahreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kauptúnsins:

1. Eignar- og leigulóðir Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, sem að sjó liggja, ásamt mannvirkjum.
2. Leigulóðir Sigurðar Davíðssonar, norðan Syðri-Hvammásár, ásamt mannvirkjum.
3. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Bjarni Þorláksson.
4. Fasteignin „Pósthús“ með leigulóð, eigandi Björn P. Blöndal.
5. Fasteignin „Árbakki“ með leigulóð, eigandi Sigurður Bjarnason.
6. Fasteignin „Hvammur“ með leigulóð, eigandi Jón Lárusson.
7. Fasteignin „Móberg“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
8. Fasteignin „Melar“ með leigulóð, eigandi d.b. Jóhannesar Eggertssonar.
9. Svonefnd „Gilsbakkalóð“, eigandi Sigurður Davíðsson.
10. Tún sunnan og vestan Gilsbakkalóðar, eigandi Sigurður Davíðsson.
11. Fasteignin „Árnes“ með leigulóð, eigandi Sigurður Tryggvason.
12. Fasteignin „Brekka“ með leigulóð, eigandi Þórhallur Bjarnason.
13. Allar lóðir og fasteignir Sigurðar Pálmasonar.
14. Land Sigurðar Davíðssonar meðfram höfninni norðan „Kúskeljakletts“.
15. Fasteignin „Guðmundarhús“ með leigulóð, eigandi Jóhann Benediktsson.

Samþykkt þess öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

160

7. des.

um breyting á reglugerð nr. 1 2. jan. 1954 um söluskatt.

1. gr.

14. töluliður 6. gr. C reglugerðarinnar orðist svo: Smíði á skipum og bátum.

2. gr.

Í 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, svo hljóðandi:

Follskrá:

Kafli Nr.

39 A 11 Nótaflotholt úr plasti  
(sbr. auglýsingu ráðuneytisins um niðurfærslu aðflutningsgjalda,  
24. júní 1954).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 7. desember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

161

27. nóv.

um breyting á reglugerð um notkun pósta frá 25. marz 1925.

Samkvæmt 1. gr. póstlaga, nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð frá 25. marz 1925 um notkun pósta, sbr. og auglýsingu nr. 183/1942 um breyting á sömu reglugerð.

1. gr.

2. málsg. 8. gr. breytist þannig:

Hámark póstávisana til kaupstaða (Akraness, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Húsavíkur, Ísafjarðar, Keflavíkur, Neskaupstaðar, Ólafsfjarðar, Reykjavíkur, Sauðárkróks, Seyðisfjarðar, Siglufjarðar og Vestmannaeyja) er kr. 25000, en til annarra póstafréttastæða kr. 10000.

2. gr.

1. málsg. 9. gr. breytist þannig:

Póstkröfur eru kröfur um greiðslu á peningaupphæðum, sem póststjórnin annast innheimtu á. Innheimtu á póstkröfum annast póststofur, póstafréttastæðir og bréfhirðingar. Hámark póstkröfuupphæðar má vera kr. 25000, ef póstkröfuávisunin á að útborgast í kaupstað (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavík, Neskaupstað, Ólafsfirði, Reykjavík, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum), annars kr. 10000.

3. gr.

5. málsg. 10. gr. breytist þannig:

Póststofur og póstafréttastæðir annast póstinnheimtur allt að kr. 25000 fyrir menn búsetta í kaupstöðum (Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði,



161 Keflavík, Neskaupstað, Ólafsfirði, Reykjavík, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Siglufirði og 27. nóv. Vestmannaeyjum), en allt að kr. 10000 fyrir menn búsetta annars staðar. Sá, sem vill fá kröfur innheimtar af póststjórninni, verður sjálfur að senda þær í ábyrgðarbréfi til pósthúss þess, sem á að innheimta þær.

4. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 183/1942.

*Póst- og símamálastjórnin, 27. nóvember 1954.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

E. Sandholt.

162

1. des.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Ólafsfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna varða, annast vatns- og hitaveitunefnd í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórninni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í hús hans og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

6. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í sambandi við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

162

1. des.

## 8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr. skal greiða vatnsskatt, að upphæð kr. 10.00 af þúsundi fasteignamatsverðs og auk þess 50.00 kr. af hverri íbúð íbúðarhúss fram yfir eina, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi skal vera kr. 75.00 og af íbúðarhúsi með tvær íbúðir eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 55.00 af íbúð. Af gripahúsum, sjóhúsum og öðrum húsum skal lægsta gjald vera kr. 50.00.

## 10. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við bæjarstjórn. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, sláturhús, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki og til hvernar annarrar slíkra notkunar. Náist ekki samkomulag um upphæð gjaldsins, er heimilt að innheimta það eftir mæli, sem hér segir:

Af fyrstu 500 smál. sé greitt kr. 0.75 af hverri smál.

Af næstu 500 smál. sé greitt kr. 0.30 af hverri smál.

Af hverri smál. af því, sem þar er fram yfir, greiðist kr. 0.15 af smál.

## 11. gr.

Auk þess vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr. skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 12.00 fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna en kr. 30.00 í hvert skipti.
2. Af hverri tunnu saltaðrar síldar kr. 0.30.
3. Fyrir hvert skippund af þvegnum fiski kr. 1.00.
4. Trillubátar greiði kr. 25.00 á ári.
5. Heimilt skal bæjarstjórn að semja um fast árgjald fyrir neyztuvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Ólafsfirði.

## 12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka vatnsskatt þennan allt að 50%.

## 13. gr.

Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 11. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 162

14. gr.

1. des. Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í sambandi við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## 163

2. des.

## REGLUR

### um radió-leyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála eru hér með settar eftirfarandi reglur um radió-leyfi áhugamanna:

1. gr.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal senda póst- og símamálastjórninni, og skal taka fram fæðingardag, heimilisfang, ásamt vottorðum um próf, sbr. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radió-leyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari;
2. vera fullra 16 ára;
3. vera skráður útvarpsnotandi;
4. hafa lokið prófi, sbr. 3. gr., er póst- og símamálastjórnin tekur gilt;
5. vera félagi í Félagi íslenskra radió-amatöra.

3. gr.

Radió-leyfi áhugamanna greinast þannig:

1. Smíða-leyfi, þ. e. leyfi til þess að setja saman og setja upp til eigin afnota radióviðtæki og senditæki og loftnet til morse-viðskipta við aðra áhugamenn.
2. Tal-leyfi, þ. e. leyfi til að hafa talviðskipti við aðra áhugamenn.  
Í þessum reglum er aðeins átt við áhugamenn, er hafa leyfisbréf.

4. gr.

Prófkröfur eru þessar:

1. Fyrir smíða-leyfi þarf próf:
  - a. í helztu atriðum í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti, svo og í þeim greinum alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta

stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti, svo og gildandi reglum um raforku- **163**  
virki;

2. des.

- b. í viðtöku og sendingu morse-merkja (60 bókstafir/mín.), í leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana;
  - c. í undirstöðuatríðum raffræði og radiótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælingu, o. þl. (Bóklega verður krafizt svipaðrar þekkingar og felst t. d. í hinum bandarísku radió-handbókum fyrir áhugamenn.) Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þl. Loftskeytamenn og útvarpsvirkjar þurfa ekki að taka próf í því, er þeir hafa tekið fullnægjandi próf í áður, að viðstöddum prófdómara frá póst- og símamálastjórninni, en rafmagnsverkfræðingum og rafmagnsfræðingum er hægt að veita smíða-leyfi án prófs í því, sem talið er undir c-lið, en þurfa hins vegar próf í því, sem talið er undir a-og b-lið.
2. Skilyrði fyrir tal-leyfi er, að hlutaðeigandi hafi áður fengið smíða-leyfi og hafi starfrækt lýtalaust, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, morse-stöð í a. m. k. 6 mánuði.

## 5. gr.

Áhugamenn mega aðeins afla sér tækja sinna og radióefnis til þeirra með milli-göngu félags sins, en það snýr sér svo til póst- og símamálastjórnarinnar með beiðni um útvegum þess. Þeir mega ekki selja það eða afhenda öðrum án skriflegrar heimildar póst- og símamálastjórnarinnar.

## 6. gr.

1. Sendirinn skal vera eins stöðugur á öldutíðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um. Á öldutíðnum undir 30 Mrið/s má eingöngu nota plötuorku úr rakstraum með sem allra minnstum gárum og notkun A 2 (tónmótun) er bönnuð.
2. Uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið, skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá rafmagnseftirliti ríkisins. Fyrir skoðun hins síðarnefnda skal greiða 20 kr. í hvert skipti, en skoðun hins fyrrnefnda telst falin í leyfisgjaldi. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í því, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því, er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.
3. Rakstraumsorkan á plötuna í síðasta mögnunarstigi má ekki vera meira en 150 wött.
4. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutíðnimælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveiflufaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
5. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins.
6. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF . . . Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
7. Sendirinn er leyfður fyrir morse, tal eða hvort tveggja.
8. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgju-sviða:

163  
2. des.

7000 — 7200	krið/s	A1	eingöngu
14000 — 14350	—	A1	og A3
21000 — 21450	—	A1	og A3
28000 — 29700	—	A1	og A3
144 — 146	Mrið/s	A1, A2	og A3

7. gr.

- Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál o. þl., sem annars eru ekki send í skeytum eða sím-tölum.
- Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki skrifa það, segja það né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
- Öll sending efnis til skemmtunar, fræðslu, auglýsinga eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort sem það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttakið frá öðrum stöðum.
- Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskygni eigi sér ekki stað um tæki hans.
- Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slík viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
- Stöðin má ekki trufla önnur radió-viðskipti eða starfsemi opinberra stofnana, þar með talið íslenska ríkisútvarpið. Kostnað við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem trufluð er.

8. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem póst- og símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

9. gr.

Ef radió-áhugamaður fær einhvern grun um, að stöð sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna símamálastjórninni og félagsskap sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna símamálastjórninni árangur af rannsókn sinni.

10. gr.

Sendinn má aðeins nota, þar sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radióefni það, sem áhugamaður hefur fengið í tilraunaskyni.

11. gr.

Fyrir síma-leyfi skal greiða kr. 100.00 og fyrir tal-leyfi kr. 50.00, þegar leyfin eru gefin út, en kr. 50.00 fyrir hvert almanaksár þegar leyfin eru framlengd. Leyfisgjaldið skal greiða án kröfu fyrir 1. apríl hvers árs til aðalgjaldkera Landssímans.

12. gr.

Þegar símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni, eða takmarkað notkun hennar, og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

## 13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða;
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari;
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma;
- d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsafnotagjald sitt.

163

2. des.

## 14. gr.

Póst- og simamálastjórnin getur um stundarsakir veitt undanþágu frá framan- greindum ákvæðum til erlendra manna, er starfa á vegum ríkisstjórnarinnar, og setur þá sérstakar reglur í leyfisbréf til þeirra.

## 15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða að láta innsigla það.

## 16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

## 17. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 10. desember 1954. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radió-leyfi áhugamanna frá 7. febrúar 1947.

*Póst- og simamálastjórnin, 2. desember 1954.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Einar Pálsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Josephine Einars- 164 son“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. des. 1954. 7. des. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Josephine Einarsson.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Josephine Einarsson.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka göfgi og snilld í hugsun og riti fólks á herra og lægra menntastigi, með auglýstri frjálsri samkeppni í mismunandi flokkum. Samkeppni þessi kallast: „Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson.“

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 80 000. — áttatíu þúsund krónur, — sem ásamt gjöfum og þeim vöxtum sem tiltekið er í þessari skipulagsskrá kallast höfustóll hans. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur og ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins er falin Menntamálaráði Íslands.

## 6. gr.

Allir vextir skulu leggjast við höfuðstólinn hin fyrstu (30) þrjátíu ár, en eftir það skulu ( $\frac{2}{5}$ ) tveir fimmtu hlutar ársvaxtanna lagðir við höfuðstól, en ( $\frac{3}{5}$ ) þrír fimmtu hlutarnir falli til útborgunar til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu eftir því sem fyrir er mælt í 7. gr. hér á eftir.

## 7. gr.

Vaxtafé því, sem til útborgunar fellur ár hvert, skal stjórn sjóðsins verja til verðlauna í Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson. Verðlaun skulu veitt í (3) þremur flokkum. Hið fyrsta ár sem verðlaun eru veitt, skal það gert í 1. flokki. Á öðru ári skulu verðlaun veitt í 2. og 3. flokki. Hið þriðja ár í 1. flokki og þannig áfram. Annað hvort ár veitt verðlaun í 1. flokki og hitt árið í 2. og 3. flokki. Verðlaunaveitingar skulu vera sem nú greinir:

- a. Í 1. flokki er keppt með stórum verkum í bundnu og óbundnu máli. Þegar minningarsjóðurinn er orðinn það stór, að vaxtahlutinn, sem til verðlauna gengur, nemur fullum árslanum í 1. launaflokki starfsmanna ríkisins má stjórnin veita fleiri en ein verðlaun og mega þau vera mishá.
- b. Í 2. flokki er keppt í minni verkum í bundnu og óbundnu máli. Heildarfjárhæð verðlaunanna í þessum flokki skal vera ( $\frac{2}{3}$ ) tveir þriðju vaxtahlutans, sem til útborgunar fellur hverju sinni. Í þessum flokki skulu veitt I., II. og III. verðlaun. Fyrst um sinn skulu I. verðlaun vera kr. 4000 — fjögur þúsund krónur, II. verðlaun kr. 3000 — þrjú þúsund krónur, en ef notagildi peninga fellur að mun má sjóðstjórnin hækka fjárhæð verðlaunanna, sem svarar rýrnuninni og fækkar þá tala þeirra, sem verðlaun hljóta í samræmi við það.
- c. Í 3. flokki er keppt með alls konar frumlegu smækki. Verðlaunaféð alls verður ( $\frac{1}{3}$ ) einn þriðji hluti verðlaunafjárins það ár. Þar skulu veitt I., II. og III. verðlaun. Í byrjun skulu I. verðlaun vera kr. 1000 — eitt þúsund krónur —, II. verðlaun kr. 800 — átta hundruð krónur —, og III. verðlaun kr. 600 — sex hundruð krónur, en ber að hækka í samræmi við verðlaun í 2. flokki.

Verðlaun í 1. flokki skulu alltaf standa á heilu þúsundi króna og í 2. og 3. flokki á heilu þúsundi eða hundraði króna. Alla afganga í sérhverjum flokki, sem kunna að verða vegna brota úr þúsundi eða hundraði, skal ávallt leggjja við höfuðstól, að svo miklu leyti sem fé þetta þarf ekki til þess að greiða nauðsynlegan kostnað við starfrækslu minningarsjóðsins.

Ef enginn keppandi er eða ekkert verk berst verðlaunahæft í einhvern flokkinn, skal það fé, sem til verðlauna var ætlað, þegar lagt við höfuðstól minningarsjóðsins.

## 8. gr.

„Ritverkasamkeppni Minningarsjóðs Josephine Einarsson“ skal stjórn sjóðsins auglýsa ár hvert um allt Ísland.

## 9. gr.

Sjóður þessi skal varðveittur og skipulagsskrá hans heiðruð svo lengi sem Ísland byggist.

Halldór Einarsson.

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1954.

*Bráðabirgðalög um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 2. júlí 1954, nr. 78.

*Auglýsing um breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.*, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 79.

*Bráðabirgðalög um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954*, undarskrifuð af forsetanum 6. ágúst 1954, nr. 80.

*Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 7. júlí 1954, nr. 81.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 82.

*Auglýsing um framlenging viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama daga, nr. 83.

*Auglýsing um fullgildingu alþjóðasamnings hinna Sameinuðu þjóða um réttarstöðu kvenna*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 23. ágúst 1954, nr. 84.

*Auglýsing um fullgildingu Evrópusamnings um jafngildi prófskirteina til aðgangs að háskólum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 85.

*Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 7. september 1954, nr. 86.

*Forsetaúrskurður um niðurfellingu á breytingu, er gerð var 14. apríl 1954 á forsetaúrskurði frá 11. sept. 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.*, undirskrifaður af forsetanum 8. september 1954, nr. 87.

*Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1954 skuli koma saman til fundar laugardaginn 9. október 1954*, undirskrifað af forsetanum 21. september 1954, nr. 88.

*Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvogsins*, undirskrifuð af forsetanum 18. september 1954, nr. 89.

*Lög um tollskrá o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum 25. nóvember 1954, nr. 90.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 91.

*Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 92.

*Lög um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1954, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950, og nr. 87 1952*, undirskrifuð af forsetanum 30. nóvember 1954, nr. 93.

*Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 94.

*Lög um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 95.

*Lög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvogsins*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 96.

*Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 97.

*Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 98.

*Lög um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald*, undirskrifuð af forsetanum 1. desember 1954, nr. 99.

*Lög um afnám laga um veitingaskatt*, undirskrifuð af forsetanum 10. desember 1954, nr. 100.



*Lög um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 101.*

*Lög um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 102.*

*Lög um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1954, nr. 103.*

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942, undirskrifuð af menntamálaráðherra 11. desember 1954, nr. 104.*

*Lög um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi, undirskrifuð af forsetanum 17. desember 1954, nr. 105.*

*Lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 106.*

*Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar, undirskrifuð af forsetanum 18. desember 1954, nr. 107.*

*Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1954, nr. 108.*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955, undirskrifuð af forsetanum 24. desember 1954, nr. 109.*

*Lög um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 110.*

*Lög um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna, undirskrifuð af forsetanum 27. desember 1954, nr. 111.*

*Fjárlög fyrir árið 1955, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 112.*

*Lög um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1954, nr. 113.*

*Lög um aðstoð við togaraútgerðina, undirskrifuð af forsetanum 24. desember, nr. 114.*

*Lög um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947, undirskrifuð af forsetanum 28. desember 1954, nr. 115.*

*Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1954, nr. 116.*

165

27. des.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. nr. 91/1954. um innheimtu ýmissa gjalda 1955 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 91/1954 og innheimta á árinu 1955 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvöruhegundum samkv. lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr., með 680% álagi, öli

samkv. 3. tölulið sama kafla með 750% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 165  
3. kafla með 50% álagi. 27. des.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

166

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum. 27. des.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 92/1954, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1955 skuli fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagns-toll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

## AUGLÝSING

167

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1955. 24. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 109/1954 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1955.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 24. desember 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

## um söluskatt.

## 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar á árinu 1955, eins og nánar er fyrir mælt í 2.—4. gr. hér á eftir, og af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja árið 1955, eins og nánar er tiltekið í 5.—11. gr. hér á eftir.

## 2. gr.

## Söluskattur af innfluttum vörum.

Af tollverði allrar innfluttrar vöru skal greiða 7% söluskatt, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði —, og tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila, svo og til gjafa, sýnishorna o. þ. h. Undanþegnar söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna og viðgerðir á skipum og flugvélum, svo og vörur þær, sem taldar eru undir 3. gr. hér á eftir.

Í 1. málsgr. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru. Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði sykurs, sem telst til 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

## 3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur, auk þeirra, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaganna:

## Tollskrá:

## Kafli. Nr.

2	1—18	Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.
3	1—5	Fiskur, nýr, ísvarinn, frystur, saltaður, þurrkaður eða reyktur.
4	1—6	Mjólk, mjólkurafurðir og ný egg.
7	1—8	Grænmeti, nýtt eða þurrkað.
9	16a	Síldarkrydd, blandað.
10	4	Bygg, ómalað.
	5	Hafrar, ómalaðir.
	6	Maís, ómalaður.
11	6	Mjöl úr maís.
	12	Grjón úr maís (kurlaður maís).
	22	Klíð.
12	5	Alfaalfamjöl (lucernemjöl).
22	6—38	Drúfuvín, brennd vín og aðrir áfengir vökvar, ót. a.
23	2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni.
	12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður.
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
	25	Krit, þvegin.
27	1	Steinkol og brúnkol.
	2	Koks.
	14	Steinolía, óhreinsuð (hráolía).
	15	Flugvélabenzín.

Tollskrá:		168
Kafli.	Nr.	29. des.
	17	Aðrar brennsluoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
28	39	Kalsiumkarbonat, fellt.
30	2	Barkarlitur.
32	6	Vélaáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feitum sýrum.
35	1—10	Tilbúinn áburður.
36	1	Saltaðar og blásteinslitaðar nautshúðir í botnvörpur.
39A	2	Umbúðablöð og hólkar úr plasti, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings.
	11b	Netjakúlur úr plasti.
	11c	Nótaflotholt úr plasti.
40	7	Ósagaður trjáviður í fisktrönur.
	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsniðið tunnuefni úr trjáviði
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsniðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	1	Korkplötur, óunnar.
	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	11	Dagblaðapappír.
	17	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m <sup>2</sup> .
	33	Vaxbornar pappaubúðir, einnig tilsniðnar.
45	3	Dagblöð, vikublöð og timarit.
	6	Frímerki íslenzk, ónotuð.
	8	Peningaseðlar, hlutabréf, skuldabréf og önnur þvílík verðbréf.
46B	1	Óspunnir nylonþræðir til netjagerðar.
	5	Netjagarn úr nylon, einlitt.
48	6	Netjagarn úr þaðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Óngultaumar.
	17	Grastóg.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr nylon og öðrum gervipráðum.
	19a	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum vefjarefnum.
50	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.

168 Tollskrá:		
29. des.	Kafli.	Nr.
52	30	Fiskimjölspokar, þ. e. stórir jútupokar undir fiskimjöl og sams konar pokar utan um netjagarn.
60	15	Netjakúlur úr gleri.
62	1	Mynt.
	2	Heiðursmerki.
63	11	Gjarðajárn.
	26a	Fiskkörfur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	85	Blikkdósir og blikkkassar með áletrun, sem ber það með sér, að þeir séu ætlaðir undir innlendar framleiðsluvörur til útflutnings.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutar úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur úr járn, stáli eða öðrum járnlegeringum.
64	13	Veifarferalásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
	10	Fiskkassar úr alúmíníum eða alúmíníumlegeringum.
67	5	Blýlóð (sökkur).
71	25	Málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt og með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenskar afurðir.
73	78	Röntgentæki og hlutar til þeirra.
75	3	Snjóþreifðar.
76	1	Flugvélar og hlutar til þeirra.
	1a	Fallhlífar og tilheyrandi.
	2—3	Skip og bátar 10 tonn og stærri.
	4	Herpinótabátar.
77	16	Radartæki, dýptarmælar og fisksjár.
	35	Gervilimir og umbúðir um lamað fólk.
81	6	Hvalveiðaskutlar.
84	9	Fiskiönglar.
87	1	Listaverk.
	2	Frimerki, ót. a., og önnur slík merki.
	3	Safnmunir til opinberra safna.

## 4. gr.

Söluskatt af innfluttum vörum skal greiða til tollyfirvaldanna — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og lögreglustjóra í kaupúnum — með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ákvæði laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollefirlit, reglugerðar nr. 123/1938, um sama efni, reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, og reglugerðar nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga, skulu gilda eftir því, sem við á um söluskatt af innfluttum vörum.

## 5. gr.

## Söluskattur af sölu og annarri veltu.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða skatt af sölu sinni og annarri veltu. Einnig skulu þessi ríkisfyrirtæki og aðrir aðilar, sem eru skattfrjálsir eftir lögum nr. 46/1954, greiða söluskatt þann, sem hér um ræðir:

Ferðaskrifstofa ríkisins.  
 Innkaupastofnun ríkisins.  
 Rekstur kvikmyndahúsa og annarra skemmtistaða.  
 Landssmiðjan.  
 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.  
 Ríkisútvarpið.  
 Útgerð skipa.  
 Viðgerðarstofa útvarpsins.  
 Viðtækjasmiðjan.  
 Viðtækjaverzlunin.

## 6. gr.

Undanþegið söluskatti af sölu og annarri veltu er eftirtalið:

## A.

1. Heildsala, ef varan er seld eða afhent aðila, sem er söluskattskyldur af sölu eða afhendingu sams konar vara. Til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu.
2. Umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Umboðsviðskipti (umboðs-sala) eru að öðru leyti skattskyld og greiðist skattur í þeim viðskiptum ekki aðeins af heildarandvirði því, sem gengur til umbjóðandans (framleiðanda eða iðnaðarmanns), heldur og af öllu því andvirði (heildarandvirði því), sem umboðsmaðurinn (smásali eða smásölufyrirtæki) tekur við. Af sölu eða afhendingu bóksala (bókabúða eða annarra smásölufyrirtækja á bókum) í umboðsviðskiptum, skal þó aðeins greiða af umboðspóknun hans, og einnig skal umboðsmaður, sem framleiðandi eða iðnaðarmaður notar sem millilið milli sín og smásala eða smásölufyrirtækja aðeins greiða af umboðspóknun (milliliðapóknun) sinni.

## B.

Allar vörur, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnar söluskatti, þó ekki sala á áfengum drykkjum á veitingastöðum og sala trékassa og pappaubúða til annarra en fiskframleiðenda eða fiskútflýjenda.

## C.

Eftirtalin starfsemi:

1. Andvirði vöru, sem seld er úr landi, útskipunargjald af henni og flutningsgjald.
2. Akstur vörubifreiða og fólksbifreiða.
3. Flugsamgöngur.
4. Flutningur á sjó á innlendum landbúnaðar- og sjávarafurðum og kolum og salti.
5. Húsaleiga, þó ekki leigutekjur gistihúsa og samkomuhúsnæðis.
6. Iðgjaldatekjur váttryggingarfélaga.
7. Netjagerð.
8. Nuddlækningar.
9. Rekstur sjúkrahúsa.
10. Prenun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.
11. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa og krafna.
12. Sala þeirra, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938, ef skattskyld velta þeirra yfir árið nemur ekki yfir kr. 30 000.00.

Nú leikur vafi á því, hvort einhver njóti undanþágu samkvæmt þessum lið, vegna þess að fyrir fram verður ekki vitað, hvort söluskattskyld velta muni nema ofangreindu lágmarki, og skal þá aðili leita úrskurðar skattanefndar eða skattstjóra um, hvort söluskattii skuli bætt við verð vörunnar. Hafi söluskatti

- 168 29. des. verið sleppt með leyfi skattanefndar, fellur leyfið jafnskjótt niður, ef í ljós kemur, að veltan muni ná skattskyldu lágmarki.
13. Skóviðgerðir.
  14. Smíði á skipum og bátum.
  15. Tannlækning og tannsmíði.
  16. Vinna og efnissala viðgerðarverkstæða og annarra verktaka vegna skipaviðgerða þeirra.
  17. Framleiðsla vara úr kjöti að því leyti, að iðnaðarfyrirtæki, sem notað hefur kjöt í framleiðslu sína, er heimilt við framtal til söluskatts að draga frá söluverði kjötvarningsins innkaupsverð kjötsins. Undanþága þessi tekur ekki til veitinga, tilbúins matar og matrétta, hvort sem matreitt er eða selt á veitingastöðum, í verzlunum eða annars staðar, eða til sölu eða framreiðslu smurðs brauðs með kjötáleggi eða þess háttar.
  18. Frysting, geymsla og reyking á kjöti og fiski.
  19. Slátrun búfjár.
  20. Framleiðsla gervilima og umbúða um lamað fólk.

## 7. gr.

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala (umboðsviðskipti), sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru (sjá þó 6. gr. A 2) án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker rikisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Vanræki einhver að leggja söluskatt á vöru án leyfis skattanefndar, verður veltan eigi að síður skattskyld, ef hún fer yfir skattskyld lágmark, nema sérstakar málsbætur séu.

Nú hefur söluskattur verið innheimtur í söluverði vöru eftir fyrirmælum skattanefndar eða án þeirra, en ársvelta eigi náð skattskyldu lágmarki, og skal þá aðili greiða söluskatt fyrir þann hluta árs eða þann hluta vörusölu, þar sem reiknað hefur verið með skattinum.

## 8. gr.

168

29. des.

Atvinnufyrirtæki og aðrir aðilar, sem greiða skulu söluskatt af sölu sinni og annarri veltu, eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. janúar—marz, apríl—júni, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu hinir skattskyldu aðilar innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er talinn fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar eftir ársfjórðungsskiptin og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

## 9. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Áfrýjun skattákvörðunar og deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

## 10. gr.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynleg til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

## 11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer eftir lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit, o. fl.

## 12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatt af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.



168

13. gr.

29. des.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af 2.—4. gr. laga nr. 112/1950 og lögum nr. 108/1954, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1954.*

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

*Kjartan Ragnars.*

169

16. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skúla læknis Árnasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Skúla læknis Árnasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Skúla læknis Árnasonar. Er hann stofnaður með fjárframlagi þriggja undirritaðra barna hans og nemur að viðbættum nokkrum minningargjöfum kr. 5000.00.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu rektors Menntaskólans í Reykjavík, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má auka með tillögum, en aldrei skerða. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins og birt í skýrslu skólans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna árlega nemanda fyrir góða frammistöðu í latínu á stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík. Ekki er það til skilið, að nemandinn hljóti ágætiseinkunn í latínu. Þau ár, sem enginn hlýtur verðlaun úr „Verðlaunasjóði fjörutíu ára stúdenta frá Latínuskólanum í Reykjavík 1903“, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hæsta einkunn fær í latínu, ella sá, sem næsthæsta einkunn hlýtur. Til verðlaunanna má verja  $\frac{2}{3}$  af ársvöxtum sjóðsins, en afgangur þeirra skal lagður við höfuðstólinn. Fyrst um sinn skulu verðlaunin vera vönduð bók. Henni má síðar fylgja nokkur fjárhæð, ef vextirnir aukast að mun.

4. gr.

Hætti latína að vera prófgrein við stúdentspróf í Menntaskólanum, skal verðlauna fyrir góða íslenzkukunnáttu samkvæmt ákvæðum 3. greinar hér að framan.

5. gr.

Sjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn, sem í eiga sæti: Rektor Menntaskólans, eða latinukennari (aðalíslenzkukennari) skólans og einn af stofnendum sjóðsins, meðan þeir eru á lifi, en síðan einhver ættingi Skúla Árnasonar, sem rektor kveður til. Rektor sé formaður sjóðsstjórnar, er ákveður verðlaun, í fyrsta sinn vorið 1955.

## 6. gr.

169

16. des.

Fjárhæð minningarsjóðsins, samkvæmt 1. grein, afhendist rektor Menntaskólans í Reykjavík af undirrituðum sjóðstofnendum ásamt þessari skipulagsskrá, sem óskað er, að hann hlutist til um, að öðlist staðfesting forseta Íslands og verði síðan birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 20. október 1954.

Sigurður Skúlason.

Árni Skúlason.

Sigríður Skúladóttir Briem.

## SAMÞYKKTIR

170

17. des.

fyrir Sparisjóð Kópavogs.

### I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Kópavogs og skal heimili hans og varnarþing vera í Kjósarsýslu.

## 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru 30 ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður hlutfallslega fyrir halla eða tjóni, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur ekki sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meir en kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —. Hver ábyrgðarmaður leggur fram við stofnun sjóðsins kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur — af ábyrgðarupphæð sinni, sem stofnfé sjóðsins. Skal ákveðið um vexti af því fé á aðalfundi. Þó mega þeir ekki vera hærri en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

## 3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 30 og ekki fleiri en 50. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri en 30. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr hreppnum, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna en hinir 2 af sýslunefnd á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 1 árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr hreppnum, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmatan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmatan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu er komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

**170** Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum fram-  
17. des. kvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórn-  
endur sjóðsins og starfsmenn og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýs-  
ingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að  
ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins  
fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðs-  
ins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum  
skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa  
til um sýslunarmenn hins opinbera.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum.  
Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

6. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Við sparisjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og  
bókari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr spari-  
sjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu við-  
staddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó  
má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé  
viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins.  
Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir  
starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum til-  
lögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn,  
og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvara-  
laust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðar-  
manna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

8. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, er honum er trúað fyrir.  
Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum félagsstjórnar.

9. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagssjóðbókina  
og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum  
skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af víxli skal einnig tafar-  
laust skráð á víxilinn.

10. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig  
ritaðar að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt,  
sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt  
hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

11. gr.

Stjórnarfundir skul haldnir að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveður  
stjórnin hvernig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

## 12. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum 7 dögum fyrir fundinn með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasemdum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmætur hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæða. Þá má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Ábyrgðarmaður getur ekki látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

## 170

17. des.

## II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

## 13. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minni en 5 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færast inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar ef þeir óska. Í viðskiptabókina skal prenta ágrip af lögum nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði, svo og samþykktir sparisjóðsins sjálfs, og gildir hún í öllu sem samningur við sjóðinn. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar hann leggur inn í hana í fyrsta skipti.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

## 14. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins í lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Af upphæðum, sem nema kr. 1000.00 eða þar yfir, er sjóðnum eigi skylt að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í sjóðnum.

Í fyrsta sinn, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

## 15. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 500.00 til kr. 1500.00 séu með viku fyrirvara sagt upp

170 og upphæðum þar yfir með 2 mánaða fresti. Án 2 mánaða frests er eigi skylt að 17. des. borga meira en kr. 2000.00 á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

#### 16. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé, nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samamburð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

#### 17. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og tilfærast útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

#### 18. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

#### 19. gr.

Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með 3 mánaða fresti. Skal annað hvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

#### 20. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiðast úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðinnstæðufénu samantlögðu. Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtekja í almenningsþarfir í hreppnum.

## 21. gr.

Varsjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá ríkistryggðum bönkum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að grípa til fjár þessa, vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

## 170

17. des.

## III. Um útlán.

## 22. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- Með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngöð.
- Með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi  $\frac{1}{2}$  af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálf-skuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þá því aðeins veit til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni.
- Með því að kaupa víxla sem sparisjóðsstjórn álitur tryggja.
- Á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

## 23. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánum, vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregizt hefur að borga fram yfir gjalddaga.

## 24. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og hafa ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðurinn skal, til þess að það sé tryggt að hann geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst  $\frac{1}{10}$  af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Pegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

## 25. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueignum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum

170 sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur 17. des. sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

26. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

27. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

28. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. Hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og í hver árslok.
2. Hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins.
3. Hverjar séu eignir sjóðsins í árslokin og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagar hans stóð í árslok.

29. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innlestir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxillréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrir eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

30. gr.

Skylt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

31. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

## 32. gr.

170

Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins. 17. des.

## 33. gr.

Skylt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeir þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

## 34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasvert, svo að úr verði tafarlaust bætt.

## 35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

## 36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningshaldi sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

## 37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Framanritaðar samþykktir, sem eru þannig samdar og samþykktar á stofnfundi Sparisjóðs Kópavogs 4. desember 1954, staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 17. desember 1954.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Yngvi Ólafsson.*



## REGLUGERÐ

### um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

#### 1. gr.

Í happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, skammstafað D.A.S., skal meðal annars dregið um bifreiðar, bifhjól, báta, húnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir.

Ágóða happdrættisins skal varið til byggingar dvalarheimilisins í Laugarási við Reykjavík. Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

#### 2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Það skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

#### 3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Atvinnumálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

#### 4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 71 frá 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim, brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

#### 5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 50.000 — fimmtíu þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—50 000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfræst. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

#### 6. gr.

Vinningar eru samanlagt minnst 18 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 1 200 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D. A. S. ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki (en vinningar skulu aldrei vera færri samanlagt er 18). Verðmæti vinninganna að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

#### 7. gr.

Verð ársmiða er kr. 120.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 10.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

## 8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu D. A. S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðsvegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

## 9. gr.

Á árinu 1954 skal dregið um vinninga í 1. fl. 3. júlí og síðan 3. hvers mánaðar eða næstan virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag. Á árinu 1955 og framvegis skal dregið um vinninga í 1. flokki 3. maí og síðan 3. hvers mánaðar eða næstan virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag. Þó skal í janúarmánuði ár hvert dregið um vinninga hinn 8. þess mánaðar eða næstan virkan dag, ef þann dag ber upp á helgidag.

## 10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 50 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 50 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum. Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn D. A. S. semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stökkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess að alit fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið, þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinningum sé látin í stökkana. Ef dráttur hefst ekki strax þegar lokið er að láta miðana í stökkana, skal innsigla þá, unz dráttur hefst. Að minnsta kosti tveir happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til um hvaða vinning skuli dregið næst úr hlutastokknum, og skal sá útdráttur þegar skráður í gerðabók happdrættisráðsins. Síðan er dreginn miði úr hlutastokknum, sem segir til um á hvaða hlutanúmer hinn nýskráði vinningur hafi fallið, og skal það einnig samstundis fært inn í gerðabókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt, sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hlutastokknum, skal hann festur við viðkomandi vinningsmiða með þræði og þræðinum ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættisráðs eða innsigli stjórnarráðsins. Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í gerðabókina og gæta þess að rétt sé innfært. Síðan skulu útdregnir miðar úr hverjum drætti settir í umslag og innsiglaðir og umslagið geymt í vörzlu happdrættisráðs. Eftirlitsmennirnir skulu færa í gerðabók happdrættisráðs að þeir hafi gætt að innsiglium á stokkunum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stökkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

## 11. gr.

Þegar um fleiri en einn vinning er að ræða, skal gefin út vinningaskrá að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins. Þegar einungis er um einn vinning að ræða, skal það vel auglýst á hvaða númer vinningur hefur fallið.

171

20. des.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn D. A. S. auglýsir. Þetta gildir þó því að eins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis D. A. S.

12. gr.

Allir vinningarnir greiðast í bifreiðum, bifhjólum, bátum og búnaðarvélum, íbúðarhúsum eða einstökum íbúðum og er D. A. S. óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

13. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir umboðsmenn happdrættisins. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkv. 12. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans, nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar D. A. S. með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slik beiðni þarf að komast í hendur D. A. S. innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

14. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

15. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 41 26. apríl 1954, um bifreiða-, báta- og búnaðarvélahappdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1954 fer dráttur fram í fyrsta skipti 3. júlí. Verð ársmiða 1954 til 1. maí 1955 verður kr. 100.00 og endurnýjunarmiða kr. 10.00. Vinningafjöldi og vinningaverðmæti skal vera svo sem eðlilegt væri — samkvæmt 6. gr. Á þessu ári frá 3. júlí 1954 til 1. maí 1955 verður miðað við einungis  $\frac{1}{2}$  hlutatölunnar og  $\frac{1}{2}$  vinningatölunnar samkvæmt 5. og 6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 95 30. nóv. 1954, um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. desember 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## G J A L D S K R Á

172

21. des.

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Snæfellsness-, Stranda- og Húnavatnssýslur.

## I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku í ofangreindum sýslum á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.  
Fastagjald reiknast þannig:  
Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 9.00 á m<sup>2</sup> á ári.  
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. .... — 2.50 — — —

## B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
  - a. Grunnkjald (mælisleiga o. fl.):
 

af einfasa mælingu .....	kr. 5 00 á mánuði
af þrífasa mælingu .....	— 10.00 — —
  - b. Orkugjald
 

af allri noktun .....	— 0.50 — kwst.
-----------------------	----------------
  - c. Fastagjald
 

af hverri fastagjaldseiningu .....	— 5.00 — mánuði
------------------------------------	-----------------

Fastagjaldseiningar reiknast sem hér segir:

## (1) Fyrir fjölskylduheimili

ein eining fyrir hvert íbúðarherbergi.

Til íbúðarherbergja teljast öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> telst sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m<sup>2</sup>, má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og hverjir 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

## (2) Fyrir félagsheimili (skóla, sjúkrahús, gistihús o. þ. h.)

ein eining fyrir hverja 20 m<sup>2</sup> gólfplatar.

Gólfplötur mælist milli útvegga, þó að frátöldum geymslum, sem sjaldan er farið um og göngum þeim tilheyrandi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja eftir þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalds af slíkum húsum.

2. Raforku til suðu og hitunar má selja til gisti- og veitingahúsa og sjúkrahúsa og annarra slíkra staða:

Um sérmæli á 50 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartæki fasttengd og öll önnur heimilisnotkun seld eftir A-lið.

## C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 110 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 200.00 til kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

- 172 2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.  
21. des. um kwst.mæli:
- Á 50 aura hverja kwst.
  - Á 38 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en eigi lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um mæla á kr. 500.00 á ári fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu og auk þess 15 aura fyrir hverja notaða kwst.
4. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 380.00 á ári fyrir hvert kw. samanlagðs ástimplaðs rafvélaafls. Minnsta árgjald skal þó vera sem svarar 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. í ástimpluðu rafvélaafl.
5. Sumarnotkun til súgurrkunar og hliðstæðra nota má selja eftir lið C-4 með 50% afslætti á fastagjaldinu, gegn því skilyrði, að kaupandinn skuldbindi sig til að takmarka samtímisnotkun sína með tilliti til stærðar spenna og annarra aðstæðna samkvæmt sérstökum fyrirmælum rafmagnsveitustjóra í hverju einstöku tilfelli.

#### Almenn skilyrði fyrir orkusölu til vélanotkunar.

Útiloka skal stóra hreyfla á tímanum kl. 10.45 til 12 f. h., og enn fremur ber að útiloka allar aðrar vélar eftir því, sem unnt er, þegar spenna er lág og aðrar aðstæður gera það nauðsynlegt að dómi rafmagnsveitustjóra.

#### D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 16 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafmagnsveitnanna um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
- Um kwst.mæli á 8 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Verð til hitunar breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda 480 kr. verði á kolatonni og 800 kr. verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D-1 og 0.8 eyri hver kwst. á lið D-2 fyrir hverjar fullar 30 kr., sem kolatonnið hækkar eða lækkar eða hverjar 50 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar, þó þannig að raforkuverðið miðist við það eldsneytisverðið, sem lægra er hlutfallslega miðað við grunnverðið 480 kr. á kolatonni og 800 kr. á oliutonni.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafmagnsveitustjóri ákveðið, að rafmagnsveiturnar leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mælitækja.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- Til að nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli: 110 aura hverja kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 15 aura hverja kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til 22, eða um tvígjaldsmæli á 15 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og 110 aura hverja kwst. frá kl. 8.30 til 22.

3. Þar sem ástæður leyfa að dómi rafmagnsveitustjóra, að komið verði upp útilýsingarkerfi, er heimilt að selja rafmagn til útilýsingar á 65 aura hverja kwst., enda hafi uppsetning kerfisins verið kostuð af notanda og endurnýjun ljóskúlna sé einnig kostuð af honum. 172  
21. des.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1, þegar sérstaklega stendur á, er rafmagnsveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins ár í senn.

## II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. ....	kr. 2 00 á mánuði
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni .....	— 3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 100 amp. ....	— 7 00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 30 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 30 króna gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. desember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

173

22. des.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 18 3. febr. 1953.

Aftan við gjaldskrána komi nýr kafli, er verði IV. kafli, svo hljóðandi:

## IV. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við rúmmál húss, utanmál, þar með talinn kjallari og íbúðarfært ris, eins og hér segir:

Rúmmál húss í m <sup>3</sup> :	Heimtaugargjald jarðstrengja:
Allt að 200 .....	kr. 600.00
Frá 200 allt að 300 .....	— 700.00
— 300 — — 400 .....	— 800.00
— 400 — — 500 .....	— 900.00
— 500 — — 600 .....	— 1000.00
— 600 — — 700 .....	— 1100.00
— 700 — — 800 .....	— 1200.00
— 800 — — 900 .....	— 1300.00
— 900 — — 1000 .....	— 1400.00
— 1000 — — 1200 .....	— 1500.00
— 1200 — — 1400 .....	— 1600.00
— 1400 og þar yfir .....	— 1700.00

Fyrir loftlínu greiðist sem nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé jarðstrengsheimtaug lengri en 15 metrar og loftlínuheimtaug lengri en 40 metrar eða gildleiki víra meira en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaug eftir samningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald eftir reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En þau hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiða það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu taugar er lokið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. desember 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

## REGLUGERÐ

174

30. des.

um breyting á reglugerð nr. 180 frá 1952 fyrir Ráðningarstofu Reykjavíkur.

### 1. gr.

Á eftir 3. tölulið 2. gr. komi þrír nýir töluliðir:

4. að leitast við að útvega öryrkjum og öðrum mönnum með skerta starfsorku, er eigi geta stundað hvaða vinnu sem er, hentuga atvinnu við þeirra hæfi.
5. að hafa milligöngu um ráðningu starfsfólks bæjarins og bæjarstofnana, er laun tekur skv. XI. til XV. flokki samþykktar um laun fastra starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar.
6. að fara með stjórn heimilishjálpar í Reykjavík samkv. reglugerð frá 21. sept. 1954.  
Aðrir töluliðir greinarinnar breytast samkv. þessu.

### 2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Stjórn ráðningarstofunnar ræður forstöðumann stofunnar, fulltrúa og aðra starfsmenn, eftir því sem þurfa þykir, setur þeim starfsreglur og hefur yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

Varðandi ráðningu starfsmanna, tölu þeirra og verkaskiptingu, þarf samþykki bæjarstjórnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

175

31. des.

um breyting á reglum um merkingu skipa nr. 25 25. febr. 1954.

Aftan við umdæmisbókstafina í 3. gr. bætist: DA Dalasýsla.

Breyting þessi á reglum um merkingu skipa nr. 25/1954, sem settar eru samkvæmt 27. gr. laga nr. 17 8. marz 1948, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1954.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*



176

## GJALDSKRÁ

31. des.

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir, sbr. 5. tölulið 33. gr. laga nr. 104 30. des. 1943.

	Kr.		Kr.
Haus .....	115.00	Tær .....	50.00 70.00
Afhol nefnsins .....	95.00	Gallblaðra .....	150.00
Eyru .....	150.00	Nýru, yfirlit .....	100.00
Nef .....	50.00	Nýru m. inndælingu og lyf .....	170.00
Kjálki .....	95.00	Leg og leggöng m. inndælingu ..	250.00
Tönn .....	40.00	Lungu .....	95.00
Tennur allar .....	125.00	Hjarta .....	125.00
Öxl .....	95.00	Vélinda .....	110.00—125.00
Olnbogi .....	70.00	Magi .....	175.00
Únliður .....	70.00	Magi og vélinda .....	200.00—210.00
Hönd .....	70.00	Magi og mjógirni .....	250.00
Fingur .....	55.00	Magi og ristill e. innhellingu ..	250.00
Rif .....	125.00—150.00	Ristill m. innhellingu .....	185.00
Viðbein .....	75.00—95.00	Fóstur .....	125.00
Hryggur, col. thoraco-lumbalis	175.00	Grindarmál .....	150.00
Hryggur, col. thor.-lumbo-sacralis	200.00	Sneiðmyndir .....	150.00—200.00
Brjóstliðir .....	90.00	Kviðarholsslægæð .....	85.00
Mjöhryggur .....	95.00	Heili m. inndælingu lofts .....	190.00
Mjöhryggur og spjaldhryggur ..	125.00	Mænugöng m. inndælingu .....	250.00
Hálsliðir .....	115.00	Lungnapipur m. inndælingu lyfja og sérfr.aðstoð .....	250.00
Mjaðmagrind .....	100.00	Þvaggöng með inndælingu og lyf	165.00
Mjaðmir .....	125.00	Skyggnimynd af lungum .....	40.00
Mjöðm .....	95.00	Ristill m. inndælingu kontrast- efnis og lofts .....	275.00
Læri .....	90.00 100.00	Röntgengeislun .....	20.00 pr. geisl.
Hné .....	95.00		
Bæði hné .....	125.00	Ljós-lækning:	
Hnéliður m. inndælinu .....	175.00	Kvartsljós .....	15.00
Fótleggur .....	90.00	Kolbogaljós .....	20.00
Öklaliður .....	75.00		
Rist og tær .....	65.00 75.00		

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1954.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

## REIKNINGUR

177

Minningarsjóðs Guðbjarts Kristjánssonar árið 1952.

## Tekjur:

Sjóður frá fyrra ári .....	kr. 10751.93
Minningargjafir .....	— 975.00
Vextir .....	— 601.61

Kr. 12328.54

## Gjöld:

Eign í árslok .....	kr. 12328.54
---------------------	--------------

Kr. 12328.54

Hjarðarfelli, í febr. 1953.

Gunnar Guðbjartsson.

Gunnar Jónsson.

Eiður Sigurðsson.

## STOFNREIKNINGUR

178

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daníelssonar og  
Sigurðar Guðmundssonar arkitekts 1. apríl 1954.

## Eignir:

½ húseignin Hagamelur 21 — fasteignamat .....	kr. 28250.00
(fasteignamat hússins alls kr. 56500.00)	
(brunabótamat — — — 733300.00)	
Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands .....	— 2450.00
Skuldir umfram bókfært verð eigna .....	— 128035.10

Kr. 158735.10

## Skuldir:

6% skuldabr. í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24. nóv. 1952	
— (1. veðréttur) .....	kr. 98735.10
6% skuldabréf í Búnaðarbanka Íslands, gjalddagi 15. janúar — (2.	

00'000 09 — .....	(unntamál)
	Kr. 158735.10

Menntamálaráðuneytið, 18. ágúst 1954.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.



## REIKNINGUR

180

Styrktarsjóður læknishjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen,  
Akranesi 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun .....	kr. 14212.03
2. Vextir 1952 .....	— 684.62
3. Innlagðar gjafir .....	— 1000.00
	<hr/>
	Kr. 15896.65

## Gjöld:

1. Gjöf til glaðnings sjúklingum á sjúkrahúsinu .....	kr. 550.00
2. Sjóður í árslok:	
Í Söfnunarsjóði .....	— 15196.65
Í sjóði hjá gjaldkera .....	— 150.00
	<hr/>
	Kr. 15896.65

Akranesi, 27. janúar 1954.

Ólafur Finsen.    Árni Árnason.    Þuríður Guðnadóttir.    Jón M. Guðjónsson.

## REIKNINGUR

181

sjóðsins Gerðuminning.

## Ársreikningur 1953.

## Tekjur:

1. Eign frá fyrra árin .....	kr. 30276.09
2. Minningargjafir á árinu .....	— 150.00
3. Gjafir .....	— 200.00
4. Vextir:	
a. Landsbankinn .....	kr. 1743.43
b. Útvegsbankinn .....	— 32.63
	<hr/>
	— 1776.06
	Kr. 32402.15

## Gjöld:

1. Prentsmiðjan „Viðey“ .....	kr. 401.70
2. Eign í árslok:	
a. Landsbankinn .....	kr. 31765.64
b. Útvegsbankinn .....	— 34.81
d. Hapdrættislán ríkissjóðs 1948 .....	— 200.00
	<hr/>
	— 32000.45
	Kr. 32402.15

Reykjavík, 11. janúar 1954.

Ragnheiður Jónsdóttir.

182

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1953.

**Tekjur:**

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1953. B., bls. 288):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr.	23458.90	
b. Innstæða í Búnaðarbanka .....	—	5861.22	
			kr. 29320.12
2. Vextir:			
a. Af söfnunarsjóðsinnstæðu 1953 .....	kr.	1219.86	
b. — bankainnstæðu 1953 .....	—	280.75	
			— 1500.61
			Kr. 30820.73

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	kr.	24678.76	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	—	6141.97	
			Kr. 30820.73

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 1. maí 1954.*

**Páll Pálmason.**

**183 MINNISVARÐASJÓÐUR HANNESAR HAFSTEIN****Ársreikningur 1953.****Höfuðstóll:**

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi .....	kr.	624.79	
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	—	31.20	
			Kr. 655.99

**Tekjur:**

Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr.	31.20	
			Kr. 31.20

**Gjöld:**

Lagt við höfuðstól .....	kr.	31.20	
			Kr. 31.20

*Forsætisráðuneytið, 3. maí 1954.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

**REIKNINGUR**

184

yfir tekjur og gjöld Samgöngubóttasjóðs Páls Jónssonar árið 1953.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 287):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 48053.28
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 2498.77
	<hr/>
	Kr. 50552.05

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 50552.05
	<hr/>
	Kr. 50552.05

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 1. maí 1954.***Páll Pálmason.****BERKLAVERNASJÓÐUR**

185

**Ólafs Halldórssonar.****Ársreikningur 1953.**

Höfuðstóll skv. birtum reikningi .....	kr. 2478.13
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	— 121.90
	<hr/>
	Kr. 2600.03

**Eignir sjóðsins eru:**

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f. ....	kr. 200.00
Innstæða í sparissjóði .....	— 2400.03
	<hr/>
	Kr. 2600.03

**Tekjur:**

Vextir af sparissjóðsinnstæðu .....	kr. 113.90
Arður af hlutabréfum .....	— 8.00
	<hr/>
	Kr. 121.90

**Gjöld:**

Lagt við höfuðstól .....	kr. 121.90
	<hr/>
	Kr. 121.90

*Forsætisráðuneytið, 3. maí 1954.***F. h. r.****Birgir Thorlacius.**

186

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953, B., bls. 339).			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 51010.55		
b. Innstæða í Búnaðarbankanum .....	— 4233.85		
			kr. 55244.40
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	kr. 2652.54		
a. — bankainnstæðu .....	— 147.15		
			— 2799.69
			Kr. 58044.09

## Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga .....		kr. 2080.00	
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 51143.31		
b. Bankainnstæða .....	— 2301.00		
c. Peningar .....	— 2519.78		
			— 55964.09
			Kr. 58044.09

Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

187

## KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

## Ársreikningur 1953.

## Höfuðstóll:

1. Eign frá f. ári skv. birtum reikningi .....	kr. 137857.72	
2. Aukning á árinu skv. eftirfarandi reikningi .....	— 2800.45	
		Kr. 140658.17

## Eignir sjóðsins eru:

1. Veðdeildarbréf .....	kr. 10300.00
2. Veðskuldabréf .....	— 47958.33
3. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð .....	— 64700.00
4. Sparisjóðsinnstæða .....	— 17699.84
	Kr. 140658.17

## Tekjur:

187

1. Vextir af veðdeildarbréfum .....	kr.	505.00
2. — — veðskuldabréfum .....	—	3664.85
3. — — handhafaskuldabréfum .....	—	2038.00
4. — — sparisjóðsinnstæðu .....	—	711.80

---

 Kr. 6919.65

## Gjöld:

1. Greiddir innunnir vextir af skuldabréfum .....	kr.	119.20
2. Greiddir styrkir til læknanna Ragnars Karlssonar og Stefáns P. Björnssonar til framhaldsnáms í læknisfræði í Kanada, kr. 2000.00 til hvors .....	—	4000.00
3. Lagt við höfuðstólinn .....	—	2800.45

---

 Kr. 6919.65

*Forsætisráðuneytið, 3. maí 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

## STYRK TARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA 188

### Ársreikningur 1953.

## Höfuðstóll:

Eign frá f. ári samkvæmt birtum reikningi .....	kr.	9617.16
Aukning skv. eftirfarandi reikningi .....	—	345.43

---

 Kr. 9962.59

## Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf .....	kr.	7000.00
Sparisjóðsinnstæða .....	—	2962.59

---

 Kr. 9962.59

## Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	kr.	65.43
Vextir af veðdeildarbréfum .....	—	280.00

---

 Kr. 345.43

## Gjöld:

Lagt við höfuðstól .....	kr.	345.43
--------------------------	-----	--------

---

 Kr. 345.43

*Forsætisráðuneytið, 3. maí 1954.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.



189

## REIKNINGUR

yfir tekur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1953.

## Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953 B., bls. 289):

1. Innstæða í Landsbankanum .....	kr. 875.10
2. Vextir af bankainnstæðu .....	— 43.75

---

 Kr. 918.85

## Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum .....	kr. 918.85
--	------------

---

 Kr. 918.85

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 1. maí 1954.*

Páll Pálmason.

190

## REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands 1953.

## Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr. 648845.01
2. Minningargjafir 1953 .....	kr. 2384.00
3. Samúðarskeyti Landssimans .....	— 64466.12
4. Vextir greiddir á árinu .....	— 66850.12
5. Útdregin verðbréf:	— 33307.78
a. Veðdeildarbréf Landsbankans .....	kr. 1000.00
b. Byggingarsamvinnufél. starfsmanna ríkisins ...	— 8000.00
	— 9000.00

---

 Kr. 758002.91

## Gjöld:

1. 6 styrkveitingar til sjúklinga .....	kr. 43020.00
2. Önnur útgjöld á árinu .....	— 6521.05
3. Til jafnaðar tekjulið 5 .....	— 9000.00
a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands .....	kr. 950.00
b. Innanríkislán 1941 .....	— 40000.00
c. Veðdeildarbréf Landsbankans .....	— 100000.00
d. Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar, ár 1943 ..	— 15000.00
e. Skuldabréf byggingarsamv.fél. starfsm. ríkisins	— 59000.00
f. Söfnunarsjóðsinnstæða .....	— 277973.50
g. Bankainnstæða .....	— 185893.36
h. Hjá gjaldkera sjóðsins .....	— 20645.00

---

 — 699461.86

---

 Kr. 758002.91

**Steinunnar-arfur.**

190

**Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	8073.11
2. Vextir:		
a. Söfnunarsjóður 1952 .....	kr.	268.62
b. Landsbankinn 1953 .....	—	89.88
		<hr/>
		358.50
	Kr.	8431.61

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
a. ½ jörðin Hagi (Svangi) í Skorradal .....	kr.	1050.00
b. Í söfnunarsjóði .....	—	5461.97
c. Í Landsbankanum .....	—	1919.64
		<hr/>
		8431.61
	Kr.	8431.61

**Minningargjöf um Hans Nathansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.****Tekjur:**

1. Eign 1. jan. 1953 .....	kr.	5712.25
2. Vextir og vaxtabætur Söfnunarsjóðs 1952 .....	—	292.91
		<hr/>
	Kr.	6005.16

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
Í Söfnunarsjóði .....	kr.	6005.16
		<hr/>
	Kr.	6005.16

**Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.****Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	6178.03
2. Vextir í Söfnunarsjóði 1952 .....	—	308.90
		<hr/>
	Kr.	6486.93

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
Í Söfnunarsjóði .....	kr.	6486.93
		<hr/>
	Kr.	6486.93

**Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.****Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	3285.95
2. Vextir í Landsbanka Íslands .....	—	195.39
		<hr/>
	Kr.	3481.34

## Gjöld:

1. Eign í árslok:		
Landsbankinn .....	kr.	3481.34
		<hr/>
	Kr.	3481.34

## Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

## Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	6738.88
2. Vextir:		
a. Landsbankinn .....	kr.	393.20
b. Útvegsbankinn .....	—	7.07
		<hr/>
	—	400.27
		<hr/>
	Kr.	7139.15

## Gjöld:

1. Eign í árslok:		
a. Landsbankinn .....	kr.	6991.60
b. Útvegsbankinn .....	—	147.55
		<hr/>
	kr.	7139.15
		<hr/>
	Kr.	7139.15

## Minningargjöf um Vigfús G. Melsteð.

## Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	4252.18
2. Vextir í Landsbankanum, ársinnstæða .....	—	255.12
		<hr/>
	Kr.	4507.30

## Gjöld:

1. Eign í árslok:		
í Landsbankanum .....	kr.	4507.30
		<hr/>
	Kr.	4507.30

## Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

## Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	14430.41
2. Vextir í Landsbankanum .....	—	860.50
		<hr/>
	Kr.	15290.91

## Gjöld:

1. Eign í árslok:		
í Landsbankanum .....	kr.	15290.91
		<hr/>
	Kr.	15290.91

**Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.**

190

**Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	12037.58
2. Vextir í Landsbankanum .....	—	719.70

---

Kr. 12757.28

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
Í Landsbankanum .....	kr.	12757.28

---

Kr. 12757.28

**Minningargjöf Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.**

**Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	76259.03
2. Vextir í Landsbankanum .....	—	62.90

---

Kr. 76321.93

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
a. Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951 .....	kr.	75000.00
b. Í Landsbankanum .....	—	1321.93

---

Kr. 76321.93

**Sjóður Marsibilar Illugadóttur.**

**Tekjur:**

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1953 .....	kr.	17080.58
2. Vextir í Landsbankanum .....	—	416.96

---

Kr. 17497.54

**Gjöld:**

1. Eign í árslok:		
a. Innanríkislán Sogsvirkjunarinnar 1951 .....	kr.	10000.00
b. Í Landsbankanum .....	—	7497.54

---

Kr. 17497.54

Reykjavík, 9. janúar 1954.

**Ragnheiður Jónsdóttir.**

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl, og höfum ekkert við hann að athuga.

Reykjavík, 19. janúar 1954.

*Asta Magnúsdóttir.*

*S. Brynjólfsdóttir.*

191

## FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Efnahagsreikningur 31. desember 1953.

### Eignir:

1. Útlán gegn 1. veðrétti .....	kr.	41857324.50
2. Útlán Styrktarlánasjóðs .....	—	923000.00
3. Skuldabréf útgerðar- og fiskiðjufyrirtækja með ríkisábyrgð ..	—	2530000.00
4. Skuldabréf ríkissjóðs .....	—	1144000.00
5. Vaxtabréf Skuldaskilasjóðs .....	—	1139150.00
6. Önnur verðbréf .....	—	610000.00
7. Innstæða í Landsbanka .....	—	1020000.00
8. Innstæða í Útvegsbanka .....	—	18006522.99

Kr. 67229997.49

### Skuldir:

1. 3½% lán frá 1944 .....	kr.	400000.00
2. Viðskiptamenn .....	—	106996.72
3. Fyrirframgreiddir vextir .....	—	202639.64
4. Stofnsjóður .....	—	46000000.00
5. Stofnsjóður Styrktarlána .....	—	12800000.00
6. Varasjóður .....	—	3200000.00
7. Jöfnunarsjóður Styrktarlána .....	—	923000.00
8. Afskriftarreikningur .....	—	3500000.00
9. Yfirfært til næsta árs .....	—	97361.13

Kr. 67229997.49

Reykjavík, 5. janúar 1954.

### FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Helgi Guðmundsson.

Valtýr Blöndal.

Jóhann Hafstein.

*Elias Halldórsson.*

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið hann saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 24. febrúar 1954.

*Einar Bjarnason.*

*Benedikt Sveinsson.*

**REIKNINGUR**

192

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Christians konungs hins tíunda og Alexandrine drottningar, til styrktar fátækum sjómannsekkjum í Reykjavík, árið 1953.

## Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1953, B. bls. 442):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 27199.35
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 1414.36
	<hr/>
	Kr. 28613.71

## Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs .....	kr. 28613.71
	<hr/>
	Kr. 28613.71

*Í félagsmálaráðuneytinu, 10. apríl 1954.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

**HÚSALEIGUVÍSITALA**

193

miðað við grunntöluna 100 hinn 4. apríl 1939.

Fyrir fyrsta ársfjórðung 1954 .....	212 stig
Fyrir annan ársfjórðung 1954 .....	211 —
Fyrir þriðja ársfjórðung 1954 .....	213 —
Fyrir fjórða ársfjórðung 1954 .....	213 —

**VÍSITALA**

framfærslukostnaðar í Reykjavík árið 1954.

Janúar .....	158 stig	Júlí .....	159 stig
Febrúar .....	158 —	Ágúst .....	158 —
Marz .....	158 —	September .....	159 —
Apríl .....	158 —	Október .....	159 —
Mái .....	158 —	Nóvember .....	159 —
Júní .....	159 —	Desember .....	160 —

Meðalvísitala ársins er 158.6 stig.

## SKRÁ

## um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1954.

1. Aðalstöðin h.f., Keflavík.
2. Baldur h.f., Vestmannaeyjum.
3. Bezt h.f., Reykjavík.
4. Bifreiðar og landbúnaðarvélar h.f., Reykjavík.
5. Bílabúðin h.f., Reykjavík.
6. Bláfell h.f., Keflavík.
7. Byggingafélagið Atli h.f., Reykjavík.
8. Byggingafélagið Bær h.f., Reykjavík.
9. Byggingar h.f., Reykjavík.
10. Byggingarfélagið Fell h.f., Innra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi.
11. Carita h.f., Reykjavík.
12. H.f. Djúpavík, Reykjarfirði, Árneshreppi, Strandasýslu. Útibú Síldarbræðslu-stöðin Dagverðareyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.
13. Drangur h.f., Patreksfirði í Barðastrandarsýslu.
14. Draupnir h.f., Hellissandi.
15. Efnablandan h.f., Reykjavík.
16. Einarsson & Pálsson h.f., Reykjavík.
17. Fatabúðin h.f.
18. Fatagerð Ara & Co. h.f., Reykjavík.
19. Fiskiðja Dýrafjarðar h.f., Þingeyri.
20. Fjallhagi h.f., Reykjavík.
21. Flugmo h.f., Reykjavík.
22. Flugvallarblaðið.
23. Fram h.f., Akureyri.
24. Fróði h.f., Ytri-Njarðvík, Gullbringusýslu.
25. Færimót h.f., Reykjavík.
26. G. Einarsson & Co. h.f., Reykjavík.
27. G. Marteinnsson h.f., Reykjavík.
28. Gluggar h.f., Reykjavík.
29. Gunnar Jónsson h.f., Reykjavík.
30. Gustur h.f., Reykjavík.
31. H.f. Hafbjörg, Neskaupstað.
32. H.f. Hagafell, Reykjavík.
33. H.f. Haraldur Árnason, Reykjavík.
34. Harpa h.f., áður Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h.f., Reykjavík.
35. H.f. Helgafell, Hallkelshólum í Grímsneshreppi (áður í Reykjavík).
36. Herbertsprent h.f., Reykjavík.
37. Hlutafélagið Húsasmiðurinn, Reykjavík.
38. Hólmsteinn Helgason h.f., Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu.
39. Hornið h.f.
40. Hraðfrystistöðin h.f., Sauðárkróki.
41. Hressingarskálinn h.f., Vestmannaeyjum.
42. Hrímnir h.f. (áður Kirkjustræti 4 h.f.), Reykjavík.
43. Húsdýr h.f., Hafnarfirði.
44. Hvassafell h.f., Vestmannaeyjum.
45. Ingibergur Þorkelsson h.f., Ytri-Njarðvík í Gullbringusýslu (áður í Reykjavík).

46. Innflytjandinn h.f., Reykjavík.
47. Inniskógerðin h.f., Reykjavík.
48. Insula h.f., Reykjavík.
49. Ísarn h.f., Reykjavík.
50. Ísól h.f., Ísafirði.
51. Jónsbúð h.f., Reykjavík.
52. Katla h.f., Reykjavík.
53. H.f. Klettur, Akureyri.
54. Lagnir h.f., Reykjavík.
55. Lifrarbræðsla Grindavíkur h.f., Grindavík, Gullbringusýslu.
56. Lífstykkgjasalan h.f., Reykjavík.
57. H.f. Litbrá, Reykjavík.
58. Málmey h.f., Akureyri.
59. Mannvirki h.f., Reykjavík.
60. Matstofa Keflavíkur h.f., Keflavík.
61. Metropolitan Trading Company h.f., Reykjavík.
62. Miðbær h.f., Siglufirði.
63. Mól & Sandur h.f., Garðahreppi í Gullbringusýslu.
64. H.f. Múr, Reykjavík.
65. Myndir h.f., Reykjavík.
66. Netagerð Vestfjarða h.f., Ísafirði.
67. Nilco h.f., Reykjavík.
68. Nýja Bílastöðin h.f., Hafnarfirði.
69. Nýja Efnalaugin h.f., Keflavík.
70. Nærfatagerðin Harpa h.f., áður Harpa h.f., Reykjavík.
71. Óðinn h.f., Raufarhöfn.
72. Orkuvötn h.f., Reykjavík.
73. R. Jónsson & Co. h.f., Vestmannaeyjum.
74. Rafgeislahitun h.f., Reykjavík.
75. Rafmyndir h.f., Reykjavík.
76. Raftæki h.f., Reykjavík.
77. Raftök h.f., Reykjavík.
78. Ragnar Þórðarson & Co. h.f., Reykjavík, útibú á Akureyri.
79. Ragnar Þórðarson & Co. h.f., útibú í Vestmannaeyjum.
80. Reginn h.f., Kollafirði, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.
81. Reginn h.f. (áður Olluhöfn h.f.), Reykjavík.
82. Reykjahvoll h.f., Reykjavík.
83. Reyplast h.f., Reykjavík.
84. Rimar h.f., Dalvík.
85. Runólfur Ólafs, Reykjavík.
86. Rútur Jónsson & Co. h.f., Reykjavík.
87. Sendibílastöðin Þröstur h.f., Reykjavík.
88. Skóbúð Reykjavíkur h.f., Reykjavík.
89. Skóbúðin Keflavík h.f., Keflavík.
90. Skýlir h.f., Ytri-Njarðvík í Gullbringusýslu (áður í Reykjavík).
91. Stapafell h.f., Húsatóftum, Grindavíkurhreppi, Gullbringusýslu.
92. Stellubúð h.f., Stykkishólmi.
93. Steypuverksmiðjan Steingerði h.f., Hveragerði, Árnessýslu.
94. Svanur h.f., Stykkishólmi í Snæfellsnessýslu.
95. Sæbjörg h.f., Ólafsvík, Snæfellsnessýslu.
96. Sæbjörg h.f., Þingeyri.



- 195** 97. Tindafell h.f., Reykjavík.  
 98. Trésmiðjan h.f., Akranesi.  
 99. Trésmiðjan Hlynur h.f., Sauðárkróki.  
 100. Trésmiðjuvinnustofan Þór h.f., Akureyri.  
 101. Tungufell h.f., Reykjavík.  
 102. Umboðs- og heildverzlunin Aktor h.f., Reykjavík.  
 103. Útgerðarfélagið Barði h.f., Flateyri.  
 104. Útgerðarfélagið Freyr h.f., Hafnarfirði.  
 105. V. Árnason & Co. h.f., Reykjavík.  
 106. Vallarbilastöðin h.f., Ytri-Njarðvík, Gullbringu- og Kjósarsýslu.  
 107. Vatnsvirkinn h.f., Reykjavík.  
 108. Veggur h.f., Reykjavík.  
 109. Vélsmiðjan Afl h.f., Reykjavík.  
 110. Vélsmiðjan Kyndill h.f., Reykjavík.  
 111. Verksmiðjan Otur h.f., Reykjavík.  
 112. Verksmiðjan Sleipnir h.f., Reykjavík.  
 113. Verzlanasambandið h.f., Reykjavík.  
 114. Verzlun Guðrúnar Rögnvalds h.f., Siglufirði.  
 115. Verzlunarfélag Dýrafjarðar h.f., Þingeyri, V.-Ísafjarðarsýslu.  
 116. Verzlunarfélagið Grund h.f., Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.  
 117. Verzlunin Eros h.f., Reykjavík.  
 118. Vesturhöfn h.f., Reykjavík.  
 119. Viður h.f., Seyðisfirði.  
 120. Víkingur h.f., Neskaupstað.  
 121. Viktor Kristjánsson h.f., Akureyri.  
 122. Vörumarkaðurinn h.f., Reykjavík.  
 123. Þorsteinn Gíslason h.f., Reykjavík.  
 124. Ægir h.f., Hellissandi, Snæfellsnessýslu.  
 125. Ökupór h.f., Reykjavík.

## S K R Á

## um ný samvinnufélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1954.

1. Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Óliuverzlunar Íslands h.f., Reykjavík.
2. Lánasjóður atvinnubifreiðarstjóra, Reykjavík.
3. Pöntunarfélag Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja.
4. Pöntunarfélag símamanna, Reykjavík.
5. Pöntunarfélag verkstjóra, Vestmannaeyjum.
6. Pöntunarfélagið Helgafell, Vestmannaeyjum.
7. Pöntunarfélagið Hella, Hafnarfirði.
8. Pöntunarfélagið Njörður, Njarðvík, Gullbringusýslu.
9. Pöntunarfélagið Heilsurækt, Vestmannaeyjum (skammstafað P. F. H. V.).
10. Pöntunarfélagið Steðji (skammstafað P. F. S.), Vestmannaeyjum.
11. Pöntunarfélagið Viðir, Sandgerði, Miðneshreppi, Gullbringusýslu.
12. Pöntunarfélagið Þörf, Vestmannaeyjum.
13. Samband eggjaframleiðenda, Reykjavík.
14. Samvinnufélag Hvalfjarðar (skammstafað S. H.), Stóra-Lambhaga, Skilmanna-hreppi.

## SKRÁ

197

yfir firmatilkynningar, sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu 1954.

**I. Reykjavík.**

1. Á. Ó., Radió- og raftækjaverzlun.
2. Aflvélar.
3. Ágúst Ármann, heildverzlun.
4. Akrafjall.
5. Akurfell, umboðs- og heildverzlun.
6. Almenna byggingafélagið h.f.
7. H.f. Anton Proppé.
8. Ásvallagata 7 s.f.
9. Austurstræti 12 s.f.
10. Baldvin, Sveinn & Kristján.
11. Bilasalinn.
12. Björn Guðmundsson & Co.
13. H.f. Blik.
14. Blikksmiðja Bjarna og Guðjóns.
15. Blikksmiðjan Grettir.
16. Blómabúðin Hvammur.
17. Blómsturpottagerðin.
18. Borgarbilastöðin h.f.
19. Borgarfell h.f.
20. Brauðgerðin A. Jónsson og Nielsen.
21. Búbjörg.
22. Burstar & Penslar.
23. Bústaðabúðin.
24. Byggingafélag alþýðu.
